**HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR**

*Súpa og hvönn eru allra kvefa bót*

34





Óttarr Proppé í yfirheyrslu

**HAMINGJUSAMUR MEÐ AÐ HAFA KYNNST JÓNI GNARR**

40





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. nóvember 2008 — 313. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**LAUGARDAGUR**



**MÆÐUR HEIMSINS SAMEINIST**

Leikkonan Salma Hayek ræðir um UNICEF og að vera með barn á brjósti

**HELGARVIÐTAL 26**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HVASST UM TÍMA** Í dag verður hvöss norðanátt nyrðra, fyrst norðvestan til. Einnig snarpur vindur sunnan Vatnajökuls. Snjókoma og skafrenningur norðan til en þurrt og bjart með köflum syðra. Frost.

**VEÐUR 4**

# Séreignarsparnaður verði greiddur strax

**Ríkisstjórnin skoðar að losa um séreignarsparnað vegna efnahagsvandans. Einnig að íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðum verði gert kleift að fjárfesta í húsnæði skuldara. Þetta kæmi til viðbótar aðgerðum sem kynntar voru í gær.**

**EFNAHAGSMÁL** Vinnuhópur á vegum ríkisstjórnarinnar skoðar nú alvarlega að eigendur séreignarsparnaðar geti fengið hann til ráðstöfunar strax. „Þetta atriði getur dregið línuna á milli þess að fjölskyldur missi aleiguna eða komist út úr þessum vanda án verulegra skakkafalla,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra. Þessi aðgerð er meðal þess sem kæmi til viðbótar víðtækum aðgerðum sem ríkisstjórnin kynnti í gær.

Jóhanna segist finna fyrir miklum þrýstingi í samfélaginu um að eigendur séreignarsparnaðar fái aðgang að sparifé sínu strax. Samkvæmt lögum getur fólk byrjað að taka út þennan sparnað við sextugsaldur. Við 67 ára aldur má taka inneignina út í einu lagi. „Þetta gæti fólk nýtt til að til að hagræða vegna aðsteðjandi vandamála. Þó að ekki sé langt síðan þessi sparnaður kom til er ljóst að um verulegar upphæðir er að tefla fyrir margar fjölskyldur. Ég tel nauðsynlegt að þetta verði skoðað algjörlega niður í kjölinn.“

Ríkisstjórnin kynnti í gær víðtækar aðgerðir í þágu heimilanna í landinu. Greiðslubyrði verðtryggðra lána minnkar og lækka á dráttarvexti með lagasetningu. Felld verður úr gildi heimild til að nýta barnabætur til að greiða niður opinber gjöld sem einstaklingur skuldar. Barnabæturnar verða greiddar út mánaðarlega en ekki á þriggja mánaða fresti eins og nú er.

Jóhanna segir aðgerðirnar aðeins fyrstu aðgerðir í mun víðtækari aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar. „Við eigum eftir að kynna frumvarp um greiðsluaðlögun. Það nýtist sérstaklega fólki sem sér ekki fram á annað en að missa eigur sínar. Við erum einnig að meta þá leið sem hagspekingar hafa bent á og heimila lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði að fjárfesta í húsnæði að hluta eða í heild.“

**- shá /** **sjá síðu 4**



**HANDVERK TVEGGJA ÞJÓÐA** Íslenskir prjónavettlingar og mósambískar perlufestar er meðal þess sem finna má á markaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Handverksmarkaður RKÍ:

## Mósambískt og íslenskt í bland

**HJÁLPARSTARF** „Prjónaðar peysur, vettlingar, sokkar og þæfðir treflar blandast mósambískum batík-myndum, töskum, hálsfestum og armböndum á markaðinum,“ segir Dögg Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands, sem stendur fyrir handverksmarkaði í Hamraborg frá 10 - 18 í dag.

Markaðurinn er lokaverkefni sjálfboðaliðaáfanga nemenda við Menntaskólann í Kópavogi og rennur allur ágóði af honum til hjálparstarfs í Mósambík.

**- eö /** **sjá allt**

Icesave-deilan enn óleyst:

## Viðræður halda áfram í Brussel

**STJÓRNMÁL** **Þrotlaus vinna við lausn Icesave-deilunnar hefur farið fram í Brussel síðustu daga og er framhaldið um helgina.**

**Staðan er enn afar flókin og margvísleg álitaefni uppi. Í viðræðunum er meðal annars horft til íslenskra laga, samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og samkomulags íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.**

**Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur viðræðunum miðað í rétta átt en þær miða að samkomulagi við Evrópusambandið um meðferð innistæðna íslenskra banka í ríkjum sambandsins.**

**- bþs**



**Á GÓÐRI SIGLINGU** Vel viðraði til skíðaiðkunar í Kópavogi í gær og skipti snjórinn þá engu máli í því samhengi. Þessi Kópavogsbúi brá sér á hjólaskíði enda er snjóalögum á höfuðborgarsvæðinu lítt treystandi í þeim umhleypingum sem einkennt hafa veðurlagið á Suðvesturhorninu upp á síðkastið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Geir Haarde og Þorgerður Katrín munu sækjast eftir endurkjöri á landsfundi:

# Evrópumálin rædd í janúar

**STJÓRNMÁL** Landsfundi Sjálfstæðisflokksins verður flýtt og nefnd skipuð til að fjalla um Evrópumálin, samkvæmt einróma samþykkt miðstjórnar flokksins í gær. Geir H. Haarde og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sækjast eftir endurkjöri í sæti formanns og varaformanns.

Geir sagði aðstæður í þjóðfélaginu svo breyttar að brýnt sé að flýta landsfundinum og marka skýra stefnu Sjálfstæðisflokksins í öllum þjóðfélagsmálum með tilliti til breyttra aðstæðna. „Með sama hætti teljum við rétt að bregðast við breyttum aðstæðum með því að skoða upp á nýtt það hagsmunamat sem hefur legið að baki stefnu Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum,“ sagði Geir.

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður flokksins, mun veita nefndinni forstöðu. Hann segir vinnu nefndarinnar ekki verða bundna við að skoða mögulega Evrópusambandsaðild.

Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur við Háskóla Íslands, býst ekki við formannsslag og telur stöður formannsins sterka.

**- bj / shá** **sjá síðu 6**


Nammi-dagur







**SPURNING DAGSINS**



*Geir Jón, eruð þið að leita logandi ljósi?*

„Að minnsta kosti haus af ljósi. Hann kemur vonandi bráðum í ljós.“

Haus af umferðarljósi var stolið á gatnamótum Sæbrautar og Holtavegar. Geir Jón Þórisson er yfirlögregluþjónn.

Bankastjóri Landsbankans upplýsti viðskiptanefnd Alþingis um 1.950 þúsund króna laun sín á fundi í gær:

# Ágúst telur Elínu bera of mikið úr býtum

**STJÓRNMÁL** „Mér finnst fjárhæðin of há og sérkennilegt að forsvarsmaður ríkisfyrirtækis sé með tvöföld ráðherralaun,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar og formaður viðskiptanefndar Alþingis.

Elín Sigfúsdóttir, bankastjóri Landsbankans, upplýsti um 1.950 þúsund króna mánaðarlaun sín á fundi nefndarinnar í gær eftir að nefndin hafði kallað eftir upplýsingum þar um. Ágúst kveðst hafa orð bankaráðsmanna ríkisbankanna þriggja um að launastefna þeirra verði endurskoðuð.

Rætt var um endurskipulagningu bankanna og verkefni þeirra fram undan. Fram kom að efnahagsreikningar þeirra væru til skoðunar en Ágúst Ólafur hefur áhyggjur af því að þeir kunni að vera of stórir. „Það er mitt mat að bankarnir séu ekki nægilega duglegir við að afskrifa því ef efnahagsreikningar þeirra eru of stórir getur það komið þeim aftur í koll,“ segir hann.

Á fundinum upplýstu forsvarsmenn Landsbankans að bankaleynd meinaði þeim að veita upplýsingar um viðskipti við einstaka viðskiptavini. Af þeim sökum gátu þeir ekkert sagt um viðskipti Jóns Ásgeirs Jóhannessonar með fjölmiðla 365. Ágúst Ólafur segir að á hinn bóginn hafi hann verið fullvissaður um að bankinn starfaði eftir samkeppnislögum. Því fagnar hann. - bþs



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON



ELÍN SIGFÚSDÓTTIR

## FORSENDUR RIFTUNAR Í SKOÐUN

Í Kaupþingi er nú til skoðunar hvort lagalegar forsendur séu fyrir riftun ákvörðunar stjórnar gamla Kaupþings um niðurfellingu persónulegra ábyrgða á lánum starfsmanna vegna hlutabréfakaupa í bankanum.

Stjórnendur bankans fóru yfir málið á fundi með viðskiptanefnd Alþingis í gær.

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, segir málið vont fyrir alla, ekki síst þá starfsmenn sem í hlut áttu. Því fagni hann athuguninni.

Lögreglustjóri á Suðurnesjum:

## Sigríður Björk var skipuð

**LÖGGÆSLA** Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra hefur skipað Sigríði Björk Guðjónsdóttur aðstoðarríkislögreglustjóra í embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum frá og með 1. janúar 2009. Umsóknarfrestur rann út 11. nóvember síðastliðinn.



SIGRÍÐUR BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR

Aðrir umsækjendur um embættið voru Alda Hrönn Jóhannsdóttir, löglærður fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum, Ásgeir Eiríksson, fulltrúi og staðgengill sýslumannsins í Keflavík, og Halldór Frímannsson, sérfræðingur og lögmaður á fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. - jss

Sameiginlegt mat innan Nató:

## Bretarnir koma ekki til eftirlits

**STJÓRNMÁL** **Ákveðið var á vettvangi Atlantshafsbandalagsins (Nató) í gær að hætta við fyrirhugað loftrýmiseftirlit Breta í lofthelgi Íslands í desember.**

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra greindi frá ákvörðuninni á fundi hennar og forsætisráðherra með blaðamönnum í gær.**

**Ákvörðunin var tekin í ljósi aðstæðna en grunnt er á því góða í samskiptum þjóðanna vegna Icesave-deilunnar.**

**Þar sem eftirlit í lofthelgi Íslands er hluti af öryggiskerfi Nató þurfti að taka ákvarðanir um breytingar á vettvangi þess.** - bþs

# Synja forsetabílstjóra um leigubílaréttindi

**Fyrrerandi bílstjóri forsetans fær ekki leyfi til að aka leigubíl í forföllum. Þorvaldur Ragnarsson gerði þau mistök að skila inn starfsleyfi í fyrra. Hann segist við góða heilsu þótt hann sé 74 ára og sárnar að fá ekki að drýgja eftirlaunin.**

**ATVINNUMÁL** „Þetta er ansi sárt,“ segir Þorvaldur Ragnarsson, fyrrverandi bílstjóri forseta Íslands, sem fær ekki undanþágu frá aldursreglu til að aka leigubíl í forföllum.

Almenna reglan er sú að menn hætti leigubílakstri sjötugir en þeir geta þó fengið undanþágu fram til 76 ára aldurs uppfylli þeir skilyrði um heilsufar og annað. Eftir að Þorvaldur hætti að aka fyrir forsetann árið 2002 ók hann eigin leigubíl þar til í fyrrahaust að hann lagði inn atvinnuleyfið sitt. Hann verður 75 ára eftir nokkra daga.

„Ég ætlaði að minnka við mig því ég taldi mig geta fengið að keyra í afleysingum fyrir marga góða vini mína og kunningja og lagði leyfið inn í þeirri góðu trú að ég gæti verið forfallabílstjóri,“ segir Þorvaldur.

Hefði Þorvaldur ekki skilað inn leyfinu myndi hann uppfylla skilyrði fyrir áframhaldandi akstur. Nú vísar samgönguráðuneytið hins vegar í lagabókstafinn og heimilar honum ekki einu sinni að aka í forföllum.

Þorvaldur hóf bílstjóraferil sinn fyrir hið opinbera árið 1971 með því að aka fyrir Magnús Kjartansson heilbrigðisráðherra og iðnaðarráðherra. Hann ók síðan fyrir marga ráðherra, meðal annars forsætisráðherra.

„Ég náði að keyra fyrir allan fjórflokkinn,“ segir Þorvaldur í léttum dúr. Hann hvarf síðan frá ráðherrabílunum til forsetaembættisins og ók bæði Vigdísi Finnbogadóttur og Ólafi Ragnari Grímssyni þar til árið 2002 eins og áður segir.

Þorvaldur kveðst afar óánægður með þróun mála. „Ég ætlaði aldrei að hætta heldur bara minnka við mig en lendi þá á þessum þröskuldi,“ segir Þorvaldur sem kveður málið í senn vera félagslegt og fjárhagslegt fyrir sig. „Eftirlaunin eru ekki til að hrópa húrra fyrir og mig langar að vinna við það sem ég kann og hef alltaf starfað við. Ég er með fulla heilsu og vel það. Ég gerði bara þau mistök að skila inn leyfinu.“

Í bréfi til samönguráðuneytisins sem Þorvaldur vitnar til bendir hann á ósamræmi sem honum finnst vera í lögunum gagnvart leigubílstjórum annars vegar og hópferðabílstjórum hins vegar. Sér finnist skjóta skökku við að missa leigubílaréttindin en mega keyra strætó og allt að sextíu manna rútu.

Rúmt ár er þar til Þorvaldur nær 76 ára aldursmarkinu. Hann segir óvíst hvort hann reyni áfram að endurheimta leigubílaréttindin. „Mér datt í hug að fara með þetta til umboðsmanns Alþingis en veit ekki hvort það þýðir eitthvað.“

gar@frettabladid.is



**ÞORVALDUR RAGNARSSON** Ók ráðherrum og forsetum í meira en þrjá áratugi. Þorvaldi finnst einkennilegt að vera bannað að aka leigubílum í forföllum en mega samt keyra rútur og strætisvagna. Hér er hann við leigubíl vinar síns.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Miðstjórn Framsóknar fundar:

## Guðni ræðir Evrópumálin

**STJÓRNMÁL** **Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, fjallar meðal annars um Evrópumálin í ræðu sinni á miðstjórnarfundi flokksins sem haldinn er á Hótel Loftleiðum í dag.**

**Málefni Evrópusambandsins hafa verið í deiglu framsóknarmanna upp á síðkastið en meðal þeirra eru andstæð sjónarmið.**

**Þá mun Guðni í ræðu sinni ítreka nauðsyn þess að mynduð verði þjóðstjórn og leggja til að auk fulltrúa allra flokka á Alþingi sitji í henni þrír til fjórir utanþingsráðherrar.**

**Miðstjórnarfundurinn hefst klukkan tíu og lýkur síðdegis með afgreiðslu ályktana og nefndakjöri.** - bþs

Karl Bretaprins sextugur:

## Konungstignin æ fjarlægari

**BRETLAND, AP** Karl Bretaprins hefur í 56 ár beðið þess að verða konungur. Móðir hans, Elísabet drottning, hélt honum veglega afmælisveislu í gær í Buckingham-höll í tilefni af sextugsafmæli hans, þar sem sjálf Fílharmoníusveit Lundúna lék fyrir veislugesti. Í dag ætlar síðan Camilla, eiginkona Karls, að efna til annarrar veislu á sveitasetri þeirra, þar sem gamli rokkarinn Rod Stewart treður upp.



KARL BRETAPRINS

Karl getur ekki tekið við af móður sinni, sem orðin er 82 ára, nema hún ákveði að hætta. Með árunum þykja líkur aukast á því að hann afsali sér konungstign á gamals aldri og láti frekar Vilhjálm son sinn taka við af Elísabetu. - gb






Grasrótarhópurinn Undirrót hvetur til friðsamlegra mótmæla í dag:

# Fjölskyldur fjölmenni á Austurvöll

**MÓTMÆLI** „Þetta ástand snertir okkur öll en til þess að mótmæli skili árangri verða þau að vera friðsamleg,“ segir Jarþrúður Karlsdóttir en hún er einn félaga í hópi sem hvetur venjulegt fólk til mótmæla í dag á Austurvelli.

Hópinn segir Jarþrúður kallaðan Undirrót og sé hann skipaður venjulegu fjölskyldufólki úr Hafnarfirði og Reykjavík. Félagar séu langt frá því að vera svokallaðir aðgerðasinnar sem sífellt hafi sig í frammi við mótmæli heldur aðeins venjulegt fólk sem standi ekki á sama um það alvarlega ástand sem skapast hefur í landinu.

Meðal þeirra aðgerða sem hópurinn hefur gripið til er að útbúa fjölda skilta sem voru áberandi við mótælin um síðustu helgi og voru greidd úr vasa þeirra sem skipa Undirrót. Þá hafa þau einnig strengt borða á göngubrýr um borgina í þessari viku þar sem fólk er hvatt til þess að taka þátt í mótmælunum.

Jarþrúður bendir á að kreppan bitnar ekki síst á fjölskyldufólki. Þess vegna finnst henni að einmitt sá hópur eigi að mæta á Austurvöll með börnin sín og sýna óðrum þegnum samstöðu í kröfu um úrbætur á stjórn landsins. - kdk




**LÁTA SÉR EKKI STANDA Á SAMA** Félagar Undirrótar minna á að ástandið snertir fjölskyldurnar í landinu ekki síst og þær eigi að geta mætt með börnin sín og mótmæli friðsamlega.

# KRAKKA DAGAR



LEIKRIT, HOPPUKASTALI OG MARGT FLEIRA!

NÚ ER KRAKKASTEMNING Í SMÁRALIND. GLÆSILEG KRAKKADAGATILBOÐ OG DÚNDURFJÖR UM ALLT HÚS. KOMDU MEÐ KRAKKANA Í SMÁRALIND OG UPPLIFIÐ SAMAN SKEMMTILEGA HELGARFERÐ.

AÐGANGUR ÓKEYPIS

## SJÁUMST Í VETRARGARÐINUM Í DAG

Í tilefni af **40 ára** afmæli Leikbrúðulands verða leikritin Vinátta og Selurinn Snorri sýnd í Vetrargarðinum. Sýningar **kl. 14.30 -15.30 -16.30.**

Brúðubíllinn verður líka á staðnum og sýnir leikrit.

Hoppukastalar og Svali í boði Vífilfells meðan birgðir endast

## GÖNGUGATAN IÐAR AF LÍFI

**14.00** Skoppa og Skrítla

**15.00** Tískusýning

**16.00** Ilmur og Bryndís úr rokksöngleiknum Janis 27 í Íslensku óperunni

Andlitsmálning: laugardag frá **13-17**, sunnudag **14-16**.

TÍSKUSÝNING!

66° NORÐUR
name it
DEBENHAMS
Zink
POLARN O. PYRET
UNITED COLORS OF BENETTON



OPIÐ Í DAG 11-18



Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

## GENGIÐ 14.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 134,32 | 134,96 |
| Sterlingspund | 199,12 | 200,08 |
| Evra | 170,52 | 171,48 |
| Dönsk króna | 22,894 | 23,028 |
| Norsk króna | 19,317 | 19,431 |
| Sænsk króna | 17,007 | 17,107 |
| Japanskt jen | 1,3822 | 1,3902 |
| SDR | 198,14 | 199,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,7913

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fulltrúar Evrópusambandsins kannast ekki við að skilmálum hafi verið breytt:

# Afstaða Íslands eina breytingin

**EFNAHAGSMÁL** Engum skilmálum samkomulags um að lagaleg hlið deilunnar um ábyrgðir Íslands á innistæðum erlendra sparifjáreigenda á reikningum íslensku bankanna yrði til lykta leidd með sérskipuðum gerðardómi var breytt eftir að Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra samþykkti það á fundi í Brussel í síðustu viku.

„Þetta var skýrt samkomulag á fundinum 4. nóvember. Það eina sem breyttist var afstaða Íslands til niðurstöðunnar,“ segir sænskur embættismaður sem sat fundinn.

Árni sagði í Fréttablaðinu í fyrradag að eftir að ráðherrar hefðu komið sér saman um gerðardóm hefðu evópskir embættismenn tekið við málinu. Þeir hafi ekki fallist á að niðurstaða gerðardóms yrði bindandi. Verkefninu yrði breytt í óformlegt lögfræðilegt álit. Þá hefði átt að víkka út umfjöllunarefni dómsins og fjalla um aðgerðir stjórnvalda hér, neyðarlögin frá 6. október þar á meðal. Þetta hafi stjórnvöld ekki getað sætt sig við og því sagt sig frá samkomulaginu tveimur dögum eftir að það var gert.

Bæði sænski embættismaðurinn og franski sendiherrann á Íslandi, Olivier Mauvisseau, gefa aðra mynd af þessari atburðarás. Engir skilmálar samkomulagsins hafi breyst eftir að Árni gekk að því; þeir hafi allir verið uppi á borðinu. **- aa**


**ÁRNI M. MATHIESEN** Fjármálaráðherra samþykkti skilmála gerðardóms um ábyrgðir Íslands á erlendum innistæðum.

Hagstofa Evrópusambandsins:

## Samdráttur á evrusvæðinu

**BRUSSEL, AP** Efnahagssamdráttur er á evrusvæðinu samkvæmt tölum hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Samdráttur hefur verið tvo ársfjórðunga í röð í evruríkjunum 15. Samdrátturinn mældist 0,2 prósent á öðrum og þriðja ársfjórðungi, miðað við næsta ársfjórðung á undan. Samdráttur tvo ársfjórðunga í röð er hefðbundin skilgreining á samdráttarskeiði, kreppu.

ESB í heild hefur fram til þessa ekki mælst með neikvæðan hagvöxt, en á öðrum ársfjórðungi var hann núll. Nú hefur Eurostat staðfest að 0,2 prósenta samdráttur varð á þriðja ársfjórðungi. **- aa**

## Litlu verður Vöggur feginn


**GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON**

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir jákvætt að ríkisstjórnin reyni að búa svo um hnúta að heimilin haldi velli. „Litlu verður Vöggur feginn,“ segir hann. „Ég fagna aðgerðum sem miða að því að létta greiðslubyrðina. Það skiptir mestu máli að grípa til varna fyrir heimilin svo þau liggi ekki flöt í skuldasúpunni og svo auðvitað að verja störfin í landinu.“ **- bþs**

## Froðukennt tal ríkisstjórnar


**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

„Mér finnst þetta loðið og sérstakt og raunar er svo margt froðukennt sem frá ríkisstjórninni kemur að ég skil hana ekki,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. Hann segir ríka þörf fyrir viðamiklar aðgerðir og telur ákvarðanir ríkisstjórnarinnar hvorki skýrar né afdráttarlausar. „Það er ekki verið að fást við lausnir. Það þarf stefnumörkun um endurreisn samfélagsins.“ **- bþs**

## Dapurleg og veik viðleitni


**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

„Ég sé ekki betur en að þetta sé viðleitni í þá átt að koma til móts við fjölskyldurnar en mikið óskaplega er þetta veikt og dapurlegt,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG. Hann kveðst hafa orðið fyrir vonbrigðum, tilkynnt hafi verið um aðgerðirnar á sérstökum blaðamannafundi og talsverðar væntingar því skapast. „Málefnum atvinnulífsins er svo vísað inn í framtíðina. Þar er knýjandi þörf fyrir aðgerðir.“ **- bþs**

# Komið til móts við heimilin

**Ríkisstjórnin hrindir í framkvæmd aðgerðum fyrir heimili í vanda. Greiðslubyrði verðtryggðra lána lækkar um mánaðamótin. Barnabætur verða greiddar út mánaðarlega. Frekari aðgerða er að vænta fljótlega.**

**EFNAHAGSMÁL** Greiðslubyrði verðtryggðra lána og dráttarvextir lækka auk þess sem barnabætur verða greiddar út mánaðarlega með aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem kynnt var í gær. Um fyrstu aðgerðir til hjálpar heimilunum er að ræða. Aðgerða til aðstoðar fyrirtækjum í landinu, vinnumarkaði og menntamálum er að vænta.

Ríkisstjórnin kynnti í gær aðgerðapakka í tíu liðum sem er ætlað að koma til móts við heimili í vanda vegna efnahagskreppunnar. Grípa á til aðgerða í húsnæðismálum til að koma til móts við þá sem hafa verðtryggð lán. Greiðslubyrði þessara lána minnkar um tíu prósent strax og allt að tuttugu prósentum á næsta ári. Lækka á dráttarvexti með lagasetningu og nýtt verður lagaheimild til að setja hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Felld verður úr gildi heimild til að nýta barnabætur til að greiða niður opinber gjöld sem einstaklingur skuldar. Barnabæturnar verða greiddar út mánaðarlega en ekki á þriggja mánaða fresti eins og nú er. Opinberir aðilar fá einnig fyrirmæli um að milda innheimtuaðgerðir og fá heimildir til sveigjanleika í samningum. Einnig er frumvarp til umfjöllunar í þingflokkunum sem mun auðvelda fólki að losna við bíla sem bera erfið lán með sölu þeirra til útlanda.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir ríkisstjórnina leggja höfuðáherslu á að koma til móts við heimilin. „Við teljum að þetta sé mjög mikilvæg aðgerð og er auðvitað náskyld því sem áður var búið að hrinda í framkvæmd varðandi myntkörfulánin.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði um aðgerðaáætlunina að hún sé afurð vinnuhóps á vegum ríkisstjórnarinnar, sem sé enn að störfum og ráð sé gert fyrir að kynntar verða bráðlega aðgerðir til aðstoðar fyrirtækjum í landinu, aðgerðir á vinnumarkaði og í menntamálum.

> Við eigum eftir að kynna frumvarp um greiðsluaðlögun sem hefur verið nýtt á hinum Norðurlöndunum. Það nýtist sérstaklega fólki sem sér ekki fram á annað en að missa eigur sínar.
>
> **JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segir aðgerðirnar aðeins fyrstu aðgerðir í víðtækari aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar. „Við eigum eftir að kynna frumvarp um greiðsluaðlögun sem hefur verið nýtt á hinum Norðurlöndunum. Það nýtist sérstaklega fólki sem sér ekki fram á annað en að missa eigur sínar. Við erum einnig að meta þá leið sem hagspekingar hafa bent á og heimila lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði að fjárfesta í húsnæði að hluta eða í heild.“


**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Jóhanna segir jafnframt að lög um gjaldþrot séu til skoðunar og lög um innheimtu lögfræðinga. „Við erum til dæmis að skoða hvort hægt sé að gera íbúðarhúsnæði óaðfararhæft vegna annarra krafna en þeirra sem hefur verið þinglýst á viðkomandi eign. Hvort þetta allt nær fram að ganga get ég hins vegar ekki sagt til um á þessum tímapunkti.“

**svavar@frettabladid.is**


**FRÁ RÁÐHERRABÚSTAÐNUM** Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra kynntu aðgerðaáætlun í tíu liðum í gær sem koma á heimilunum í landinu til hjálpar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## HÚSNÆÐISLIÐUR AÐGERÐAÁÆTLUNAR

**A.** Létta með lagasetningu greiðslubyrði einstaklinga með verðtryggð lán með því að beita greiðslujöfnunarvísitölu, þ.e. launavísitölu sem vegin er með atvinnustigi.

*(Til að koma í veg fyrir misgengi launa og lána. Reiknuð er út ný vísitala, í stað neysluvísitölu, sem er samsett af launavísitölu og þróun atvinnustigs. Mismunurinn, sem verður strax tíu prósent og allt að tuttugu prósent á næsta ári, leggst við höfuðstól lánsins. Fólk greiðir ekki af mismuninum fyrr en launavísitalan er orðin hagstæðari en neysluvísitalan. Hugsað sem bjargræði til skamms tíma. Sá sem þiggur greiðslujöfnun greiðir meira en hann hefði annars gert því upphæðin sem frestað er að greiða leggst við höfuðstól lánsins. Skuldari greiðir því verðbætur síðar af verðbótum sem frestast. Óska verður sérstaklega eftir því að fara inn í nýtt greiðslujöfnunarkerfi. Reynt verður að hafa það einfalt í framkvæmd.)*

**B.** Efla og fjölga úrræðum Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við almenning í greiðsluvanda, svo sem með lengingu og skuldbreytingu lána, auknum sveigjanleika og rýmri heimildum gagnvart innheimtu.

**C.** Veita Íbúðalánasjóði lagaheimildir til að leigja húsnæði í eigu sjóðsins til að fjölga úrræðum einstaklinga í greiðsluvanda.

**D.** Gerðar verði nauðsynlegar breytingar til bráðabirgða á lögum eða reglugerðum svo fella megi niður ýmis gjöld vegna skilmálabreytinga sem nú torvelda skuldbreytingar og uppgreiðslu lána, svo sem stimpilgjöld og þinglýsingargjöld.




## VEÐURSPÁ


**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VONT UM TÍMA**
Framan af degi verður bæði hvasst og úrkomusamt á Ströndum og á landinu norðanverðu. Vindstrengurinn verður nokkuð snarpur, allt að 25 m/s. Hvassast verður á vestanverðu Norðurlandi í fyrstu en síðan gengur strengurinn austur með norðanverðu landinu. Einnig kann að verða mjög hvasst sunnan Vatnajökuls. Það lægir svo víðast með kvöldinu.




**Á MORGUN**
Víðast 5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 13° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 14° |
| New York | 16° |
| Orlando | 28° |
| Osló | 10° |
| París | 12° |
| Róm | 18° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**ILVA**

einfaldlega betri kostur

# *Nú birtir til ...*



**Christmas.** Jólakúlur/skraut.
A Kúla, ýmsir litir. Ø8 cm. **790,-**
B Dropasteinn, glerperla. H. 11,5 cm. **290,-**



**Christmas.** Servíettur. Ýmsar tegundir. 33x33 cm. **490,-**



**Christmas.** Hreindýr, rautt/hvítt. H12,5 cm. **490,-** H15 cm. **590,-** H21,5 cm. **690,-**



**Christmas.** Jólakúlur/skraut.
A Hjarta, rautt gler. 18 cm. **1.990,-**
B Kúla, ýmsir litir. Ø7 cm. **590,-**
C Kúla, ýmsir litir. Ø8 cm. **590,-**
D Kúla, ýmsir litir. Ø6 cm. **490,-**



A **Julie.** Ljósahjarta, hvítt/gyllt/silfur. 30 ljós. **6.390,-** B **Chanet.** Ljósasería, silfur/gyllt. 30 ljós. **4.990,-** C **Sidsel.** Ljósasería, hvít. 40 ljós. **6.490,-** D **David.** Ljósasería 48 ljós. **2.990,-** Ljósasería 96 ljós. **4.990** E **Light up.** Engill 14x17x7 cm. **2.490,-** F **Light up**. Jólatré 14x17x7 cm. **2.490,-** G **Lisa**. Ljósasería, glær. 20 ljós. **4.990,-** H **Dea**. Hjartasería, rauð. 20 ljós. **2.990,-** I **Dea**. Englasería, glær. 20 ljós. **3.490,-**



**Christmas.** Aðventudagatal, hreindýr H. 122 cm. **9.990,-**



**Christmas.** Langar eldspýtur í öskju. **590,-**

**SPARAÐU 109.900,- af setti**



**Amarone.** Semianilin leður. 3ja sæta sófi. Verð 139.900,- **NÚ 99.900,-** 2ja sæta sófi. Verð 129.900,- **NÚ 89.950,-** Hægindastóll 99.900,- **NÚ 69.950,-**

Verð 199.900,-
**NÚ 139.900,-**

**SPARAÐU 60.000,-**



**Mezzo.** 4ra sæta hornsófi. Montana leður. L368 cm. Verð 199.900,- **NÚ 139.900,-**

**SPARAÐU 10.000,-**



**Iland.** Sætispúði. H. 35, Ø130 cm. Verð 29.900,- **NÚ 19.900,-**

© ILVA Ísland 2008

**VISA Lán** - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

## NÝTT KORTATÍMABIL

**Skoðaðu vörurnar á www.ilva.is - sendum um allt land - tilboð gilda til 21. nóv.**

**ILVA** Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík **s:** 522 4500
mánudaga - föstudaga **11-19** laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18**



**KJÖRKASSINN**



*Ertu komin(n) í jólaskap?*

| | |
|---|---|
| Já | 26,8% |
| Nei | 73,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú tekið þátt í fjöldamótmælum?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Átök Ísraela og Palestínumanna á Gaza-strönd harðna:

# Vopnahléið virðist úr sögunni

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsher gerði árás á Palestínumenn á norðanverðu Gaza-svæðinu í gær. Árásinni var beint gegn herskáum Palestínumönnum, sem hafa skotið flugskeytum yfir landamærin til Ísraels. Palestínskur læknir segir að tveir Palestínumenn hafi slasast.

Stuttu síðar skutu Palestínumenn flugskeytum frá Gaza-svæði á borgina Ashkelon í Ísrael í gær. Árásin skaut íbúum þar skelk í bringu, en ekkert mannfall varð. Einnig skutu Palestínumenn flugskeytum á bæinn Sderot og þar slasaðist einn íbúi.

Átök á landamærum Ísraels og Gaza-svæðisins hafa aukist mjög síðustu daga. Ísraelsher hefur varað íbúa á norðanverðu Gaza-svæðinu við og hvetur fólk til að vera heima hjá sér.



**VIÐ LANDAMÆRI GAZA** Ísraelskir hermenn á skriðdreka við landamærin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vopnahléið, sem komst á í júní síðastliðnum, byrjaði að rofna í síðustu viku þegar ísraelskir hermenn fóru inn á Gaza-svæðið til að eyðileggja jarðgöng, sem ísraelski herinn segir að herskáir Palestínumenn hafi grafið í þeim tilgangi að nota þau til árása á Ísrael.

Á annan tug Palestínumanna hafi látist í átökunum síðan þá.

Í gær sá Evrópusambandið ástæðu til að hvetja Ísraelsstjórn til að opna landamærin til Gaza, til þess að að eldsneyti og aðrar lífsnauðsynjar geti borist til íbúa á svæðinu. - gb

Sex milljarða kaup í Glitni:

# Riftun er enn í athugun

**VIÐSKIPTI** „Við erum auðvitað óánægðir með þetta en það þýðir samt ekki að við séum sitt um að vinna dómsmál," segir Árni Harðarson, formaður fjárfestingafélagsins Salt Investments.

Róbert Wessman, eigandi félagsins, keypti hlutabréf fyrir tæpa sex milljarða króna í Glitni nokkrum dögum áður en ríkið yfirtók bankann. Fjárfestingunum tapaði hann því að fullu. Þann 18. október var greint frá því að það væri til athugunar hjá lögfræðingi félagsins hvort hægt væri að rifta kaupunum.

Árni segir lítið hafa gerst en málið sé enn til skoðunar. - kdk

**FÉLAGSFUNDUR VM**

**Grand Hótel • miðvikudaginn 19. nóvember kl. 20**

- Umræður um efnahagsmálin og ástandið í þjóðfélaginu
- Leiðir til úrlausna
- Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, fer yfir stöðu mála og horfurnar framundan
- Önnur mál

*Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á fundinn til að fá upplýsingar um stöðu mála og til að láta í sér heyra.*

**SÝNUM SAMSTÖÐU ÁFRAM ÍSLAND!**

Félag vélstjóra og málmtæknimanna

# Evrópumál rædd á landsfundi í janúar

**Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins ákvað í gær að halda landsfund í lok janúar. Nefnd mun fjalla um Evrópumálin og skila niðurstöðu fyrir landsfundinn. Þurfum að virkja grasrót flokksins segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

**STJÓRNMÁL** Landsfundi Sjálfstæðisflokksins verður flýtt og nefnd skipuð til að fjalla um Evrópumálin. Miðstjórn flokksins samþykkti einróma tillögu Geirs H. Haarde, formanns flokksins, þessa efnis á fundi sínum í gær.

Til stóð að halda landsfund flokksins í október á næsta ári, en samþykkt var í gær að halda fundinn 29. janúar til 1. febrúar næstkomandi. Landsfundurinn er æðsta ákvörðunarvald Sjálfstæðisflokksins og er haldinn á tveggja ára fresti ákveði miðstjórn flokksins ekki annað.

Á landsfundi er einnig kosið um æðstu embætti flokksins, þar á meðal embætti formanns, varaformanns og ritara. Þá er kosið í miðstjórn á landsfundum.

Bæði Geir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður flokksins, munu sækjast eftir endurkjöri.

Geir sagði svo breyttar aðstæður í þjóðfélaginu að brýnt sé að flýta landsfundinum og marka skýra stefnu Sjálfstæðisflokksins í öllum þjóðfélagsmálum með tilliti til breyttra aðstæðna.

„Með sama hætti teljum við rétt að bregðast við breyttum aðstæðum með því að skoða upp á nýtt það hagsmunamat sem hefur legið að baki stefnu Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum," sagði Geir.

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, mun leiða nefnd sem fjalla mun um Evrópumálin. Henni er ætlað að ljúka störfum fyrir landsfundinn. Árni Þór Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, verður varaformaður nefndarinnar.

„[Nefndin] mun skoða stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu, ríkjum Evrópu og valkostum Íslands í alþjóðasamstarfi," sagði Geir. Hlutverk hennar sé því ekki bundið við að skoða mál tengd mögulegri aðild að Evrópusambandinu.

„Þetta nefndarstarf felur það ekki í sér að það sé búið að breyta um afstöðu í Sjálfstæðisflokknum. Það felur ekki í sér að það sé komin ný stefna. Það er landsfundurinn sem tekur ákvörðun um slíkt," sagði Geir.

„Það sem bíður okkar núna [...] er að virkja allan flokkinn, við erum að virkja okkar grasrót," sagði Þorgerður Katrín. Hún segir því ekki að leyna að skiptar skoðanir hafi verið innan flokksins. Sín skoðun sé óbreytt, en því sé ekki að leyna að aðstæður séu gjörbreyttar frá því landsfundur flokksins ályktaði um að ekki ætti að gera breytingar á sambandi Íslands við Evrópusambandið.

Geir hefur hingað til verið andsnúinn aðild að Evrópusambandinu og hann staðfesti í gær að hann hefði ekki skipt um skoðun.

„Ég tel samt rétt, þrátt fyrir mína afstöðu, að þetta mat fari fram. Ef út úr því koma niðurstöður sem hafa veigamikla þýðingu að mínum dómi geng ég til þess án fordóma," sagði Geir.

brjann@frettabladid.is



**SÖMU SKOÐUNAR** Hvorki Geir H. Haarde né Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sögðust hafa skipt um skoðun í Evrópumálum frá því landsfundur flokksins árið 2007 ályktaði um að ekki væri þörf á að breyta sambandi Íslands við Evrópusambandið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## EKKI ÁSTÆÐA TIL AÐ BREYTA Í FYRRA

**Í stjórnmálaályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins frá 2007 segir eftirfarandi um Evrópumál:**

„Ríki Evrópusambandsins eru mikilvægasta markaðssvæði Íslands. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur reynst þjóðinni vel og hann er ein af grunnstoðum öflugs efnahagslífs þjóðarinnar. Hann tryggir vel mikilvægustu hagsmuni Íslendinga á þessu sviði og því ekki ástæða til að gera breytingar á núverandi sambandi Íslands við Evrópusambandið."

Þar segir enn fremur: „Ísland er Evrópuríki og saga þjóðarinnar og menning er evrópsk. Í því ljósi og vegna hinna miklu viðskiptahagsmuna er nauðsynlegt að sífellt sé í skoðun hvernig hagsmunum Íslands verði best borgið í samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir."

## SKOÐA FLEIRA EN AÐILD AÐ ESB

„Þetta verður spennandi og skemmtilegt verkefni," segir Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður nýstofnaðrar Evrópunefndar flokksins.

Hann segir að vinna nefndarinnar verði ekki bundin við að skoða mögulega aðild að Evrópusambandinu (ESB) heldur verði aðrir valkostir sem landið hafi í alþjóðasamstarfi einnig kannaðir.

Kristján segist vera Evrópusinni í hjarta sínu, í víðasta skilningi þess orðs, en vill að öðru leyti ekki gefa upp persónulegar skoðanir sínar á ESB.



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON**

## Á EKKI VON Á FORMANNSSLAG

Afar ólíklegt er að slagur verði um formannsembættið í Sjálfstæðisflokknum á landsfundi flokksins í lok janúar, þótt kosið verði að nýju í helstu embætti, segir Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur hjá Háskóla Íslands.

„Það er ekkert fararsnið á Geir [H. Haarde, formanni flokksins] og staða hans er fremur sterk enn þá," segir Einar. Hann segir stöðu Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, varaformanns flokksins, ekki nægilega sterka til að takast á við Geir um formannsstólinn.



**EINAR MAR ÞÓRÐARSON**

Einar segir augljóst að helsta málið sem fjallað verði um á landsfundinum sé afstaða flokksins til aðildar að Evrópusambandinu (ESB). Það að fundurinn verði í lok janúar, en ekki október eins og að var stefnt, bendi til þess að mikil pressa sé innan flokksins að taka stefnuna á aðild að ESB.

„Maður gæti lesið þannig í stöðuna að þetta sé fyrsta skref Sjálfstæðisflokksins að aðild að ESB," segir Einar.

Hann segir tíðindi í því að Þorgerður Katrín sé farin að hallast í átt að ESB. Fyrst svo sé hljóti að vera bakland fyrir þá skoðun innan flokksins.

**Vellíðan án lyfja**
með verkfærum sálfræðinnar





Fjögurra vikna námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar.

Kennsludagar:
Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:30 auk eftirfylgdartíma, alls 14 klst.

KMS

Kennarar: **Oddi Erlingsson og Sóley D. Davíðsdóttir,** sérfræðingar í klínískri sálfræði.
Kynningarverð: 42 000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 17. nóvember n.k.

Skráning og fyrirspurnir í símum 5340110 og 5624444, oddier@simnet.is og kms@kms.is
Nánari upplýsingar: www.kms.is.




512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

# 20% AFSLÁTTUR

## af ÖLLUM barnafatnaði

Nýtt kortatímabil!

föstudag, laugardag og sunnudag

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hversu margar konur hafa dvalið í Kvennaathvarfinu það sem af er ári?*

2 *Hvernig fór leikur Akureyrar og FH í þriðju rimmu liðanna í vetur í N1-deildinni?*

3 *Hvaða landsþekkta tónskáld ætlar Fífilbrekkuhópurinn ásamt tveimur kórum að heiðra með tvennum tónleikum um helgina?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

43 þúsund manns fengu samtals 46 milljarða króna úr lífeyrissjóðum á árinu:

# Fjórtán milljarða skatttekjur af lífeyri

**STJÓRNMÁL** Heildarskatttekjur af greiðslum úr lífeyrissjóðum eru rétt tæpir fjórtán milljarðar króna. Tæplega 43 þúsund manns fengu samtals rúmlega 46 milljarða króna úr lífeyrissjóðunum á árinu.



ELLERT B. SCHRAM

Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Ellerts B. Schram, þingmanns Samfylkingarinnar.

Ellert spurði sérstaklega um hve margir fengju lægri greiðslur en eitt hundrað þúsund krónur á mánuði og hverjar meðalgreiðslur á hvern einstakling væru.

Í svarinu kemur fram að langflestir þeirra sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðum fái innan við eitt hundrað þúsund krónur á mánuði. Jafnframt að á sjötta hundrað manns fái yfir hálfa milljón á mánuði.

Ellert spurði líka um skatttekjur af greiðslum úr lífeyrissjóðum. Segir í svarinu að þær nemi rétt tæpum fjórtán milljörðum króna álagningaárið 2008. - bþs

**FLESTIR FÁ LÍTIÐ Í LÍFEYRI**

| Fjárhæðir | Fjöldi | Meðalgr. á mán. |
|---|---|---|
| Lægra en 100 þúsund | 30.071 | 42 þúsund |
| 100-200 þúsund | 8.130 | 140 þúsund |
| 200-300 þúsund | 2.749 | 240 þúsund |
| 300-400 þúsund | 9643 | 41 þúsund |
| 400-500 þúsund | 251 | 433 þúsund |
| Yfir 500 þúsund | 563 | 627 þúsund |

Hillary Clinton:

# Gæti orðið utanríkisráðherra

**BANDARÍKIN, AP Meðal þeirra sem koma til greina í embætti utanríkisráðherra í væntanlegri ríkisstjórn Baracks Obama vestra er öldungadeildarþingmaðurinn Hillary Rodham Clinton. Þetta staðfestu í gær tveir demókratar, sem eru í góðum tengslum við flokksnefndina sem sér um undirbúning valdatöku Obamas.**

**Obama hefur þegar valið nokkra af nánum samstarfsmönnum Bills Clinton til starfa með undirbúningsnefndinni.**

**Einnig þykja líklegir í embætti utanríkisráðherra þingmennirnir Chuck Hagel, John Kerry og ríkisstjórinn Bill Richardson.** - gb

Árni vill ekki aðstoðarmann:

# Bætir sjálfur við sig vinnu

**STJÓRNMÁL** „Ég get lengi á mig blómum bætt,“ segir Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, sem ætlar ekki að ráða sér aðstoðarmann. Það hafa að hans sögn allir aðrir þingmenn Suðurkjördæmis gert. „Ég ætla ekki að taka mér aðstoðarmann. Ég bæti frekar á mig vinnu eftir atvikum ef þörf er á. Ég er vanur því.“



ÁRNI JOHNSEN

Árni hvetur aðra þingmenn til að fylgja fordæmi hans og sleppa aðstoðarmanninum. Það sé ekki síst mikilvægt í ljósi þeirrar stöðu sem þjóðin er nú í. - hhs

**ALÞINGI**

### Rannsóknarlög enn í vinnslu

Ekki er lokið vinnu við frumvarp til laga um rannsókn á vegum Alþingis á aðdraganda og orsökum bankahrunsins. Vonir stóðu til að frumvarpssmíðinni yrði lokið fyrir helgi. Formenn allra flokka koma að verkinu undir forystu forseta Alþingis.

**JAFNRÉTTISMÁL**

### Fjórða mesta jafnréttið

Ísland eru í fjórða sæti á lista yfir þau lönd í heiminum þar sem mest jafnrétti kynjanna ríkir. Norðmenn eru í fyrsta sæti, Finnar í öðru sæti og Svíar í því þriðja. Danir eru í sjöunda sæti.

**STJÓRNMÁL**

### Vilja kosningar á næsta ári

Ungir jafnaðarmenn vilja alþingiskosningar á fyrri hluta næsta árs, að því er fram kemur í tilkynningu frá þeim.

# Samkeppniseftirlitið vill RÚV af markaði

**Samkeppniseftirlitið segir vísbendingar um að RÚV hafi viðhaft skaðleg undirboð og notað opinbert fé til að niðurgreiða auglýsingastarfsemi. Forstjóri 365 segir augljósar staðreyndir koma fram í áliti eftirlitsins. Álit er ekki ákvörðun.**

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið leggur til að Ríkisútvarpið hverfi af auglýsingamarkaði þegar aðstæður leyfa. Þetta kemur fram í áliti sem Samkeppniseftirlitið sendi frá sér í gær og varðar samkeppnishömlur sem stafa af stöðu og háttsemi RÚV á markaði fyrir sölu auglýsinga í ljósvakamiðlum.

Athugun Samkeppniseftirlitsins leiðir í ljós að auk samkeppnislegrar mismununar, sem felst í þátttöku Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði samhliða tekjum þess af skattfé, hafi RÚV með tilboðum sínum og afsláttum gert samkeppnisstöðuna enn verri á þessu sviði.

Tiltekur eftirlitið að RÚV hafi meðal annars í ríkum mæli vikið verulega frá birtri gjaldskrá sinni um auglýsingar og gengið þannig gegn markmiðum um gagnsæi. Þá segir í áliti Samkeppniseftirlitsins að vísbendingar séu um skaðleg undirboð, „að opinbert fé hafi verið notað til þess að niðurgreiða auglýsingastarfsemi og samkeppni keppinauta sem ekki njóta ríkisstyrkja þannig raskað.“

Samkeppniseftirlitið beinir því til menntamálaráðherra að fullur samkeppnislegur jöfnuður náist ef RÚV hverfi af auglýsingamarkaði og starfsemi þess verði alfarið kostuð af opinberum fjárframlögum. Með hliðsjón af núverandi efnahagsástandi geti slík aðgerð stuðlað að því að einkareknir ljósvakamiðlar geti starfað áfram.

Í tilkynningu frá RÚV ohf. segir að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins verði ekki skilin öðruvísi en að eftirlitið telji það þjóna almennum samkeppnishagsmunum að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði. „Slíkt gæti þá, að óbreyttu, leitt til þess að sú staða skapist á markaði að einn aðili verði í einstakri yfirburðastöðu á auglýsingamarkaði, sem gæti jafnframt verið til þess fallið að skaða samkeppni á tengdum mörkuðum,“ segir í tilkynningunni sem Páll Magnússon útvarpsstjóri ritar undir.

„Það hefur löng og ströng barátta verið háð til að vekja athygli stjórnvalda á þessum augljósu staðreyndum sem þarna koma fram,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365, sem fagnar álitinu.

Hann segir marga hafa varað við því umhverfi sem lög um RÚV myndu skapa. „En Alþingi hefur ekki haft nokkurn áhuga á heilbrigðum rekstrargrundvelli á fjölmiðlasviðinu, að þar séu heilbrigðar leikreglur við lýði og samkeppnissjónarmið höfð að leiðarljósi,“ segir Ari.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Skjás eins, fagnar einnig álitinu en segir mikilvægt að halda því til haga að álit sé ekki sama og ákvörðun. „Núna þurfa stjórnvöld að hafa kjark til að taka réttu ákvörðunina og hana þarf að taka fljótt,“ segir Sigríður Margrét.

olav@frettabladid.is





SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR



ARI EDWALD

**ÚTVARPSHÚSIÐ** Samkeppniseftirlitið áréttar mikilvægi þess að samhliða endurskoðun á þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði verði sett löggjöf um fjölmiðla sem nái meðal annars til eignarhalds. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA











Iðnaðarráðherra boðar róttækar aðgerðir gegn hremmingum í efnahagsmálum:

# Atvinnulausir í nýsköpun

**ATVINNUMÁL** „Sprota- og nýsköpunarfyrirtæki geta ráðið fólk á atvinnuleysisskrá og fengið níutíu prósent bótanna gegn mótframlagi og skilyrðum,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

Össur kynnti þessa hugmynd á fjöldafundi sem fyrirtæki í hátækni- og sprotageiranum, Samtök iðnaðarins, líftækni-, upplýsinga- og sprotafyrirtækja héldu ásamt HR í gær undir yfirskriftinni „Núna“ er tækifærið, og vísaði til þess að nú sé tækifærið til að hefja markvissa uppbyggingu hátækni- og sprotafyrirtækja með virku samstarfi stjórnvalda og atvinnulífsins.

Húsfyllir var á fundinum en skipuleggjendur töldu þúsund manns innandyra.

Össur segir ekkert hámark fyrir því hversu marga fyrirtækin geti ráðið. Einu takmörkin séu hæfileikar og þekking umsækjenda, að hans sögn.

Vel var tekið í tillögurnar en bæði Sigsteinn Grétarsson, forstjóri Marel á Íslandi, og Stefán Hrafnkelsson, framkvæmdastjóri Betware, sögðust opnir fyrir hugmyndunum og sögðu rúm fyrir meira en tuttugu störf hjá sér. „Við bjóðum upp á 25 störf í rannsóknum og þróun gegn skattalegum ívilnunum,“ segir Sigsteinn. - jab



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Vel var tekið í tillögur iðnaðarráðherra í gær sem miða að því að draga úr atvinnuleysi í kjölfar hremminga í efnahagslífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

www.bnb.is

www.toyota.is

# BETRA VERÐ Á BETRI NOTUÐUM BÍLUM




## TILBOÐ Á BÍLUM

Nú gefst einstakt tækifæri til að festa kaup á BETRI NOTUÐUM BÍL. Þú finnur alveg örugglega eitthvað við þitt hæfi á sérstöku tilboðsverði hjá Toyota BETRI NOTUÐUM BÍLUM!

NÝTT ÚTIBÚ BNB

## KLETTHÁLSI 2

Nú hafa Toyota BETRI NOTAÐIR BÍLAR opnað nýtt og glæsilegt útibú að Kletthálsi 2. Í tilefni af því eru tilboðsdagar á betur yfirförnum bílum í betra ástandi og á betra verði alla helgina hjá öllum söluaðilum Toyota.

GÆÐABÍLL



**Toyota RAV 4 2WD**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 04.04 Ekinn: 64.000 km
Verð: 1.600.000 kr. Skr.nr. OM-460
Betra verð 1.290.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Yaris**
1300 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 47.000 km
Verð: 1.750.000 kr. Skr.nr. LS-464

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 51.000 km
Verð: 1.530.000 kr. Skr.nr. TJ-971
Betra verð 1.350.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota RAV 4**
2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08.05 Ekinn: 30.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Skr.nr. OT-310
Betra verð 2.290.000 kr.

GÆÐABÍLL



**Toyota Previa W/G**
2400 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.04 Ekinn: 80.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. MK-985

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.05 Ekinn: 63.000 km
Verð: 4.190.000 kr. Skr.nr. RF-553

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Prius**
1500 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. OU-719
Betra verð 2.190.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Corolla S/D**
1600 Bensín 5 gíra MM
Á götuna: 06.07 Ekinn: 47.000 km
Verð: 2.520.000 kr. Skr.nr. YN-835
Betra verð 2.250.000 kr.

BNB Kletthálsi, Toyota Kópavogi og Toyota Akureyri
Lau 12 - 16
Sun 12 - 16

Toyota Reykjanesbæ, Toyota Selfossi og Toyota Austurlandi
Lau 12 - 16




**Hvað er Úrvalsbíll?**
Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð.

**Hvað er Gæðabíll?**
Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

| | NÝTT ÚTIBÚ | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Betri Notaðir Bílar<br>Kletthálsi 2<br>Reykjavík<br>Sími: 570-5220 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 44171 11.2008



**BJÖRG Í BÚ** Ung stúlka í Simbabve tínir ávexti í körfu. Matarskortur er mikill í landinu og gera Sameinuðu þjóðirnar ráð fyrir að meira en 5 milljónir, um helmingur íbúanna, verði matarþurfi um áramótin. NORDICPHOTOS/AFP

Viðskiptaráðherra heitir fullum stuðningi við áframhaldandi kauphallarviðskipti:

# Brýnt að halda í þekkinguna

**VIÐSKIPTI** „Ég óska þess að við getum haldið Kauphöllinni starfandi í gegnum þá erfiðleika sem nú steðja að. Það yrði ógæfa ef það tekst ekki og ég heiti mínum óskoruðum stuðningi við það verkefni,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra á haustráðstefnu Félags löggiltra endurskoðenda á Grand hóteli í gær.

Björgvin fór yfir að Kauphöllin hefði starfað hér frá árinu 1992 og þjónað fjármagnsmarkaði hérlendis ötullega undanfarin ár. „Í því fælist mikil sóun á fjármunum og tíma og þekkingu að fara í gegnum það þróunarferli að nýju, með nýrri kauphöll. Flutningur Kauphallarinnar myndi tefja fyrir íslensku efnahagslífi og endurreisn þess.“



**Á FUNDINUM** Viðskiptaráðherra lýsti fullum stuðningi við áframhaldandi kauphallarviðskipti hérlendis.

Framlag Kaupþings til að styðja við Kauphöllina hér er að halda úti á vegum greiningardeildar bankans virkri greiningu á skráðum félögum. Frá þessu greindi Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildarinnar, á fundi Félags löggiltra endurskoðenda í gær. Hann segir ríða á að stjórnvöld lýsi yfir stuðningi sínum við að hér verði haldið úti kauphöll og að bankarnir verði skráðir á markað jafnskjótt og auðið verði. „En við ætlum að efla viðskiptavakt og viðhalda virkri hlutabréfaráðgjöf,“ segir hann.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, hnykkti einnig á mikilvægi hennar í löngu erindi.

**- ikh, okr**

Yfirlýsing stjórnvalda stendur:

# Allar innistæður tryggðar

**EFNAHAGSMÁL** Íslensk stjórnvöld hafa engar áætlanir uppi um að falla frá áformum um að tryggja innistæður á bankareikningum hérlendis, að því er fram kemur í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu.

„Orðrómur um að íslensk stjórnvöld muni gefa þessi áform eftir í samningum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er rangur“, segir í yfirlýsingunni.

Innistæðueigendur þurfi ekki að óttast um fjármuni sem geymdir séu á bankareikningum íslensku viðskiptabankanna. Ekkert hafi breyst frá því ríkisstjórnin lýsti þessu fyrst yfir.

**- bj**

## ALÞINGI

### GSM-samband

Valgerður Sverrisdóttir spyr samgönguráðherra hvort það gangi eftir sem hann fullyrti í sumar að gsm-samband verði komið um allt land um næstu áramót.

### Landgræðsluskóli SÞ

Valgerður spyr líka utanríkisráðherra hvað líði stofnun landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi.

### Áætlun gegn mansali

Kolbrún Halldórsdóttir spyr félagsmálaráðherra hvað líði tillögum að aðgerðaáætlun gegn mansali sem áformað var að yrði tilbúin í apríl 2008.

## DÓMSTÓLAR

### Braut glerílát á manni

Tæplega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir að brjóta glerílát á höfði manns. Sá sem barinn var hlaut langan og djúpan skurð á hálsi, auk fjölda minni skurða og sára.

Eyjamenn hafa fullan skilning á efnahagsástandinu:

# Smíði Herjólfs frestað

**SAMGÖNGUR** Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að fresta smíði á nýjum Herjólfi. Ástæður eru sagðar aðstæður í efnahagslífi landsins.

Í tilkynningu frá Samgönguráðuneytinu segir að fulltrúar Siglingastofnunar Íslands hafi að undanförnu átt í viðræðum við fulltrúa skipasmíðastöðvarinnar Fassmer GmbH & Co í Þýskalandi. Samkomulag um verð, tihögun og afhendingartíma ferjunnar lá að mestu fyrir en viðræðum verður nú hætt og smíði nýrrar ferju boðin út þegar betur árar.

Framkvæmdir við Landeyjahöfn munu hins vegar halda áfram og verður unnið að grjótvarnargarði í vetur. Ráðgert hafði verið að nýr Herjólfur hæfi siglingar milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja sumarið 2010.



**ELLIÐI VIGNISSON**

„Þetta eru afar þungbærar fréttir fyrir okkur,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Hann segir bæjarbúa þó hafa grunað að svona kynni að fara en minnir á loforð ríkisstjórnarinnar um að grunnþjónustu verði haldið úti. „Samgöngur hljóta að teljast til grunnþjónustu,“ segir Elliði.

„Við höfum fullan skilning á efnahagsástandinu og teljum mjög brýnt að ríkisstjórnin grípi til aðgerða. Þó við hefðum auðvitað viljað fá ferjuna þá skiljum við þessar forsendur.“

**- ovd**



**LANDAÐ UPP TIL STRANDA** Ekki eru allir á eitt sáttir um möguleika á einhliða upptöku nýrrar myntar innan LÍÚ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Deilt um einhliða upptöku

**Formaður og framkvæmdastjóri LÍÚ eru ósammála um möguleika á einhliða upptöku nýrrar myntar. Kallað er eftir aukinni og opnari umræðu um kosti og galla ESB fyrir íslenskan sjávarútveg.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það er sjálfsagt að skoða möguleika á einhliða upptöku annarrar myntar. LÍÚ er með vinnu í gangi við að skoða áhrif upptöku annarrar myntar fyrir hagsmuni sjávarútvegsins. Þessi tillaga fellur að þeirri vinnu. Fyrst og fremst þurfum við að treysta gengi krónunnar til skamms tíma,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ).



**FRIÐRIK J ARNGRÍMSSON**



**GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON**

Í grein sem birtist í Fréttablaðinu í gær skora forsvarsmenn þriggja af stærstu sjávarútvegsfélögum landsins, sem jafnframt eru stjórnarmenn í LÍÚ, á stjórnvöld að hefja umsvifalaust skoðun á einhliða upptöku nýs gjaldmiðils. Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, segist ósammála þeirri áskorun. „Eins og staðan er í dag er þetta ekki framkvæmanlegt. Þegar fjármálalífið er komið í lag mun kannski skapast grundvöllur fyrir slíkri upptöku, en ekki meðan ástandið er svona.“ Að sögn Friðriks og Adolfs eru þeir báðir mótfallnir aðild að ESB ef henni fylgir afsal á forræði fiskistofna.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims Seafood, ritaði greinina í Fréttablaðið í gær ásamt Ægi Páli Friðbertssyni hjá Ísfélagi Vestmannaeyja og Eiríki Tómassyni hjá Þorbirni hf. Hann segir umræðu um þessi mál tvístrast í tvennar álíka öfgar. Annars vegar að Ísland geti aldrei gengið í ESB vegna sjávarútvegsstefnu sambandsins og hins vegar að innganga sé nauðsynleg vegna gengis krónunnar. „Allir í sjávarútvegi vita að sjávarútvegsstefna ESB er handónýt. Þess vegna fer hún í endurskoðun sem lýkur 2012 og því skulum við ekki útiloka neitt fyrir fram. Við getum ekki sloppið undan ESB-umræðunni og við getum ekki verið með ónýta mynt ef sú umræða dregst á langinn. Þetta verður að gerast strax,“ segir Guðmundur.

> Allir í sjávarútvegi vita að sjávarútvegsstefna ESB er handónýt. Þess vegna fer hún í endurskoðun sem lýkur 2012 og því skulum við ekki útiloka neitt fyrir fram.
>
> **GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON**
> FORSTJÓRI BRIMS SEAFOOD

Að sögn Inga Jóhanns Guðmundssonar hjá Gjögri ehf. liggur beint við að tengja við norsku krónuna. „Norðmenn eru fyrir utan ESB og hafa sinn sjávarútveg og sína olíu. Ef við næðum einhverjum dropum úr drekasvæðinu yrðu þetta keimlíkir hagsmunir sem við myndum berjast fyrir að mínu mati.“

Haukur Björnsson hjá Eskju segir krónuna verða eilífðarvandamál. „Hins vegar er óljóst hvort einhliða upptaka evru hefði í för með sér afleiðingar sem menn sjá ekki fyrir. Það væri fáránlegt að ákveða fyrir fram að ganga ekki í ESB. Öll sú umræða á eftir að fara fram. En eftir því sem ég kemst næst myndum við missa töluvert forræði yfir auðlindum okkar,“ segir Haukur.

**kjartan@frettabladid.is**


Samfylkingin

Framtíðin er á dagskrá
- Uppstokkun stjórnmálanna





Í Iðnó laugardaginn 15. nóvember kl. 13-15

Opinn borgarafundur verður haldinn á vegum framtíðarhóps Samfylkingarinnar á sveitarstjórnarstigi. Fundurinn sem er öllum opinn fjallar um þá áskorun sem stjórnmál á Íslandi standa frammi fyrir: að stokka upp spilin, opna flokksstarfið og kalla þjóðina með til verka við að móta framtíð Íslands.

Frummælendur

- Hugsjónamiðað raunsæi: Sjö dyggðir fyrir stjórnmál framtíðarinnar
  Jón Ólafsson heimspekingur
- Lýðræði, nýgræðingar og hugrekki til breytinga
  Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi
- Valdið til fólksins – hvað getum við lært af tilraunum sveitarfélaga á sviði íbúalýðræðis?
  Sigurborg Kr. Hannesdóttir sérfræðingur í þátttöku almennings
- Eiga hugmyndir Vilmundur Gylfasonar erindi í umræðuna?
  Vilhjálmur Þorsteinsson hugbúnaðarhönnuður
- Uppstokkun stjórnmálanna og verkefni dagsins
  Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi
- Fundarstjóri: Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri Árborgar

Að loknum stuttum framsögum verður opnað fyrir almennar umræður og fyrirspurnir.

Allir velkomnir - Sveitastjórnarráð Samfylkingarinnar!

Nánari upplýsingar á vef Samfylkingarinnar: www.samfylking.is




# Yfir 600 tegundir af ljósaseríum

## úrvalið er í Garðheimum!



# 20 til 50 % afsláttur

## af öllum Sirius ljósaseríum um helgina

SIRIUS

## Amerísku jólatrén



endast ár eftir ár · fjölbreytt úrval · allir verðflokkar



TILBOÐ

2 jólastjörnur

**1190kr.**



## Föndurnámskeiðin eru að byrja!

sjá nánar www.gardheimar.is

### HEITT KAKÓ



Heitt kakó og piparkökur um helgina!

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Jólaleikur barnanna

*hver fær verðlaun?*



# Sjáðu hvað þú lest á sunnudaginn



**Hlúð að sprotafyrirtækjum**
Finnbogi Jónsson hjá Nýsköpunarsjóði veit hvernig á að gera það

**Steinunn Sigurðardóttir**
Starfaði hjá helstu hönnuðum heims. Margverðlaunuð og með eigið tískuhús



**Mæðgurnar**
Sigríður Halldórsdóttir og Auður Jónsdóttir hafa hnakkrifist en eru bestu vinkonur

**Nýtt og ferskara helgarblað**

Njóttu sunnudagsins til fulls.
Fáðu þér áskrift á **mbl.is/askrift**
eða í síma **569 1122**

Morgunblaðið
SUNNUDAGUR
*Fáðu þér áskrift*



Fiton/SÍA F1027729


Endurnýjun rammasamnings ESB og Rússlands um samstarf og viðskipti:

# Ákveðið að hefja viðræður á ný

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Evrópusambandið mun fljótlega hefja á ný viðræður um endurnýjun rammasamnings um samstarf og viðskipti við Rússa, en þeim var frestað um óákveðinn tíma eftir hernað Rússa í Georgíu í sumar.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, upplýsti þetta í gær og sagði viðræðunum ætlað að auka á stöðugleika. Fréttaskýrendur benda á að heimskreppan sem skollin er á kalli á að mikilvægt sé fyrir hagsmuni ESB-landanna 27 að koma til móts við Rússa í því skyni að tryggja stöðugleika og öryggi, sem og að hindra að Rússar loki hagkerfi sínu fyrir erlendum aðilum.

Gagnrýnendur, þar á meðal ráðamenn í Georgíu og talsmenn mannréttindasamtaka, segja of snemmt að hefja aftur slíkar viðræður við Rússa, þar sem þeir haldi enn georgísku aðskilnaðarhéruðunum Abkasíu og Suður-Ossetíu hersetnum án nokkurs alþjóðlegs eftirlits.



**FORSETAFUNDUR** Jose Manuel Barroso, Nicolas Sarkozy og Dmítrí Medvedev í Nice í S-Frakklandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barroso átti í gær fund með rússneska forsetanum Dmítrí Medvedev og Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands, sem fer nú með formennskuna í ESB, í borginni Nice í Suður-Frakklandi. - aa

**NEISTAR AF NEISTA:** Líftækni á Íslandi — Grein 3 af 8

# Tryggjum líftækni bakland

### Stöðugleiki gjaldmiðils og markaðar

Heimila þarf fyrirtækjum að skrá hlutafé sitt og gera upp í erlendri mynt (a.m.k. evrum). Mikilvægustu sprotafyrirtækin eru útflutningsfyrirtæki með markaði erlendis og tekjumyndun í erlendri mynt. Það er þeim mikilvægt að búa við þann aga sem felst í uppgjöri í stöðugri mynt. Það er líka forsenda þess að fá eðlilegt fjárstreymi fjárfesta til landsins.

Leggja þarf niður krónuna sem fyrst. Það er nánast óhugsandi að fá eðlilegt flæði erlends fjármagns til smærri fyrirtækja meðan landið hefur eigin gjaldmiðil.

### Aukinn fjárstuðningur við smáfyrirtæki

Auka þarf fjárframlög til Tækniþróunarsjóðs. Það verður að gefa smáfyrirtækjum kost á að fá (viðbótar)styrki sem þau nýta til að kaupa rannsóknir af háskólunum. Þetta flýtir einnig fyrir uppbyggingu öflugra háskóladeilda.

Afnema kröfur um mótframlag fyrir smáfyrirtæki.

Tryggja þarf þátttöku ríkisins í fjárfestingum í nýjum fyrirtækjum.

Nýr sjóður taki við af Tækniþróunarsjóði – styrkir eða víkjandi eigið fé.

Þátttaka ríkisins í fjármögnun einkarekinna sjóða, t.d. með beinu mótframlagi í slíka sjóði, víkjandi lánveitingu inn í einstök verkefni, eða ábyrgðir á bankafyrirgreiðslum. Mörg fordæmi eru fyrir slíku fyrirkomulagi í Bandaríkjum og Evrópu.

Gefa þarf skattaívilnanir; t.d. með endurgreiðslu á VSK, endurgreiðslu vegna rannsókna, þróunar eða styrkja, og gera auðveldara fyrir smáfyrirtæki að selja skattalegt tap. Sala á skattalegu tapi eykur hrakvirði nýsköpunarfyrirtækja og eykur líkur á endurnýtingu hugverkaréttar (IP). Mörg fordæmi í nágrannalöndum eru fyrir skattaniðurfellingu eða endurgreiðslum. Mikilvægt er að félög og fyrirtæki sem eru í rannsóknar- og þróunarvinnu, sem eðli máls samkvæmt tekur tíma, geti fengið skattaívilnanir. Hér á landi eru ekki neinar sérstakar skattfríðindareglur fyrir slíkt eins og í sumum nágrannalöndum okkar, t.d. í Noregi. Fólk sem flytur til Íslands til þess að stunda rannsóknir og greiðir tekjuskatt þarf að hugsa sig vel um, því það hefði ekki þurft að greiða slíkan skatt hefði það áfram búið til dæmis í Cambridge, Princeton eða Stanford.

### Bætt stuðningsumhverfi

Hundruð Íslendinga eru með doktorsgráður og rannsóknar- og starfsreynslu í verkefnum í líftækni sem eru á heimsmælikvarða. En sú reynsla hefur ekki skilað sér til íslensku háskólanna, sem þurfa að leita til sérfræðinga innan líftæknifyrirtækja til að fá upplýsingar um vísindin, tækniþekkingu og tækjakost og jafnvel að fá kennslu. Góð aðstaða, sérþekking og kunnátta er frekar innan fyrirtækja heldur en innan háskólanna í núverandi ástandi. Nægir að nefna að eitt fyrirtæki á sviði erfðafræði birtir fleiri greinar á ári en allir háskólarnir samanlagt. Stórefla þarf háskóla landsins og leggja sérstaka áherslu á líftækni, verkfræði og tölvutækni. Nauðsynlegt er að háskólarnir verði það bakland sem líftækni þarfnast og geti veitt sprotafyrirtækjum skjól. Uppbygging háskóladeilda á sviðinu felur meðal annars í sér að efla áherslur á rannsóknartengt nám, nýsköpun og áhættusækni. Fjölga þarf erlendum nemendum til að stækka háskólana og auka samkeppni og gæði náms.

Hvetja þarf orkufyrirtæki til að horfa á „almennan“ iðnað sem kaupendur frekar en orkufrekan iðnað. Gera þarf hagfelldara fyrir orkufyrirtæki að taka þátt í iðngörðum eða sprotagörðum og afnema ívilnanir fyrir þátttöku í orkufrekri stóriðju.



**GRÆNA SMIÐJAN** Í Grænu smiðjunni í Grindavík er framleitt erfðabreytt bygg, sem notað er til að búa til svokölluð sérvirk prótín en þau eru svo seld í lyfjaframleiðslu, lyfjaþróun og rannsóknir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Í HNOTSKURN:

Tryggja þarf fjárhagslegt, þekkingarlegt og reglugerðarlegt umhverfi líftæknifyrirtækja með stöðugum gjaldmiðli, styrkum innnlendum háskóladeildum og straumlínulaga regluverki. Endurskoða þarf kerfi skattaívilnunar og styrkjaveitinga og auðvelda aðgengi erlendra sérfræðinga til landsins. Beina þarf orkufyrirtækjum að sprotafyrirtækjum í líftækni og afnema ívilnanir fyrir þátttöku í orkufrekri stóriðju.

**Dr. Karl Ægir Karlsson, lektor í tækni- og verkfræðideild H.R., hafði umsjón með samræðu og vinnslu útgangspunkta á vinnuborði um líftækni.**

### Straumlínulaga regluverk

Mikilvægt er að regluverk séu straumlínulöguð og er það ástæða til að endurskoða núverandi reglugerðir til að bæta umhverfi sprota- og líftæknifyrirtækja. Svifaseint regluverk kemur beint niður á samkeppnishæfni, nýsköpun og tækifærum til atvinnusköpunar. Skýrt og skilvirkt reglugerðarumhverfi er því mikilvægur þáttur ákjósanlegs vaxtaumhverfis fyrir sprota- og líftæknifyrirtæki.

### Notkun heilbrigðisupplýsinga

Heilbrigðisrannsóknir byggja sífellt meir á úrvinnslu upplýsinga frá fjölda einstaklinga sem skráður eru í gagnagrunna. Íslendingar eru í góðri stöðu til þess að vera í fylkingarbrjósti í þessari þróun. Styðja þarf þróun hugbúnaðarkerfa fyrir skráningu heilbrigðisupplýsinga innan háskóla, sprotafyrirtækja og með auknum fjárveitingum til upplýsingatæknimála hjá heilbrigðisstofnunum. Ennfremur þarf kerfi sem hvetur stofnanir til að staðla og samnýta upplýsingar í stað þess að einangra þær. Samhliða þarf að einfalda þau eftirlitskerfi með líftækniþróun sem þegar eru til og gera þau skilvirkari. Gagnagrunna sem til eru á Íslandi má reka undir formerkjum háskóla eða sjálfstæðra rannsóknarstofnana (non-profit). Með þessu bætta fyrirkomulagi má laða bæði rannsóknarfjármagn og vísindafólk til landsins.

Björk Guðmundsdóttir boðaði til vinnufunda 12. og 19. október síðastliðinn í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, og vefinn nattura.info. Um hundrað sérfræðingar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar réðu ráðum sínum og gerðu drög að átta tillögum um úrbætur í jafnmörgum málaflokkum. Fréttablaðið birtir tillögurnar næstu daga. Nánari upplýsingar má finna á nattura.info.

# NÓATÚN



Grísahnakki úrb. sneiðar
Verð áður 1.698

**899** kr. kg



Móa kjúklingabringur
Verð 1.930 kr. kg

**45%** afsláttur

# NÝ STEFNA - LÆGRA VERÐ!



Lambalærissneiðar
Verð áður 2.398

**1.698** kr. kg



Ungnautaborgari
ca. 90 g

**98** kr. stk.



Grísalundir
45% afsláttur

**1.498** kr. kg



Eðalfiskur
Reyktur og grafinn lax

**35%** afsláttur



SS Helgarsteik
Rauðvínslegin

**30%** afsláttur



Meistara
Sjónvarpskaka

**499** kr. stk.



Gunnars
Piparrótarsósa og Graflaxsósa

**167** kr. stk.



Pepsi Max
2 L

**129** kr. stk.



Líf
Ferskur appelsínusafi, 1 L

**189** kr. stk.

EXPO • www.expo.is



Filippo Berio, 750 ml
Ólífuolía, 2 tegundir

**799** kr. stk.



**59** kr. stk. Birkihorn

Beygla **69** kr. stk.



Egils Jólaöl
0,5 L

**119** kr. stk.

**Nýtt kortatímabil**

LÆKKAÐ VERÐ

www.noatun.is

# 15-20%

AFSLÁTTUR AF

# SMÁRAFTÆKJUM

HÚSASMIÐJAN




# Jól í Blómavali

**Jólastyttur**
verð frá
**199**



**Sýpris**
**399stk**





**2stk**
**Jólastjarna**
**1.199**



ótrúlegt verð
1.999
50 metrar

**Rauð slönguljós**
2701576



# Blick

yfir 20 ára reynsla
í Húsasmiðjunni/Blómavali

**ódýrt**
Hefðbundnar inni og útiseríur, hagkvæmar og fallegar.

| inniseríur | | útiseríur | |
|---|---|---|---|
| 10 ljósa | 199 | | |
| 20 ljósa | 299 | 40 ljósa | 879 |
| 35 ljósa | 459 | 80 ljósa | 1.399 |
| 50 ljósa | 589 | 120 ljósa | 2.239 |
| 100 ljósa | 999 | 200 ljósa | 3.999 |

# Chrissline
## útiseríur

Frábær “warmwhite” ljósasería sem endist lengur.



verð frá
1.990
50 ljósa

**SAMA VERÐ**
ALLAR JÓLASERÍUR
Á SAMA VERÐI
OG Í FYRRA

# Sama verð á öllum seríum
## ...ekki bara á sumum!



frábært verð
899

**Aðventuljós**
hvít, viðar og rauð
5899631-3



frábært verð
4.499

**Veggmálning Jotaplast**
Venjuleg plastmálning, gljástig 7, beinhvít.
7119800



NÝTT

**Herraúlpa**
Með Aquatex.
5869734-8
7.999

# Harðir pakkar á góðu verði



**Hleðsluskrúfvél**
3.6V, LI-ON rafhlaða.
5246008
6.999



**Verkfærasett**
Cosmos 100stk.
5052760
2.999
~~4.995~~



**Topplykasett**
Toolux 3/8" sett 22 stk.
5052530
2.999
~~5.999~~

blómaval

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
664 **+1,26%**

**Fjöldi viðskipta:** 102
**Velta:** 534 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATORKA** | +30,00% | **ALFESCA** | -11,39% |
| **ÖSSUR** | +8,37% | **BAKKAVÖR** | -9,59% |
| **MAREL** | +7,98% | **ICELANDAIR** | -4,59% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 229,0 -0,87%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,50 -11,39% ... Atorka 0,65 +30,00% ... Bakkavör 3,30 -9,59% ... Eimskipafélagið 1,34 -0,74% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 12,90 -4,59% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 88,00 +7,98% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 110,0 +8,37%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Dauðastríðið hófst í apríl

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, hélt athyglisvert erindi á fundi Samtaka atvinnulífsins í gær um stöðu og horfur í íslenskum efnahagsmálum. Benti Hermann þar á að aðrar þjóðir dæli nú fjármagni inn í hagkerfi sín til að halda atvinnulífinu gangandi og koma í veg fyrir neyðarástand. Raunveruleg hætta sé á að tugir þúsunda verði atvinnulausir og stjórnvöld hljóti að gera allt til að forðast slíkt ástand.

Athyglisvert er, að Hermann sagði að dauðastríð bankanna hafi fyrir alvöru hafist í aprílmánuði. Raunhæfur möguleiki hafi verið á að afstýra hruni íslensks atvinnulífs þá. Síðan hafi krónan fallið stöðugt, einungis bjóðist okurvextir á erlendum gjaldeyri, háir innlendir vextir hafi knúið áfram verðbólgu og gjaldeyrisskortur hafi farið vaxandi. Nú búi fyrirtækin við minnkandi eftirspurn, aukin vanskil, lausafjárskort og gjaldþrot viðskiptavina sem leiði til sífellt fleiri uppsagna verði ekkert að gert.



### Misjafnt hvað kemur fólki til

Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur í Landsbankanum, hélt erindi á þingi Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) í gær. Hún kvað kollega í bankanum hafa gert þá athugasemd við titil erindis hennar, *Upplýsingar í ársreikningum félaga á markaði og gagnsemi þeirra fyrir greiningaraðila*, að þar væri „ótrúlega ósexý titill". „En það er jú svo misjafnt hvað kemur fólki til," bætti hún við og uppskar skellihlátur stappfulls salar af endurskoðendum.



## Stofnefnahagur nýju bankanna

Heildareignir nýju viðskiptabankanna þriggja nema tæplega 2.886 milljörðum króna. Fjármálaeftirlitið birti í gær bráðabirgðatölur úr stofnefnahagsreikningi bankanna.

Í tilkynningu Fjármálaeftirlitsins kemur fram að unnið sé að endurmati efnahagsreikningsins, en þeirri vinnu á að vera lokið um áramót.

Eignir Nýja Landsbankans (NBI hf.) eru sýnu mestar, nema rúmum 1.300 milljörðum. Nýi Glitnir á 886 milljarða tæpa og Nýja Kaupþing tæpa 700 milljarða. Hlutafé bankanna þriggja nemur samtals 385 milljörðum króna. Lán til viðskiptavina nema tæpum 1.826 milljörðum króna. **- óká**

# Hvetur til mótmæla

„Það er makalaust hversu oft fólk sem veldur kreppum heldur að það sé rétta fólkið til að leiða þjóðir út úr þeim," segir Robert Aliber, prófessor emeritus í alþjóðahagfræði við Chicago-háskóla. Vísar hann bæði til Davíðs Oddsonar seðlabankastjóra og Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands. Aliber hélt fyrirlestur í Háskóla Íslands í gær.

Aliber segir einnig að í atburðarás á borð við þá sem nú gangi yfir liggi ábyrgðin yfirleitt hjá litlum hópi, frekar en öllum fjöldanum. Sem dæmi nefnir hann fall bandaríska tryggingarisans AIG, þar sem tíu manns, lítill hópur af 15.000 starfsmönnum hafi borið ábyrgð á risagjaldþroti. „Hvað getur almenningur gert við aðstæður sem þessar? Lítið, nema helst mótmæla og krefja stjórnvöld um svör og aðgerðir," segir hann.

Kreppan hér á landi á að mati Alibers rætur í klassískri eignaverðs- og lánsfjárblöðru. Gengi krónunnar hafi verið of hátt og óeðlilega mikil eftirspurn eftir eignum og skuldabréfum í íslenskum krónum. Af þessu hafi leitt fjármagnsinnstreymi og þensla eignaverðs. Um leið hafi einkaneysla farið úr böndum.



**ROBERT ALIBER** Aliber, prófessor emeritus í alþjóðahagfræði við Chicago-háskóla, mælir eindregið gegn einhliða upptöku evru. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Aliber telur kreppuna hér á landi líklega hálfnaða. Mikilvægasta úrlausnarefni stjórnvalda sé að koma gjaldeyrismarkaði í lag. Óumflýjanlegt sé að því fylgi gengisfall krónunnar. „Mestar áhyggjur hef ég af því að láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum verði sólundað í að viðhalda óraunsæju og óeðlilega háu gengi krónunnar. Gengið verður að falla umtalsvert áður en jafnvægi getur náðst að nýju." **- msh**


## AÐALFUNDUR SFÚ 2008

Aðalfundur Samtaka Fiskframleiðenda og Útflytjenda verður haldinn á Grand Hóteli Reykjavík
**laugardaginn 15. nóvember og hefst kl. 16:00**

## OPINN FUNDUR

Samtök Fiskframleiðenda og Útflytjenda halda opinn fund kl 17:00 á Grand Hóteli Reykjavík laugardaginn 15. nóvember.

**Mikilvægi aflameðhöndlunar.**
**Útflutningur á óunnum fiski.**


# Hættan á fjármagnsflótta er raunveruleg

**Haldi ekki bankaleynd hér á landi eru verulegar líkur á því að fjárfestar flýi með peninga sína. Heimskreppan kemur einna harðast niður hér vegna falls bankanna og þúsundir á þúsundir ofan missa vinnuna á næstunni. Fjallað var um kreppuna og framtíð kauphallarviðskipta hér á ráðstefnu í gær.**

Haldi hér ekki bankaleynd segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, raunverulega hættu á að fjárfestar færi sig í erlenda banka. Ásgeir var meðal frummælenda á hauströðstefnu Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) í gær.

Ásgeir segir að hingað til hafi þjóðin grætt á fjórfrelsisákvæðum EES-samningsins, sem kveða á um frjálst flæði vöru, þjónustu, fjármagns og fólks á milli landa. „Þróunin gæti allt eins snúist við og við misst fólk og fjármagn úr landinu," segir hann og telur að íslenskir fjárfestar kunni að draga þann lærdóm af nýliðnum atburðum að öruggast sé að geyma fé á bankareikningum erlendis. „Þeir eru þá með öruggan gjaldmiðil, fjármálakerfi með öflugan bakhjarl og trygga bankaleynd," segir hann og telur áhyggjuefni hvernig upplýsingar hafi lekið úr þrotabúum bankanna. „Svo tala stjórnmálamenn eins og þeir geti stefnt bankastjórum fyrir þingnefnd til að svara spurningum um viðskiptavini," segir Ásgeir og telur að vakni vafi á að bankaleynd haldi fari hér „peningar úr landi og fólk á eftir".

Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir kreppuna sem hér gengur yfir af sama meiði og ótal aðrar sem riðið hafi yfir í heiminum. Sérstaða okkar sé þó að bankarnir hafi orðið fyrstir til að falla, sem auki á vandann og lengi millibilsástand þar til útflutningsgreinar taki að eflast vegna hagstæðara gengis. „Við getum því búist við að á næstu vikum og mánuðum verði hér stórfellt atvinnuleysi, meira en við höfum áður kynnst. Þúsundir á þúsundir ofan missa vinnuna, hér verða gjaldþrot og útlánatöp og nýju bankarnir ekki öfundsverðir í vor að þurfa að taka á því."

Millibilsástand þetta segir Gylfi kunna að vara út næsta ár. „Því er svo mikilvægt að ríkisstjórnin, eftir að hafa með hjálp Alþjóðagjaldeyrissjóðsins komið krónunni á flot, leggi í að hjálpa sem flestum fyrirtækjum og fjölskyldum yfir þetta tímabil." Síðan þurfi að ákveða hvað gera eigi með Seðlabankann og hvort landið sé ekki betur komið í nánara samstarfi við erlend ríki.

Ásgeir Jónsson segir óvíst að krónan falli jafnskarpt og óttast hefur verið þegar hún verður sett á flot á ný. Hann bendir á að krónubréf í gömlu bönkunum verði gerð upp sem hluti af þeirri þrotameðferð og komi því ekki inn á markaðinn. „Hins vegar gerði Seðlabankinn þau afdrifaríku mistök að hleypa þessum spákaupmönnum út úr bönkunum og inn í ríkistryggða reikninga, með því að gefa út ríkispappíra og innstæðubréf." Af þessum sökum megi í raun segja að Seðlabankinn sé „á hausnum", með neikvæða eiginfjárstöðu.



**ÁSGEIR JÓNSSON**



**GYLFI ZOËGA** Á árvissri haustráðstefnu Félags löggiltra endurskoðenda sem fram fór á Grand Hótel Reykjavík í gær var rætt um hlutabréfamarkaðinn og kreppuna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við erum með um 400 milljarða í þessum bréfum og töluvert af útlendingum eru hér lokaðir inni," segir Ásgeir, en en bendir um leið á að núna sé ekki hlaupið að því að finna kaupendur að þessum skuldabréfum, auk þess sem viðskiptin þurfi að fara í gegnum gjaldeyrismarkaðinn hér. Afföll af þessum sökum kunni að verða til þess að erlendu fjárfestarnir bíði fremur fram að gjalddaga bréfanna með að innleysa þau. „Ef þetta heldur, og þar skiptir aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins máli, gæti reynst auðveldara að fleyta krónunni og koma gjaldeyrismarkaði í lag." Virkan gjaldeyrismarkað segir Ásgeir hins vegar algjöra forsendu verðmyndunar á öðrum mörkuðum, hvort heldur um sé að ræða vexti, hlutabréf, fasteignir eða annað. **olikr@frettabladid.is**


# Gestahús til sölu

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, hefur til sölu fjögur gestahús sem smíðuð hafa verið af nemendum. Húsin eru t.d. tilvalin fyrir ferðaþjónustuaðila enda sambærileg mörgum húsum sem eru í notkun í dag.

Við eigum **þrjú hús sem eru c.a. 15 m2**. Húsin afhendast um áramót fullbúin að utan en fokheld að innanverðu að öðru leyti en því að gólf er einangrað og klætt með rakavörðum spónaplötum.

Einnig eigum við **eitt hús sem er c.a. 25 m2**. Húsið skilast fullbúið að utan og innan og tilbúið til flutnings.

**Tilboð óskast í húsin**

zetor

Nánari upplýsingar veitir Jón Eiríkur. Sími: 699 4396. Póstfang: jeg@tskoli.is

**Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins

**www.tskoli.is**

# Stöndum saman vörð um Ísland

**N1 stendur vaktina hringinn kringum landið** í stórum sem smáum bæjarfélögum, allt frá höfuðborginni til Grímseyjar. Þessi góðu tengsl við fólkið og fyrirtækin í landinu minna okkur nú, sem endranær, á nauðsyn þess að styðja við og standa vörð um innlenda framleiðslu og þjónustu; í raun allt sem íslenskt er.

**Ódýrara eldsneyti um allt land í dag!**

**-10kr.*** af eldsneyti

*Afsláttur er veittur af dæluverði.
Önnur tilboð og afslættir gilda ekki í dag.
Gildir einnig á EGO stöðvum.

**Við hjá N1 skorumst ekki undan**, enda höfum við alltaf haft einbeittan ásetning um að setja íslenskt í öndvegi eins og okkur er framast kostur, til dæmis með frumkvöðlastarfi í sölu á innlendu eldsneyti – metani.
**Við hvetjum Íslendinga til að standa saman. Vertu með!**

**Meira íslenskt í leiðinni**

**Nesti býður upp á kaffi og frábær tilboð í dag!**

75% afsláttur á blandi í poka

150 kr. SS pylsa og 1/2l Coke

-20% af öllu íslensku sælgæti

Fíton/SÍA




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Já eða nei:

## Þjóðarumræða

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur boðað til landsfundar í janúarlok til þess að taka ákvörðun um afstöðuna til Evrópusambandsins. Segja má að þessi ákvörðun komi vonum seinna. Hún er málefnalegt og gott skref. Niðurstaðan er ekki gefin. Ljóst er á hinn veginn að hún mun hafa afgerandi áhrif á þróun íslenskra stjórnmála og framtíðarstöðu Íslands á hvern veg sem hún verður.

Fram til þessa hefur afstaða Sjálfstæðisflokksins til Evrópusambandsins byggst á hagsmunamati. Það hefðu því verið skýr svik við kjósendur ef ekki hefði verið talið að efni stæðu til endurmats eftir það sem á undan er gengið. Reyndar má segja að ljóst hafi verið um nokkurn tíma hvert stefndi og endurmat væri óhjákvæmilegt. Skiptar skoðanir innan flokksins skýra væntanlega þá varfærnistefnu sem fylgt hefur verið.

Eðlilegt er að spyrja hvað gerist ef landsfundur Sjálfstæðisflokksins hafnar aðild. Ekki er sjálfgefið að það leiði til tafarlausra stjórnarslita. Ástæðan er sú að Samfylkingin á eins og sakir standa ekki kost á öðru stjórnarsamstarfi sem líklegra er til að taka á þessu viðfangsefni. Hins vegar væri þá komin upp eins konar stjórnarkreppa með því að ríkisstjórnin væri þá stefnulaus í peningamálum.

Með því að segja nei myndi landsfundur Sjálfstæðisflokksins skera á sterkustu líftaugar flokksins. Þær liggja inn í atvinnulífið og verkalýðshreyfinguna. Trúlega myndi hann þá þróast úr breiðfylkingu allra stétta yfir í þröngan hægri flokk. Hætt er við að stjórnarmyndunarkostir yrðu við svo búið að sama skapi þröngir. Verði svarið já á flokkurinn möguleika á að treysta á ný böndin við helstu baklönd sín. Möguleikarnir á að kalla til baka þá kjósendur sem hann hefur verið að missa að undanförnu ættu að aukast.

Með forystu um endurreisn á grundvelli nýrrar peningastefnu og aðildar að Evrópusambandinu er líklegt að Sjálfstæðisflokkurinn gæti tryggt sér áframhaldandi ríkisstjórnarsetu að kosningum loknum. Eins og sakir standa verður ekki séð að annars konar stjórnarmynstur væri líklegt til að koma málinu heilu í höfn. Af stjórnskipulegum ástæðum eru kosningar nauðsynlegar fyrr en síðar áður en þeirri sjóferð lýkur.

Síðan spyrja menn: Klofnar Sjálfstæðisflokkurinn við þetta endurmat? Segi hann nei bendir flest til að stór hluti kjósenda hverfi annað. Klofningur verður að teljast fremur ólíklegur þó að svarið verði já. Víst er að hann yrði aldrei eins alvarlegur eins og atkvæðaflóttinn.

Þriggja manna bankastjórn Seðlabankans sýnist hafa beitt öllum pólitískum áhrifamætti sínum síðustu vikur til þess að koma í veg fyrir samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og samkomulag við Breta. Flest bendir til að það hafi verið liður í þeirri pólitík bankans að verja framtíð krónunnar og hindra hugsanlega aðild að Evrópusambandinu. Fróðlegt verður því að fylgjast með hvernig bankastjórnin beitir sér á næstu vikum bæði opinberlega og á bak við tjöldin.

Á endanum ræður þjóðin í allsherjaratkvæðagreiðslu. Þó blasir við að í raun ráðast úrslitin um aðildarumsókn á þeim aukalandsfundi Sjálfstæðisflokksins sem nú hefur verið boðað til. Staða Íslands í alþjóðasamfélaginu í framtíðinni mun öðru fremur velta á þeirri ákvörðun. Af sjálfu leiðir að umræðan næstu vikur verður að öllum líkindum annað og meira en innanbúðaríhugun. Eftir mikilvæginu ætti hún að verða þjóðarumræða.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ekkert maraþonhlaup**
Jón Axel Ólafsson ofurbloggari segir á heimasíðu sinni í gær að líklega hefði franska stjórnarbyltingin aldrei orðið ef bloggið hefði verið komið til sögunnar árið 1789. Vill hann meina að reiðir franskir byltingarsinnar hefðu fengið útrás á bloggsíðum sínum og skilið heykvíslarnar eftir heima. Með sömu rökum mætti segja að ef Forngrikkir hefðu haft aðgang að tölvupósti væri maraþonhlaupið ekki til.



**Herör gegn óbragði**
Starfsfólk innheimtufyrirtækja hefur í nógu að snúast þessa dagana. Íslendingar setja hvert metið á fætur öðru í skuldasöfnun þó að enginn þori að spá fyrir um hverjar heildarskuldirnar séu í raun og veru. Eitt er þó víst að skuldabaggi almennings eykst með hverjum degi og aðgerðir innheimtufyrirtækjanna fylgja. Nú ber svo við að innheimtufyrirtækið Intrum Justitia býður upp á mintur í sérmerktum álboxum. Því má spyrja hvort mintunum sé ætlað að losa fólk við óbragðið af greiðslunum?



**Allir í röð**
Borið hefur á auknum ólátum í miðborg Reykjavíkur að undanförnu og vilja menn tengja það við gremju landsmanna yfir ástandi efnahagsmála. Þeim sem hyggjast haga sér illa skal réttilega bent á 5. grein lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg þar sem segir að þegar fjölmenni safnist saman á almannafæri skuli fólk að jafnaði raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu. Fari borgararnir ekki eftir þessu eiga þeir á hættu að löggan mæti og taki á málum.

olav@frettabladid.is

# Óvissuferð



**JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR**
**Í DAG** | Leiðin framundan

Á síðustu árum hefur berlega komið í ljós að leikjagleði eldist ekki af fólki.

Óvissuferðir hafa til dæmis færst í vöxt og eru með ýmsu móti. Þær geta endað í berjamó, leikhúsi í Lundúnum, sundlaug í nágrannabæ, hestaferð, eða á sólarströnd. Slíkar ferðir eru skemmtilegt fyrirbæri, sérstaklega fyrir þá sem njóta þess að láta koma sér á óvart. En til eru þeir, sem jafnvel við slíkar aðstæður vilja vita hvert þeir eru að fara og hvers vegna. Við Íslendingar höfum nú verið drifnir í óvissuferð sem enginn var búinn undir. Ferðin er allt annað en þægileg og fagurgræn tún hvergi í augsýn, en það er óvissan um áfangastað sem bítur.

**Nýr akur**
Í umróti dagsins er áhugavert að sjá almenning vakna af værum blundi og sérstaklega gaman hvað listamenn þjóðarinnar eru vakandi og virkir. Það þýðir ekki endilega að maður sé sammála öllu sem rætt er og ritað, en framlag þeirra gerir umræðuna beittari og litríkari. Listamenn stíga gjarnan fram á sviðið þegar þjóð þeirra lendir í þrengingum og við ber að það hafi í för með sér beina þátttöku í stjórnmálum. Kannski leynist íslenskur Havel í skáldahópnum, hver veit.

Þau hamskipti hafa orðið á Íslendingnum að nú horfir hann með stakri velþóknun á litla og sparneytna bíla og reiðhjól. Lúxusjeppar eru ekki lengur stöðutákn. Efnahagsmál eru mál málanna og menn sitja límdir yfir viðtalsþáttum og fréttum þar sem hver sérfræðingurinn eftir annan tjáir sig um leiðir og lausnir. Ekki ber öllum saman og það ruglar þá sem ekki eru sterkir á efnahagssviðinu, en þyrstir í að fá botn í stöðuna og heyra um úrræði sem duga.

Þrátt fyrir allt þetta er mörgum hálfpartinn létt við að sjá aftur fram á þjóðfélag sem það skilur, þar sem stærðir og leikreglur eru innan ramma venjulegs lífs. Þegar umgjörð samfélagsins rofnar eins og nú hefur gerst, opnast ný tækifæri. Nýr akur frjór skapandi hugsun og sterkan vilja verður til. Sé tómarúm við slíkar aðstæður getur allt gerst. Áskrift að stjórnmálaflokkum er liðin tíð.

**Öflugt samskiptakerfi**
Félagskerfi nútímans er afar áhugavert. Á árum áður þegar karlar voru á vinnumarkaðnum en konur framkvæmdastjórar heimilisins litu vinir og nágrannar inn í tíma og ótíma til að ræða málin en krakkarnir léku sér saman á götum og í görðum. Eftir að konur urðu virkir þátttakendur á vinnumarkaðnum og börnin fóru á dagheimili og í leikskóla sjást krakkar ekki í útileikjum í íbúðarhverfum og óvæntar heimsóknir vina hafa nánast lagst af. Konur og karlar eiga sín samskipti á vinnustöðum, golfvöllum, í ræktinni og víðar. Alls kyns kvennahópar hafa sameinað kraftana og standa vörð um hagsmuni sína og sjónarmið. Óneitanlega meira spennandi félagskerfi en hversdagsspjall við konurnar í næstu görðum meðan verið er að hengja út þvottinn. Þó veit ég um konur sem tæku snúruspjallið fram yfir fundi og frama ættu þær þess kost.

Þegar bloggið og fésbókin koma til sögunnar verður til annars konar samskiptakerfi. Samræða hefst milli fólks á öllum aldri og af báðum kynjum. Milli almennings og forystumanna. Fólk tjáir sig um hvaðeina sem því kemur í hug á Netinu, ókunnugt fólk tekur undir eða andmælir og kunningsskapur verður til. Sjálfstraust vex og aðrir miðlar vekja athygli á því sem er áhugavert. Þó að slúður og óhróður finnist á þessu samskiptaneti býður það upp á mikla hvatningu og uppörvun og er mun áhrifameira í umræðunni en fólk áttar sig á.

Opinber mótmæli eru eðlileg viðbrögð við óbærilegu ástandi sem enginn skilur og mun heilbrigðari en að leggjast í doða og aðgerðaleysi. En þegar þess er krafist að skipt sé um áhöfn í miðjum brimgarðinum, án þess að vera með sambærilegan mannskap til að taka við, kemur mér í hug maður sem var borgarstjóri í Reykjavík á ofanverðri síðustu öld. Þegar einn borgarfulltrúinn gerði honum lífið leitt með sífelldum árásum í ræðu og riti vegna málaflokks sem hann fullyrti að væri forkastanlega illa sinnt, leysti hann málið með því að setja manninn yfir viðkomandi nefnd. Eftir það heyrðist hvorki hósti né stuna um þetta málefni, en ekkert var heldur gert í nefndinni það sem eftir lifði kjörtímabilsins.

Sem stendur erum við öll á sama báti. Áttavitinn er týndur og veðurspáin lofar ekki góðu. Margt bendir til þess að við verðum öðruvísi á leiðarenda en í upphafi ferðar. En núna ríkir óvissan ein.

# Brot á stjórnarskrá

**UMRÆÐAN**
Guðmundur Hörður Guðmundsson
skrifar um verðtryggð lán



**GUÐMUNDUR HÖRÐUR GUÐMUNDSSON**

Verðtryggðar skuldir heimilanna eru nú rúmir 1.400 milljarðar króna og hækka um tugi milljarða um hver mánaðamót. Seðlabankinn spáir að verðbólga aukist enn og fari yfir 20% í upphafi næsta árs. Verðtryggðar skuldir heimilanna munu því áfram hækka og áfram verður gengið á eignir fólks og kaupmáttur skertur. Í ljósi þessa þarf engan að undra að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar vilji að verðtrygging verði afnumin.

Verðtryggingin er ekki einungis óréttlát, hún er einnig andstæð eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Segjum sem svo að ég safni tveimur milljónum króna fyrir útborgun í 20 milljóna króna íbúð og taki 18 milljónir að láni. Eftir að ég kaupi íbúðina tekur við verðbólgutíð eins og sú sem nú stendur yfir og ársverðbólga reynist 15%. Verðtryggingin gerir það að verkum að höfuðstóll og afborganir lánsins hækka mikið og aðeins einu ári eftir að ég keypti íbúðina og lagði út tvær milljónir af eigin fé er lánið komið í 20,8 milljónir! Tveggja milljón króna eignaskerðing hefur því orðið í krafti verðtryggingaráhrifa og ég sit eftir með eintómar skuldir þrátt fyrir að hafa borgað af láninu í heilt ár. Ég hef því verið sviptur eign minni.

Fólki er nauðugur einn sá kostur að koma sér og sínum þaki yfir höfuðið, enda er húsaskjól slík grundvallarnauðsyn að hún er tilgreind í Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Hér á landi hefur leigumarkaðurinn verið ónýtur og húsnæðisverð hækkaði um 84% frá árinu 2003 til 2007. Laun flestra héldu ekki í við þá verðhækkun. Þorri fólks hefur því neyðst til að taka sér há lán til að koma sér þaki yfir höfuðið og á húsnæðislánamarkaði eru verðtryggð lán það eina sem býðst.

Það má því ljóst vera að taka verðtryggðra lána hlýtur í flestum tilvikum að vera þvinguð en ekki frjáls og valkvæð, og þannig andstæð grundvallarreglum samningaréttar og undirstöðurökum eignarréttarverndar.

Verðtrygging er ekki náttúrulögmál. Hún er sá skattur sem lagður er á almenning hér á landi til að viðhalda dvergvöxnum gjaldmiðli og til að bæta upp fyrir mistæka peningastjórn. Örlög fjölda lántakenda ráðast í verðbólgutíð næstu mánaða og því verður að breyta eða afnema verðtryggingu lána. Réttlætiskennd almennings og stjórnarskráin bjóða ekki upp á annað.

*Höfundur er ríkisstarfsmaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**NÝJA ÍSLAND!**

# ÓDÝRIR BÍLAR FYRIR SKYNSAMA BÍLAKAUPANDANN




**FRÁBÆRT TILBOÐ Á BÍLALEIGUBÍLUM**

Nú bjóðum við vel með farna bílaleigubíla á kjörum sem bjóðast ekki annars staðar: Allir bílaleigubílar með 5 ára ábyrgð frá skráningardegi. Við erum í samningaskapi um frábært verð á næstum nýjum notuðum bílum. Komdu á Klettháls og kynntu þér vandaða og vel með farna notaða bíla af ýmsum gerðum.

**Við erum í samningaskapi!**

**5 ÁRA** ÁBYRGÐ Á ÖLLUM BÍLALEIGUBÍLUM

**VW Polo Comfortline 1,4**



Nýskráður júní 2007
Beinskiptur, ekinn 33.000 km.
Ásett verð: **1.560.000**

**Skoda Octavia 1,9 TDI**



Nýskráður maí 2007
Beinskiptur, ekinn 47.000 km.
Ásett verð: **2.190.000**

**VW Golf Comfortline 1,6**



Nýskráður júní 2007
Beinskiptur, ekinn 49.000 km.
Ásett verð: **1.850.000**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




Sjáðu auglýsingarnar á www.heklanotadirbilar.is

**Opið 10–18 virka daga | Opið 12–16 laugardaga**

Kletthálsi | sími 590 5044 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

# Hver á að segja af sér?

**UMRÆÐAN**

Steinunn Rögnvaldsdóttir skrifar um pólitíska ábyrgð



STEINUNN RÖGNVALDSDÓTTIR

Óhætt er að segja að fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, Bjarni Harðarson, hafi brotið blað í íslenskri stjórnmálasögu með afsögn sinni sem þingmaður þann 11. nóvember 2008. Eins og flestir vita sagði Bjarni af sér vegna tilraunar sinnar til að vega úr launsátri að flokkssystur sinni, Valgerði Sverrisdóttur, en sá fúli gjörningur komst upp fyrir klaufaskap Bjarna sjálfs. Með afsögn sinni setur Bjarni reyndar mikilvægt fordæmi fyrir stjórnmálamenn sem klúðra sínum málum. Afsögn Bjarna gefur kannski þeim sem voru búnir að gefast upp á stjórnmálum smátrú á að stjórnmálamenn hafi einhverja samvisku, því fyrst Bjarni gat sagt af sér, þá geta fleiri gert slíkt hið sama.

*Stjórnarstefna ríkisstjórnarinnar hefur algerlega brugðist og forsætisráðherra hefur brugðist þjóðinni og neitar henni nú þar að auki um lýðræði og nýjar kosningar.*

En aðalatriðið hér er spurningin um hvort fleiri afsagnir séu það sem koma skal. Hvað með mennina sem kölluðu efnahagshrunið yfir þjóðina með hömlulausri græðgisvæðingu og handónýtu eftirliti? Mennina sem kveiktu í frjálshyggjubálinu sem skilur nú eftir sig sviðna íslenska jörð. Hvað með seðlabankastjórnina og Fjármálaeftirlitið? Þau brugðust. Fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra brugðust. Stjórnarstefna ríkisstjórnarinnar hefur algerlega brugðist og forsætisráðherra hefur brugðist þjóðinni og neitar henni nú þar að auki um lýðræði og nýjar kosningar.

Íslendingar hafa sjaldan upplifað viðlíka óvissu um framtíð sína líkt og nú en þegar við krefjumst svara heyrist ekki múkk frá ríkisstjórninni, nema þá helst að hún kasti grjóti úr glerhúsi í stjórnarandstöðuna. Það er skiljanlegt að menn reyni að kenna öðrum um þegar að hugmyndaheimur þeirra snerist um hefur beðið skipbrot, en er það hlutverk leiðtoga á erfiðum tímum? Nei, og þess vegna verður að skipta um leiðtoga. Það er góðra gjalda vert að Bjarni Harðarson segi af sér fyrir að vinna skemmdarverk á eigin flokki, en er ekki kominn tími til að menn segi af sér fyrir alvöru skemmdarverk gagnvart íslensku þjóðinni?

*Höfundur er formaður Ungra vinstri grænna.*

# Þjóðréttarlegar skuldbindingar

**UMRÆÐAN**

Jóhann Hafstein skrifar um neyðarrétt



JÓHANN HAFSTEIN

Ríkisstjórn Íslands hefur lýst því yfir að innstæður í innlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi verði tryggðar að fullu. Í þessari yfirlýsingu felst jafnframt að innstæður sparifjáreigenda í erlendum útibúum íslensku bankanna eru ekki tryggðar af hálfu ríkisins. Óljóst er hvort fallist verði á kröfur um að erlendar innstæður verði tryggðar.

**Ábyrgð vegna Tryggingarsjóðs**

Með lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar var innleidd í íslenskan rétt tilskipun EB frá 1994 um innlánatryggingakerfi. Er lögunum ætlað að tryggja innstæðueigendum í viðskiptabönkum lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Með tryggingar samkvæmt fyrrgreindum lögum fer Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Ljóst er að fjármunir sjóðsins munu ekki nægja til greiðslu allra innstæðna sem voru í gömlu bönkunum og ekki heldur þeirrar lágmarkstryggingar sem kveðið er á um í lögunum og fyrrnefndri tilskipun EB, en hún nemur 20.887 evrum fyrir samanlögð innlán hvers innstæðueiganda.

Telja verður að Tryggingarsjóðurinn, sem er sjálfseignarstofnun og innheimtir greiðslur í sjóðinn frá þeim sem eiga aðild að honum í samræmi við ákvæði laga nr. 98/1999, beri aðeins ábyrgð á skuldbindingum sínum að því marki sem fjármunir sjóðsins hrökkva til. Eðli málsins samkvæmt hefur fjármögnun sjóðsins ekki verið háttað þannig að hann gæti staðist skuldbindingar sínar ef til þess kæmi að allir bankar landsins færu í þrot. Þvert á móti er kveðið á um það í aðfararorðum tilskipunar EB um innlánatryggingarkerfi að fjármögnun slíkra tryggingarkerfa megi ekki stofna viðkomandi bankakerfi í hættu.

Færa má sterk rök fyrir því að með hliðsjón af fyrrnefndri tilskipun um innlánatrygginarkerfi beri ríkissjóður ekki ábyrgð á því að til sé nægt fjármagn í sjóðnum til greiðslu lágmarkstryggingar, enda hafi tilskipunin verið innleidd með réttum hætti. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða greiðsluerfiðleika eins banka eða fleiri eins og nú háttar til hér á landi. Hlutverk aðildarríkja sem tilskipunin tekur til er að sjá til þess að hún sé innleidd réttilega í landsrétt þeirra þannig að markmiði hennar sé náð. Var það einmitt gert með lögum nr. 98/1999 og stofnun sérstaks Tryggingarsjóðs. Í aðfararorðum tilskipunarinnar segir jafnframt að tilskipunin geti ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld ábyrg gagnvart innstæðueigendum ef þau hafa séð til þess að koma viðurkenndu innlánatryggingarkerfi á laggirnar í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

**Brot gegn EES-samningnum?**

Því hefur verið haldið fram að með aðgerðum ríkisstjórnarinnar sé vegið gegn þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins á grundvelli EES-samningsins. Í 4. gr. samningsins segir að „hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði samningsins“. Engin lagaskylda hvíldi á íslenska ríkinu að tryggja innlendar innstæður. Færa má rök fyrir því að sú ráðstöfun hefði átt að ná til allra innstæðueigenda óháð staðsetningu þess útibús þar sem viðkomandi aðili átti innstæðu. Það sé því um óbeina mismunun að ræða sem falli undir bannákvæði EES-samningsins um mismunun á grundvelli ríkisfangs.

**Neyðarréttur**

Undantekningar frá framangreindum meginreglum um jafnrétti og bann við mismunun hafa verið túlkaðar þröngt. Þær geta hins vegar verið réttlætanlegar með skírskotun til ákveðinna almannahagsmuna eða sjónarmiða um neyðarrétt. Ég er þeirrar skoðunar að við núverandi aðstæður eigi slíkar undantekningar við um réttmæti þess að tryggja innstæður í innlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi, án þess að slíkt hið sama sé gert að því er varðar innstæður í erlendum útibúum bankanna. Það var brýn þjóðhagsleg nauðsyn að grípa til ráðstafana sem tryggja innlendar innstæður að fullu. Efnisrök leiða því til þeirrar niðurstöðu að aðgerðir sem lúta annars vegar að innlendum innstæðum og hins vegar að erlendum innstæðum þurfi ekki að hljóta sömu meðferð.

Ef innlendar innstæður hefðu ekki verið tryggðar að fullu er ljóst að mjög alvarlegir efnahagslegir erfiðleikar hefðu blasað við Íslendingum og íslenskum fyrirtækjum um mjög langa framtíð. Aðgerðir sem þessar miða að því að koma í veg fyrir efnahagslegan glundroða. Það eru því veigamikil rök sem hníga að því, að sá efnahagslegi vandi sem nú er til staðar hefði orðið mun alvarlegri ef ríkisstjórnin hefði ekki tryggt innlendar innstæður að fullu. Íslenskir innstæðueigendur máttu jafnframt hafa réttmætar væntingar um að íslenska ríkið tryggði innstæður þeirra. Þær væntingar gátu innstæðueigendur í erlendum útibúum hins vegar ekki með réttu haft.

Þær ráðstafanir sem íslensk stjórnvöld hafa gripið til að því er varðar innstæður í bönkunum eru lögmætar og réttlætanlegar. Skiptir þá ekki máli hvort litið er á þær sem ráðstafanir sem falli utan gildissviðs EES-samningsins eða hvort þær verði reistar á undantekningum frá samningnum með vísan til almannahagsmuna eða neyðarréttar. Það hvíla því ekki þjóðréttarlegar skuldbindingar á íslenskum stjórnvöldum um að verða við frekari kröfum sem lúta að tryggingu innstæðna í erlendum útibúum bankanna.

*Höfundur er lögmaður hjá ERGO lögmönnum.*

# Nútímaleg lausn

**UMRÆÐAN**

Gísli Marteinn Baldursson skrifar um mislæg gatnamót



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Mikil tíðindi felast í niðurstöðu samráðshóps um gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Sú sátt sem náðist um niðurstöðuna bindur enda á áratugalangar deilur um gatnamótin. Margar útfærslur hafa verið kynntar fyrir borgarbúum og mislæg gatnamót á þessum stað hafa rokkað inn og út af aðalskipulagi, eftir því hvaða flokkar hafa verið við völd. Það er því mjög ánægjulegt að sameiginleg niðurstaða skuli nást um nýjar lausnir og vekur vonir um að af þessari framkvæmd geti orðið innan fárra ára.

**Lausnin**

Í niðurstöðu samráðshópsins er megináherslan lögð á stokk á Miklubraut. Stokkurinn nær frá Rauðarárstíg/Snorrabraut í vestri og austur fyrir Kringlumýrarbraut. Þannig verða gatnamót Miklubrautar við Lönguhlíð og Kringlumýrarbraut mislæg, en þau síðarnefndu verða þó ekki það mikla mannvirki sem fyrri tillögur gerðu ráð fyrir. Í stað upphækkaðra gatnamóta með hringtorgi verður Kringlumýrarbraut í sömu hæð og hún er nú. Þeir ökumenn sem koma úr austri og eiga ekki erindi í Hlíðarnar munu hins vegar aka ofan í stokkinn áður en þeir koma að Kringlumýrarbraut og aka út úr stokknum milli Rauðarárstígs og Snorrabrautar. Talningar sýna að allt að 70% umferðarinnar muni fara þessa leið. Í niðurstöðu samráðshópsins er ekki gert ráð fyrir stokki á Kringlumýrarbraut sem lækkar kostnað við framkvæmdina um rúma 6 milljarða. Ef þörf verður talin á slíkum göngum í framtíðinni fara þau ágætlega saman við þá lausn sem nú er kynnt. Einnig er möguleiki á að lengja stokkinn austur fyrir Grensásveg, eins og íbúasamtök Háaleitis vilja. Það verkefni var þó utan verksviðs samráðshópsins.

**Lífsgæði borgarbúa**

Miklabrautin hefur verulega slæm áhrif á lífsgæði fjölda borgarbúa. Mikil svifryksmengun plagar íbúa nærliggjandi hverfa, öryggi barna og fullorðinna er ógnað, sífellt meiri hávaði frá götunni truflar fólk og dregur úr virði eigna þeirra. Í lausn samráðshópsins er tekið á öllum þessum vandamálum. Í stað beljandi umferðarfljóts verður hæg hverfisumferð á yfirborði, ein akrein í hvora átt. Svifryk og hávaði minnkar verulega og öryggi eykst. Sérstaklega er tekið fram að á yfirborði skuli hugað vel að þörfum gangandi og hjólandi vegfarenda og það er von mín að góðir reiðhjólastígar í báðar áttir verði loks að veruleika á þessu svæði. Auk þess skapast rými til að stækka græn svæði eða þétta byggð þegar umfang umferðarinnar minnkar.

**Framkvæmdir**

Niðurstaða samráðshópsins fer nú í formlegt ferli í borgarkerfinu þar sem ég á von á samstöðu um málið. Að því búnu tekur við hönnun og umhverfismat sem tekur 1–2 ár. Ástand efnahagsmála er með þeim hætti að erfitt er að svara því hvenær ríkið getur hafið framkvæmdir, en Reykjavíkurborg ætlar að tryggja að ekki standi á henni þegar hægt verður að ráðast í þessa mikilvægu framkvæmd. Ástæða er til að þakka öllum sem komu að samráðinu fyrir gott starf í þágu borgarbúa.

*Höfundur er formaður samráðshóps um framkvæmdir við Miklubraut og Kringlumýrarbraut.*



NÚ LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST!

# BÍLAOUTLET



# Á Korputorgi gerirðu betri kaup á notuðum!

**SKODA OCTAVIA**
Ek. 64 þús. Nýskr. 02/06. Bsk.
Verð áður: 2.580 þús. kr.

690 þús. í afslátt!

OUTLETVERÐ:
1.890 þús. kr.

Nú erum við búnir að koma okkur vel og rækilega fyrir í nýja húsnæðinu okkar við Korputorg. Á planinu fyrir utan stendur fjöldi bíla en mestu munar um 2.200 m$^2$ salinn okkar sem er stútfullur af frábærum, notuðum bílum. Það er nóg að gera en við sjáum til þess að fylla jafnóðum á þannig að þú getur verið viss um að finna rétta bílinn fyrir þig!
**Komdu og gerðu skynsamleg bílakaup í BílaOutlet!**
**Við höfum opið frá kl. 10 til 18 í dag!**

## Nýr og miklu stærri salur!!!




**OPEL ASTRA 1.6 TURBO**
Ek. 9 þús. Nýskr. 04/07. Bsk.
Verð áður: 2.650 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.790 þús. kr.



**ISUZU TROOPER**
Ek. 152 þús. Nýskr. 04/99. Bsk.
Verð áður: 1.160 þús. kr.
OUTLETVERÐ
790 þús. kr.




**TOYOTA AVENSIS**
Ek. 34 þús. Nýskr. 12/07. Ssk.
Verð áður: 3.690 þús. kr.
OUTLETVERÐ
2.470 þús. kr.



**TOYOTA COROLLA**
Ek. 36 þús. Nýskr. 10/06. Bsk.
Verð áður: 1.690 þús. kr.
OUTLETVERÐ
1.250 þús. kr.




**NISSAN PATHFINDER SE**
Ek. 58 þús. Nýskr. 09/05. Bsk.
Verð áður: 4.490 þús. kr.
OUTLETVERÐ
3.190 þús. kr.



**PEUGEOT 307 1.6 HDi**
Ek. 89 þús. Nýskr. 10/05. Bsk.
Verð áður: 1.420 þús. kr.
OUTLETVERÐ
990 þús. kr.




**NISSAN NAVARA 2.5 SE**
Ek. 1 þús. Nýskr. 11/07. Bsk.
Verð áður: 3.990 þús. kr.
OUTLETVERÐ
3.190 þús. kr.



**FORD MONDEO**
Ek. 136 þús. Nýskr. 06/02. Bsk.
Verð áður: 1.290 þús. kr.
OUTLETVERÐ
750 þús. kr.

NÝ STAÐSETNING: KORPUTORG

Mundu að tékka líka á bilaoutlet.is

Opið í dag: 10-18



BÍLAOUTLET

ENNEMM / SÍA / NM36142

Korputorgi. S: 575 12 30 | Opið: mán-fös 11-19, lau 10-18, sun 12-18 | www.bilaoutlet.is

*Með fyrirvara um prentvillur.

# Er hetja á Alþingi?

UMRÆÐAN

Bjarni Bjarnason skrifar um pólitíska ábyrgð


BJARNI BJARNASON

Við lýðræðislegar kosningar framselja menn rétt sinn til að stjórna samfélaginu til annarra, og þessir aðrir eru upp frá því ábyrgir fyrir hinu framselda valdi. Kjósandinn framselur sína ábyrgð á að stjórna að miklum hluta til þess sem er í framboði.

Ráðamaðurinn er fínn maður af því hann hefur þessa ábyrgð frá fjölda kjósanda.

Það sem réttlætir háar tekjur, virðingu og hlunnindi ráðamannsins er ábyrgðin sem hann ber á herðunum eins og skikkju frá þeim sem kusu hann.

Ábyrgð er grunneining í lýðræðinu, það er gjaldmiðillinn sem menn skipta á milli sín og flokka hverja aðra út frá í almenning eða ráðamenn.

Ef efnahagskerfið hrynur þá hafa margir sem báru ábyrgð brugðist.

Ef enginn ráðamaður segir af sér eftir slíkt hrun þá er ekki lengur bara efnahagskreppa, heldur lýðræðiskreppa. Lýðræðið hvílir á ábyrgð og ef samfélagið getur meira og minna fallið saman án þess neinn segi af sér þá var aldrei að marka grunngildið í lýðræðinu, það er að segja ábyrgðina sem réttlætir að ráðmenn séu fínt vel launað fólk. Ef enginn segir af sér eða er settur af eru allir ráðamenn ekki klæddir öðru en nýju fötum keisarans. Ef enginn sætir ábyrgð og afklæðist embætti sínu þýðir það að Alþingi hefur óvart heimilað nekt þingmanna.

Hið persónulega tengisamfélag sem er einn helsti orsakavaldurinn fyrir að það skorti gagnrýnið aðhald þannig að allt fór úr böndunum er líka aflið sem veldur því að enginn segir af sér eða er látinn fara þegar stór hluti kerfisins hrynur. Sem sagt, ef enginn fer þegar stór hluti kerfisins hrynur þýðir það að kerfisvandinn er enn þá ekki bara virkur heldur svo sprækur að hann er veruleikinn. Ef enginn fer þegar kerfið hrynur að stórum hluta þá eru skilaboð kerfisins að þetta sé bara eðlilegt áfall. Þá eru skilaboð kerfisins; kerfið er ekki ábyrgt. Það er sama og að segja að kerfið skipti engu máli. Það er hreint og klárt viðmiðunarleysi og tómhyggja og það er nýjung ef það er hlutverk stjórnvalda að ala á slíku ástandi. Í slíku ástandi hugsar enginn skýrt.

Þess vegna virkar lýðræðið ekki nema margir segi af sér við aðstæður sem þessar. Stjórn Seðlabankans er þar vitanlega ofarlega á blaði en í prinsippinu ætti að vera spurning með yfirmenn eftirlitsstofnana, forsætisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra og svo mætti lengi telja. Margir hafa lengi vitað hvert stefndi. Þótt þessir einstaklingar beri ekki ábyrgð á hruninu sem einstaklingar, fremur en nokkrir aðrir einstaklingar, þá eru þeir efstir í kerfi sem byggir á ábyrgð. Ráðamenn eru táknmyndir fyrir að við séum ábyrgt samfélag, og þess vegna verða einhverjir að segja af sér svo fólk hafi trú á lýðræðinu sem slíku. Ef það gerist ekki þá fer ástandið líka að lykta af valdníðslu, og það er allra síst þörf á að vandamálið verði ekki bara efnahagslegt heldur líka spurning um hvort lýðræðið virki yfir höfuð.

Ekki má gleyma að þótt menn segi af sér, eða séu settir af er mikið til um táknræna athöfn að ræða og eina sem gerist er að aðrir eru skipaðir í staðinn og áfram er hægt að rannsaka málin og bregðast við hlutunum.

Ef það sem hér hefur gerst hefði átt sér stað til dæmis í Frakklandi væri fyrir löngu búið að kveikja í þúsundum bíla, ekki vegna tryggingarpeninganna, heldur til að tjá reiði. Tölur yfir látna í þeim átökum væru sennilega algeng sjón. Það er Íslendingum til mikils hróss að hér skuli menn halda ró sinni. Það er hins vegar óheilbrigt ef hinn almenni maður sem ber nákvæmlega enga ábyrgð á ástandinu hættir að vera reiður nema einhver segi af sér eða sé látinn fara.

Það er hluti af lækningunni, hluti af því að endurreisa trú á lýðræðið, að menn segi af sér eða séu settir af. Því er sá ráðamaður sem segir af sér núna hetja sem hugsar um hag allra og mun ekki missa virðingu fyrir vikið. Þegar það hefur gerst skulum við óska viðkomandi velfarnaðar og skoða vandann sem það sem hann er. fyrst og fremst; hugmyndafræði -og kerfisvandi.

*Höfundur er rithöfundur.*

# Grundvöllur lýðræðis

UMRÆÐAN

Tryggvi Gíslason skrifar um þrískiptingu valds


TRYGGVI GÍSLASON

Þegar allt er komið á hvolf í íslensku samfélagi og almenningur veit ekki sitt rjúkandi ráð og réttlát reiði í garð yfirvalda er að taka völdin, ber brýna nauðsyn til að huga að réttarbótum í samfélaginu um leið og búið er að taka upp evru og afþakka lán IMF og sækja um aðild að ESB og á þann hátt slökkva elda sem brunnið hafa síðan 29. september. Meðal þess sem íhuga þarf er þrískiptingu valds, en óskýr aðgreining þessa valds er eitt af mörgum meinum samfélagsins. Í annarri grein stjórnarskrárinnar stendur að Alþingi og forseti fari saman með löggjafarvald og forseti og önnur stjórnarvöld með framkvæmdarvald og dómendur með dómsvald. Rétt sýnist að sleppa forseta úr þessari upptalningu af því að hann er valdalaus, eins og dæmin sanna.

Flestum er ljóst að þrískipting valds, sem er grundvöllur lýðræðis ásamt með frjálsri skoðanamyndun, hefur vikið fyrir ráðherravaldi og gömlu flokkseinræði á Íslandi. Til þess að koma á raunverulegri þrískiptingu valds, þarf í fyrsta lagi að auka ábyrgð og vald Alþingis og alþingismanna með því að koma á einmenningskjördæmum þar sem framboðin eru ákveðin af starfandi stjórnmálaflokkum og samtökum, ekki í prófkjörum sem er gróðrarstía pólítískrar spillingar.

Í öðru lagi þarf að kjósa forseta sem jafnframt gegnir störfum forsætisráðherra og er ábyrgur fyrir myndun ríkisstjórnar – framkvæmdavaldinu – og situr ekki á Alþingi frekar en aðrir ráðherrar, en hafa þar málfrelsi eins og er í norska Stórþinginu.

Í þriðja lagi á Alþingi að kjósa dómara í Hæstarétt svo og í héraðsdóma þar sem aukinn meirihluta atkvæða þyrfti til þess að dómari hlyti kosningu. Hugsanlega ætti þetta að vera í höndum fámennrar öldungadeildar Alþingis þar sem í ættu sæti fulltrúar sveitarfélaga, atvinnulífs og menningarstofnana og mætti þá fækka alþingismönnum sem því næmi til þess að dreifa valdi.

Stjórnmálaflokkar og samtök eiga að vera grundvöllur stjórnmálastarfs í landinu og bera ábyrgð á framboðum til Alþingis en ekki að skýla sér á bak við prófkjör sem eru bæði spillingardíki og mismuna einstaklingum. Þá á 40% reglan að gilda um kynskiptingu til framboða og allra embætta og starfs í landinu. Flokkar og samtök eiga síðan að sjálfsögðu að birta opinberlega lög sín og starfsreglur svo og allt bókhald. Nú þarf allt að vera opinbert og öllum aðgengilegt – vera uppi á borðinu, eins og sagt er, einnig laun framkvæmdastjóra fyrirtækja og stofnana ríkis og einkafyrirtækja. Við höfum ekki lengur efni á mismunun og misrétti. Endurbætur á íslensku lýðræði og réttarbætur til handa þjóðinni er eitt af þeim verkefnum sem eru mest aðkallandi og mega ekki bíða .

*Höfundur er fyrrverandi skólameistari Menntaskólans á Akureyri.*

# Finnska leiðin og heilbrigðisþjónusta

UMRÆÐAN

María Bragadóttir skrifar um heilbrigðismál


MARÍA BRAGADÓTTIR

Ísland er lítið land. Við erum stolt þjóð og dugleg, en þurfum engu að síður að vera raunsæ. Við getum einfaldlega ekki verið best í öllu. Við verðum að greina styrkleika okkar og ákveða hvert við viljum beina kröftum okkar. Einn af okkar helstu styrkleikum er tvímælalaust góð menntun heilbrigðisstarfsmanna, óumdeilanleg gæði heilbrigðisþjónustu á Íslandi og ímynd landsins sem land hreystis og heilsu.

Þegar Finnland gekk í gegnum miklar efnahagslegar þrengingar í upphafi 10. áratugar síðustu aldar brugðust stjórnvöld við meðal annars með því að virkja frumkvöðlaanda og sköpunarkraft þjóðarinnar. Afraksturinn varð sá að þjóð sem horfði fram á miklar efnahagslegar hamfarir náði sér fljótt á strik og stóð jafnvel sterkari eftir.

Íslenskir heilbrigðisstarfsmenn hafa undanfarin ár leitað í síauknum mæli til útlanda, hvort heldur sem er í grunnnám eða framhaldsnám. Þessi þróun er vissulega jákvæð en íslenskt atvinnulíf verður að bjóða þeim upp á spennandi atvinnutækifæri að námi loknu til þess að þjóðfélagið njóti ávaxta þeirrar miklu menntunar og reynslu sem þetta fólk hefur sótt sér.

Nú er lag að virkja hina miklu þekkingu og kraft sem býr í þessum fagstéttum. Hvað þarf að koma til?

- Aðgangur frumkvöðla að stefnumótandi aðilum/stofnunum í heilbrigðiskerfinu til að koma hugmyndum sínum og reynslu á framfæri

- Aðgangur frumkvöðla að fjármagni til þess umbreyta góðum hugmyndum sínum í raunverulega þjónustu

- Möguleikar á fjölbreyttara rekstrarformi innan heilbrigðisþjónustunnar til að virkja frumkvöðlaanda fagaðila á sem víðtækastan hátt og tryggja þannig bestu mögulegu þjónustu við landsmenn alla, sem og laða að erlenda aðila í leit að bestu þjónustu sem völ er á.

Sjúkratryggingastofnun er stofnun sem ætti að geta mætt þessari þörf. Lög um stofnunina voru samþykkt í september síðastliðnum, og stofnunin tók til starfa 1. október þannig að grunnur uppbyggingarinnar er nú þegar til. Ég hvet stjórnvöld til þess að hraða uppbyggingu stofnunarinnar og beita sér fyrir umboði hennar til þess að setja fé í nýsköpunarverkefni á sviði heilbrigðisþjónustu.

Á Íslandi eru gæði heilbrigðisþjónustu mikil en okkur skortir tæki til að sýna fram á þau á alþjóðlega viðurkenndan hátt. Vilji Íslendingar bjóða upp á heilbrigðisþjónustu sem væri ekki einungis rómuð innanlands, heldur einnig eftirsótt erlendis frá, þarf að innleiða hér alþjóðlega vottuð gæðakerfi, árangursmatskerfi og upplýsingatæknikerfi.

Í öllum breytingum felast tækifæri, en við þurfum að hafa hugarflug, dugnað og hugrekki til þess að greina þau og nýta.

Ísland getur tekið að sér leiðandi hlutverk við rannsóknir og þróun í læknisfræði og/eða lyfjafræði. Slíkar rannsóknir eru oft mannaflsfrekar og því skynsamlegar í núverandi efnahagsumhverfi.

Með öflugri uppbyggingu heilbrigðisþjónustu, alþjóðlegri gæðavottun og samræmdu árangursmati, má skapa ákjósanlegan valkost fyrir erlenda aðila sem vilja fá bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu

- Heilbrigðisstarfsemi er í eðli sínu mannaflsfrek. Á tímum vaxandi atvinnuleysis er því hagkvæmt að auka vægi heilbrigðisþjónustu í atvinnulífinu með því að laða hingað til lands erlenda sjúklinga til meðferðar. Með komu erlendra sjúklinga yrði mikil fjölgun á beinum störfum í heilbrigðisgeiranum, en ekki yrði síður mikið um afleidd störf t.d. með þjónustu við aðstandendur sjúklinga. Þess utan væru sóknarfæri fyrir bæjarfélög að byggja upp heilsutengda þjónustu í kringum slíkan rekstur.

- Víða á landsbyggðinni eru góð sjúkrahús sem nýta mætti betur.

- Erlendir aðilar – opinberir aðilar, tryggingafélög eða einstaklingar myndu greiða fyrir þjónustuna í erlendri mynt sem skapar gjaldeyristekjur inn í landið.

Niðurstaða þessa erindis er sú að með nýsköpun á sviði heilbrigðisþjónustu, eflingu rannsóknar- og vísindastarfs og samvinnu einstaklinga, fyrirtækja og stofnana megi á stuttum tíma byggja upp sterka heilbrigðiskjarna þar sem þjónusta er veitt til Íslendinga og erlendra aðila. Með því að auka vægi heilbrigðisþjónustu í atvinnulífinu myndi störfum fjölga, rannsóknarstarf eflast, sóknarfæri skapast á landsbyggðinni og gjaldeyristekjur inn í landið aukast.

*Höfundur er hjúkrunarfræðingur og heilsuhagfræðingur.*

Þér er boðið á sýningu!

Bárður Jákupsson

frá Færeyjum

„Lendið“

Opnun laugardaginn 15. nóvember kl. 15

Allir velkomnir



LISTMUNASALA fold

Opið í Gallerí Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu


Gunni og Felix
heimsækja Jólalandið
í dag kl.13:00
Kaffi Garður
Heitt súkkulaði með rjóma
og íslensk smákaka
milli kl. 14:30-17:00
alla helgina
190kr
SJÁVARRÉTTA-
SÚPA
190kr
milli kl. 11:30-14:00
alla helgina
í Skútuvogi
ÍS
10 kr
í Blómavali
Skútuvogi
Jólahelgi í Skútuvogi
OPIÐ TIL 21:00 ÖLL KVÖLD VIKUNNAR
EGG
JÓLAGJÖFINA FÆRÐU Í
EGG
Skútuvogi
Jólaskreytingakvöld
Miðvikudag 19. nóv og fimmtudag 20. nóv kl. 20-22
Skreytingameistarar og starfsfólk Blómavals taka á móti gestum og sýna það nýjasta og flottasta í jólaskreytingum og skrauti. Uppákomur og kynningar.
Skráið ykkur í síma 5 800 500
eða á jol@blomaval.is
Takmarkaður sætafjöldi - Ókeypis aðgangur
Soldis
Silkitré & silkiblóm
Jólavörurnar komnar
20% afsl.
laugard. og sunnud.
blómaval
HÚSASMIÐJAN



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLENSKT Á GÓÐU VERÐI
499
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 499 kr./kg.
698
ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR 698 kr./kg.
ALI FERSKT GRÍSAKJÖT 40% AFSLÁTTUR
mjöll frigg
Maraþon þvottaduft MILT
100 ÞVOTTAR
MILT FYRIR BARNIÐ
1398
MJÖLL FRIGG ÞVOTTAEFNI
MARAÞON & MILT FYRIR BARNIÐ
100 skammtar 1398 kr.
Ali Grísakjöt
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSANN
40% AFSLÁTTUR
GRÍSAHAKK
530 kr./kg. MERKT VERÐ 884 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
GRÍSAGÚLLAS
1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
GRÍSAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
GRÍSASNITSEL
1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
1079 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
GRÍSASTEIK PORK ROAST
1139 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.
Ýsubitar
798
BÚHNYKKUR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
798 kr./kg.
HEIMILIS BRAUÐ
159
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g 159 kr.
959
BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
959 kr./kg. MERKT VERÐ 1198 KR./KG.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ
NÝTT KORTATÍMABIL
BÓNUS
Ferskur Bónuskjúklingur
1554
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr./kg. MERKT VERÐ 2220 KR./KG.
Svali
89
SVALI EPLA & APPELSÍNU
3 pk. 89 kr.
Ali
659
ALI FERSKUR HEILL KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR
40% AFSLÁTTUR 659 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.
Brazzi
98
BRAZZI EPLA & APPELSÍNU
1 ltr. 98 kr.
KJARNAFÆÐI
1455
KF EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
40% AFSLÁTTUR 1455 kr./kg. MERKT VERÐ 2425 KR./KG.
PEPSI
MAX
1155
KS
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1155 kr./kg. MERKT VERÐ 1359 KR./KG.
98
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30
PEPSI CLASSIC 2 ltr. 98 kr
PEPSI MAX 2 ltr. 98 kr.

# Mæður heimsins sameinast

Mexíkóska leikkonan þokkafulla **Salma Hayek** hefur beitt sér fyrir margvíslegum málefnum en hefur nú lagt lóð á vogarskálarnar í baráttunni við stífkrampa ungbarna í þróunarlöndunum. *Anna Margrét Björnsson* hitti hana á blaðamannafundi í Genf á dögunum.



**EF ÞÚ VISSIR HVERNIG ÞÚ GÆTIR BJARGAÐ BARNI, HVAÐ GÆTI STÖÐVAÐ ÞIG?** Leikkonan og framleiðandinn Salma Hayek á blaðamannafundi í Genf.

MYND/ DIGITAL NEWS AGENCY

Það vita kannski ekki allir að hin íturvaxna Salma Hayek er ein ríkasta kona Hollywoodborgar. Þekkt fyrir leik sinn í kvikmyndum eins og Frida, Desperado og After the Sunset er hún fyrst og fremst kvikmyndaframleiðandi með tilkomumikinn sarp af bíómyndum og sjónvarpsefni á bak við sig en þar fer sjónvarpsþáttaröðin vinsæla Ugly Betty fremst í flokki. En líkt og margar Hollywood-stjörnur hefur Salma notað frægð sína í þágu góðgerðarmála og meðal annars einbeitt sér að umhverfismálum og baráttunni gegn eyðni. Í þetta sinn beinast spjótin að stífkrampa sem hefur verið nefndur „hljóðláti morðinginn“ í mörgum löndum Afríku og Asíu. UNICEF og Pampers hafa sameinast um átakið „Einn pakki – ein bólusetning,“ sem þýðir að í hvert einasta skipti sem bleiupakki frá Pampers er keyptur fer samsvarandi kostnaður við eina bólusetningarsprautu í verkefnið. „Það er með öllu óásættanlegt að börn þurfi að deyja úr sjúkdómi sem er svona auðveldlega hægt að halda í skefjum,“ segir Salma fyrir fullum sal blaðamanna. Hún er smávaxin, fíngerð og látlaus og laus við allt „stjörnu“-yfirbragð. „Við höfum getuna til þess að fyrirbyggja þennan sjúkdóm. Ef þú vissir hvernig þú gætir bjargað lífi barns, myndi eitthvað stöðva þig?“ spyr hún á ensku með sterkum spænskum hreim.

### Skelfilegur dauðdagi

Stífkrampi er dauðaorsök eins barns á hverjum þremur mínútum sem líða og tekur um 30 þúsund mæður líka með sér í valinn. Hann smitast afar auðveldlega þar sem hreint vatn er af skornum skammti og aðstæður við fæðingar frumstæðar. Í sumum löndum Afríku er enn notuð kúamykja eða mold til þess að loka fyrir naflastrenginn sem er auðvitað stórhættuleg og bein leið fyrir bakteríuna inn í líkamann. Erfitt getur verið að útrýma slíkum hefðum. Þegar ég hitti Sölmu eftir fundinn útskýrir hún að afleiðingar stífkrampa séu skelfilegar fyrir ungabarn. „Þetta er hræðilegur sársaukafullur dauðdagi. Bakterían fer inn um sár eða naflastreng á barninu og myndar eiturefni sem lama aðaltaugakerfi líkamans. Fyrstu merki um sjúkdóminn eru krampar við munn sem trufla sogkraft barnsins. Þegar stífkrampinn nær að breiðast út fær barnið krampa og flog og verður ljós- og hljóðfælið. Að lokum getur barnið ekki andað lengur vegna krampa í lungum sem er algengasta dánarorsök stífkrampa ásamt ofþornun sem verður sökum þess að barnið getur ekki drukkið lengur.“

### Drekkur Guinness fyrir brjóstamjólkina

Salma fór til Afríkuríkisins Sierra Leone í sumar til þess að kynna sér aðstæður og áhrif bólusetningarherferðarinnar. Hún segir ferðalagið óneitanlega hafa haft djúp áhrif á hana. „Auðvitað var mjög sláandi að sjá þessa skelfilegu fátækt og aðstæður. Það versta sem ég upplifði var á spítalanum, en þá sá ég unga móður, Fatimu, sem var varla meira en nítján ára gömul. Í fanginu hélt hún á nýfæddu barni sem var augljóslega dáið. Hún virtist ekki meðtaka þá staðreynd og var gersamlega örvingluð. Hún var að reyna að neyða mjólk ofan í munn þess. Það var nánast óbærilegt að horfa upp á slíkt, sérstaklega vegna þess að ég er móðir sjálf.“ Salma á eins árs dóttur með franska milljarðamæringnum Francois-Henri Pinault en þau skildu fyrir skömmu. „Dóttir mín Valentina hefur algerlega umbreytt lífi mínu,“ segir hún og brosir breitt. „Ég er enn með hana á brjósti og á afskaplega erfitt með að hætta því. Mér er alveg sama þó að ég sé feit eða á tilfinningarússibana. Ég bara horfi hugfangin á hversu barnið hefur dafnað af brjóstamjólkinni og hversu gott þetta er fyrir hana.“ Það er líka eiginlega erfitt annað en að taka eftir þessum mikla og fræga barmi sem hlýtur að vera enn stærri nú en venjulega. „Mér er nokkuð sama um þessar Hollywood-staðalmyndir,“ segir hún og hlær. „Ég er til dæmis að drekka Guinness-bjór í lítravís til þess að auka brjóstamjólkina og ekki hjálpar það vigtinni.“

## Hljóðláti morðinginn

**Árið 1989 setti Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, markmið um að útrýma stífkrampa ungbarna. Þrátt fyrir að hafa verið meginorsök fjórðungs ungbarnadauða í heiminum hafði ekkert verið gert til þess að bólusetja mæður og ungbörn. Ástæður þess eru tvær:**

1. Stífkrampi orsakar dauða á ógnvænlegum hraða. Þegar slíkt gerist í heimafæðingum eru hvorki fæðingar- né dauðatilfellin skráð sem gefur falska mynd af stærð vandamálsins. Jafnvel í dag hafa rannsóknir sýnt að aðeins um 2–5 prósent af dauðdögum vegna stífkrampa eru tilkynntir.

2. Bólusetningar barna. Á áttunda áratugnum hófst mikið átak til að bólusetja börn gegn stífkrampa en í millitíðinni voru mæður og ungbörn ekki sett í forgang.

### Bleiupakki sem bjargar lífi

Pampers og UNICEF vonast til þess að útrýma alfarið stífkrampa í mæðrum og ungbörnum fyrir árið 2012. „Það er algjörlega ólíðandi að þessi sjúkdómur, sem er horfinn úr hinum iðnvædda heimi, skuli enn vera til í þriðja heiminum.“ segir Salma ákveðin. „Bólusetning við stífkrampa hefur verið til síðan á sjöunda áratugnum í hinum vestræna heimi. Við ættum ekki einu sinni að vita hvað stífkrampi er á okkar áratug. Milljónir barna og mæðra deyja á hverju ári og það er svo mikið sem á eftir að gera.“ Átakið „One Pack – One Vaccine“ hefur nú þegar aflað nægra fjármuna til að kaupa 50 milljón bólusetningar. Síðasti hluti átaksins er nú í nóvember og desember og forsvarsmenn Pampers og UNICEF vonast til þess að geta keypt 70 milljónir til viðbótar fyrir bæði konur á barneignaraldri og nýfædd börn. „Sem móðir fannst mér nauðsynlegt að taka að mér þetta verkefni. Ég held að allar konur geti tekið undir það að þegar maður er orðinn móðir hefur maður enn meiri samkennd með öllum börnum veraldar. Ég er því að vonast til þess að mæður um heim allan styðji verkefnið með því að kaupa bleiurnar. Að mæður sameinist um að útrýma þessum hræðilega sjúkdómi. Bleiur er eitthvað sem við kaupum endalaust magn af, það ætti ég nú að vita, og hugsið ykkur að hver slíkur pakki gæti bjargað mannslífi. Við höfum valdið til þess.“

*Pampers-bólusetningarpakkarnir verða til sölu þar til 31. desember.*

> Það er nánast óbærilegt að horfa upp á mæður missa ungabörn úr kvalafullum dauðdaga, sérstaklega vegna þess að ég er móðir sjálf.



**UMVAFIN BÖRNUM** Salma Hayek stödd í Sierra Leone ásamt teymi frá Unicef og Pampers.



**VEIKT UNGBARN** Ungbörn sem fá stífkrampa deyja í 80 prósent tilfella.

# AÐGERÐIR Í ÞÁGU HEIMILANNA

Ríkisstjórn Íslands kynnir margvíslegar aðgerðir til þess að styrkja stöðu heimilanna í landinu í kjölfar fjármálakreppunnar. Aðgerðirnar munu létta greiðslubyrði einstaklinga með verðtryggð húsnæðislán og fjölga úrræðum fyrir einstaklinga í greiðsluvanda með lækkun dráttarvaxta og niðurfellingu ýmissa gjalda vegna skilmálabreytinga lána. Sýndur verður aukinn sveigjanleiki í innheimtuaðgerðum og dregið úr innheimtukostnaði. Þá verður heimilt að endurgreiða vörugjöld og VSK til ökutækjaeigenda sem selja notaða bíla úr landi.

- **10-20% lægri greiðslubyrði verðtryggðra lána.**
  Greiðslubyrði einstaklinga með verðtryggð lán verður létt með sérstakri greiðslujöfnunarvísitölu. Áætlað er að greiðslubyrði geti lækkað um 10% þann 1. desember næstkomandi og allt að 20% að ári liðnu frá því sem ella hefði orðið.

- **Aukinn sveigjanleiki gagnvart fólki í greiðsluvanda.**
  Úrræðum Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við fólk í greiðsluvanda verður fjölgað, svo sem með lengingu lána, skuldbreytingu vanskila, frestun afborgana, auknum sveigjanleika og rýmri heimildum til að milda innheimtuaðgerðir.

- **Íbúðalánasjóði heimilað að leigja út húsnæði.**
  Íbúðalánasjóður fær heimildir til að leigja út húsnæði í eigu sjóðsins. Þannig má bjóða einstaklingum sem missa húseignir sínar þann kost að búa áfram í híbýlum sínum með því að leigja eignina af Íbúðalánasjóði.

- **Lækkun dráttarvaxta.**
  Lög um dráttarvexti verða endurskoðuð með það að markmiði að dráttarvextir lækki tímabundið.

- **Þak á innheimtukostnað.**
  Sett verður reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar í frum- og milliinnheimtu og mun hún taka gildi 1. janúar 2009.

- **Barnabætur í hverjum mánuði.**
  Barnabætur verða greiddar út mánaðarlega en ekki á þriggja mánaða fresti eins og nú er.

- **Barnabætur verða ekki jafnaðar á móti sköttum foreldra.**
  Felld verður úr gildi tímabundið heimild til að skuldajafna barnabótum á móti opinberum gjöldum.

- **Vaxtabætur fari til heimilanna.**
  Felld verður úr gildi heimild til að skuldajafna vaxtabótum á móti afborgunum lána hjá Íbúðalánasjóði.

- **Samið um skattaskuldir.**
  Lögfestar verða tímabundnar heimildir innheimtumanna ríkissjóðs til að fella niður dráttarvexti, kostnað og gjöld í afmörkuðum tilfellum.

- **Mildari innheimtuaðgerðir.**
  Þeim tilmælum verður beint til allra ráðuneyta og stofnana ríkisins að milda eins og kostur er innheimtuaðgerðir gagnvart almenningi, þar með talið að takmarka sem kostur er það hlutfall launa sem nýtt verði til skuldajöfnunar.

- **Niðurfelling stimpil- og þinglýsingargjalda.**
  Stimpilgjöld og þinglýsingargjöld vegna skilmálabreytinga og uppgreiðslu lána verða tímabundið felld niður. Nauðsynlegar breytingar verða gerðar á lögum og reglugerðum svo þetta nái fram að ganga.

- **Endurgreidd gjöld af útfluttum bílum.**
  Lagt verður fram frumvarp sem gerir ráð fyrir að endurgreiða skuli hluta vörugjalda og VSK af notuðum ökutækjum sem seld eru úr landi, samkvæmt ákveðnum fyrningarreglum. Upphæðin verði endurgreidd eiganda viðkomandi ökutækis.

**Ríkisstjórn Íslands**

# Kreppuannáll - fimmtíu dagar

Vonir standa til að lausn fáist á allra næstu dögum á milliríkjadeilu við Breta og Hollendinga með lausn á IceSave málinu. Ekki er vitað hversu háar fjárhæðir falla á íslenska ríkið. Nú eru fimmtíu dagar liðnir frá því að Glitnir var þjóðnýttur 29. september. *Svavar Hávarðsson* rifjaði upp atburði liðinna vikna sem án efa hafa verið með þeim örlagaríkustu í sögu þjóðarinnar.

## 1. VIKA

**29. september**
Glitnir þjóðnýttur

**30. september**
Eignarhaldsfélagið Stoðir fær heimild til greiðslustöðvunar í þrjár vikur.

**2. október**
Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, viðrar hugmyndir um þjóðstjórn á ríkisstjórnarfundi.

**3. október**
Ráðherrar Samfylkingarinnar leggja fram bókun á ríkisstjórnarfundi þar sem þeir segja Davíð Oddsson alfarið starfa í umboði Sjálfstæðisflokksins. Sama eigi við um hina bankastjórana tvo.

**4. október**
Lífeyrissjóðirnir bjóðast til að færa hluta eigna sinna til landsins, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Meðal þeirra eru að bankar, fjármálastofnanir og fjárfestingarfélög geri slíkt hið sama.

**5. október**
Fréttir um að töluvert sé um að fólk hamstraði matvörur í verslunum þá um helgina.


29. september


1. október



6. október

## 2. VIKA

**6. október**
- Neyðarlög sett á Alþingi um víðtækar heimildir Fjármálaeftirlitsins til inngripa í íslenskt fjármálakerfi. Staðfest að sendinefnd IMF er komin til landsins.
- Sjónvarpsávarp Geirs H. Haarde forsætisráðherra laust eftir klukkan fjögur vegna þeirra miklu erfiðleika sem steðja að þjóðinni.
- Seðlabanki Íslands festir gengið.

**7. október**
- Fjármálaeftirlitið tekur yfir Glitni og Landsbankann. Ný félög stofnuð um innlenda starfsemi og bankarnir áfram opnir. Ekkert verður af þjóðnýtingu Glitnis, rætt um að Kaupþing taki yfir innlenda hluta Glitnis.
- Árni Mathiesen fjármálaráðherra ræðir við kollega sinn Alistair Darling í síma.
- Davíð Oddsson kemur fram í Kastljósi Rúv um kvöldið.
- Bresk stjórnvöld yfirtaka útibú Landsbankans í Bretlandi og dótturfélagið Heritable Bank Gert í krafti löggjafar gegn hryðjuverkum.
- Seðlabankinn tilkynnir um 4 milljarða evra lán frá Rússlandi. Síðar um daginn er dregið í land og sagt að lánið sé ekki í hendi og samningaviðræður séu að hefjast.

**8. október**
- Milliríkjadeila skollin á milli Íslands og Bretlands sem beita hryðjuverkalögum gegn þjóðinni. Lausna leitað eftir að forsætisráðherra Bretlands boðar lögsókn vegna málsins.
- Í breska ríkisútvarpsins BBC, segir Alistair Darling fjármálaráðherra Bretlands, að íslensk stjórnvöld ætli sér ekki að ábyrgjast innlánsreikninga Breta upp á 450 til 500 milljarða króna.
- Mikil umræða um að líkur séu á að íslensk stjórnvöld óski eftir efnahagsaðstoð frá IMF.
- Dótturfélag Kaupþings í Lundúnum, Singer & Friedlander, sett í greiðslustöðvun af breska fjármálaeftirlitinu. Eignir Landsbankans í Bretlandi frystar og innlánsreikningar Kaupþings seldir.

- Seðlabankinn hættir við fast gengi.

**9.október**
- Gordon Brown úthúðar íslenskum stjórnvöldum á sjónvarpsstöðinni Sky. Hann ver ákvörðun breskra stjórnvalda að beita hryðjuverkalögum. Segist telja íslensku þjóðina í raun gjaldþrota. Geir Haarde segist ekki ætla að munnhöggvast við Brown.
- Fjölmörg íslensk út- og innflutningsfyrirtæki geta ekki átt utanríkisviðskipti.
- Kaupþing leitar til Fjármálaeftirlitsins síðla dags.
- Fulltrúi Samfylkingarinnar í bankaráði Seðlabankans segir af sér og biður þjóðina afsökunar á því að hafa ekki axlað ábyrgð sína fyrr.

**10. október.**
- Fjármálaeftirlitið tekur yfir Kaupþing um nóttina. Ríkið hefur tekið við stjórn allra stóru viðskiptabankanna þriggja og skilanefndir teknar yfir.
- Milliríkjadeila Íslendinga og Breta á forsíðum allra stærstu blaðanna þar í landi.
- Geir H. Haarde berst sáttabréf frá Gordon Brown. Geir fordæmir framgang Breta á blaðamannafundi.

**11. – 12. október**
- Íslensk stjórnvöld vinna að því að semja áætlun um aðgerðir í efnahagsmálum til að leggja fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.
- Fjölmiðlar fá litlar sem engar upplýsingar um gang mála.
- Gjaldeyriskreppa skollinn á af fullum þunga.
- Viðræður á milli fulltrúa fimm lífeyrissjóða og stjórnvalda um kaup sjóðanna á hluta eigna og reksturs Kaupþings.





> Það myndi misbjóða íslensku þjóðinni, ef breskar flugsveitir yrðu fengnar til að gæta lofthelgi Íslands í desember
>
> ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
> ÞÁ STARFANDI UTANRÍKISRÁÐHERRA


29. september


7. október


2. vika endurteknir blaðamannafundir í Iðnó



## 3. VIKA

**14. okt.**
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir í viðtali á Rúv að skynsamlegt sé að stjórn Seðlabankans víki og "veiti Geir H. Haarde forsætisráðherra þar með nægjanlegt svigrúm til breytinga. Sendinefnd undir forystu alþjóðasviðs Seðlabankans flýgur til Rússlands. Viðræður um 4.000 milljóna evra lán hefjast í Moskvu.

**15. okt.**
- Geir H. Haarde forsætisráðherra boðar á Alþingi að unnin verði hvítbók um ástandið og sérstök rannsóknarnefnd skipuð.
- Seðlabankinn lækkar stýrivexti um 3,5 prósent sem verða þá 12 prósent.
- Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, lætur af störfum.
- Jóhanna Sigurðardóttir segir í þingræðu að endurskoðun stjórnarsáttmálans sé tímabær.

**16. okt.**
- Illa gengur hjá útflutningsfyrirtækjum að fá greitt fyrir vörur sínar þar sem erlendir bankar hafa margir fryst greiðslur hingað til lands. Talið er að mörg hundruð milljónir króna séu fastar í kerfinu.
- Leiðtogar Evrópusambandsins lýsa yfir stuðningi og samstöðu með Íslandi í tilkynningu.

**17.okt.**
- Fjármálaeftirlitið (FME) beinir þeim tilmælum til rekstrarfélaga verðbréfasjóða að slíta peningamarkaðssjóðum félaganna.
- Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra og starfandi utanríkisráðherra, segir að það myndi misbjóða íslensku þjóðinni, ef breskar flugsveitir yrðu fengnar til að gæta lofthelgi Íslands í desember.

**18. okt. – 19. okt.**
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra kemur til starfa eftir veikindi.
- Ríkisstjórnin vinnur að efnahagsáætlun og á í viðræðum við fulltrúa IMF vegna lántöku frá sjóðnum. Litlar upplýsingar berast til fjölmiðla.

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

# ÁFRAM ÍSLAND

## - fyrir hag heimilanna

Fundarherferð ASÍ um landið í samstarfi við aðildarfélögin

**Staðir:** **Reykjanesbær**, **Fjölbrautarskólinn** - **18**. nóvember kl. 18.00
**Akranes, Grundaskóli** - **19**. nóvember kl. 20.00
**Ísafjörður, Edinborgarhúsið** - **20**. nóvember kl. 20.00
**Akureyri , Sjallinn** - **24**. nóvember kl. 17.15
**Egilsstaðir, Hótel Hérað** - **25**. nóvember kl. 20.00
**Selfoss, Hótel Selfoss** - **26**. nóvember kl. 18.00
**Reykjavík - Útifundur á Ingólfstorgi** - **27**. nóvember kl. 17.00

**Dagskrá:** **Áfram Ísland** - fyrir hag heimilanna. Hvert skal halda?
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

**Pallborð:** Formenn landssambanda og stærstu félaga ASÍ sitja fyrir svörum
Tónlistaratriði, skipulagt í samvinnu við FÍH
Forystumaður stéttarfélags í heimabyggð kynnir drög að ályktun fundarins
Í lokin verður boðið upp á kaffispjall

Alþýðusamband Íslands

# ➜ LEITIN AÐ SEX MILLJÖRÐUM DOLLARA









## 4. VIKA

### 20. október
- Búist við að samningar náist um lán til Íslendinga frá IMF og fleiri aðilum. Seðlabankar Japans og Norðurlandanna eru þar nefndir til sögunnar.
- Seðlabankinn krefur banka og fjármálafyrirtæki um tryggari veð fyrir endurhverfum viðskiptum upp á tugi milljarða króna.
- Stíf fundarhöld á milli stjórnvalda og sendinefndar Breta um Icesave reikningana
- Erlendir fjölmiðlar, önnur ríki og embættismenn IMF segja að verið sé að leggja lokahönd á neyðaráætlun eða neyðaraðstoð til handa Íslandi. Forsætisráðherra segir þetta misskilning; verið sé að ræða ákveðið samstarf.
- Alþingi ekki að störfum þar sem starfsáætlun gerir ráð fyrir kjördæmaviku.

### 23. október
- Kastljós birtir íslenska þýðingu á símtali sem Árni Mathiesen átti við Alaister Darling, fjármálaráðherra Bretlands, að morgni 7. október. Geir H. Haarde lýsir furðu sinni á því að samtalið hafi "lekið í fjölmiðla."

### 24. október
- Ríkisstjórnin óskar formlega eftir samstarfi við IMF um að koma á efnahagslegum stöðugleika á Íslandi. Upplýst að unnin hefur verið ítarleg efnahagsáætlun í samráði við fulltrúa sjóðsins
- Áætlað er að stjórn IMF gefi formlegt svar um lánveitinguna eftir viku til tíu daga. Er það mat ríkisstjórnarinnar að staðfestingin sé einungis formsatriði. Skilmálar lánsins eru ekki gefnir upp en fullyrt er að þeir séu ásættanlegir.
- Poul Thomsen, yfirmaður Evrópudeildar IMF, segir IMF gera ráð fyrir tíu prósenta samdrætti í innanlandsframleiðslu. Þetta þýðir að ráðstöfunartekjur gætu rýrnað um tuttugu prósent að meðaltali.

### 25. október
- Skoðanakannanir sýna sveiflur í fylgi stjórnmálaflokka á Alþingi og skýran vilja þjóðarinnar til að ganga í ESB og taka upp evru.


POUL THOMSEN


ALISTAIR DARLING

> Þjóðin er að ganga í gegnum áfall án fordæmis, landið er að fara frá því að vera nær skuldlaust ríki í að verða mjög skuldsett."
> *Poul Thomsen*

## 5. VIKA

### 27. október
- Björgólfur Thor Björgólfsson, einn af fyrrverandi eigendum Landsbankans, í viðtali í fréttaskýringaþættinum Kompási. Hann fullyrðir að stjórnvöld hafi gert hræðileg mistök við úrvinnslu vandans sem upp kom í lausafjárkreppu bankanna. Björgólfur segist ekki geta komið með fjármagn til landsins.
- Geir H. Haarde og Seðlabankinn svara Björgólfi fullum hálsi næstu daga og fullyrðingar ganga á víxl.
- Íslensk stjórnvöld óska formlega eftir láni frá hinum Norðurlandaþjóðunum.
- Verðbólga mælist 15,9 prósent, og hefur hækkað um 1,9 prósentustig frá því í september. Verðbólgan hefur ekki verið hærri frá því í maí 1990.

### 28. október
- Seðlabankinn hækkar stýrivexti í 18 prósent. Árni Mathiesen segir að stýrivaxtahækkunin sé ekki hluti af skilyrðum IMF en sé hluti af því samkomulagi sem Íslendingar hafi gert og snúist um ríkisfjármálastefnuna sem Íslendingar eigi eftir að vinna í á næstu árum og snúist um endurreisn bankakerfisins.
- Færeyska landstjórnin samþykkir að veita Íslendingum gjaldeyrislán að andvirði 300 milljörðum danskra króna eða um sex milljarða króna

### 29. október
- Forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin, Seðlabankinn og IMF kæmu að efnahagsáætluninni á bak við aðstoð frá sjóðnum "og það er þá undirliggjandi í henni að það þurfi að hækka vextina". Hann sagði jafnframt að Seðlabankinn myndi einn sjá um næstu stýrivaxtaákvörðun.
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir hækkunina hafa verið gerða með vitund og vilja Seðlabankans en ríkisstjórnin beri ábyrgð á samkomulaginu við IMF.
- Sterling flugfélagið gjaldþrota.

### 30. október
- Seðlabanki Íslands sendir frá sér athugasemd í tengslum við hækkun stýrivaxta um að bankinn hafi ekki komið að ákvörðuninni, þvert á fullyrðingar ráðherra í ríkisstjórninni
- Geir segir í þingræðu að reiknað sé með 130 milljarða króna halla á ríkissjóði árið 2009

### 31. október
- Hundruð uppsagnarbréfa hafa streymt til landsmanna á síðustu dögum októbermánaðar.
- Menntamálaráðherra kynnir víðtækar breytingar á reglum LÍN.
- Ráðherrar Samfylkingarinnar leggja fram ítrekaða bókun á ríkisstjórnarfundi þar sem þeir segja Davíð Oddsson alfarið starfa í umboði Sjálfstæðisflokksins.

### 1. nóvember
- Undirbúningi nýs álvers á Bakka frestað í ljósi efnahagsaðstæðna og viljayfirlýsing milli Alcoa og Landsvirkjunar um rannsóknarboranir ekki endurnýjuð.

8. nóvember



## 6. VIKA

### 4. nóvember.
- IMF frestar því að taka erindi Íslands til umfjöllunar í stjórn sjóðsins.
- Upplýst að persónulegar ábyrgðir starfsmanna gamla Kaupþings af lánum til hlutabréfakaupa í bankanum voru felldar niður með ákvörðun stjórnar bankans þann 25. September. Um milljarðatugi er að ræða. Reiðialda rís í samfélaginu og þess krafist að gjörningnum verði snúið við. Viðskiptaráðherra fullyrðir að það verði gert og lætur FME rannsaka málið.
- Norðmenn bjóða Íslendingum lán upp á 4 milljarða norskra króna, eða sem svarar um 75 milljarða íslenskra króna.
- Árni Mathiesen fjármálaráðherra situr samráðsfund með evrópskum kollegum sínum í Brussel. Samþykkt að stofna fimm manna gerðardóm til lausnar Icesave deilunni. Tveimur dögum síðar segir Ísland sig frá gerðardómnum.
- IMF frestar því að taka erindi Íslands til umfjöllunar í stjórn sjóðsins

### 6. nóvember
- Upplýst að samkomulag vegna innstæðna í íslensku bönkunum í Bretlandi er, í hugum sumra ríkja, forsenda þess að Íslendingar fái lán frá IMF og Neyðarsjóði ESB.
- Seðlabankinn kynnir ákvörðun um óbreytta 18 prósent stýrivexti.

### 7. nóvember
- IMF frestar því að taka erindi Íslands til umfjöllunar í stjórn sjóðsins í annað sinn.
- Ljóst að neyðarlán frá IMF er í pattstöðu.
- Pólska ríkisstjórnin ákveður að leggja fram 200 milljónir Bandaríkjadala í fjölþjóðlegan lánapakka til Íslands án þess að eftir því væri leitað.
- Ný bankaráð Glitnis, Landsbankans og Kaupþings tilkynnt.
- Stjórn Samson eignarhaldsfélags, sem er í eigu feðganna Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar, óskar eftir heimild til greiðslustöðvunar.

### 8. nóvember
- 4000 manns mæta á Austurvöll til mótmæla. Athygli vekur að ungur maður dregur Bónusfána að húni á Alþingishúsinu. Fjórðu laugardagsmótmælin og mótmælendum fer stöðugt fjölgandi. Einnig hafa verið haldnir mótmælafundir í Iðnó og á tröppum ráðherrabústaðarins.


Gerðu góð kaup!
nettó
ÍSFUGL
KJÚKLINGABRINGUR SKINNLAUSAR
1.696 kr/kg
2.975 kr/kg
43% afsláttur
31% afsláttur
NAUTALUNDIR
2.960 kr/kg
4.290 kr/kg
FOLALDAKJÖT M/BEINI REYKT EÐA SALTAÐ
399 kr/kg
732 kr/kg
GOÐI
46% afsláttur
50% afsláttur
GOÐI
KJÖTBÚÐINGUR
425 kr/kg
849 kr/kg
46% afsláttur
GOÐI
BLANDAÐ HAKK
599 kr/kg
1.099 kr/kg
42% afsláttur
GALÍA MELÓNUR
149 kr/kg
297 kr/kg
50% afsláttur
BULLET ORKUDRYKKUR 250ml
139 kr/stk.
NÝTT!
BULLET
GOÐI
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
985 kr/kg
1.698 kr/kg
nettó brauð
50% afsláttur
NETTÓ GRÓFT SAMLOKUBRAUÐ
119 kr/stk.
239 kr/stk.
www.markhonnun.is
TILBOÐIN GILDA 13. - 16. NÓVEMBER
Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík
Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Stjórnvöld verða að einbeita sér

Mikilvægt er að stjórnvöld miðli upplýsingum til almennings með skýrum hætti og komi hreint fram. Þetta segir bandaríski lögfræðingurinn og efnahagsráðgjafinn **Dr. Daniel Levin** í samtali við *Jón Aðalstein Bergsveinsson*. Levin hefur komið að uppbyggingu í fjölmörgum löndum þar sem fjármálakerfið hefur hrunið.

Stjórnvöld og hið opinbera verða að setja á laggirnar miðstýrt aðgerðateymi sem hefur það markmið eitt að miðla upplýsingum til almennings. Það verður að koma hreint fram og hafa allt uppi á borðinu,“ segir dr. Daniel Levin, bandarískur ráðgjafi í efnahagsmálum.

Daniel Levin er einn eigenda lögfræðistofunnar Levin & Srinivasan LLP í New York og hefur starfað sem lögfræðingur og fyrirlesari í New York, Sviss og Ísrael. Auk þess er hann ráðgjafi ýmissa ríkisstjórna við reglugerðarsmíð um verðbréfaviðskipti á vegum bandarísku ráðgjafafyrirtækisins Capital Markets Development. Hann heldur fyrirlestra við háskóla víða um heim um málefni tengd öryggislögum og fjármagnsmörkuðum.

Levin hefur komið hingað til lands margoft síðastliðin fimmtán ár og þekkir hér marga. Fyrstu kynni hans af Íslandi voru árið 1993 þegar hann vann með Seðlabankanum að fyrstu skuldabréfaútgáfu bankans í Bandaríkjunum. Eftir það hefur hann tekið vinfengi við þjóðina og kennir meðal annars við Endurmenntunarstofnun.

Levin hefur í um aldarfjórðung sérhæft sig í ráðgjöf og uppbyggingu fjármálageirans í þeim löndum sem hafa horft á innviði samfélagsins hrynja. Hann var ráðgjafi stjórnvalda í Rússlandi í því upplausnarástandi sem skapaðist eftir fall kommúnismans, við fall pesóans í Suður-Ameríku og víðar, svo sem í Austur-Evrópu, Afríku, SA-Asíu og í Kína.

### Þrengingarnar ekki óvæntar

Levin hefur oft komið hingað til lands á síðastliðnum fimmtán árum og komið að ýmsum málum er varða fjármál þjóðarinnar. „Það hefur verið einkar áhugavert að fylgjast með uppgangi fjármálalífsins allt frá því ég kom hingað fyrst, einkavæðingu bankanna og skuldasöfnun í kjölfarið,“ segir Levin og bendir á að hann hafi fyrir tveimur árum bent stjórn Seðlabankans á að skuldir bankanna væru að stefna í margfalda landsframleiðslu.

Það hafi því komið honum á óvart hversu seint og illa stjórnvöld virðast hafa brugðist við. Engu líkara sé en fjármálakreppan hafi komið mönnum á óvart. „Þetta er mjög undarlegt. Ég var búinn að ræða við ráðamenn, þar á meðal í Seðlabankanum. Allir vissu að ef erfiðleikar kæmu upp á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum, þá myndu stjórnvöld lenda í erfiðleikum með endurfjármögnun. Ég undraðist því mjög að stjórnvöldum fannst eins og fjármálakreppan kæmi aftan að þeim,“ segir Levin. Hann telur þó líklegast að skýringin sé pólitísk, þar gangi menn ekki í takt.

Levin segir ljóst að stjórnvöld skorti skýra stefnu nú um stundir. Nauðsynlegt sé að taka á því ástandi sem komið sé upp með festu og ná stjórn á þeim aðstæðum sem komnar eru upp.

„Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að aðstæðurnar eru erfiðar en stjórnvöld verða að setja á laggirnar hóp með, segjum fimm manns, sem hefur þann starfa einan að halda utan um málið og upplýsa bæði stjórnvöld og almenning.“

Levin leggur til að upplýsingum stjórnvalda verði komið til skila með daglegum blaðamannafundum. Þetta þyrftu ekki að vera langir fundir, helst um klukkustund. Stundarfjórðungi yrði varið til að fara yfir gang mála og 45 í spurningar.

„Það væri frábært ef stjórnvöld gerðu þetta svona: Einn einstaklingur þarf að vera í forsvari fyrir hópnum. Sá þarf að hafa upplýsingar úr stjórnsýslunni, frá forsætisráðherra, bankaráði Seðlabankans og öllum þeim opinberu aðilum sem vinna að málinu. Eina hlutverk hans yrði að segja til um það sem liggur fyrir, skýra málin og segja hvað sé fram undan,“ segir Levin og leggur áherslu á mikilvægi þess að allt verði fyrir opnum tjöldum og öll spil stjórnvalda verði lögð fram. Einungis á þann hátt geti almenningur fylgst með gangi mála og tiltrú almennings á stjórnmálamönnum hugsanlega aukist.



**DANIEL LEVIN** Stjórnvöld verða að uppfræða almenning um stöðu mála og hefja rannsókn á bankahruninu sem fyrst, segir sérfræðingur og ráðgjafi í efnahagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Allir vissu að ef erfiðleikar kæmu upp á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum, þá myndu stjórnvöld lenda í erfiðleikum með endurfjármögnun. Ég undraðist því mjög að stjórnvöldum fannst eins og fjármálakreppan kæmi aftan að þeim

### Icesave-deilan

Levin segir líklegt að vettvangur sem þessi geti miðlað málum í Icesave-deilunni við Bretland. En farsælast væri að flytja deiluna á annað stig svo hún hindri ekki umsókn Íslendinga um lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

„Þetta er pólitísk deila,“ segir Levin og bendir á að íslenskir stjórnmálamenn verði að vinna með kollegum sínum í Bretlandi að lausn hennar jafnvel þótt það kunni að taka mörg ár.

„Þetta er pólitískt vopn í höndum Gordon Browns, forsætisráðherra Bretlands, sem vílar ekki fyrir sér að setja Ísland á hliðina til að halda stöðu sinni,“ segir Levin en bætir við að íslenskir ráðamenn verði að beita sömu brögðum. „Það gæti tekið öld að ljúka málinu. En það skiptir engu máli. Það sem mestu skiptir er að hefja viðræðurnar á sama grundvelli.“

Hann segir viðhorf Íslendinga verða að vera sýnileg í Bretlandi, bæði í viðræðum íslenskra ráðamanna við breska kollega þeirra og í þarlendum fjölmiðlum.

„Stjórnvöld hér verða að vera sýnileg í Bretlandi og koma í veg fyrir að verða fórnarlömb breskra stjórnmálamanna,“ segir Levin sem leggur áherslu á að þetta sé tiltölulega einfalt stríð sem verði að heyja fyrir opnum tjöldum. Þessi skref verði hins vegar að hefjast fljótlega svo það standi ekki í vegi fyrir öðrum og veigameiri málum.

### Aðgerðir hins opinbera

Levin segir mikilvægt að hið opinbera þjálfi fólk í viðbrögðum við fjármálaerfiðleikum. Gera verði ráð fyrir miklu atvinnuleysi og að mikill fjöldi fólks leiti sér aðstoðar hjá læknum og sálfræðingum. Þá verða kennarar að vera reiðubúnir að svara spurningum barna um fjármálakreppuna á einfaldan hátt.

Levin segir mér stutta sögu: „Ég var að hátta son minn um daginn. Hann er sjö og hálfs árs. Allt í einu fór hann að gráta. Ég hélt að hann hefði lent í slagsmálum í skólanum og spurði hann út í málið. Hann sagði svo ekki vera en spurði hvort við ættum næga peninga. Ég svaraði honum játandi,“ segir Levin, sem komst að raun um að faðir skólafélaga sonar hans, sem unnið hafði fyrir einn af fjárfestingabönkunum vestanhafs, hafði misst vinnuna. „Sonur hans var eðlilega í uppnámi og þegar hann kom í skólann sagði hann öllum skólasystkinum sínum að nú muni allir missa vinnuna og fáir hafa ráð á mat,“ segir Levin og bendir á mikilvægi þess að kennarar á flestum stigum geti útskýrt ástandið fyrir börnum með einföldum hætti.

„Stjórnvöld verða að efla skilning á ástandinu og gera opinberum starfsmönnum, svo sem kennurum og starfsfólki í heilbrigðisþjónustu, kleift að miðla upplýsingum. Það er nóg af fólki til þess, hæfu fólki, jafnvel sem starfaði í fjármálageiranum en hefur verið sagt upp, sem getur komið að þessu,“ segir Levin.

### Efla fjármálalæsi

Í framhaldi af þessu segir Levin mikilvægt að efla fjármálalæsi almennings. Þetta hafi hann ráðlagt stjórnvöldum víða um heim, svo sem í Suður-Afríku, í Rússlandi og víðar með góðum árangri.

„Þetta þarf ekki að vera kostnaðarsamt. Þrjátíu mínútna þáttur í sjónvarpi eða á Netinu er nóg,“ segir Levin. en bendir jafnframt á að stjórnvöld þurfi að taka virkan þátt í uppfræðslunni svo áhorfendur verði þess áskynja að þeim standi ekki á sama um afdrif þegnanna.

### Rannsókn mikilvæg

Í framhaldi af þessu segir Levin mikilvægt að hefja rannsókn á bankahruninu sem fyrst. Ekki megi láta langan tíma líða þar til niðurstöður liggi fyrir.

„Það verður að rannsaka málið á grundvelli þeirra laga sem voru í gildi þegar bankarnir voru starfandi en ekki samkvæmt nýjum lögum,“ segir hann og leggur ríka áherslu á að rannsóknin megi ekki breytast í nornaveiðar. „Þetta er siðuð þjóð,“ segir hann og leggur til að löglærður Íslendingur, sem ekki sé bundinn stjórnmálaflokki á nokkurn hátt, verði fenginn til að stýra rannsókninni. Það er þvert á það sem aðrir hafa haldið fram. „Það eru fáir sem tala íslensku og geta lesið íslensk gögn. Það yrði of tímafrekt að ráða erlendan aðila til verksins enda yrði þá að þýða allt fyrir hann,“ segir Daniel Levin að lokum.

## ➜ UPPLIFÐI ÓÖLDINA Í RÚSSLANDI

„Ástandið í Rússlandi eftir fall kommúnismans á síðustu öld var skelfilegt,“ segir dr. Daniel Levin. Hann segir stjórnvöld hafa misst stjórn á málum og óöld ríkt þar sem mafían og glæpasamtök réð ríkjum.

„Boris Jeltsín, sem þá var forseti Rússlands, var gallagripur. Hann missti tökin við upplausn Sovétríkjanna og réði ekki við neitt. Á sama tíma boðaði Atlantshafsbandalagið stækkun að landamærum Rússlands. Það voru mistök sem juku á spennuna og gerði rússneskum stjórnvöldum erfiðara um vik að færa sig yfir í markaðshagkerfi,“ segir Levin sem hitti Vladimír Pútín fyrst um þetta leyti.

Óöld ríkti í Rússlandi þegar Pútín, sem þá stýrði rússnesku leynilögreglunni (KGB), tók við embætti forsætisráðherra. Levin bendir á að hans fyrstu verk hafi verið að taka til hendinni í innanríkismálum og stilla mönnum upp við vegg um aldamótin.

„Ég ætla auðvitað ekki að styðja hann í einu eða neinu. En eitthvað varð að gera,“ segir Levin og bendir á að Pútín hafi fyrirskipað tugum svokallaðra olígarka, sem fengið höfðu auðlindir landsins á silfurfati við fall kommúnismans og auðgast mjög, að halda sig frá stjórnmálum og hafa ekki áhrif á innlandsmál á meðan hann lagaði til og kæmi landinu á réttan kjöl. „Þeir sem ekki hlýddu honum fengu að kenna á því,“ bendir Levin á.

Nærtækasta dæmið er Míkael



**JELTSÍN OG PÚTÍN HORFAST Í AUGU** Levin segir hræðilega óöld hafa ríkt í Rússlandi eftir fall kommúnismans. Jeltsín, sem var gallagripur, hafi misst tök á ástandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Khodorkovskí, sem eitt sinn var meðal auðugustu manna Rússlands og hélt um stjórnartauma í orkurisanum Yukos. Hann braut gegn skipun Pútíns, var handtekinn árið 2003 og situr nú af sér átta ára dóm í Rússlandi vegna fjársvika og spillingar. Yukos var á sama tíma leyst upp í einingar. Aðrir olígarkar hafa flúið land en margir hlýddu skipun yfirvaldsins.

„Þetta voru hræðilegir tímar og mikill vandi sem Pútín stóð frammi fyrir,“ segir Daniel Levin.

Sjálfur fór hann ekki varhluta af óöldinni en hann þurfti að horfa á eftir vini sínum í gröfina, þáverandi seðlabankastjóra Rússlands, sem hafði beitt sér fyrir því að loka fjármálafyrirtæki sem vitað var að rússneska mafían réði. „„Hann var myrtur, dó frá tveimur litlum börnum sínum,“ segir Levin. Hann leggur áherslu á að ekki sé hægt að líkja ástandinu í Rússlandi um síðustu aldamót við ástandið hérlendis nú. „Þarna var ég í fyrsta sinn með lífvörð mér við hlið að kenna stjórnmálamönnum grunnatriði í fjármálum. Það hafði ég aldrei áður upplifað.“

*Matreiðslubók á íslensku með 150 uppskriftum fylgir*



# Heimsins vinsælasta hrærivél

*- efst á sölulistum í 65 ár*





**TILBOÐ**

**20%**

**AFSLÁTTUR**

TILBOÐSVERÐ

**69.920**

FULLT VERÐ **87.500**

KitchenAid KSM150 ***Hvít***



***Grænmetiskvörn fylgir tilboði***

*Sneiðir eða rífur stökkt grænmeti, harða ávexti og harðan ost.*

KitchenAid®
FOR THE WAY IT'S MADE.®



KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI

# Eigið kaffihús heima *- frábær tilboð á betri kaffivélum*

*Kimbo kaffi fylgir frítt með þessum kaffivélum*





**TILBOÐ**

**28%**

**AFSLÁTTUR**

TILBOÐSVERÐ

**79.990**

FULLT VERÐ **139.900**

### Saeco Incanto Deluxe

- Digital skjár og SBS kerfi
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Keramík kvörn
- Tekur einnig malað kaffi
- Panarello flóunarstútur
- Hitaplata fyrir bolla
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,7 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- 1200 wött
- Á snúningsfæti



**TILBOÐ**

**43%**

**AFSLÁTTUR**

TILBOÐSVERÐ

**89.990**

FULLT VERÐ **158.900**

### Saeco Talea Touch

- Stór skjár og snertiflötur
- Snúningsfótur
- Forritar skammt, styrk ofl.
- SBS kerfi
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Þrýstingur: 15 bör
- 1300 wött
- Baunahólf: 250g
- Vatnstankur: 1,7 lítrar
- Keramík kvörn
- Tekur einnig malað kaffi

Saeco

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Heimaprjónaður trefill gegn kvefi

Önnur hver manneskja virðist vera með kvef þegar skammdegið hellist yfir okkur af fullum þunga. Kvef er veirusjúkdómur sem ekki hefur fundist lækning við þótt ótrúlegt megi virðast. Eigi að síður luma margir á góðum ráðum til að lækna kvef og koma í veg fyrir að það leggi fólk í rúmið. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** fékk að heyra ýmislegt athyglisvert þegar hún leitaði svara við spurningunni „Hvað er hægt að gera við kvefi?“.

## Sund og bíó

„Ég fæ rosalega sjaldan kvef,“ segir Bjargey Ólafsdóttir myndlistarmaður sem segir fyrirbyggjandi aðgerðir vera það sem hún stundar til að forðast kvef. „Ég er mikið úti, fer í sund og gufu, finnska leiðin svínvirkar. Svo er örugglega æðislegt að fara í sjósund, ég á eftir að prófa það.“

Bjargey segist ekki mikið fyrir að taka inn verkjastillandi lyf. „Ég hef búið með Spánverjum sem kaupa sér heilan lyfjabíl þegar þeir kvefast, og ekki eru Bretar skárri með paracetamól í duftformi. Þessu hefur verið reynt að dæla í mig en mér finnst það hálf ógeðslegt,“ segir Bjargey sem mælir frekar með huggulegri leiðum vilji svo til að kvefið sæki mann heim. „Mér finnst gott að drekka kakó, það er nú kannski meira fyrir tilfinningahliðina enda er ég alin upp á hálfgerðu sveitaheimili og fékk alltaf kakó á morgnana. En svo er ágætt að fá sér te. En annars finnst mér bara gott að liggja undir sæng og horfa á margar bíómyndir og njóta þess að vera í móki, ef ég verð lasin, lesa ef ég get, tala í símann og fá gesti ef þeir eru ekki hræddir við að smitast. En mikilvægast er að sofa nóg og fara vel með sig.“


**BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR** Finnska leiðin er fyrirtaksvörn gegn kvefi. 1


1


4

**HULDA BJÖRK SVERRISDÓTTIR** Fjölskyldan vill engifer- og chili-súpu við pestum, en dropar af ætihvönn eru fyrirtaksráð við kvefi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

## Angelica og engifersúpa

„Það fyrsta sem mér dettur í hug er hvönnin, angelica. Ég á hana alltaf til í vökvaformi í glasi frá Saga Medica. Hvönnin er það sem fólk hefur notað frá örófi alda til lækninga við pestum. Angelica er unnið úr hvannafræum og veitir mér orku, þrek og vellíðan. Þegar ég fær kvef, hvar sem það er, í nefið eða hausinn þá er þetta mitt uppáhald,“ segir Hulda Björk Garðarsdóttir óperusöngkona sem segist líta á kvefið sem hreinsun líkamans við óhreinindi og líkaminn þurfi sinn tíma til þess. „Og fái maður kvef er svefn besta meðalið til þess að losna við það, mikill svefn.“

„Svo luma ég á öðru ráði. Ég bý til rosalega góða engifer- og chilisúpu sem er afar vinsæl þegar kvef er á heimilinu,“ segir Hulda sem fellst á að gefa lesendum uppskriftina, sem er ónákvæm, enda súpan gerð eftir tilfinningu og elduð upp úr bók. „Ég kaupi kjúkling og sker í litla bita, það má nota lundir eða bringur eða hvaða hluta kjúklingsins sem er. Hann er brúnaður á pönnu upp úr curry-paste, sem er auðvitað best heimatilbúið. Þegar ég geri curry-paste þá set ég kókosolíu í skál, ríf engifer út í hana og nokkur hvítlauksrif sömuleiðis, chili eftir smekk, ég set vel af karríi og túrmerik, sem er hollt fyrir meltinguna, síðan má setja svartan pipar út í. Ef það er afgangur af maukinu má nota það til þess að bragðbæta súpuna undir lokin.

En í stóran pott set ég vatn og sýð, bæti lífrænum grænmetiskrafti út í, grænmeti sem til er skornu í teninga, t.d. sætum kartöflum, kartöflum, rófum og púrrulauk. Þegar grænmetið er soðið set ég kjúklingabitana út í, stundum set ég ferskan ananas og papriku í lokin. Svo bragðbæti ég súpuna með mangó-chutney og afgangi af karrýmaukinu eins og áður sagði. Stundum set ég kókosmjólk úti í súpuna til að gera hana mýkri og stundum tómatpúrru en stundum hvorugt,“ segir Hulda sem mælir með súpunni gegn kvefi og pestum.

### Kvef - nokkrar staðreyndir

- Kvef er veirusjúkdómur og er vitað um meira en tvö hundruð veirur sem valda kvefi.
- Veirurnar berast á milli manna með hósta, hnerra eða við snertingu.
- Að meðaltali gengur sjúkdómurinn yfir á sjö til tíu dögum.
- Algengt er að börn fái kvef sex til tíu sinnum á ári og fullorðnir að meðaltali um fjórum sinnum á ári.
- Kvef er algengast á haustin og fyrri part vetrar vegna þess meðal annars að fólk heldur sig meira innandyra og nálægt hvert öðru sem auðveldar smit.
- Kvef er ekki það sama og flensa, þó að veirur valdi þeim báðum og einkennin séu að hluta til svipuð.

*Heimild: Vísindavefurinn.*


2





3



4


5

## Mælir með undradropum

„Aðferð gegn kvefi númer eitt er fyrirbyggjandi. Hún er sú að ganga alltaf með trefil, meira að segja inni líka ef það er ekki of óþægilegt, kannski ekki sofa með hann en og þó, það getur hjálpað. Trefillinn verður að sjálfsögðu að vera heimaprjónaður og úr íslenskum lopa,“ segir Guðmundur Pálsson, Baggalútur og útvarpsmaður.

„Síðan eru til undradropar. Jamins heita þeir og fást í heilsubúðum. Þeir virka þannig að maður setur einn dropa út í vatn og andar að sér, þetta losar heilmikið. Þetta eru einhvers konar mentolextrakt kjarnadropar. Og þá má líka setja út í heitt bað þá angar reyndar öll íbúðin og maður sjálfur lengi á eftir en það er til þess vinnandi.“

Guðmundur segist hafa reynt margar aðferðir gegn kvefi, enda notar hann röddina í starfinu, en ekki virka þær allar vel. „Að éta hvítlauk virkar ekki, sólhattur virkar heldur ekki. Gott koníak virkar. En nú skal ég segja þér ráð sem gamall vinnufélagi kenndi mér fyrir mörgum árum, hann var bílstjóri hjá Símanum. Ráðið er þetta: Maður tekur heitt vatn og hellir duglega af viskíi og púðursykri út í það og hrærir vel saman. Svo kappklæðir maður sig, setur jafnvel á sig vettlinga og húfu. Sturtar svo drykknum í sig, tekur tvær parasetamól og leggur sig og svitnar duglega og kvefið þar með út. Hann fullyrti að þetta virkaði og ég er ekki frá því að þetta hafi hjálpað mér þegar ég prófaði það.“


2

**GUÐMUNDUR PÁLSSON** Alltaf með trefil til að forðast kvef. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Engifer og koníak

„Ég er nú ekki mikill lausnamaður í kvefi,“ segir Gunnar Jónasson, kaupmaður í Kjötborg. „En ég get sagt þér að við erum með ýmislegt hér sem er vinsælt við kvefi, til dæmis engiferrót, hún er mjög vinsæl. Að skafa hana og sjóða það þykir virka vel við kvefi. Hún er líka fyrirbyggjandi er sagt. Og ég get sagt þér að það sagði mér þjóðþekktur gigtarlæknir að hún hefði góð áhrif á gigt, fyrirbyggjandi áhrif,“ segir Gunnar sem hefur þó ekki prófað engiferrótina enn. Hann greip hins vegar til annars ráðs þegar hann þurfti eitt sinn að standa vaktina veikur. „Ég fékk mér hunang og sítrónu út í te og drakk það rétt fyrir svefninn, og svo setti ég á mig trefil áður en ég fór að sofa, ég svaf ekki kappklæddur en með trefilinn. Kristján bróðir var erlendis og ég mátti alls ekki klikka á því að mæta í vinnu og ég kláraði þetta bara svona.“ Ráðið virkaði svo vel að kvefpestin var horfin á þriðja degi. Gunnar mælir líka með því að fá sér hálsbrjóstsykur. „En svo er það auðvitað gamla húsráðið, að drekka sopa af koníaki, ja ekki bara drekka það heldur fá sér lítinn sopa og láta koníakið leika um hálsinn, það drepur pestirnar,“ segir Gunnar sem segir alls ekki þýða að fá sér annað vín en koníak, „það er eitthvað í því sem virkar svo vel.“


3

## Pakka sér inn

„Þetta er erfið spurning, við söngvarar erum viðkvæmari en aðrir þannig að við reynum allt. Venjulegt fólk getur náttúrulega unnið með kvef en ekki við. Langbesta ráðið finnst mér að pakka sér inn, vera hlýtt. En svo er maður með öll möguleg önnur ráð, sneiða niður hvítlauk og setja út í heitt vatn og drekka seyðið. Sömuleiðis er gott að setja engifer út í heitt vatn,“ segir Bergþór Pálsson óperusöngvari. Hann hefur vinnu sinnar vegna þurft að grípa til neyðarráðstafana gegn kvefi ef tónleikar eru vændum. „Ég hef þurft að fara til læknis og anda að mér gufu með bólgueyðandi lyfi. Það virkar tímabundið en læknar auðvitað ekki neitt.“

Bergþór segir best að passa mjög vel upp á hálsinn og fara ekki út með beran hálsinn ef örlar á kvefi. „Ég keypti rosalega sniðugan hlut á Seyðisfirði í sumar, stoppaði þar í handverksbúð og festi kaup á rúllukraga sem er þægilegt að hafa alltaf um hálsinn ef örlar á einhverju sem líkist kvefi.“


5




**HVAÐ ER ÞETTA HVAÐ** EFTIR **DAVE EGGERS**

# HINIR TÝNDU DRENGIR

Valentino Achak Deng er smástrákur þegar ráðist er á þorpið hans í Suður-Súdan og það lagt í rúst. Hann er einn hinna Týndu drengja Suður-Súdans sem ganga sannkallaða eyðimerkurgöngu, dvelja í flóttamannabúðum og eru um síðir fluttir með loftbrú til Bandaríkjanna. **Áhrifamikil skáldsaga** sem lýsir heimi mannvonsku og átaka – en um leið von um betra líf og betri heim.

**ÞÝÐANDI:** RÚNAR HELGI VIGNISSON

„BÓKIN LEIFTRAR AF FYNDNI, VISKU OG PERSÓNUTÖFRUM ... EINSTAKUR VITNISBURÐUR, EINSTAKT LISTAVERK.“
– THE NEW YORK TIMES BOOK REVIEW

DYNAMO REYKJAVIK

**ÞJÓFABORG** EFTIR **DAVID BENIOFF**

# TVÖ MANNSLÍF – TÓLF EGG

Tveir ungir menn hittast í fangaklefa í Leníngrad og bíða dóms fyrir hæpnar sakir. Í borg sem hefur verið undir umsátri mánuðum saman og allar vistir eru löngu á þrotum, eiga þeir að bjarga lífi sínu með því að útvega valdamiklum höfuðsmanni tólf egg til að nota í brúðkaupstertu dóttur hans. Saga um vináttu og djörfung á erfiðum tímum.

**ÞÝÐANDI:** JÓN HALLUR STEFÁNSSON




BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9

# Eddan kemur niður á jörðina

**Eddu-verðlaunin** verða afhent í tíunda sinn á sunnudagskvöld í beinni útsendingu Sjónvarpsins. Ef til vill er það tímanna tákn að í ár er ekki boðið til glæsilegrar kvöldstundar á Hótel Nordica með tilheyrandi galaklæðnaði heldur er kvikmynda-og sjónvarpsfólki stefnt í Háskólabíó, heimavöll íslenskrar kvikmyndagerðar. *Freyr Gígja Gunnarsson* skautaði yfir Eddusvellið í ár.

Íslensk kvikmyndagerð er hálfgert sprotafyrirtæki. Þetta fyrirbæri sem margir telja að geti bjargað þjóðinni. Kvikmyndagerð byggist á því að taka áhættu, vera ósmeykur við að gera mistök en skila svo að lokum alltaf einhverju af sér. Síðan verða menn að vera undir það búnir að þurfa að byrja upp á nýtt ef illa gengur en kunna jafnframt að byggja á velgengninni þegar svo ber undir.

Þótt lánsfé banka- og fjármálastofnana hafi dreifst í flesta garða síðustu árin skilaði góðærið litlu sem engu til hins almenna kvikmyndagerðarmanns. Hann átti erfitt með að fara inn í viðskiptabankana stóru og slá þar lán fyrir hugverki sem óvíst var að yrði einhvern tímann að veruleika. Mönnum þótti nefnilega betra að fjárfesta í hlutabréfum eða álíka „haldbærum“ hlutum sem skiluðu skjótum og öruggum gróða. Fyrirtæki á borð við FL Group og Samson heyra nú sögunni til en fólkið í landinu man hins vegar eftir Mýrinni, Veðramótum og Englum alheimsins.

Hinn íslenski kvikmyndagerðarmaður þurfti þá og þarf enn að treysta á fjármagn frá kvikmyndasjóði Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Og þeir eru eflaust margir sem liggja á bæn um þessar mundir og biðja til æðri máttarvalda að niðurskurðarhnífurinn ógurlegi sneiði framhjá lífæð íslenskra kvikmynda. Minni fjárframlög til sjóðsins þýða einfaldlega fátæklega kvikmyndaframtíð á Íslandi. Og á því þarf þjóðin ekki að halda.

**Brúðguminn nú þegar kominn með verðlaun**

Ef smyrja ætti nafni einhvers Íslendings á Edduverðlaunin mætti jafnvel nefna þau upp á nýtt og kalla þau Baltasarsverðlaunin. Baltasar Kormákur gæti í ár slegið Íslandsmet í Eddum talið en kvikmynd hans Brúðguminn er tilnefnd til fjórtán verðlauna sem er met. Myndin hefur þegar tryggt sér ein; fyrir besta karlleikara í aukahlutverki. Sjálfur hefur leikstjórinn hlotið sex Eddur fyrir verk sín og verður að teljast líklegt að þeim fjölgi töluvert á sunnudagskvöldið. Óskar Jónasson og Valdís Óskarsdóttir gætu þó gert honum skráveifu með myndum sínum Reykjavík-Rotterdam og Sveitabrúðkaupi þótt það verði að teljast fremur ólíklegt.

**Enginn veit hvað verður**

Á meðan kvikmyndageirinn hafði úr litlu að moða naut sjónvarpsframleiðslan hins vegar góðs af góðærinu. Stórfyrirtækin í landinu sáu sér leik á borði og þótti fjárfesting í íslensku sjónvarpi eitthvað sem vit væri í. Áhorfstölurnar sýndu enda og sönnuðu að öll íslenska þjóðin horfði á leikið íslenskt efni.

Fyrir ári fögnuðu sjónvarpsframleiðslufyrirtækin síðan ákaft þegar Ríkissjónvarpið skrifaði undir samning við Ólafsfell, fyrirtæki Björgólfs Guðmundssonar. Þar með átti RÚV loksins að öðlast almennilega getu til að framleiða leikið íslenskt efni eftir langt tímabil þar sem lítið fór fyrir innlendri framleiðslu. Tvær sjónvarpsþáttaseríur, sem framleiddar voru með hjálp Ólafsfells, hafa þegar litið dagsins ljós: Mannaveiðar og Svartir englar.

Efnahagshrunið hefur hins vegar gert það að verkum að alls er óvíst með frekari þátttöku fyrirtækisins og menn horfa til Efstaleitis og spyrja sig hvað ríkisstofnunin muni taka til bragðs. Óhugnanlegt yrði til þess að hugsa ef RÚV myndi hverfa til þess tíma þegar eina framlagið til leikins efnis í sjónvarpi var Spaugstofan og eitt stykki Áramótaskaup á ári.

Spennan í kringum tilnefningarnar til bestu sjónvarpsþáttanna hefur sjaldan eða aldrei verið meiri og nánast útilokað að spá fyrir um sigurvegara. Eitthvað segir manni þó að Daníel, Ólafur Ragnar og þursinn hann Georg í Dagvaktinni eigi eftir að hirða upp nokkur verðlaun þótt glæpaseríurnar Pressa, Mannaveiðar og Svartir englar hafi einnig farið ágætlega ofan í sjónvarpsáhorfendur á árinu sem er að líða.

**Gamalreyndir og nýir berjast um styttu**

Þrátt fyrir að sjónvarps- og kvikmyndaflokkarnir njóti mestu athyglinnar eru ákaflega spennandi liðir óupptaldir – heimildarmyndir og stuttmyndir.

Íslenskir stuttmyndaleikstjórar hafa farið á kostum undanfarin ár, sópað að sér verðlaunum á hinum ólíklegustu hátíðum og haldið íslenskri kvikmyndagerð á lofti úti í hinum stóra heimi. Stórvinirnir Rúnar Rúnarsson og Grímur Hákonarson hafa farið þar fremstir í flokki með kvikmyndum á borð við Síðasta bænn í dalnum og Bræðrabyltu.

Rúnar er mættur aftur til leiks með stuttmynd sína 2Birds sem þegar hefur hlotið urmulinn allan af alþjóðlegum viðurkenningum og verðlaunum. Kvikmyndaheimurinn íslenski bíður svo í ofvæni eftir því að Rúnar klári nám sitt í Kaupmannahöfn og snúi sér að gerð kvikmynda í fullri lengd.

Heimildarmyndirnar að þessu sinni eru nokkuð sérstakar. En þar mætast óreyndir og nánast óþekktir kvikmyndagerðarmenn og svo vel þekktir góðkunningjar Eddunnar. Páll Steingrímsson er óþarft að kynna; náttúrulífsmyndir hans eru töfrandi heimur sem lætur engan ósnortinn. Hilmar Oddsson reynir fyrir sér í fyrsta sinn sem heimildarmyndagerðarmaður þegar hann leitar að púslum í púsluspil myndarinnar af þýska listamanninum Dieter Roth. Ásthildur Kjartansdóttir mætir svo með síðasta bútinn úr þríleik sínum um danshöfundinn Ernu Ómarsdóttur í kvikmyndinni Þetta kalla ég dans.

Þessir þrír gamalreyndu kvikmyndagerðarmenn eiga í höggi við nýgræðinga í faginu sem hafa sýnt að þeir kunna þó ýmislegt fyrir sér. Kjötborg eftir þær Helgu Rakel og Huldu Rós fjallar um síðustu smákaupmennina í Reykjavík; bræðurna Gunnar og Kristján í Kjötborg. Myndin hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og hreppti meðal annars aðalverðlaunin á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg. Önnur mynd er svo Ama Dablam-Beyond the Void eftir Ingvar Þórisson. Í henni klífur hann hið mannskæða fjall Ama Dablam með kvikmyndagræjurnar á bakinu ásamt Simon Yates úr Touching the Void.



**SIGURSTRANGLEG** Brúðgumi Baltasars Kormáks fékk fjórtán tilnefningar. Guðný Halldórsdóttir, leikstjóri Veðramóta, kynntist því þó af eigin raun að tilnefningafjöldi skiptir litlu máli þegar á hólminn er kominn.



**BLÓMLEGT SJÓNVARPSÁR** Svartir englar, Pressa, Latibær, Dagvaktin og Mannaveiðar eru ágæt dæmi um þá grósku sem ríkir í sjónvarpsgeiranum. Íslenska efnahagshrunið gæti þó sett strik í reikninginn í þeirri framleiðslu.




**ÓSKABARNIÐ** Rúnar Rúnarsson og stuttmynd hans 2Birds hefur sópað að sér erlendum verðlaunum. Íslenski kvikmyndaheimurinn bíður nú spenntur eftir að Rúnar klári sitt nám og geri mynd í fullri lengd.




**KJÖTBORG** Heimildarmyndin um bræðurna í Kjötborg hefur heillað marga. Myndin fékk meðal annars aðalverðlaunin á Skjaldborgarhátíðinni.

## SIGURVEGARAR SÍÐUSTU ÁRA

**1999** **UNGFRÚIN GÓÐA OG HÚSIÐ** Leikstjóri: Guðný Halldórsdóttir

**2000** **ENGLAR ALHEIMSINS** Leikstjóri: Friðrik Þór Friðriksson

**2001** **MÁVAHLÁTUR** Leikstjóri: Ágúst Guðmundsson

**2002** **HAFIÐ** Leikstjóri: Baltasar Kormákur

**2003** **NÓI ALBÍNÓI** Leikstjóri: Dagur Kári Pétursson

**2004** **KALDALJÓS** Leikstjóri: Hilmar Oddsson

**2005** **VOKSNE MENNESKER** Leikstjóri: Dagur Kári Pétursson

**2006** **MÝRIN** Leikstjóri: Baltasar Kormákur

**2007** **FORELDRAR** Leikstjóri: Ragnar Bragason





**SKRAPPDAGURINN** verður haldinn í dag í Breiðholtsskóla. Húsið verður opið frá klukkan 12.00 til 19.00 og er aðgangur ókeypis. Sýnt verður hvernig hægt er að búa til myndabox, jólakúlur og margt fleira.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Patti lagersala
landsins mesta úrval af sófasettum
VERÐHRUN
Íslensk framleiðsla
Yfir 200 tegundir af sófasettum
verð frá
kr. 69.900,-
Verðdæmi :
Roma Verð kr. 139.900,-
Aspen Verð Kr. 174.900,-
Aspen-Lux Verð Kr. 269.900,-



Bonn Verð Kr. 153.900,-
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16



Klukkan nákvæmlega 13.35 í dag verður sérstaklega mikil fjara fyrir botni Hvalfjarðar og þangað ætlar Úlfar í leit að kræklingum. Hann vonast til þess að vinir sínir fylgi honum eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Reiknar út flóð og fjöru

**Helgarplan Úlfars Linnet ræðst af því hvort hann nær að fá vini sína, sem ætluðu í fjallgöngu, til að gera einmitt öfugt og ganga með sér niður í fjöru. Ef það tekst verður slegið upp heljarinnar kræklingaveislu.**

Úlfar Linnet, ráðgjafi hjá Landsvirkjun, er með helgarplan sem hann vonast til að gangi upp.

„Ég var að skoða síðuna www.easytide.ukho.gov.uk en þar er hægt að reikna út flóð og fjöru víðs vegar um heiminn viku fram í tímann. Þar komst ég að því að í dag klukkan nákvæmlega 13.35 verður sérstaklega mikil fjara fyrir botni Hvalfjarðar. Mig langar til að fá vini mína sem ætluðu í fjallgöngu til að gera einmitt öfugt og ganga með mér niður í fjöru, tína krækling og halda svo heljarinnar kræklingaveislu. Það eina sem gæti eyðilagt þetta plan er ef þeir vilja ekki koma með, segir Úlfar sem ætlar þá bara einn í gúmmístígvélunum sínum. „Ef svo fer verður þó eitthvað lítið úr kræklingaveislunni," segir hann ögn niðurlútur en er þó um leið vongóður um að geta snúið vinum sínum.

Fleiri vinamót eru fyrirhuguð hjá Úlfari en um aðra helgi verður fyrsta „reunion" 1996 útskriftarárgangs Lækjarskóla haldið, tólf árum eftir útskrift. „Við erum nefnilega í tylftar talnakerfinu sjáðu til." Langt er síðan Úlfar og félagar úr Lækjarskóla byrjuðu að skipuleggja endurfundina. „Við leggjum mikla áherslu á að hafa þetta ódýrt svo allir geti komist. Skólasystir mín reddaði sal og ég ætla að taka fram stóra fjörutíu lítra pottinn minn sem ég á einhverra hluta vegna í fórum mínum og elda chili con carne ofan í mannskapinn. Þar er kjötið drýgt með gómsætum baunum og ætti fögnuðurinn ekki að kosta meira en meðal bíóferð." *vera@frettabladid.is*



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854




Vörur úr lífrænni ræktun er ávísun á betri heilsu og bragð!

Heilsa býður upp á fjölbreytt úrval af lífrænt ræktaðri matvöru frá BIONA, einum virtasta framleiðanda á sínu sviði. BIONA er fyrir kröfuharða neytendur sem vilja hágæða vottaðar matvörur sem fullnægja ströngustu kröfum um umhverfisvæna- og lífræna ræktun án skordýraeiturs, tilbúins áburðar og erfðabreyttra matvæla. BIONA hentar öllum sem kjósa hollustu og heilnæmt fæði.

*BIONA vörurnar fást í Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu Akureyri, Fjarðarkaupum, Nóatúni, Krónunni, Samkaup/Úrval, Blómaval, Maður Lifandi, og Melabúðinni.*

heilsa –hafðu það gott



**HEIMILISIÐNAÐARFÉLAG ÍSLANDS** heldur nokkur örnámskeið í dag frá klukkan 12 til 16. Meðal þess sem þátttakendur geta lært að búa til eru heklaðar jólaseríur, brjóstsykur og þæfðar jólakúlur og jólahjörtu.


LAGERSALA
LAGERSALA

Opið hús í Heildverslun að Dalshrauni 17, Hafnarfirði, fimmtudaga frá kl. 12-18 og laugardaga frá kl. 12-15.

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA

KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN


# Nám í sýndarveruleika

**Í Tækniskólanum má finna fjölbreyttar námsbrautir og skóla. Margmiðlunarskólinn er þar á meðal en nemendur þurfa að ljúka námi á framhaldsskólastigi áður en þeir hefja þar nám.**

„Margmiðlunarskólinn er undir Upplýsingatækniskólanum sem er hluti af Tækniskólanum. Margmiðlunarskólinn er skóli á hærra skólastigi. Þetta er ekki framhaldsskóli heldur viðbótarnám til háskólaeininga og inntökuprófin í þennan skóla eru stúdentspróf eða sambærilegt nám, það er útskrift úr framhaldsskóla,“ útskýrir Bjargey Gígja Gísladóttir, skólastjóri Upplýsingatækniskólans.

Nám í Margmiðlunarskólanum er tveggja ára nám og kennd er margmiðlunarfræði, hreyfimyndagerð, þrívíddarhönnun og viðmótshönnun, sem er vefsmíði og vefforritun. „Námið endar á því að nemendur sérhæfa sig í hreyfimyndagerð, þrívíddarhönnun eða margmiðlun og vefforritun,“ segir Bjargey og bætir við að námið sé mjög verklegt. „Við vinnum með verkefnin eða „konseptið“ alla leið þannig að nemandinn endar með fullbúið verkefni sem er eins konar útskriftarverkefni. Það eru þrjár verklegar annir og síðasta önnin er þá vinnustofa undir leiðsögn kennara og snýst þá um lokaverkefnið,“ segir Bjargey og nefnir að á hverju hausti séu teknir inn um það bil 36 nemendur og eru nemendur flestir á bilinu 20 til 30 ára en enginn yngri en 18 ára þar sem það er aldurstakmarkið. Núna eru um sextíu nemendur í skólanum.

Að sögn Bjargeyjar hafa kynjahlutföllin verið nokkuð jöfn og hafa frekar jafnast út heldur en hitt.




Bjargey segir nemendur Margmiðlunarskólans hingað til hafa gengið að störfum sem vísum að námi loknu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta nám hentar ekki síður stelpum mjög vel og þeim þykir námið spennandi. Stúlkum hefur fjölgað og þá sérstaklega í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum en núna held ég að það sé nokkuð jöfn skipting, kannski ívið fleiri strákar.“

Fjölbreytt störf standa til boða að námi loknu og oftast ganga nemendur Margmiðlunarskólans að störfum vísum strax eftir útskrift. „Hugbúnaðarhúsin taka við töluvert mörgum við vefsmíðar og viðmótshönnun. Svo er það þrívíddin og þar eru fyrirtæki eins og Gagarín, CCP, Latibær og Eve Online en auk þess er mikil þrívíddarvinna í auglýsingum og slíku. Yfirleitt hefur verið beðið eftir þessum krökkum og flestir eru komnir með vinnu áður en þeir útskrifast,“ segir Bjargey ánægð.



Nám í Margmiðlunarskólanum býður upp á fjölbreytt störf, til dæmis við tölvuleikinn Eve Online.

*hrefna@frettabladid.is*





Ný t

## Tæknimenntaskólinn

- Almenn námsbraut
- Náttúrufræðistúdent - Flugtækni
- Náttúrufræðistúdent - Skipstækni
- Náttúrufræðistúdent - Raftækni
- Náttúrufræðistúdent - Véltækni
- Stúdentspróf af list- og starfsnámsbrautum
- Tæknistúdentspróf (frumgreinanám)

## Byggingatækniskólinn

- Veggfóðrunar- og dúklagningabraut
- Tækniteiknun
- Múrsmíðabraut
- Málarabraut
- Húsgagnasmíðabraut
- Húsgagnabólstrun
- Húsasmíðabraut
- Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina



Á grunnnámskeiðinu er farið í helstu aðgerðir Photoshop-forritsins. MYND/NTV

# Leikið með ljósmyndir

**Photoshop-námskeið getur verið sniðug jólagjöf og tilvalin fyrir þá sem eru með tölvuna fulla af myndum sem sjaldan líta dagsins ljós.**

Hjá Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum er bæði boðið upp á grunn- og framhaldsnámskeið í myndvinnslu. Á grunnnámskeiðinu öðlast nemendur grundvallarþekkingu á Photoshop-forritinu sem gerir þeim kleift að vinna með stafrænar ljósmyndir. Farið er yfir margar helstu aðgerðir forritsins og þá meðal annars farið í uppbyggingu og upplausn ljósmynda og lært að laga þær til.

Þetta er því til dæmis tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja gera eitthvað sniðugt við þann fjölda mynda sem gjarnan safnast upp í heimilistölvunni.

Grunnnámskeiðið hefst 22. janúar en nánari upplýsingar er að finna á ntv.is.

*-ve*










## Raftækniskólinn
- Grunnnám rafiðna
- Grunnnám rafiðna - hraðferð
- Kvikmyndasýningastjórnun
- Rafeindavirkjun
- Rafveituvirkjun
- Rafvélavirkjun
- Rafvirkjun
- Hljóðtækni

## Fjölmenningarskólinn
- Sérdeildir
- Nýbúabraut

## Hársnyrtiskólinn
- Hársnyrtiðn

## Upplýsingatækniskólinn
**Upplýsinga- og fjölmiðlabraut**
- Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina
- Bókband
- Grafísk miðlun (prentsmíð)
- Kvikmyndagerð
- Ljósmyndun
- Prentun

**Tölvubraut**
- Forritun, nettækni, tölvutækni

**Margmiðlunarskólinn**

## Skipstjórnarskólinn
- Skipstjórn A (< 24 metrar)
- Skipstjórn B (< 45 metrar)
- Skipstjórn C (Öll fiskiskip + 3000 BT)
- Skipstjórn D (Öll skip, alþjóðaréttindi)

## Véltækniskólinn
- Vélstjórn A (VA og ≤750 kW)
- Vélstjórn B ( ≤1500 kW)
- Vélstjórn C ( ≤3000 kW)
- Vélstjórn D (Vélfræðingur)

## Hönnunar- og handverksskólinn
- Grunnnám fataiðnbraut
- Fatatæknir
- Almenn hönnun
- Almenn hönnun – hraðbraut
- Fataiðnbraut - kjólasaumur
- Fataiðnbraut - klæðskurður
- Gull- og silfursmíði
- Handverkshönnun

## Endurmenntunarskólinn
- Meistaraskólinn, dagskóli
- Meistaraskóli, kvöldskóli
- Framleiðslustjórnun
- Lýsingarfræði
- Mótun
- Rafeindavélfræði
- Diplóma nám í rekstri og stjórnun
- Hljóðtækni

**Innritun í dagskóla fyrir vorönn 2009 lýkur 21. nóvember.**
Innritun í kvöldskóla og fjarnám lýkur 30. desember.
Allar nánari upplýsingar á **www.tskoli.is** og í síma **514 9000**.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

**TÍSKUSÝNING** verður haldin í innisundlaug Laugardalslaugar klukkan 8.00 í kvöld. Nemendur á fataiðnbraut Tækniskólans standa fyrir sýningunni í samstarfi við Unglist.



# Armbönd og ullarvettlingar

**Kópavogsdeild Rauða kross Íslands stendur fyrir handverksmarkaði í húsnæði sínu í Hamraborg þar sem ýmislegt handverk verður til sölu til styrktar Rauða kross-deildinni í Mapútó-héraði í Mósambík.**

„Þetta er í fyrsta skipti sem við erum með handverksmarkað og einnig erum við með fleiri hópa sjálfboðaliða en við höfum áður verið með,“ segir Dögg Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands. „Markaðurinn hefur alltaf verið fatamarkaður en á þessari önn ákváðum við að reyna eitthvað nýtt og hafa handverksmarkað.“

Kópavogsdeildin er í vinadeildarsamstarfi við deild Mapútó-héraðs í Mósambík og því mun allur ágóði markaðsins renna til þeirra deildar. Mósambík er lýðveldi í sunnanverðri Afríku með landamæri að Suður-Afríku, Svasílandi, Tansaníu, Malaví, Sambíu og Simbabve. Landið fékk sjálfstæði árið 1975 eftir vopnaða baráttu, en Mósambík var portúgölsk nýlenda fram að því

Að sögn Daggar er markaðurinn tvískiptur. „Annars vegar er handverk sjálboðaliða Rauða krossins sem hafa verið hjá okkur og hins vegar handverk frá Mósambík. Prjónaðar peysur, vettlingar, sokkar, og þæfðir treflar blandast mósambískum batíkmyndum, töskum, hálsfestum og armböndum.Unglingar í ungmennastarfinu hjá okkur bjuggu líka til brjóstsykur og hópur yngri barna skreytti bæði jólakort og jólamerkimiða sem verða til sölu,“ segir hún.



Prjónaðar peysur, teppi, vettlingar og sokkar verða til sölu á handverksmarkaði Rauða krossins. Ungir sjálfboðaliðar sáu um að raða öllu upp fyrir daginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Auk þess að vera með almennan markað verður einning uppboð í salnum. „Við verðum með þögult uppboð á nokkrum hlutum frá Mósambík á lágmarkstilboði sem fólk getur boðið í.“

Markaðurinn er lokaverkefni sjálfboðaliðaáfanga nemenda við Menntaskólann í Kópavogi og er haldinn einu sinni á önn. „Ágóðinn hefur áður runnið í almennan hjálparsjóð Rauða krossins en núna erum við með þrengri fókus á þessu,“ segir Dögg.

Handverksmarkaðurinn verður haldinn í dag í húsi Kópavogsdeildar Rauða krossins að Hamraborg 11 á annari hæð. Markaðurinn verður opinn frá klukkan 10.00 til klukkan 18.00, og er tilvalinn staður fyrir jólagjafainnkaup til styrktar góðu málefni.

*agnesosk@frettabladid.is*



Dagskrá Dags orðsins fer að stórum hluta fram í Grafarvogskirkju.

# Í minningu séra Friðriks

**Dagur orðsins er yfirskrift dagskrár í Hólavallagarði og Grafarvogskirkju á sunnudag. Hún er tileinkuð séra Friðriki Friðrikssyni á 140 ára fæðingarafmæli hans.**

Dagskráin hefst klukkan 9 með minningarstund í Hólavallagarði við Suðurgötu, þegar blómsveigur verður lagður á leiði séra Friðriks og Karlakórinn Fóstbræður syngur, en fulltrúar Vals, KFUM og KFUK, Hauka og Bandalags íslenskra skáta taka þátt.

Frá Hólavallagarði færist dagskráin yfir í Grafarvogskirkju þar sem flutt verða þrjú erindi um séra Friðrik frá klukkan 10 til 10.40, en erindin flytja Þórarinn Björnsson guðfræðingur, Hilmar Foss, löggiltur skjalaþýðandi, og Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttastjóri og skáld.

Dagskránni lýkur með messu klukkan 11 þar sem prestar Grafarvogskirkju þjóna fyrir altari og þrír kórar syngja. Á sama tíma er sunnudagaskóli í kjallara kirkjunnar og boðið upp á léttar veitingar að messu lokinni í safnaðarsal.

*- þlg*



Hátíðarfatnaðurinn frá Gerry Weber og Taifun komin
GLÆSIJAKKAR Í SKÆRUM LITUM
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Stökktu til
Kanarí
26. nóv.
Frá kr. 79.990

Frábær ferð - 24 nætur
Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 26. nóvember í 24 nætur á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og fjórum dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað í rúmar 3 vikur á ótrúlegum kjörum.
Verð kr. 79.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / studíó / íbúð í 24 nætur. Stökktu tilboð 26. nóvember.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

LAGERSALA
Guðrún Tískuhús
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077
Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-15

HANSKADAGAR
30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM RÚSSKINNSHÖNSKUM
3 daga frá fimmtudegi til laugardags

( 2.800.- kr.)
Nú 1.960. kr.
Tösku og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 15. NÓVEMBER 2008



**HÖNNUN**

## Möguleikar Múlalunds

**HEIMILIÐ**

## Rómantískt sveitasetur

**INNLIT**

## Uppgert hús í Hafnarfirði

FRÉTTABLAÐIÐ




**Á ils.is getur þú:**
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

**Önnur þjónusta á ils.is:**
- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

## Kynntu þér lánakjörin á ils.is

**Greiðslumat**
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

**Lánsumsókn**
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður



HEIMILISHALD
ROALD EYVINDSSON

# Hótel mamma

Ég krækti mér í hræðilega pest um daginn og þegar ástandið var sem verst sá ég ekki annað í stöðunni en að leita á náðir foreldra minna þar sem betri helmingurinn var í burtu. Hugsaði að ef pestin drægi mig nú til dauða sæi að minnsta kosti einhver um að koma jarðneskum leifum mínum í skikkanlegt horf áður en líkbíllinn liti við.

Heimsókn til foreldra minna minnir svolítið á hryllingsmyndina Birds, þótt réttnefnið væri sjálfsagt Cats. Foreldrar mínir búa í snyrtilegu einbýlishúsi vestur í bæ, umsetnu af köttum dag sem nótt, sem vita að þar er yfirleitt nóg að éta þar sem heimilismennirnir moka í þá fóðri. Maður tiplar varfærnislega milli glorsoltinna loðskinnanna, logandi hræddur um að eitt feilspor geti kostað mann auga, eyra eða jafnvel eista.

Daginn sem ég leitaði á náðir foreldra minna hafði einn þessara yndislegu heimilisvina, skógarköttur á stærð við ljón, hreiðrað um sig í húsinu, og deildi með mér gamla herberginu mínu meðan á dvölinni stóð.

Herberginu mínu hefur sumpart verið haldið óbreyttu síðan ég flutti að heiman fyrir áratug, sem er ótrúlegt í ljósi þess hversu nýjungagjörn mamma er. Rúmið er á sínum stað, líka fataskápurinn sem er fullur af gömlum fötum og glósubókum, og uppi á vegg blasir við stúdentsmyndin tekin á ljósmyndastofu Lárusar Long. Að vissu leyti er þetta þægilegt þar sem hægt er að ganga að flestu vísu. Á móti má kannski segja að það sé svolítið óhugnanlegt að hugsa til þess að herbergið sé svipað og þegar maður flutti að heiman, svona eins og því hafi verið við haldið til minningar um látinn mann.

Ég hafði síðan ekki gist nema eina nótt þegar mér varð ljóst að með því að flytja tímabundið í foreldrahús hafði ég afsalað mér öllum réttindum sem ég hafði áunnið mér á fullorðinsárunum. Í kjölfars hvers símtals þurfti ég að gefa nákvæma skýrslu um hver hafði hringt og kæmi í ljós að ég hafði uppi ráðagerðir um að hitta viðkomandi aðila varð ég að lýsa í smáatriðum hvar og hvernig sá fundur kæmi til með að fara fram.

Í fyrstu fór þetta ógurlega í taugarnar á mér og ég hugsaði að yrði pestin mér ekki að aldurtila þá myndu þriðju gráðu yfirheyrslurnar ljúka verkinu. Smám saman fór mér hins vegar, á einhvern undarlegan hátt, að líka spurningaflóðið sem ómerkilegustu athafnir virtust framkalla og mundi varla eftir að hafa fengið aðra eins athygli í háa herrans tíð. Ég fór að sjá mig með augum foreldra minna sem álitu mig greinilega ævintýragjarnan náunga, mann sem lifði úti á ystu nöf. Verst var að þegar ég fór aftur í vinnuna virtist enginn koma auga á þennan spennandi gæja. Eina ráðið til að upplifa sig sem hálfgert rokkgoð virðist því vera að kíkja reglulega með sængina í heimsókn til mömmu og pabba.





● **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók mynd á heimili Alice Olivia Clarke og Kára Eiríkssonar **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.




**Gamaldags standandi baðker setur punktinn yfir i-ið.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Heimagert fjölskylduspa

● Þóra Ólafsdóttir var lengi búin að ganga með draumabaðherbergið í maganum og réðst í framkvæmdir í sumar. Nú er sveitabaðið einn helsti samkomustaður fjölskyldunnar.

Listförðunarfræðingurinn Þóra Ólafsdóttir býr á rómantísku sveitasetri við Elliðaárvatn. Hún er með hesthús á lóðinni og sveitastemningin svífur yfir vötnum. Í sumar réðst hún í breytingar á baðherberginu sem er nú einn helsti samkomustaður fjölskyldunnar.

„Okkur finnst útkoman svo notaleg að við erum hérna stundum öll í einu. Einn fer í sturtu og aðrir í bað,“ segir Þóra glöð í bragði en jafnvel gestir hafa fengið að demba sér í sturtu eða bað. „Við tókum niður vegg og fengum þannig meira rými en hér var áður



**Þóra valdi gráar Mustang-flísar frá Harðviðarvali á gólfið sem koma vel út á móti hvítmáluðum panelveggjum.**

heitur pottur. Ég lét svo múra fyrir mig sturtuklefa með ítölskum náttúruflísum og þakti botninn með náttúrusteinum. Við keyptum svo gamaldags standandi baðker í Baðheimum sem mér finnst eiga sérstaklega vel heima hérna úti í sveit.“

Innréttingarnar fékk Þóra í versluninni Heimili og hugmyndir. „Þetta er belgísk innrétting sem hefur yfir sér gamaldags yfirbragð en það höfðar sérstaklega vel til mín.“

Þóra starfar sem smínka á RÚV ásamt því að sjá um sérauglýsingar fyrir Morgunblaðið. Hún er auk þess með förðunarnámskeið í Airbrush and Make up School að Köllunarklettsvegi. Hún hefur því nóg á prjónunum en lætur líða úr sér með baðbombu og kerti í sveitabaðherbergi.

*- ve*

## Hönnun

● **NÝ ÍSLENSK SKARTGRIPAHÖNNUN** Nýjasta skartgripalína Guðbjargar Kristínar Ingvarsdóttur, sem hannar undir nafninu Aurum, kallast Yuka. Skartið endurspeglar fíngerðar línur og smáatriði sem sótt eru í japanska menningu.

Í dag opnar Aurum stærri og glæsilegri verlsun að Bankastræti 4 þar sem nýja línan verður kynnt. Þarna gefst gott tækifæri til að berja íslenska hönnun augum, en Guðbjörg Kristín lærði gullsmíði og skartgripahönnun í Kaupmannahöfn. Í hönnun sinni hefur hún unnið með náttúruleg munstur og form og þykir hafa fágaðan og persónulegan stíl.



**Yuka er heiti nýrrar skartgripalínu sem kynnt verður í Aurum í dag.** MYND/AURUM





30% AFSLÁTTUR!
JÓLATILBOÐ
CHERY
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 349.850 kr.
NÚ 244.895 kr.
= 104.955 kr. AFSLÁTTUR!
REKKJUNNAR
PRIME
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 247.181 kr.
NÚ 173.027 kr.
= 74.154 kr. AFSLÁTTUR!
VIKTORIA
Rúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 339.900 kr.
NÚ 237.930 kr.
= 101.970 kr. AFSLÁTTUR!
GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR
Í REKKJUNNI FÆRÐU GJÖF HANDA ÞÍNUM NÁNUSTU SEM GERIR HVERJA NÓTT GÓÐA NÓTT
20% AFSLÁTTUR!
HEILSUKODDAR
í miklu úrvali á einstöku jólatilboði
VERÐ FRÁ 5.900 KR
KAUFFMANN
Hitajöfnunar dúnsængurnar frá Kauffmann sem hafa farið sigurför um heiminn.
10% AFSLÁTTUR!
Verð frá 26.010 kr.
MIKIÐ ÚRVAL AF SÆNGURFÖTUM Á ÓTRÚLEGU JÓLATILBOÐI
20% AFSLÁTTUR
Verð frá 4.240 kr.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

MIRALE

TILBOÐ
40% afsláttur
af ávaxtakörfunni
frá ALESSI
laugardag og sunnudag



ALESSI

kr. 10.000,-
áður kr. 17.280,-
takmarkað magn

Verið velkomin
í FÁKAFEN 9

MIRALE
Fákafeni 9
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
mán.–föstud. 11–18
laugardag 11–16
sunnudag 13–16
www.mirale.is



Hópurinn sem vann að vöruþróun með Múlalundi. Frá vinstri: Guðrún Valdimarsdóttir, Jindrich Vodica, Guðrún Hjörleifsdóttir og Edda Jóna Gylfadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Arna Rut Þorleifsdóttir gerði margar litlar buddur sem saman mynda eina tösku.



Guðrún Valdimarsdóttir hannaði kortaveski.

# Möguleikar í Múlalundi

● Nemendur í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands skiluðu á dögunum af sér hugmyndum að nýjum vörum fyrir íslensk framleiðslufyrirtæki. Margir vilja meina að vöruþróun og nýsköpun sé einmitt það sem samfélagið þarf í dag.

„Við vorum fimm sem völdum okkur Múlalund til að vinna með en kúrsinn gekk út á að vinna með framleiðslufyrirtækjum í 105 Reykjavík,“ útskýrir Guðrún Hjörleifsdóttir, nemi á þriðja ári í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands.

Nemendurnir fóru inn í fyrirtæki og skoðuðu hvað hægt væri að framleiða og unnu hugmyndir út frá því. Fyrirtækin fengu svo nýja framleiðsluvöru út úr verkefninu.

„Við vorum hérna nánast alla daga og samstarfið gekk rosalega vel. Hörður, sá sem er yfir á verkstæði, var alltaf tilbúinn til að hjálpa okkur ef eitthvað var og starfsfólkið leiðbeindi okkur á tækin og var mjög liðlegt. Við framleiddum síðan vörurnar sjálf. Það eru miklir möguleikar hjá Múlalundi til að framleiða eitthvað nýtt og það var alveg ótrúlegt ævintýri að fá að prófa vélarnar og sjá hvernig hlutirnir virka. Við erum ánægð með útkomuna.“

Áfanginn er nú kenndur í þriðja skiptið við Listaháskólann en umsjón með verkefninu hafði Hrafnkell Birgisson vöruhönnuður. Auk Guðrúnar Hjörleifdóttur unnu Arna Rut Þorleifsdóttir, Edda Jóna Gylfadóttir, Guðrún Valdimarsdóttir og Jindrich Vodica, skiptinemi frá Tékklandi, með Múlalundi. Afrakstur samvinnunnar er nú til sýnis í Múlalundi. *- rat*



Guðrún Hjörleifsdóttir gerði skipulagskassa á vegg sem koma í staðinn fyrir skúffur, hólf eða möppur.



Jindrich Vodica gerði geymsluhólf sem selja mætti í metratali og væri hægt að hengja upp hvar sem er.

## Nýjungar frá Kitschfríði

Kitschfríður hefur nú útbúið kaffihettur og glasamottur úr handþæfðri og litaðri, íslenskri ull. Einnig bætist í fatalínuna og nú eru í henni húfur, kragar, pils og peysur en Kitschfríður hannar auk þess föt eftir séróskum.

Hönnuðurinn á bak við Kitschfríði heitir Sigríður Ásta Árnadóttir og hefur hún getið sér gott orð fyrir litríkan og frumlegan stíl. Á heimasíðu Kitschfríðar www.internet.is/kitschfriður, segir meðal annars: „Fatalína Kitschfríðar er öll úr ull. Kitschfríður þæfir, litar, klippir og saumar út, engar tvær flíkur eru eins. Hráefnið er gjarnan gamlar peysur, en einnig má nefna til sögunnar gömul ullarteppi, perlufestar, hnappa og svo auðvitað nýja ull í bland.“

Verk Kitschfríðar eru til sölu í Kirsuberjatrénu á Vesturgötu. *- hs*



Glasamotturnar eru afar litríkar og skemmtilegar á að líta. Kjörin tækifærisgjöf. MYND/KITSCHFRÍÐUR



Kaffihetturnar eru úr litaðri og þæfðri íslenskri ull. MYND/KITSCHFRÍÐ



Peysurnar hennar Kitschfríðar eru orðnar margar talsins og sífellt bætast fleiri í hópinn. Þær fást í Kirsuberjatrénu en auk þess er hægt að koma með sérpantanir. MYND/KITSCHFRÍÐUR



Þessir nýju kragar eru heklaðir á rúllukragahálsmál og hnepptir upp eftir öxlinni. Það má því auðveldlega skreyta sig með þeim án þess að skemma fínu hárgreiðsluna. MYND/KITSCHFRÍÐUR






JUST DO IT.

# NIKE DAGAR

## Útilíf

**13.-16. nóvember**

## 20% afsláttur

af nike vörum á alla fjölskylduna

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

# Sígildur söfnunargripur

Skeiðin í ár einkennist af þremur kertum sem eru kristleg tákn og skírskota í hina heilögu þrenningu. Kertin verða einkennandi fyrir þessa seríu en yfirleitt eru skeiðarnar með sama tákni tólf ár í röð," segir verslunareigandinn Hanna Sigríður Magnúsdóttur um nýju jólaskeiðina sem verslun Guðlaugs A. Magnússonar sendir frá sér í ár og verður meðal annars til sýnis í Hönnunarsafni Íslands frá og með í dag.

Hefð er fyrir því að verslunin sendi frá sér jólaskeið á hverju ári, sem nær óslitið allt aftur til ársins 1947, og verða yfir sextíu skeiðar á sýningunni sem endurspegla tíðarandann hverju sinni. Guðlaugur A. Magnússon, afi Hönnu, hóf þessa hefð, faðir hennar Magnús tók við og Hanna hefur fylgt starfi þeirra feðga eftir það.

„Þetta er menningararfur þjóðarinnar og ég er mjög stolt af því að taka þátt í sköpun hans," segir Hanna sem smíðaði ekki aðeins skeiðina í ár heldur hannaði að auki.

Skeiðin verður til sölu í Verslun Guðlaugs A. Magnússonar við Skólavörðustíg en hluti af ágóðanum af sölu hennar og annarra jólavara rennur til hjálparstarfs Kirkjunnar í ár. „Við tókum ákvörðunina í ljós áferðisins í þjóðfélaginu," útskýrir Hanna.

Sýningin á skeiðunum í Hönnunarmiðstöð Íslands stendur yfir til 1. febrúar en hægt er að fá leiðsögn um sýninguna og safnið.




Táknin á skeiðinni skírskota til hinnar heilögu þrenningar.



Hanna Sigríður Magnúsdóttir hannaði jólaskeiðina sem Verslun Guðlaugs A. Magnússonar sendir frá sér í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Íslensk innanhússhönnun



Í versluninni Parka fást skrifstofuhúsgögn frá Á. Guðmundssyni sem eru teiknuð af Goform.

Teiknistofan Goform, sem er rekin af þeim Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur og Oddgeiri Þórðarsyni, tekur að sér innanhússhönnun fyrir heimili og fyrirtæki.

Í mörg ár hefur teiknistofan unnið að húsgagna- og innréttingahönnun með íslensku framleiðslufyrirtækjunum Á. Guðmundssyni og Brúnás innréttingum. Auk þess starfar stofan með sænsku húsgagnafyrirtæki en húsgögn Goform fást í Epal.



Eldhúsinnrétting frá Goform í sýningarsal Brúnáss, Ármúla 17.



Rimlastóll úr húsgagnalínu Goform sem framleidd er í Svíþjóð og seld í versluninni Epal.



„Ég spila á trompet og líka á flautu," segir Styrmir hress í bragði. Hann reynist líka vera flinkur teiknari.



Alice segir engan sérstakan stíl ríkja á heimilinu þar sem nýir og gamlir hlutir hafa raðast saman eins og á mósaíkverki.



Alice kennir gerð kertabakka, en um hana má lesa á www.aok.is



Mynstur af íslenskri lopapeysu notað í filmu í glugga.

# Ólýsanlega góð tilfinning

● Listakonan Alice Olivia Clarke býr í fallega uppgerðu húsi í Hafnarfirði, skammt frá vinnustofu sinni, þar sem hún kennir landsmönnum galdurinn á bak við mósaíkgerð.

„Mér finnst dásamlegt að kenna, meðal annars vegna þess að hingað kemur fólk sem vill læra og veit hvað það vill. Svo læri ég líka af nemendunum og fæ félagsskap, sem er gott jafnvægi við einveruna sem fylgir listsköpuninni," lýsir listakonan Alice Olivia Clarke fyrir blaðamanni þar sem við sitjum á heimili hennar í Hafnarfirði, uppgerðu húsi frá öndverðri 20. öld.

Alice kennir grunnatriði í mósaíkgerð á vinnustofu sinni, sem er í göngufjarlægð frá heimili hennar. Þar miðlar hún af áralangri reynslu sinni, allt frá gerð suðrænna og seiðandi mynda, á borð við þær sem er að finna á öldurhúsinu Café Oliver, og yfir í hvít og róandi verk, sem nú eru til sýnis í Saltfélaginu fram til 20. nóvember.

Heimili Alice ber skýr merki um ástríður húsfreyjunnar. Listaverk eftir heimilismenn blasa hvarvetna við. Filma í glugga, eftir Alice, fangar athygli blaðamanns og honum er tjáð að fyrirmyndin sé mynstur af íslenskri lopapeysu. Spurð hvort innblástur sé oft sóttur til íslenskrar náttúru eða kannski föðurlandsins Kanada svarar Alice: „Ég sæki alls staðar innblástur, í náttúruna, kanadískt handverk, hönnun eða textíl og fer gjarnan út fyrir rammann með því að prófa aðrar listgreinar."

Í því fara börnin að tínast inn á heimilið, sonurinn Styrmir og svo dóttirin Signý Æsa, og eftir stutt kynni kemur í ljós að þau hafa erft listræna hæfileika foreldra sinna, en Alice er gift arkitektinum Kára Eiríkssyni og saman reka þau hönnunar- og arkitektastofuna Verkstæði Arkitektur. Nýjasta verkefnið er þó samstarfsverkefni allrar fjölskyldunnar, geisladiskur sem hún hefur hljóðritað saman til að gefa í jólagjafir í ár með umslagi hönnuðu af Signýju Æsu.



Fjölskyldan samankomin í stofunni. Frá vinstri: Alice, Styrmir og Signý Æsa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við gerum þetta á hverju ári og fyrir okkur Kára sýna diskarnir hvernig börnin eru að vaxa úr grasi," segir Alice og bætir við að frábært sé að geta unnið svona verkefni saman. „Tilfinningin sem fylgir listsköpun er ólýsanlega góð, eiginlega engu lík. Eins og margir þekkja sem hafa lokið hjá mér námskeiði, en mér finnst yndislegt að sjá hvernig sumir hafa nýtt þekkinguna til ótrúlegustu verka." -rve



Húsið er frá árinu 1912 en hjónin hafa gert nokkrar breytingar á því síðustu ár.

# ego dekor












**Glerskápur**
Stærð: Br:100cm D:40cm H:190cm
Verð áður: 128.000,-
TILBOÐSVERÐ: 89.600,-

**Borðstofuborð**
Stærð: 200cmX100cm
Verð áður: 114.000,-
TILBOÐSVERÐ: 79.800,-

**Skenkur**
Stærð: Br:150cm D: 50cm H: 90cm
Verð áður: 114.000,-
TILBOÐSVERÐ: 79.800,-

## VIÐ EIGUM 10 ÁRA AFMÆLI
## GIRNILEG AFMÆLISTILBOÐ













Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is




KENWOOD

THE SPIRIT OF TASTE

Sígild gæði



multipro

**Kenwood Multipro** er 1000w MATVINNSLUVÉL með innbyggðum glerblandara og er allt í senn, matvinnsluvél, blandari og safapressa. Multipro er hannað á hæðina og aukahlutir drifnir beint upp frá mótor. Multipro er úr burstuðu stáli með steyptum álbotni og býður upp á mjög fjölhæfa vinnslu. Multipro kemur með fjölda fylgihluta sem fullnægja öllum þörfum í matargerð.

# Vel hannað hörkutól í eldhúsið

Einfaldleiki og ótvírætt notagildi eru tveir úrslita eiginleikar allrar góðrar hönnunar. **kMix** línan frá **Kenwood** er dæmi um hámarks árangur á báðum þessum sviðum. Framúrskarandi form og litaval ásamt hörku gæðum gera þessa línu að klassík frá fyrsta degi. KMX51 hrærivélin er öflug og mjög hljóðlát. Fylgihlutir eru þeytari, hnoðari og deigkrókur sem tryggir að jafnt grófar uppskriftir og hinar fíngerðustu verða sem draumadeig í höndunum. Í kMix línunni er einnig hægt að fá handþeytara, töfrasprota og blandara.





KENWOOD kMix

the art of living®

**REYKJAVÍK**
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

**AKUREYRI**
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

**HÚSAVÍK**
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

**SELFOSS**
EYRARVEGI 21
480 3700

**Heimilistæki**

ht.is

## Fellihýsi



Til sölu Fleetwood E2 fellihýsi árg. 2008. Sólarsella, útvarp og cd., skyggni, 2 geymar, 2 gaskútar. 220 volt og fullt af aukahlutum. V. 2,3 millj. Uppl. í s. 894 8509.

SVONA LÁNAKJÖR VERÐA EKKI Í BOÐI Á NÆSTUNNI!! Rokwood freedom 1910,'07. 2 gaskútar, upphengjanl. hillur, klósett, hiti í dýnum, fortjald, öflug sólarsella, öll tengi fyrir tjaldsvæði, sjónvarp/DVD, loftnet, sængur fyrir 4 og sængurver, hljóðlát miðstöð og ýmis annar búnaður s.s tilbúið í ferðalagið. Lítið notað. Metið á ca1800þ fæst gegn yfirtöku á ca. 1400 þús., ísl. lán hjá TM afb. 30þ. á mán. Frí innigeymsla til 1mai. Uppl. í síma 820 7090.

## Bátar

**Trilla eða skemmtibátur óskast**
Margt kemur til greina en þó ekki bensin bátur.. Uppl. 857 7245 og 845 2786.

Gúmmíbátar & Gallar ehf. Slöngubáta, galla og mótorviðgerðir. www.gummibatar.is - S. 660 7570.

## Hjólbarðar

JEPPADEKK.is



Mjög vel farnar 19" felgur á mjög góðum sumardekkjum. Passa undir BMW X5 og E60 120 þús. S. 662 6212 Haraldur.




Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í hálku og bleytu. Styttri hemlunarvegalengd. Meira öryggi í beygjum. Amerísk gæðadekk. Söluaðilar; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122 - Nýbarði Lyngási 8 - Garðabæ S. 565 8600.

20" vetrad. óskast til kaups undir Range Rover. Uppl. í s. 821 8355.

4 stk nagladekk microskorin 215/70R15 ek. 4þ.km. S. 564 1031.

Til sölu nagladekk ný. V. 75 þ. og dót í Kolaportið. S. 846 5340.

Til sölu nagladekk á stálfelgum, 195/65 R15. Gatastærð 4x100. Mánaðargamalt, eins og nýtt. 40 þús. Uppl. í s. 865 1410.

20" vetrad. óskast til kaups undir Range Rover. Uppl. í s. 881 8355.

Til sölu 4 goodyear dekk 255/55 R 18" negld nánast ónotuð kosta ný 200,000 fást á hálfvirði. Uppl. í síma 842 5767.

## Viðgerðir

**Bílaverkstæðið Skúffan.**
Allar almennar bílaviðgerðir. Fljót og góð þjónusta. Smiðjuvegur 11e, 200 Kóp. S. 564 1420.

## Hreingerningar

Atli Ö
Þrif & Viðhald
Hreingerningar • Flutningsþrif
Gólfbónun • Teppahreinsun
• Húsgagnahreinsun •
Sími: 662 0 662

Tek að mér þrif í heimahúsum. Uppl. í s. 821 6384.

**ERUM Með Besta Verðið**
Sérhæfum okkur í : Öll almenn þrif, Fjarlægjum múrbrot og rusl eftir iðnaðarmenn, Þrífum báta og skip einnig vélarúm. Pökkun búslóða og fyrirtækja ásamt akstri. Uppl. í s. 690 5675.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Simi 512 4010. www.vy.is

## Jólaskemmtanir




Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

## Ræstingar

**Ræsta**
Regluleg ræsting sameigna og fyrirtækja. Hreingerningar, teppahreinsun, gólfbónun. Föst verðtilboð. Simi 533 1515. www.raesta.is

## Garðyrkja







**Trjáfellingar**
Runnaklippingar, snyrting á trjágróðri. Eiríkur Sæland garðyrkjumaður s. 848 1723.

**Kreputilboð**
Bjóðum 30% afslátt af ölkum tilboðum. Fellum tré og klippum runna. Uppl í s 695 1918.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

Samningar við lánadrottna, Greiðsluerfiðleikar, Nauðasamningar, Áætlanagerð, Fjármálaráðgjöf. Sími 770 6090.

## Málarar

**Evrur og dollarar til sölu!**
**Evrur og dollarar til sölu, takmarkað magn til afhendingar hérlendis og erlendis. Uppl. í s. 618 7001**
**Uppl. í s. 618 7001**

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Lítið mál ehf. S. 896 5758.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

**Búslóðaflutningar !**
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !! Allar stærðir bíla. Uppl. í síma 555 6363 & 899 7188.

**Búslóðaflutningar**
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**A - Ö smíðar ehf.**
**Fyrirtæki, húsfélög, einstaklingar, sumarhúsaeigendur. Nýsmíði og öll almenn viðhaldsþjónusta. Uppl. í s. 847 1430, Júlíus. atilosmidar@hotmail.com**

VIÐHALDSVIRKNI
S 517-0117 & 661-0117
Málarameistari, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu. Erum að bóka inn f. veturinn og komandi ár.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
S. 517 0117 & 661 0117

**Múrun, málun, smíði, flísalögn...**
Iðnaðarmannateymi vill fleiri verkefni... (breytingar, baðherbergi, eldhús, málun íbúða...). Uppl. í s. 770 5599 - skoðið á verkadvinna.is

**Flísalagnir og múrverk**
Hjá okkur eru bara ánægðir viðskiptavinir. Ef þú vilt verða einn af þeim hringdu í s. 898 0565, Hörður.

Vantar þig að láta innrétta heimilið? Tökum að okkur innréttingar og gólfefni og margt fl. Uppl. í s. 862 8388, Ofurafl ehf.

**Verkfag ehf**
Getum bætt við okkur verkefnum í múr, málun, flot, flísalögnum, glerjun, rennum, niðurföllum ofl. Inni sem úti. Uppl. í s. 690 9855, Þórður.

Þarf að skipta um rennur eða glerja? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171.

Vantar þig pípara? Get bætt við mig verkefnum. kblagnir@gmail.com - s:8466812

Get bætt við mig verkefnum / nýsmíði,viðhald,/viðgerðir í bæði nýjum og gömum húsm áratuga reynsla. Grétar s:864-8288 gigsmidi@simnet.is

Pípulagnaþjónusta! Nýlagnir,breytingar og viðhald. Tilboð eða tímavinna. Faglærðir menn. S. 8401660 og 8401662

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - sólpallar. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

**Flísalagnir**
Flísalagnir, múrviðgerðir ogf. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 8509.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, kem á staðinn. s. 699 6735.

## Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Spádómar

Englaljós
S. 908 7000 & 863 1987
Tarot, miðlun, fyrirbænir.
Opið alla daga frá 12-01
VISA/EURO




www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Símaspá-draumráðningar: 9086414, 5535395 (Visa/MC), Símat. 10-24. Spák. Yrsa. Hringdu núna!

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir alla daga eftir kl. 13

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

RAFLIST
Löggildir rafverktakar
Getum bætt við okkur allari
Almennri raflagnavinnu,
Nýlagnir og viðaldsvinnu.
Uppl.i s. 823-8860 & 696-0502
www.raflist.is

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Simi 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

Undurverktaki getur bætt við sig verkefnum t.d. Gipsveggir, gipsloft, innihurðir, sólpallar ofl. S. 864 3162, Ingvar.

Smiðir geta bætt við sig úti og inni smíðavinnu. Parket, milliveggir, innréttingar, hurðir, gluggar og þakkantar. S. 618 5151.

2 smiðir geta bætt við sig verkefnum. Guggar - Hurðir - Gólf - Parket - Gips - OFL. Margt kemur til greina. Gott verð. S. 892 6958.

## Viðgerðir

Loftnets og símaþjónusta
Viðgerðir og uppsetningar á loftnetum, diskum, heimabíóum og flatskjám.
Loftnetstækni S. 894 2460.

## Önnur þjónusta

SENDIBÍLLINN
SÍMI
864 0855




## Til sölu





**Kreppuútsala!!!**
Sendum um allt land! Frábært verð á gamla genginu. Takmarkað magn. Rafhjól á 13.990 kr. Rafbíll á 15.000 kr. Lampi 3500.-kr Pantanir á póstverslun netlagerinn.is og í s. 865 4015. Er m/ lager í Hafnafirði og Vestmannaeyjum.



Til sölu ljósakrossar fyrir 12v, 24v, 32v og 220v. Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur, Furuvöllum 1, 600 Akureyri, sími 461 4606 pbi@akureyri.is

**Þvottavélar**
Til sölu yfirfarnar þvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. OPIÐ um helgina.

750 Evrur til sölu. 200 kr. evran. Uppl. í S. 849 6628.

Vegna fluttnng erlendis: Lazyboy, eldhúsáhöld, 3 sjónvörp, 1 rúm 105x200 m. kommóðu, olíumálningarsett, stórar plöntur ofl. S. 659 5556, enskumælandi.

Íshokkí dót, snjóbretti með öllu. Trekk hjól ca. 10-13 ára. Rafmagnsgítar, rúm ca. 2x2 og dömuföt stærð 50-52. Uppl. í s. 848 3287 & 567 5052.




Evrur til sölu bæði hér og erlendis. 200 kr evran. Uppl. í S. 841 8311.

Evrur og dollarar til sölu, mikið magn til afhendingar hérlendis og erlendis. Uppl. í S. 618 7001

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa Pfaff 1222 saumavél. Uppl. í s. 587 9132 & 663 2424.

Óska eftir GSM-posa til kaups. Uppl. í s. 692 7078.

Eldhúsinnrétting og fataskápar óskast. Uppl. í síma 896-6005

Óska eftir hvaltönnum, rostungstönnum eða náhvaldtönn. S. 663 1189 & 566 7317. Geymið auglýsinguna.

Óska eftir að kaupa ísl. frímerki & minnispeninga (tilefnismynt). S. 699 1159 & 821 1293.

Kaupi mynt, brons silfur og gullp. Penngaseðla frímerki og póstkort. S. 615 2715.

2ja metra ofn eða 2x ca. meter ofn óskast keyptur. Helst pottofnar. S. 863 8892.

Óska eftir að kaupa notað hlaupabretti. Upp. í s. 699 6762.

## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

Óska eftir að kaupa notað hlaupabretti. Upp. í s. 699 6762.

Óska eftir að kaupa borð og stóla fyrir veislusal. Einnig barstóla, háborð og vel með farin sófasett. Uppl. í s. 893 9702, Hafsteinn.

## Hljóðfæri



Til sölu EVA 120 bassa harmonika. Upplýsingar í s. 824 7610 & 660 1648.



Til sölu Mapex trommusett. Gott byrjendasett. Verð 35.000. Uppl. í síma 691 2118.




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/2 stærð kr.8.900 3/4 stærð kr. 9.900 Full stærð kr. 10.900 Pakkatilboð kr. 16.900 Trommusett kr. 59.900 með stól og diskum. Rafmagnsgítarpakki kr. 24.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

Vantar Sega Master System 1 leikjatölvu Einnig kaupi ég bilaðar Apple tölvur nossramo@me.com S. 822 8169.

Kaupum Notaðar Fartölvur,Tölvur og Tölvuíhluti.Gegn Staðgreiðslu Sími:555-6250 Milli kl:9-18

## Til bygginga

**Óska eftir að kaupa setur, dokafleka 1x6, 2x4, 2x9, krossviður 9mm. S. 899 3011**

Til sölu nýl. 2ja hásinga kerra á kr. 130 þ. Einnig sökkuluppist. S. 892 4624.

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

## Verslun



Nafnahálsmen og skartgripir, silfur og gull. Hringa, skartgripaverslun Laugavegur 20b (Klappastígs megin) S. 698 2655.







Öflugur litalaserprentari, fyrir dreyfibréf og bæklinga.




## HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Herbalife vöruúrval. Sérsniðnar næringarlausnir. dagamunur.is Ásta S. 891 8902. Visa/Euro. Póstsent

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 846 4768.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 662 3909.

## Ýmislegt

**Linsur - Hagstætt verð**
Dagslinsur 2.490 kr pk. Optic Reykjavík ehf. Hamrahlíð 17 í Húsi Blindrafélagsins s:552 2002 Linsumátun. Sendum í póstkröfu.

## Tilboð




## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




**Gull og demantar**
**stefna á að halda námskeið í silfursmíði.**
**Áhugasamir leggi inn nafn og síma hjá silfur@simnet.is eða í s. 562 2222.**

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.**
**Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

**Skartgripagerð - Silfursmíði**
Námskeið í skartgripagerð. Smíðum úr silfri og skyldum málmum. Vinnum með íslenska steina. Tilvalið að búa til jólagjöfina. Uppl. og skráning í s. 823 1479.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn






**útsala! 40-60% afsláttur**
Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Opið alla daga. Uppl. í s. 821 6384.

Fallegt koníaksbrúnt leðursófasett til sölu, 3+1+1. Verð 45 þús. Bergljót gsm 863 7763.

Óskum eftir að kaupa skenk eða skáp í borðstofu og bókahillur. Uppl. í s. 862 8267.

## Dýrahald



**Gullfallegir Íslenskir**
Fjárhundar(hvolpar), til sölu! Ættbókafærðir hjá HRFÍ. Námskeið fylgir með. Uppl. í síma 822 7737 Bjarkarkotsræktun. www.dif.is



**10% afsl. áhundafötum þessa helgi.**
Dýrabær Smáralind www.dyrabaer.is



Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin



Litlir sætir Yorkshire Terriers hvolpar í HRFÍ til sölu. Uppl. í s. 693 4194.



LÆKKAÐ VERÐ. Til sölu gulir Labrador hvolpar ( sjá heimasíðu, http://123.is/bjargasteins undan einstaklega skap góðum foreldrum sem einnig hafa gengið mjög vel á sýningum, hvolpar verða skráðir í hrfí eins og foreldrar þeirra. Áhugasamir hafi samband í síma 862 7034 eða e-mail : varir@simnet.is

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/euro raðgreiðslur.**



Til sölu ættbókafærðar Ungverskar Vizslur. Frábærir veiðihundar og yndislegir fjölskylduhundar. Eru tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 898 1779.




**ÞEIR SEM LANDIÐ ERFA** Unga fólkið mætti til að mótmæla spillingu og ráðaleysi á Austurvelli fyrir viku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

# *Andóf að nóttu og degi*

Mótmæli, málningarslettur og tillögur grasrótarinnar til úrbóta hafa verið í fréttum þessa vikuna. Kunnuglegt tilbrigði við stef undanfarinna vikna. *Ljósmyndarar Fréttablaðsins* hafa sem fyrr staðið vaktina og myndað það sem fyrir augu hefur borið.



**EINN Á BÁTI** Ekki ríkir einhugur um framtíð formanns VR í embætti, Gunnars Páls Pálssonar, og hefur hann flýtt formannskosningum í stéttarfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.



**MÁ ÉG KOMA INN FYRIR?** Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður beygir sig undir hring mótmælenda sem sleginn var í kringum Alþingishúsið í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.



**VANDRÆÐI Í VALHÖLL** Óánægðir þegnar tóku sig til og smurðu höfuðstöðvar Sjálfstæðisflokksins rauðu í skjóli nætur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**NÝTT TIL MÁLANNA** Geir H. Haarde forsætisráðherra voru afhentar tillögur um hvernig greiða megi götu sprotafyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

# EDDAN 2008

**Edduverðlaunin verða veitt við hátíðlega athöfn
í Háskólabíói sunnudagskvöldið 16. nóvember.
Sjónvarpið sýnir beint frá verðlaunaathöfninni.**

## TILNEFND VERK:




## TILNEFNDIR ERU:

Arnaldur Indriðason
Áslaug Dröfn Sigurðardóttir
Ásta Hafþórsdóttir
Atli Geir Grétarsson
Baltasar Kormákur
Barði Jóhannsson
Bergsteinn Björgúlfsson
Björn Victorsson
Bogi Reynisson
Didda Jónsdóttir
Egill Helgason
Elísabet Rónaldsdóttir
Eva María Jónsdóttir
Grétar Reynisson
Hanna María Karlsdóttir
Haukur Karlsson
Helga I Stefánsdóttir
Helga Rós V Hannam
Hilmir Snær Guðnason
Ilmur Kristjánsdóttir
Jóhann Ævar Grímsson
Jóhann Sigurðarson
Jóhannes Kr Kristjánsson
Jón Gnarr
Jón Ólafsson
Jörundur Ragnarsson
Kjartan Kjartansson
Kjell Vasdal
Margrét Vilhjálmsdóttir
María Ólafsdóttir
Nicolas Liebing
Ólafía Hrönn Jónsdóttir
Ólafur Darri Ólafsson
Ólafur Egill Egilsson
Óskar Jónasson
Pétur Einarsson
Pétur Jóhann Sigfússon
Ragna Fossberg
Ragnar Bragason
Sigurður Bjóla
Snorri Freyr Hilmarsson
Sólveig Arnarsdóttir
Steingrímur Eyfjörð
Sverrir Kristjánsson
The Tiger Lillies
Tumo Hurti
Valdís Óskarsdóttir
Þröstur Leó Gunnarsson

Húsið opnar kl 18
Athöfnin hefst kl 19
Miðaverð 1000 kr

2008 EDDAN

ÍSLENSKU KVIKMYNDA- & SJÓNVARPSVERÐLAUNIN


FRÉTTABLAÐIÐ
EXTON Ljós - Hljóð - Mynd
Hendrikka Waage



ÓTTAR PROPPÉ, HAM-LIÐI OG SÖNGVARI DR. SPOCK. „Þessir tónleikar eru haldnir til að stappa stáli í og þjappa saman þjóðinni á ögurstund og annað vakir ekki fyrir HAM.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hamingjusamastur að kynnast Jóni Gnarr

Tónlistarmaðurinn og bóksalinn **Óttarr Proppé** treður upp ásamt hljómsveitinni HAM í Laugardalshöllinni í kvöld. *Anna Margrét Björnsson* tók hann í þriðju gráðu yfirheyrslu og fékk að heyra um leyndar nautnir og hatur á íþróttaálfinum.

**Hvenær varstu hamingjusamastur?** Er almennt glaðlyndur en varð sérstaklega hamingjusamur þegar ég kynntist vini mínum Jóni Gnarr 1985.

**Ef þú værir ekki tónlistarmaður hvað myndirðu þá vera?** Þá væri ég versti myndlistarmaður samtímans. Eða rótari, það er starf sem ég hef alltaf öfundað eins og félagar mínir hafa fundið fyrir í gegnum tíðina. Er alltaf að troðast til að bera og vasast í dóti hljóðfæraleikaranna og hef af því sérstaka unun, sérstaklega trommudóti.

**Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?** Fyrir utan húsnæði þá hef ég ekki hugmynd. Örugglega einhver bölvuð vitleysa.

**Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?** Óskar Bergsson laug því upp á mig og félaga mína í HAM að samstöðutónleikarnir í Höllinni (í kvöld) væru útgáfutónleikar okkar. Þetta er argasta þvæla þar sem við höfum ekki gefið neitt út síðan 2001 og það stendur ekki til. Þessir tónleikar eru haldnir til að stappa stáli í og þjappa saman þjóðinni á ögurstund og annað vakir ekki fyrir HAM. Auðvitað var þetta yfirklór hjá honum út af því að borgarráð synjaði styrkumsókn til tónleikanna en fyrr má nú vera Óskar, aðgát skal höfð í nærveru sálar og allt það.

**Ef þú byggir ekki í Reykjavík hvar myndirðu vilja búa?** Ég er mjög hrifinn af Niteroi sem er iðanaðarútborg Rio de Janeiro. Er einnig mjög skotinn í bænum Sigurd í Utah þó hann sé helst til eyðilegur fyrir minn smekk. Vildi annars helst búa á Fellsströnd við Hvammsfjörð.

**Uppáhaldshljómsveit allra tíma og af hverju?** Sparks af því að þeir eru svo undurfallegir og tónlistin þeirra svo skemmtileg og úthugsuð. Þeir búa líka til heimsins fallegustu umslög og sýna sífellt á sér nýjar hliðar þegar kemur að útsetningum.

**Draumahelgin þín í einni setningu?** Núna um helgina verðum við á fullu við að líma saman umslög fyrir nýju Dr. Spock plötuna svo hún komi út í næstu viku og síðan eru HAM að spila á samstöðutónleikum í Höllinni þannig að helgin verður draumur!

**Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tíman gegnt?** Eyddi einu sinni helgi í að reyna að selja mönnum áskriftir að Fiskifréttum. Það var ömurleg helgi og ekki tókst mér að fullvissa neinn um að hann þyrfti áskrift. Var kannski að hringja í fólk í vitlausu póstnúmeri.

**Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni?** Lindargata í Reykjavík.

**Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta á mest í dag?** Góð tónlist hefur mikil og góð áhrif á mig og slæm tónlist hefur líka mikil áhrif þó þau séu ekki alltaf góð. Í dag hlusta ég mikið á lagið His nibs með píanistanum Neil Cowley og tríóinu hans.

**Ef að þú ættir tímavél hvert myndurðu fara og af hverju?** Til Atlantis nokkrum vikum áður en hún sökk. Er mjög forvitinn um arkitektúrinn þeirra.

**Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni?** Óskar Bergsson hélt fyrir mér vöku í nótt.

**Áttu þér einhverja leynda nautn?** Já.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Óttarr Ólafur Proppé

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI:** 1968 Ég fæddist svo seint á árinu að ég missti af flestu sem gerðist það árið. Richard Nixon var kosinn forseti Bandaríkjanna tveimur dögum fyrir fæðingu mína og hann var ennþá talsvert í umræðunni þarna þegar ég kom til. Þar af leiðir að ég hef frá fyrstu stundu verið í hringiðu umræðunar.

**STARFSFERILL Í HNOTSKURN:** Starfaði í Efnalaug Hafnarfjarðar um vikutíma á unglingsárum og bý alltaf að þeirri reynslu. Greip í verkamanna- og sveitastörf með skóla en festist svo í bóksölu um tvítugt og hef starfað við hana síðan, til skiptis hjá Eymundsson og Bókabúð Máls og menningar. Hef í hjáverkum starfað með nokkrum hljómsveitum; framan af var HAM virkust þeirra en upp á síðkastið hefur sápuóperan Dr. Spock átt hug minn mestallann.

**Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera?** Allt eða ekkert.

**Hvenær fékkstu síðast hláturskast?** Missti algjörlega stjórn á mér á fimmtudaginn.

**Uppáhaldsbókin þessa stundina?** Grotesque eftir japönsku skáldkonuna Natsuo Kirino er mögnuð lesning sem situr staðfastlega í mér.

**Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?** Einars Arnar Benediktssonar. Hann er fyrirmynd mín. Ég ætla að verða alveg eins og hann þegar ég er orðinn gamall.

**En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki?** Hvað er eiginlega með þennan íþróttaálf? Er hann góður eða vondur? Skil þetta ekki.

**Uppáhaldsorðið þitt?** Úrættis.

**Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín?** Týnt lokauppgjörsatriði úr Dallas þar sem Miss Ellie risi upp frá dauðum og reddaði málunum fyrir JR.

**Hvaða lagi verður þú að taka „cover“ af áður en þú deyrð?** Mér skal takast að gera boðlega útgáfu af Hello eftir Lionel Richie áður en ég kveð þennan heim.

**Hvað verða þín frægu hinstu orð ?** Uss, það er ekki neitt! Frændi minn …

**Hvað er næst á dagskrá?** Skítatúr Dr. Spock um næstu helgi í tilefni af nýju plötunni okkar Falcon Christ. Við ætlum m.a. að spila á Laugarvatni og í Stykkishólmi en ég hef aldrei spilað þar áður. Við spilum líka í Keflavík, Hafnarfirði og Reykjavík og í spinning-tíma í Sporthúsinu í Kópavogi sem er ný reynsla fyrir mig og verður örugglega æði.

## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Íslenskur bjór** Kaldi, Skjálfti og Jökull, og auðvitað Egils og Víking, íslensk framleiðsla, nöfnin flott, bragðið gott, hvað er hægt að biðja um meira?




**Bíltúrar** Bensín lækkar í verði. Náttúran er ókeypis. Bíltúrar eru rómó. Maður er alla vega ekki í Karen Millen á meðan að tæma úr hillum. Fyrir alla muni sleppið samt að túra um á risajeppa, það er ekki rómó.



**Samstaða** Fyrst mættu nokkur hundruð á Austurvöll, fyrir viku voru mótmælendur orðnir nokkur þúsund. Ekki er við öðru að búast en þeim fjölgi. Við erum líka öll í sama liði, liðinu sem er að fara á hausinn og því fyrr sem ráðamenn átta sig á því þeim mun betra, þá grípa þeir kannski til einhverra ráða.

**Húmor** Guð blessi alla þá sem nenna að gera fimm mínútna myndbönd um kreppuna. Þetta er ljós í svartnætti okkar. Húmor er líka ókeypis.



### Á niðurleið



**Lífrænt ræktað** Aumingja allt fólkið með „ópolið“. Nú verður það að sætta sig við bjúgu og grísahakk þar sem graskögglarnir, kókosmjólkin og moldarfræin hafa rokið upp í verði.

**Múgæsingur** „Þjóðin er reið!“, „Þetta er rétt að byrja!“ öskra alltaf sömu tíu kverúlantarnir viku eftir viku. Eitt er að mótmæla og sýna samstöðu, annað er að efna til uppþota og ofbeldis. Róum okkur og ræðum málin.



**Afsakanir og ásakanir** Við bara vissum ekki neitt af því að þessi eða hinn sagði okkur ekki rétt frá.“ Auðmenn og ráðamenn eiga það sameiginlegt að koma með hverja afsökunina á fætur annarri þessa dagana. Það er ekki smart og betra að axla bara ábyrgð og taka á vandanum.

**Berir leggir** Við búum á Íslandi, hér er kalt og vindasamt og alls ekki veður til þess að vera á ferli í bænum berleggjaður eins og sumar kvenpersónur virðast halda, um helgar að minnsta kosti. Ekki töff.





MESTA LEIKJAÚRVAL LANDSINS ER Í ELKO
Games for Windows
PC DVD
PSP
CALL OF DUTY WORLD AT WAR
ACTIVISION
PLAYSTATION 3
FOOTBALL MANAGER HANDHELD 2009
SEGA
PS3
PSP
PC
Call of Duty World At War
„Klárlega einn af toppleikjum ársins“
– 100% - Yahoo! Games
„Þéttur skotleikur bæði fyrir byjendur og lengra komna.“
– 92% - IGN.com
Football Manager 2009
„Besti Football Manager leikurinn hingað til“
– 9 af 10 – TotalVideoGames
„Þetta er leikur sem menn verða að eiga“
– 8 af 10 – Eurogamer.net
Einnig fáanlegir:
LittleBigPlanet
MotorStorm Pacific Rift
Í fyrsta skipti geturðu séð leikina í fullkominni þrívídd!
Aðeins á Playstation 3
ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115

# FRÉTTAGETRAUN VIKUNNAR

1. Hvaða hús var málað rautt aðfaranótt fimmtudags?
2. Eftirtekt vakti að landsliðsmaður í fótbolta verður ekki með í vináttuleik gegn Möltu í næstu viku. Hver er það?
3. Hver sagði í vikunni „Ég myndi fagna slíkri ákvörðun,“ um hugsanlega launalækkun?
4. Hverjir lögðu til um síðustu helgi að taka einhliða upp nýja mynt?
5. Hver er sendiherra Frakka á Íslandi?
6. Gerviútgáfa af hvaða þekkta erlendu dagblaði var gefið út og dreift í síðustu viku?
7. Hver lagði til 60 prósent skatt á útstreymi fjármagns yfir tíu milljónum?
8. Hvaða atorkukonur færðu Geir H. Haarde í vikunni hugmyndir um hvernig greiða megi veg sprotafyrirtækja?
9. Hvað var nýtt við útsendingu Skjás eins á fimmtudag?
10. Hver er að gefa út plötu með lögum Vilhjálms Vilhjálmssonar?
11. Hver er umdeildur formaður VR?
12. Hvað hafa margar konur komið í dvöl hjá Kvennaathvarfinu, það sem af er ári?
13. Hvaða matvöru er óttast um að verði skortur á í vormánuðum?
14. Hver er leikstjóri leikritsins Vestri eina, sem sýnt er af Leikfélagi Reykjavíkur?
15. Hvaða þingmaður sagði af sér í vikunni?



**1.** Valhöll **2.** Eiður Smári Guðjohnsen **3.** Ólafur Ragnar Grímsson **4.** Heiðar Már Guðjónsson og Arsæll Valfells. **5.** Olivier Mauvisseau **6.** The New York Times **7.** Lilja Mósesdóttir **8.** Björk Guðmundsdóttir og Svafa Grönfeldt **9.** Einungis stillimynd var sýnd **10.** Friðrik Ómar **11.** Gunnar Páll Pálsson. **12.** 115 konur **13.** Kæstur hákarl **14.** Jón Páll Eyjólfsson **15.** Bjarni Harðarson



## HORFT ÚT Í HEIM
Kolbeinn Óttarsson Proppé

# *Orðstír deyr aldregi*

Hæstiréttur Indlands hefur nú skorið upp úr með að höfundur Hávamála hafði rétt fyrir sér. Að vísu snerist dómsmálið ekki um sannleiksgildi hinnar fornu norrænu speki, en dómsorðið er engu að síður staðfesting á henni.

Hinir indversku lögspekingar komust nefnilega að þeirri niðurstöðu að orðstír væri hluti af rétti fólks til lífs og frelsis. Allt sem kastar rýrð á þann orðstír verði því að hafa stoðir í raunveruleikanum.

„Orðstír manns sem hneppur er í varðhald bíður hnekki, jafnvel þótt honum sé síðar sleppt,“ segir í úrskurðinum, sem dómararnir Altamas Kabir og Markandey Katju rituðu. Soli J. Sorabjee, fyrrum ríkissaksóknari, flutti málið fyrir hæstarétti og dómararnir féllust á röksemdir hans um að orðstír væri órjúfanlegur hluti af lífsgæðum og frelsi fólks.

Á Indlandi þykir lögreglan beita fangelsunum í of miklum mæli. Lögreglan hendir mönnum inn fyrir hina minnstu glæpi og þeim er síðan sleppt, sumir áminntir, aðrir ekki. Úrskurður hæstaréttar er áminning til lögreglunnar um að virða réttindi borgaranna.

Hæstiréttur hefur einnig minnt dómara landsins á að það að neita fólki um lausn gegn tryggingu, áður en það er dæmt, sé ekki rannsóknartæki til að auðvelda lögreglu starf sitt.

Þessi úrskurður hins indverska dómstóls ætti ekki að koma Íslendingum á óvart. Nú á tímum, þegar landsmenn eru hvattir til faðmlaga, að umfaðma menningu sín og hafa íslenska tungu í hávegum, eru Hávamál að sjálfsögðu á hvers manns vörum:

*Deyr fé,/deyja frændur,/deyr sjálfur ið sama./En orðstír/deyr aldregi/ hveim er sér góðan getur.*

Hvort Indverjarnir hafi haft þessar línur í huga þegar úrskurðurinn var felldur skal ósagt látið, en ljóst er að boðskapurinn er sá sami.

Þetta mætti löggjafavaldið á Íslandi hafa í huga. Í 90. grein laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008 segir: „Nú verður uppþot eða fjölmennar óeirðir brjótast út sem hafa haft eða gætu haft í för með sér líkamsmeiðingar eða stórfelld eignaspjöll og ekki verður með vissu bent á hinn seka eða hina seku og er þá lögreglu heimilt að handtaka hvern þann sem nærstaddur er og ástæða er til að gruna um refsiverða háttsemi.“

Hvern þann sem nærstaddur er. Það er spurning hvort indversku dómararnir myndu samþykkja þetta, því þeir vita sem er að orðstír þess sem handtekinn er bíður hnekki. Og höfundur Hávamála vissi vel að orðstír deyr aldregi.

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

**Góð vika fyrir...**



**... Geir H. Haarde.** Forsætisráðherra hefur tekist að eyða kvíðahnútum þeim sem fylgt hafa boðuðum blaðamannafundum hans. Vegna algers tíðindaleysis þeirra. Hvað kemur það til dæmis landsmönnum við að Flokkurinn ætli að flýta landsfundi sínum um fáeina mánuði og setja Evrópumálin í nefnd? Í alvöru? Reyndar fer að líða að því að kvíðahnútur fari að vaxa vegna einmitt tíðindaleysisins sem fylgir þessum fundum. Að unglingarnir hafi hitt naglann á höfuðið með nýrri sögn – „að haardera“ í merkingunni að fljóta sofandi að feigðarósi. En... den tid, den sorg.



**... nýjan sendiherra.** Ingibjörg Sólrún skar niður þróunaraðstoð og réði vinkonu sína úr Kvennalistanum og fyrrverandi pólitískan aðstoðarmann úr borginni og skipaði hana sendiherra. Auðvitað á Kristín Árnadóttir ekki að gjalda þess að vera vinkona Ingibjargar og því er þetta hárrétt ákvörðun hjá utanríkisráðherra. Alveg frábært að sýna skrílnum sem hangir á Austurvelli að á Íslandi sé einkavinavæðingin enn á fullu gasi.



**... Dr. Spock.** Tveir ungir innbrotsþjófar brutust inn í Hljóðfærahúsið í vikunni. Þar er allt morandi í rándýru góssi, svaðalegum Stratocaster-gíturum og milljóna króna hljóðgervlum, svo eitthvað sé nefnt. Þjófarnir höfðu þó engan áhuga á svoleiðis fánýti og höfðu ekki annað á brott með sér en tvær tuðrur fullar af Dr. Spock-bolum og gulum hönskum. Rythma-par sveitarinnar vinnur í búðinni og sveitinni þykir þetta einn stærsti heiður sem einni hljómsveit getur hlotnast.

**Slæm vika fyrir...**



**... þingmann af Suðurlandi.** Aumingja Bjarni Harðarson að kunna svona illa á póstforritið sitt. Hann hefði náttúrlega komist upp með ráðabruggið gegn Valgerði ef allir fjölmiðlar landsins hefðu bara ekki fengið sendinguna. Málið gefur innsýn í hugsunarhátt íslenskra stjórnmálamanna, og ekki síst viðbrögðin: Fyrst var Bjarni hundfúll yfir því að fjölmiðlar skyldu ekki gera eins og hann bað þá um og þegja um bréfið, næst reyndi hann að segja bréfið vera „grín“ á milli sín og aðstoðarmannsins. Allt kom fyrir ekki og hann sagði af sér þingmennsku.



**... fyrrum auðmann.** Björgólfur Guðmundsson mætti hálfgugginn í gapastokkinn hjá Sigmari, ekki einu sinni í teinóttu, og reyndi að útskýra sitt mál. Hann axlar sína ábyrgð en samt er ekkert honum að kenna. Hann skilur ekkert í þessum ofurlaunum sem bankinn var að greiða ofurmönnunum, svona eftir á að hyggja, og var nú bara á venjulegum launum sjálfur, þannig lagað séð. Einmitt. Hver á ekki enskt úrvalsdeildarlið nú til dags?



**... útvarpsstjóra.** Óvenjuafgerandi álit samkeppniseftirlits frá í gær verður að teljast flenging á beran rass Páls Magnússonar sem hefur rekið RÚV sem einkafyrirtæki sé og argað sig sérlausri auglýsingadeild sinni froðufellandi á markaðinn. Samkeppniseftirlitið segir Pál ekki hafa starfað í samræmi við reglur sem ríkja um stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Þetta hlýtur að reynast umhugsunarefni fyrir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur þrátt fyrir að þetta ætti að vera hverjum hugsandi manni ljóst og þrátt fyrir ítrekaðar ályktanir landsfundar um RÚV. En eitt er að vera í orði og annað á borði eins og vitað er innan Flokksins.

# FINNDU ORÐIN

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| I | T | Ó | S | T | Þ | E | G | K | H | A | P | E | D | L |
| S | P | Á | C | S | V | E | L | L | K | R | L | H | K | É |
| Ð | I | G | D | S | V | E | H | O | Ó | D | Ð | Á | U | M |
| O | B | T | Á | R | V | Ý | T | J | K | B | O | L | U | R |
| H | U | Í | R | D | J | K | N | T | Ú | Ý | I | K | H | G |
| R | L | U | H | E | P | S | Ö | M | L | V | L | A | N | L |
| T | L | A | K | H | K | R | H | O | P | I | K | M | Y | L |
| Ó | A | F | B | G | J | U | P | H | A | D | N | K | V | I |
| Æ | R | Ú | K | Ó | M | A | L | Y | D | S | K | G | S | F |
| H | S | H | Q | P | P | H | K | Ý | É | S | Q | T | A | E |
| É | O | E | S | E | Í | D | F | M | R | Ó | Í | Ö | K | R |
| A | K | D | Y | V | Ý | F | G | Ý | Ö | G | S | Ð | V | T |
| S | K | S | L | Y | D | D | A | F | V | Æ | V | Ý | H | É |
| H | A | J | H | F | Y | I | U | É | U | M | S | Á | X | V |
| F | R | O | S | T | Ó | M | L | G | D | H | D | P | B | Ó |

VETTLINGAR
LOPAPEYSA
ULLARSOKKAR
ÚLPA
HÚFA
STÍGVÉL
BOLUR
TREFILL
SNJÓR
SLYDDA
FROST
KALT
HÁLKA
SVELL
GRÝLUKERTI

Orðin geta verið á ská, upp, niður, afturábak eða áfram.


**Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að breyttu aðalskipulagi.**

**Skipulags- og umhverfissvið**

Í samræmi við 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi aðalskipulagi:

**Vatnsendahlíð - Þing. Breytt aðalskipulag.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 14. október 2008 tillögu að breyttu aðalskipulagi í Vatnsendahlíð – Þingum. Málsmeðferð var skv. 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Ekki voru talin koma fram atriði í athugasemdum og ábendinum sem fram komu á auglýsingartíma skipulagstillögunnar sem gáfu tilefni til breytinga á henni í grundvallaratriðum. Með breytingunni fylgdi umhverfisskýrsla dags. í júlí 2008 og greinargerð með endanlegri áætlun þar sem fram kemur að umhverfissjónarmið hafa verið feld inní áætlunina á fyrri stigum.
Gögnin um breytingu á aðalskipulagi hafa verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Skipulagsstofnun hefur í bréfi til umhverfisráðuneytisins dags. 6. nóvember 2008 mælt með að tillagan verði staðfest samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Auglýsingin um gildistöku aðalskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni staðfestingu umhverfisráðherra. Breytingin er í samræmi við breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024 sem staðfest var af umhverfisráðherra 17. september 2008.
Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:30 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00.

Smári Smárason.
Skipulagsstjóri Kópavogs.

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – Heimasíða: www.ver.is

**NÝ OG SPENNANDI NÁMSKEIÐ HJÁ VINNUEFTIRLITINU Í NÓVEMBER OG DESEMBER**

- **Vellíðan í vinnunni - 18. nóvember kl. 09:00-12:00**
- **Áhættumat fyrir alla - 26.nóvember kl. 15:30 - 17**
- **Varasöm efni á vinnustað - 27. nóvember kl. 15:30 - 18**
- **Inniloft á vinnustöðum - 3. desember kl. 15:30 - 18**
- **Meðhöndlun á tækjum sem brenna gasi - 10. desember kl. 16 - 17:30**

Námskeiðin eru öll haldin í húsnæði Vinnueftirlitsins að Bíldshöfða 16. Skráning á þau er í síma 550 4600 eða á netfangið fyrirlestur@ver.is .

Sjá nánari upplýsingar um námskeiðin og önnur námskeið Vinnueftirlitsins á www.vinnueftirlit.is

**SÖNGKONAN ANNI-FRID LYNGSTAD ÚR ABBA FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1945.**

*„Að vera ríkur og frægur þýðir alls ekki að vera hamingjusamur, og oft hefur pressan sem þessu fylgir náð tökum á mér.“*

***Anni-Frid Lyngstad var ein fjögurra í einni frægustu hljómsveit allra tíma, ABBA. Hin voru Benny Andersson, sem Anni-Frid var gift, Agnetha Fältskog og Björn Ulvaeus sem voru einnig hjón.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 15. NÓVEMBER 1920**

## Fyrsti fundur Þjóðabandalagsins



Fyrsti fundur Þjóðabandalagsins var haldinn þennan dag í Genf í Sviss. Þjóðabandalagið var stofnað á friðarráðstefnunni í París 1919 í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar. Markmið þessara alþjóðasamtakanna voru afvopnun og að koma í veg fyrir styrjaldir, leysa úr milliríkjadeilum með samningaviðræðum og bæta velferð í heiminum. Sú stefna í alþjóðastjórnmálum sem lá á bak við bandalagið var gerólík þeirri sem ríkt hafði fram að því. Þjóðabandalagið bjó ekki yfir eigin her og treysti því á stórveldin til að tryggja framkvæmd ákvarðana bandalagsins. Setja átti ágreiningsmál í gerðardóm.

Hugmyndin um bandalag þjóða til að koma í veg fyrir stríð var tekin upp af Woodrow Wilson Bandaríkjaforseta sem átti stóran þátt í stofnun þess. Því voru vonbrigði hans mikil þegar öldungadeildin í Bandaríkjunum greiddi atkvæði gegn því að ganga í bandalagið.

Fulltrúar frá 41 ríki sátu þennan fyrsta fund bandalagsins en ríkjum átti eftir að fjölga mest í 58.

Þrátt fyrir sæmilegan árangur fyrstu árin eftir stofnun Þjóðabandalagsins sýndi síðari heimsstyrjöldin greinilega fram á að bandalaginu hefði mistekist að ná einu helsta markmiði sínu, að koma í veg fyrir stríð. Eftir heimsstyrjöldina tóku Sameinuðu þjóðirnar við af bandalaginu.

**MERKISATBURÐIR**

**1889** Brasilía er lýst lýðveldi.
**1935** Manuel L. Quezon verður forseti Filippseyja.
**1941** Heinrich Himmler, yfirmaður Gestapo, fyrirskipar að samkynhneigðir skuli handteknir og fluttir í fangabúðir.
**1969** Samtök frjálslyndra og vinstri manna eru stofnuð að frumkvæði Hannibals Valdimarssonar og Björns Jónssonar.
**1990** Samþykkt er í borgarstjórn Reykjavíkur að gefa afgreiðslutíma verslana frjálsan.
**1993** Í Kasakstan er nýr gjaldmiðill, tenga, tekinn upp í staðinn fyrir rúblur.
**2002** Hu Jintao verður aðalritari Kommúnistaflokks Kína.

# Al-anon í 36 ár

„Þarna tekur félagsmaður til máls, kynnir samtökin og lýsir reynslu sinni af þeim. Svo stíga á stokk félagar í Al-ateen og síðan í AA-samtökunum. Eftir fundinn verður boðið upp á kaffi og með því,“ segir félagi í Al-anon-samtökunum, um fyrirhugaðan afmælisfund samtakanna sem verður haldinn í Grafarvogskirkju klukkan 20.30 á morgun undir yfirskriftinni „Það er til lausn fyrir aðstandendur alkóhólista“.

„Al-anon eru samtök aðstandenda alkóhólista sem leita sér hjálpar á eigin forsendumn og deila með sér styrk, von og reynslu á fundum samtakanna,“ segir viðmælandi en félagar samtakanna mega ekki koma fram undir nafni í fjölmiðlum. Þeir skipta nú hundruðum enda hafa samtökin starfað á Íslandi síðan 1972 og fagna því 36 ára afmæli.

Sjálfur segist viðmælandi hafa haft mikinn hag af því að sækja fundi, honum hafi tekist að öðlast sjálfstraust og byggja upp eðlilega sjálfsmynd. Hann segir þó nauðsynlegt að stunda reglulega fundi en það hefur hann gert óslitið síðan árið 1989.

En hvert getur maður sótt Al-anon-fundi?: „Fundarstaðir eru í raun um land allt og fundir eru haldnir daglega, stundum oft á dag. Fundirnir fara til dæmis oft á dag fram í Reykjavík. Stundum er um kynjaskipta fundi að ræða eða fundi sem eru aðeins opnir félagsmönnum. Afmælisfundurinn á sunnudag er frábrugðinn að því leytinu til að hann er opinn öllum sem vilja kynna sér starfsemi samtakanna,“ útskýrir viðmælandi. „Afmælið er 18. nóvember og við reynum yfirleitt að halda afmælisfundinn sem næst afmælinu.“

Hægt er að afla sér nánari upplýsingar á www.al-anon.is.



Al-anon samtökin haldin afmælisfund í Grafarvogskirkju á morgun.
NORDICPHOTOS/GETTY



**Í AFMÆLISSKAPI** Þær Erna Guðmarsdóttir og Helga Steffensen hafa frá árinu 2000 haldið einar um stjórnartaumana í Leikbrúðulandi, en eru báðar meðal upprunalegra stofnenda þess. Þær bjóða börnum landsins á leikbrúðusýningar í Vetrargarðinum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**LEIKBRÚÐULAND:** STOFNAÐ FYRIR FJÖRUTÍU ÁRUM

# Börn og brúður mitt líf og yndi

„Á fjörutíu ára starfsferli stendur upp úr sú mikla og gegnumgangandi gleði sem fylgir brúðuleikhúsi og starfi með börnum,“ segir Helga Steffensen, brúðuhönnuður, brúðuleikari og einn stofnenda Leikbrúðulands, sem í dag heldur upp á fertugsafmælið með börnum þjóðarinnar í Vetrargarðinum í Smáralind.

„Leikbrúðuland varð til þegar við Erna Guðmarsdóttir, Bryndís Gunnarsdóttir og fleiri lærðum leikbrúðugerð í Handíða- og myndlistarskólanum hjá Kurt Zier sem var stórkostlegur leikbrúðumaður. Eftir námið hjá Kurt stofnuðum við Leikbrúðuland og vorum lengst af fjórar, því þá var Hallveig Thorlacius komin í hópinn, en frá aldamótum höfum við Erna séð um sýningarnar með hjálp Arnar Árnasonar, leikara og leikstjóra. Í kringum Örn ríkir mikil gleði og við erum óskaplega ánægðar með hann því Örn er fagmaður fram í fingurgóma, leggur til vísur og vinnur í handritagerðinni með okkur,“ segir Helga sem hélt leikbrúðusýningar að Fríkirkjuvegi 11 á hverjum sunnudegi í áraraðir, þar sem Leikbrúðuland var lengst af til húsa.

„En nú hamlar húsnæðisskortur okkur og ég auglýsi eftir húsnæði því við eigum svo mikið af yndislegum brúðum og leikritum sem fyllt gætu endalausar brúðusýningar fyrir börn. Við höfum ferðast með leikbrúður okkar um allan heim og varla til sú borg sem ekki hefur brúðuleikhús innan sinna vébanda, því slíkt er mikilvæg miðstöð fyrir börn að upplifa og læra af,“ segir Helga, sem fer reglulega með sýningar Leikbrúðulands í leik- og grunnskóla landsins, að ógleymdum Brúðubílnum, sem tvær kynslóðir Íslendinga hafa notið undir berum sumarhimni í tæp þrjátíu ár.

„Ég hef ekki tölu á þeim brúðum sem ég hef skapað, en mundi skjóta á vel á þriðja hundrað. Mér þykir ógurlega vænt um þær allar, en venjulega tekur maður mestu ástfóstri við þær brúður sem maður fæst við í hvert skipti. Ætli mér þyki þó ekki allra vænst um Lilla í Brúðubílnum. Hann er svo óskaplega vinsæll hjá yngstu börnunum og svo indælt hversu mikið hann höfðar til þeirra, en í gegnum hann næ ég einstöku sambandi við þau og það er svo sannarlega líf mitt og yndi,“ segir Helga og brosir sæl yfir hlutskipti sínu, sem í æsku varð hnitmiðað og henni fljótt ljóst.

„Ég var smástelpa þegar ég byrjaði að búa til og setja upp leikrit með dúkkum og dúkkulísum. Allar götur síðan hefur það tvímælalaust orðið æ skemmtilegra og ég heppin að hafa valið mér starf þar sem ég hlakka til hverrar einustu sýningar,“ segir Helga sem í dag, ásamt Ernu og Erni, Aldísi Davíðsdóttur og Sigríði Eir Zóphaníasdóttur, ætlar að bruna á Brúðubílnum í Smáralind klukkan 14 og leggja undir sig Vetrargarðinn með þrjá yndislega brúðuleiki fyrir börn á öllum aldri.

„Við sýnum leikritin Vináttu, Selinn Snorra og í Brúðubílnum Hókus pókus. Í tilefni afmælisins gefur Leikbrúðuland út geisladisk með Selinum Snorra og Vináttu, sem samanstendur af fjórum ævintýrum sem öll fjalla á einhvern hátt um vináttu.“

Sýningar verða klukkan 14.30, 15.30 og 16.30. Aðgangur er ókeypis.

**thordis@frettabladid.is**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Úlfur Hjörvar**
rithöfundur,

lést á heimili sínu í Kaupmannahöfn sunnudaginn 9. nóvember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 21. nóvember kl. 15.00.

**Helga Hjörvar**
**Helgi Hjörvar** **Þórhildur Elín Elínardóttir**
**Hákon Kjalar Hjördísarson**
**Rósa María Hjörvar** **Svanur Þór Bjarnason**
**Hildur Hjörvar**
**Helena Hjörvar**
**María Hjörvar**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Jakobína Guðmundsdóttir (Bíbí)**
Vatnsstíg 15, Reykjavík,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 12. nóvember. Jarðarför auglýst síðar.

**Örn Scheving**
**Bragi Reynisson** **Eulogia Medico**
**Guðrún Hanna Scheving** **Gísli Hermannsson**
**Sigmar A. Scheving** **Hjördís Jóhannsdóttir**
**Brynja A. Scheving** **Karl Jóhann Guðsteinsson**
**Egill A. Scheving** **Laufey Þórðardóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær faðir okkur, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór B. Jakobsson**
fyrrv. forstjóri, Skólavörðustíg 23,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 18. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð langveikra barna.

**Guðrún Halldórsdóttir**
**Sigurbjörg Halldórsdóttir** **Magnús Haraldsson**
**Jakob Halldórsson** **Súsanna Kjartansdóttir**
**Steinn Halldórsson** **Guðlaug Hafsteinsdóttir**
**Ólöf Halldórsdóttir** **Jón Hjaltason**
**og fjölskyldur.**

# METSÖLUBÆKUR




*

## ÞRÁINN BERTELSSON
Einn ástsælasti rithöfundur þjóðarinnar

Bók sem iðar af hlátri og engist af sársauka.

★★★★

**Árni Matthíasson, Morgunblaðinu, Nóvember 2008**




*

## JÓNA Á. GÍSLADÓTTIR
Nýliði ársins

„Þetta er heiðarleg og fumlaus frásögn móður sem fjallar öðru fremur um ástina í allri sinni margbreytilegu mynd; sjálfa móðurástina sem kyndir ofna samfélagsins..."

***Sigmundur Ernir Rúnarsson, rithöfundur***




**

## ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ
Söluhæsta ungskáldið

Sólkross er sagnfræðileg spennusaga sem sækir í víkingafortíð Íslendinga.

„Sólkross er spennandi út í gegn... mikil fræðsla, íslenskar sagnir, goðafræði..."

***Gurrí, Vikunni***

sögur
ÚTGÁFA

* *Í flokki handbóka, fræðibóka og ævisagna, skv. metsölulista Eymundsson/ Máls og menningar 5.-11. nóv. 2008*

** *Í flokki innbundinna skáldverka og ljóðabóka skv. metsölulista Eymundsson/ Máls og menningar 5.-11.nóv 2008*







NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

# Prump prump og tröllin í fjöllunum

Fólk er misjafnlega frjálslegt með starfsemi líkamans. Almennt þykir það ekkert sérstaklega smart að leysa vind innan um ókunnuga og sjaldnast viðurkenn-ir nokkur að lyktin sem læðist fram tilheyri honum. Karlmönnum er þó yfirleitt frekar fyrirgefinn vindgangur og rop á almanna-færi. En konur eiga helst ekki að prumpa né ropa yfirleitt, sem er algjör vitleysa því allir þurfa að leysa vind. Margir reyna að hafa á þessu einhverjar reglur, prumpa bara utandyra og gera aldrei númer tvö nema vera aleinir heima bak við læstar dyr. Í Japan eru meira að segja framleidd salerni sem eru búin alls kyns aukabúnaði eins og hljóðeffekt-um til þess að ekki heyrist hvað viðkomandi er að gera á klósettinu. Í samböndum kærustupara þykir ákveðnum áfanga náð þegar báðir aðilar leyfa sér að prumpa fyrir framan hinn. Það þýðir ekki endilega að rómantíkin sé þar með farin, heldur frekar að sambandið sé orðið það traust að óhætt þykir að sýna makanum þessa mannlegu hlið. Það er misjafnt hvað þetta tekur langan tíma. Hjá sumum eru það nokkrar vikur eða mánuðir en styttra hjá öðrum. Dæmi eru um að fólk hafi aldrei heyrt maka sinn prumpa eða viti til þess að hann geri númer tvö.



Í tilfelli okkar þvottadrengsins liðu nokkrir mánuðir áður en fyrsta loftbólan laumaðist fram. Það gerðist alveg óviðbúið og við urðum bæði jafn hissa. Þvottadrengurinn er mér samt ævinlega þakklátur fyrir að verða fyrri til.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





HLAÐVARPINN

MENNINGARSJÓÐUR ÍSLENSKRA KVENNA

auglýsir eftir

UMSÓKNUM

MARKMIÐ SJÓÐSINS er að styrkja menningarstarfsemi kvenna sem beinist að því að greina, efla, varpa ljósi á og breyta stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Með menningarstarfsemi er átt við hvers kyns listir, rannsóknir og kynningu á menningu kvenna. Úthlutað verður árlega úr sjóðnum. Umsækjendur geta verið einstaklingar, hópar, fyrirtæki eða félög.

UMSÓKNUM SKAL FYLGJA

Lýsing á verkefninu
Lögð skal fram greinargóð lýsing á verkefninu, umfangi þess og hvernig það fellur að markmiðum sjóðsins

Kostnaðar- og verkáætlun
Gerð skal grein fyrir undirbúningi, kostnaði og áætlaðri framvindu verksins

Ferilskrá
Ferilskrá þeirra sem bera ábyrgð á verkefninu skal fylgja umsóknum.

UMSÓKNIR SKULU BERAST
Hlaðvarpanum
pósthólf 1280,
121 Reykjavík.
Umsóknarfrestur er 8. desember 2008
öllum umsóknum verður svarað.

SJÁ NÁNAR VEFSÍÐU SJÓÐSINS
www.hladvarpinn.is
Upplýsingar veitir stjórn sjóðsins um netfangið hladvarpinn@hladvarpinn.is

HLAÐVARPINN er sjóður sem stofnaður er af hluthöfum Hlaðvarpans ehf. til styrktar menningarmálum kvenna á Íslandi. Stofnfé sjóðsins er söluandvirði fasteigna félagsins að Vesturgötu 3 í Reykjavík sem íslenskar konur keyptu árið 1985.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


Áritanir í Skífunni!
S·K·Í·F·A·N
Nýtt upphaf!
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is
CD & DVD
100% ÍSLENSKT
Bubbi áritar og tekur lagið
kl. 14:00
í Skífunni Kringlunni
2CD & DVD
100% ÍSLENSKT
Páll Óskar áritar og tekur lagið
kl. 16:30
í Skífunni Kringlunni
NÝJASTA NÝTT BAGGALÚTUR
100% ÍSLENSKT
Baggalútur áritar
kl. 15:00 -16:30
í Skífunni Kringlunni
BUFF
100
FM BELFAST
Jeff Who?
Bestu kveðjur
Fólkið í blokkinni
Mansty
HANG ON
Human Comfort
Gilligill
STAFA-KARLARNIR
ÁVEXTIR, ÁLFAR, SJÓFISKAR & SPÝTUKALL
Steinn Steinarr

**Kl. 17**
*Listakonan Kira Kira, sem heitir réttu nafni Kristín Björk Kristjánsdóttir, opnar sýninguna „Spilar út“ í sýningarrýminu Suðsuðvestur í Reykjanesbæ kl. 17 í dag. Á sýningunni má sjá 16 mm filmu og heyra hljóðverk, en Kira Kira fæst jöfnum höndum við myndlist og tónlist. Suðsuðvestur er opið laugardaga og sunnudaga á milli kl. 13 og 17.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Séra Bolla minnst

Minningardagur um séra Bolla Gústavsson, sem lést fyrr á þessu ári, verður haldinn á Hólum í Hjaltadal á morgun. Séra Bolli fæddist árið 1935 og var lengi prestur í Laufási áður en hann varð vígslubiskup á Hólum. Hann var þekktur fyrir skrif sín og skörulegan málflutning sem margir muna líklega eftir úr útvarpsþáttum sem voru í hans umsjá. Eftir Bolla liggja bæði ljóð og laust mál en hann vann meðal annars Bókmenntaverðlaun Almenna bókafélagsins fyrir æskuminningar sínar, „Vorgöngu í vindhæringi“, sem er verk á mörkum ljóðs og prósa. Er því vel við hæfi að séra Bolla skuli minnst á degi íslenskrar tungu auk þess sem hann hefði sjálfur átt afmæli á


**SÉRA BOLLI GÚSTAVSSON** Hans verður minnst með dagskrá á Hólum í Hjaltadal á morgun.

mánudag, þann 17. nóvember. Guðþjónusta hefst í Hóladómkirkju kl. 14 á morgun. Þar mun Jón Aðalsteinn vígslubiskup þjóna fyrir altari og séra Bolli Pétur Bollason predika. Að loknu kirkjukaffi í boði Hólanefndar hefst sjálf minningardagskráin í kirkjunni, þar sem Hjörtur Pálsson cand. theol flytur erindi um séra Bolla. Söngkonan Gerður Bolladóttir minnist föður síns með flutningi nýs tónverks eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur við ljóðaflokkinn Almanaksljóð eftir séra Bolla. Tónlistarkonurnar Sophie Marie Schoonjans og Pamela De Sensi flytja verkið með Gerði, en einnig munu þær flytja ljóð Jónasar Hallgrímssonar, „Ég bið að heilsa.“ - vþ

### > Ekki missa af...

Yfirlitssýningu á verkum myndbandalistakonunnar Steinu Vasulku í Gerðubergi, en henni lýkur nú um helgina. Á sýningunni má sjá verk frá ýmsum tímabilum á listferli Steinu og er meðal annars sýnd innsetningin Geomania frá árinu 1987. Sýningin er opin á milli kl. 13 og 16 í dag og á morgun og er aðgangur ókeypis og öllum opinn.

# Unga fólkið leikur rómantísk verk

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins heldur tónleika í Langholtskirkju á morgun kl. 17 ásamt píanóleikaranum Kristjáni Karli Bragasyni. Hljómsveitin leikur tvö vinsæl og stórbrotin verk frá rómantíska tímabilinu: Píanókonsert nr. 1 í d-moll eftir Jóhannes Brahms og sinfóníu nr. 9 í e-moll, Frá nýja heiminum, eftir Antonin Dvorák.


**KRISTJÁN KARL BRAGASON PÍANÓLEIKARI**

Jóhannes Brahms samdi fyrsta konsert sinn fyrir píanó árið 1885 þegar hann var 32 ára. Upphaflega var verkinu ætlað að vera sónata fyrir tvö píanó en breyttist í píanókonsert. Verkið er einn vinsælasti píanókonsert allra tíma. Antonin Dvorák samdi 9. sinfóníu sína í Bandaríkjunum undir lok 19. aldar. Auðheyrð áhrif þarlendrar alþýðutónlistar í verkinu heilluðu áheyrendur þegar sinfónían var frumflutt í New York á sínum tíma og varð öðrum tónskáldum hvatning til þess að takast á við þann tónlistararf.

Kristján Karl Bragason stundar nám í píanóleik í Frakklandi um þessar mundir, en hefur komið fram á fjölda tónleika hér á landi sem erlendis. Nýlega hlaut hann styrk úr Minningarsjóði Birgis Einarssonar apótekara til frekara framhaldsnáms. Sinfóníuhljómsveit unga fólksins er skipuð 50 tónlistarnemum sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnandi hennar er Gunnsteinn Ólafsson - vþ

# FJÖLBREYTT DAGSKRÁ Á DEGI ÍSLENSKRAR TUNGU

**Boðið verður upp á fjölbreytta og áhugaverða dagskrá í opnu húsi í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu á morgun í tilefni af Degi íslenskrar tungu. Þar verður leiðsögn, fyrirlestrar og spennandi kynningar.**

Það kennir ýmissa grasa í Þjóðmenningarhúsinu á morgun og líklegt að flestir finni þar eitthvað við sitt hæfi. Húsið sjálft verður opið frá kl. 11, en kl. 13 og 15 verður boðið upp á sérstaka fjölskylduleiðsögn um handritasýningu Árnastofnunar. Auk hennar standa einnig yfir í Þjóðmenningarhúsinu sýningarnar „Surtsey – jörð úr ægi“ og „Síðbúin sýn“. sýning á ljósmyndum sem Halldór Laxness tók sjálfur sem áhugaljósmyndari.

Eiginleg hátíðardagskrá í tilefni dagsins hefst svo kl. 14 með fyrirlestri Tryggva Gíslasonar, magisters, sem hann kallar „Myndin af Jónasi Hallgrímssyni“. Í fyrirlestrinum fjallar Tryggvi um þá mynd sem þjóðin hefur gert sér af skáldinu og náttúrufræðingnum Jónasi Hallgrímssyni, en Dagur íslenskrar tungu er einmitt tileinkaður honum. Einnig verður fjallað um teikningar, málverk og ýmis önnur myndverk sem gerð hafa verið af Jónasi. Færð verða rök fyrir því að tekin hafi verið ljósmynd af Jónasi Hallgrímssyni og að teikning eftir þeirri ljósmynd hafi varðveist. Fyrirlesturinn er haldinn af Menningarfélaginu Hrauni í Öxnadal og er einn árlegra Jónasarfyrirlestra félagsins.

Lárusar Pálssonar, leikara og leikstjóra, verður svo minnst kl. 16 við bókarkynningu í tilefni af útkomu ævisögu hans sem Þorvaldur Kristinsson hefur ritað. Lárus Pálsson skaraði fram úr í flutningi móðurmálsins á sviði og við hljóðnemann; meðal annars er rómaður upplestur hans á ljóðum Jónasar Hallgrímssonar. Dagskráin hefst með kynningu Þorvaldar á bók sinni og mun Sigurður Skúlason, leikari, lesa kafla úr bókinni. María Jóhanna, dóttir Lárusar Pálssonar, kynnir safn geisladiska með hljóðritunum af upplestri Lárusar og leiknum atriðum. Viðar Eggertsson, verkefnisstjóri leiklistar hjá Ríkisútvarpinu, fjallar um störf Lárusar Pálssonar í útvarpi og hlutverk Útvarpsleikhússins. Í lok dagskrárinnar mun Gunnar Eyjólfsson, leikari, minnast Lárusar. Gunnar var lengi samstarfsmaður hans og gekk auk þess í leiklistarskóla Lárusar


**LÁRUS PÁLSSON** Hans verður minnst með dagskrá í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu á morgun.

Pálssonar á sínum tíma. Ókeypis aðgangur verður fyrir alla fjölskylduna að sýningum og dagskrána og að sjálfsögðu verður hægt að kaupa veitingar og gera sér glaðan dag.

Fjölmargar aðrar menningarstofnanir standa fyrir viðburðum á morgun í tilefni af Degi íslenskrar tungu. Tæmandi dagskrá má finna á vefsíðunni www.jonashallgrimsson.is vigdis@frettabladid.is






# 10 ráð til að hætta
## að drepa fólk og byrja að vaska upp

### Nýjasta skáldsaga Hallgríms Helgasonar á kynningarverði í Bókabúð Máls og menningar

**Kynningarverð 3.740,-** fullt verð 4.990,-

**Höfundur**
les upp úr bókinni
kl. 14 í dag laugardag






*„Langt síðan ég hef lesið bók frá upphafi til enda án þess að leggja hana frá mér. Fékk næstum samviskubit yfir því hvað mér fannst þetta fyndið."*
Eva Sólan, sjónvarpsþula

*„Hallgrími tekst í 10 ráðum að samstilla okkur mannfólkið. Hvort sem við erum króatískir leigumorðingjar eða sjónvarpsprestar úr Kópavogi þá erum við allavega öll jafn veik fyrir ástinni og Eurovision."*
Bergur Ebbi Benediktsson, tónlistarmaður í Sprengjuhöllinni

*„Toxic var baneitraður eiginlega vanabindandi, hélt ekki að maður gæti orðið hrifinn af leigumorðingja ... ótrúlega flott persónusköpun, fannst ég kannast við suma ... frábær bók."-*
Dröfn Þórisdóttir, markaðsráðgjafi

*„Hallgrímur er kominn aftur á þann stað þar sem hann er bestur."*
Guðmundur Ingi Gústavsson, bílasali

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

# Vigfúsarsýning á morgun

Á morgun verður dagskrá í Þjóðminjasafni Íslands helguð sýningunni Þjóðin, landið og lýðveldið. Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna, en að auki verður sýning á kvikmyndum Vigfúsar Sigurgeirssonar, sem sýndar voru á heimssýningunni í New York árið 1939. Framlag Vigfúsar Sigurgeirssonar (1900-1984) til íslenskrar menningarsögu er margþætt. Hann var einn fremsti ljósmyndari Íslendinga um miðbik 20. aldar og frumkvöðull í íslenskri kvikmyndagerð.

Ljósmyndir Vigfúsar voru sýndar í Hamborg, New York, Kaupmannahöfn og Reykjavík. Ljósmyndabók hans Ísland í myndum var fyrsta ljósmyndabókin eftir Íslending og hann varð einnig fyrstur Íslendinga til að gefa út bók með ljósmyndum í lit. Íslandskvikmyndir hans voru sýndar á heimssýningunni í New York 1939, en kunnastar af kvikmyndum hans eru leiknu þjóðháttamyndirnar Í jöklanna skjóli og Í dagsins önn.


**LJÓSMYNDIR** Sveinn Björnsson, forseti Íslands, í Keflavík lýðveldissumarið ásamt börnum úr móttökusveitinni
MYND VIGFÚS SIGURGEIRSSON/ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Dagskráin á morgun er tvíþætt: kl. 15 mun Inga Lára Baldvinsdóttir, fagstjóri ljósmynda, leiða gesti um sýninguna og kl. 16 verður kvikmynd Vigfúsar Sigurgeirssonar frá heimssýningunni í New York árið 1939 sýnd. Sýningin tekur um 30 mínútur.

**- pbb**


Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
lau 15/11 uppselt
**Aukasýningar komnar í sölu**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
lau. 15/11 uppselt
**Örfá sæti laus í desember**

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Er hægt að vera of fallegur? ★★★★ EB, FBL
lau. 15/11 uppselt
**Örfá sæti laus í nóvember**

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 16/11, örfá sæti laus
**Síðustu sýningar**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
sun. 16/11 örfá sæti laus
**Síðasta sýningarhelgi**

Kardemommubærinn
Leitin að jólunum
Sýningar komnar í sölu.
Tryggðu þér sæti!

www.leikhusid.is




# Dansflokkurinn í útrás

Íslenski dansflokkurinn heldur til Frakklands á mánudaginn kemur til að sýna á Festival Les Boréales í Caen. Flokkurinn sýnir þar alls fimm verk á tveimur kvöldum og og hefur Festival Les Boréales tekið upp hugmynd ÍD um „fjölskyldusýningu“ þar sem seinna kvöldið er sett saman dagskrá með verkum sem höfða sérstaklega til ungs fólks.

Fyrra kvöldið, hinn 20. nóvember, verður hið verðlaunaða verk Kvart eftir Jo Strömgren sýnt og einnig Happy New Year eftir Rui Horta.


**LISTDANS** Happy New Year eftir Rui Horta. MYND: ÍD/GOLLI

Seinna kvöldið, þann 22. nóvember, þar sem þemað er fjölskyldusýning, verða þrjú verk á dagskránni, Critic´s Choice eftir Peter Anderson, Maðurinn er alltaf einn eftir Ólöfu Ingólfsdóttur og Endastöð eftir Alexander Ekman.

Það er vert að vekja athygli á því að verk Ólafar Ingólfsdóttur, Maðurinn er alltaf einn, er nú tíu ára og því elsta verkið á verkefnaskrá Íslenska dansflokksins og það verk sem flestir dansara flokksins hafa lært.

Lokasýning verður hér á Íslandi á tveimur af þeim verkum sem verða sýnd í Frakklandi á sunnudaginn. Þetta eru verkin Kvart eftir Jo Strömgren og Endastöð eftir Alexander Ekman sem eru sýnd undir nafninu Dans-andi.

**- pbb**

# Galsafengin ísbjarnarsaga

Síðastliðið sumar upplifðu menn óborganlega tíma í fréttaflutningi, þegar stöðugt bárust fréttir af ferðum ísbjarna á Íslandi. Þrátt fyrir að ferðum bjarnanna fylgdi mikil ógn var eitthvað sérlega fyndið við fréttirnar sem ruddust inn á vefmiðlana. Hvítir blettir í hlíðum urðu samstundis að ísbjörnum þar til sannara reyndist. Einkum var gaman að sjá hvernig þjóðtrú og draumar fengu byr undir báða vængi, enginn þorði að efast um þriðja björninn sem vafalaust væri á leiðinni til lands. Þetta sálarástand þjóðarinnar er kveikjan að sögu Þorgríms Þráinssonar, Þriðji ísbjörninn.


**ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON** rithöfundur

Hér er á ferðinni galsafengin saga um fjölskyldu sem hefur greinilega fengið sinn skerf af góðærinu og skreppur norður í Skagafjörð á sérdeilis góðum jeppa og með fínasta húsvagninn sem hægt var að fá í búðinni í eftirdragi. Persónusköpun er grunn, sagt er frá fjórum systkinum og foreldrum þeirra. Þorgrímur er þekktur fyrir ástarsögur sínar um unglinga og sá tónn höfundar er enn til staðar því foreldrarnir haga sér eins og ástfangnir unglingar. Eins og titillinn ber með sér á ísbjörn sinn þátt í sögunni.

Þorgrímur Þráinsson er ófeiminn við að horfast í augu við þær breytingar sem orðið hafa á ferðamáta margra. Þegar fjölskyldan keyrir norður í land horfa börnin á disk í stað þess að horfa út um gluggann. Hver og einn farþegi í bílnum er í sínum heimi og með sín heyrnartól, þá verður lítið um samræður. Þessi lýsing á ferðamáta er nauðsynleg í sögunni til þess að hún geti haft nokkurn trúverðugleika. Í ferðinni lendir fjölskyldan í ævintýri sem engan hefði órað fyrir og á sér enga hliðstæðu í raunveruleikanum þó að aðrir þættir sögunnar eigi það.

Þriðji ísbjörninn er létt og kát saga fyrir krakka sem eru komnir vel af stað í lestri og hafa gaman af stuttum ærslasögum.

**Hildur Heimisdóttir**




**BÓKMENNTIR**
**Galsafengin fjölskylda**
Þorgrímur Þráinsson
Þriðji ísbjörninn
Forlagið
★★

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 15. nóvember 2008**

### ➜ Skrúðganga

17.00 **St. Martinsdagurinn** Hollvinasamtök þýska bókasafnsins í samvinnu við Bókasafn Hafnarfjarðar standa fyrir skrúðgöngu í miðbæ Hafnafjarðar. Lagt verður af stað frá Bókasafninu, Strandgötu 1.

### ➜ Tónleikar

16.00 **Fjölskyldutónleikar** Fífilbrekkuhópurinn ásamt skólakór Varmárskóla og Gradualekór Langholtskirkju, flytja vinsæl lög Atla Heimis Sveinssonar í hátíðarsal Vamárskóla við Skólabraut, Mosfellsbæ.

21.00 **Better Days Blues** Kristjana Stefánsdóttir og hljómsveit verða með tónleika á Café Rósenberg við Klapparstíg.



22.00 **Hljómsveitirnar Sudden Weather Change, Miri** og **What about** verða með tónleika á Bar 11, Laugavegi 22. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Hönnun

**DUODU - Norsk prjónahönnun** Sýning á glæsilegum prjónuðum kvenfatnaði í Norræna Húsinu, Sturlugötu 5. Opið alla daga nema mánudaga kl. 12-17.

### ➜ Listahátíð

**Unglist - Listahátíð ungs fólks** stendur yfir 7.-15. nóv. Ókeypis er á alla viðburði. Nánari upplýsingar á www.unglist.is.

16.00 **Verðlaunaafhending** Myndlistamaraþonsins.

20.00 **Tískusýning** í Laugardalslauginni.

### ➜ Myndlist

**Í Gallerí Ormi** stendur yfir sýning á málverkum eftir Sigurjón Jóhannsson listmálara og leikmyndateiknara, af helstu atburðum og persónum úr Njálssögu. Sögusetrið á Hvolsvelli, opið um helgar frá 11-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


GERÐUBERG
www.gerduberg.is





STEINA
Vídeólistasýning
Efri hæð
SÍÐASTA SÝNINGARHELGI
Sýningin er opin 13-16.
Sími 575-7700 – gerduberg@reykjavik.is


# Ný sýn á handverk

Sýning myndlistarkonunnar Hönnu Hlífar, „Munstur“ var opnuð í Gallerí Ráðhúsi á Akureyri í liðinni viku. Á sýningunni eru fjögur verk þar sem Hanna Hlíf vinnur með útsaum, en Hanna hefur áður unnið með gamalt handverk í verkum sínum. Færir hún hið gamla í nýjan búning og endurskoðar handbragð fyrri tíma.

Sýningarsalurinn Gallerí Ráðhús er í Ráðhúsinu á Akureyri og er dags daglega fundarsalur bæjarstjórnar Akureyrar. Galleríið er þannig ekki venjulegt sýningarrými heldur vinnustaður sem hefur þetta sérstaka, listræna viðbótarhlutverk. Hægt er að fara á sýninguna alla virka daga á milli kl.8 og 17 á meðan ekki standa yfir lokaðir fundir bæjarstjórnar. Sýningin stendur til 1. maí á næsta ári.

**- vþ**




eitthvað alveg
einstakt







Ásgeir Smári
opnar sýninguna
SJÓNARHORN
laugardaginn
15. nóvember kl.14
Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is

# Diddú og Terem

## Útgáfutónleikar í kvöld

Í Salnum í Kópavogi kl. 17:00 – Uppselt. Kl. 20:00 – Örfá sæti laus



Flutt verður efni af nýútkomnum geisladiski Diddúar og Terem sem hlotið hefur mikið lof.

Íslenskar perlur og erlend lög í suðrænni stemmningu þar sem gleðin leiftrar og treginn er magnaður.



## > NÝ SKARTGRIPAVERSLUN

Skartgripahönnuðurinn Inga R. Bachmann hefur lengi unnið hjá búðinni Aurum en hefur nú hafið eigin rekstur á einstakri hönnun sinni. Verslunin er staðsett á Klapparstíg og það er upplagt að kíkja á sérstaka og fallega jólagjöf þar.
Upplýsingar um hönnunina má finna á http://www.myspace.com/ingabachmann.

# stíll

utlit@frettabladid.is




Creme Scintillante-húðkrem frá franska merkinu l'Occitane sem gefur húðinni dásamlegan ljóma.



Vampírumálningu frá Make Up Store. Glimmerduft úr nýju Whisper-línunni í seiðandi litum.



Köflótta slá sem er bæði hlý og svöl í vetrarkuldann. Frá KVK, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...

## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Tónlist og támjóir skór*



Skjótt skipast veður í lofti og það verður áhugavert að sjá hvernig áhrif þessi blessaða kreppa mun hafa á tísku og tíðaranda. Hún hefur að minnsta kosti minnstu áhrifin á listamenn og tónlistarmenn því það fólk fylgir gjarnan eigin tískunefi og spáir lítið í hlutina sem maður „verður“ að eiga. Flottir jeppar og Pradaskór voru bara samasemmerki fyrir eitthvað gífurlega hallærislegt hvort eð var þegar allt sem maður þarf eru svartar gallabuxur og leðurjakki. Slíkt tískuandstreymi var til dæmis mjög áberandi í byrjun sjöunda áratugarins þegar breskir unglingar fóru að hafna gamaldags hefðum og væminni dægurlagatónlist. Þeir vildu enga vægð heldur bara að vera svalir, snyrtilegir, skarpir, hipp og kúl. Föt áttu að vera sexí og straumlínulöguð. Níðþröng og töff. Þeir horfðu á listrænar kvikmyndir, keyrðu um á vespum, tóku amfetamínpillur og lifðu fyrir tónlistina. Þessi hópur kallaði sig „Mods“ sem að sjálfsögðu kemur af orðinu módernisti. Síðar komu svo auðvitað hipparnir og pönkararnir sem tóku við kyndli tískuandstreymisins en persónulega hrífst ég mest af skarpa „sixtís“-stílnum sem einkenndi „moddara“. Karlmenn gengu í þröngum jakkafötum og rúllukragabolum, támjóum leðurskóm sem kölluðust „winklepickers“ og voru með hárgreiðslu sem minnti á leikara í frönskum nýbylgjumyndum. Sumir tóku upp á því að nota augnskugga og jafnvel varalit. Kvenfólk gekk í mjög svipuðum og strákalegum fötum, voru oft með stutt hár, gengu í karlmannsbuxum, flatbotna skóm og jú, auðvitað, mínípilsum sem gerðust styttri og styttri eftir því sem leið á áratuginn. Þær voru með fölan andlitsfarða, dökkan augnskugga og fölsk augnahár. Mod-tískan hefur fylgt tónlistinni allar götur síðan og hefur svo auðvitað átt sínar „comeback“ stundir á tískupöllunum. Ákveðin fatamerki hafa meira að segja tileinkað sér Mod-tískuna alfarið en þar má nefna franska fyrirtækið April 77 sem gerir út á þrönga leðurjakka og buxur í hinni heilögu litaþrenningu rokksins, svörtu, rauðu og hvítu. Nú þegar fólk er búið að leggja visakortunum og hætt að punga út stórum fjárhæðum í merkjafatnað og fínerí er líka kannski hægt að doka við og uppgötva það að einfaldleikinn getur oft verið bestur. Uppgötvað jafnvel að það eina sem maður þarf í fataskápinn eru svartar buxur og támjóir skór með vænum slatta af attidjúdi.





## PALLÍETTUR OG PERLUR Í PARÍS:

# Glitur og glans

Næsta sumar verður gætt ævintýralegum blæ, að minnsta kosti hjá hönnuðum eins og Colette Dinigan, Dries Van Noten og Ricardo Tisci hjá Givenchy á sýningum fyrir vor og sumar 2009. Pallíettur og glitur voru þar saumuð í kjóla og blússur sem ættu að ganga hvort sem það er að degi til eða kvöldlagi. Tilvalin leið til að lífga upp á svartasta skammdegið sem ört nálgast. **- amb**



**SPARILEGUR** Stuttur grásilfraður kjóll frá Colette Dinningham



**GIMSTEINAR** Hvít skyrta með stórum semeliusteinum eftir hönnuðinn Riccardo Tisci fyrir Givenchy



**GYLLT** Fallegur kjóll sem minnir á þriðja áratuginn frá Dries Van Noten



**SEXÝ** Fallegur stuttur og glitrandi hlýralaus kjóll frá ástralska hönnuðinum Colette Dinningham.



OPNUM NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN

Verið velkomin í nýja og stærri verslun Aurum að Bankastræti 4 laugardaginn 15. nóvember.

SÝNUM NÝJA SKARTGRIPALÍNU.

au | aurum

Bankastræti 4 I Sími 551 2770 I www.aurum.is




DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

> BÆTIR Á SIG

Mischa Barton var gagnrýnd fyrir að vera of grönn þegar hún hóf feril sinn í þáttunum OC, en nú hefur umfjöllunin snúist við. Mischa er sögð hafa farið úr fatastærð 8 upp í stærð 12 og samkvæmt heimildarmanni tímaritsins Look má rekja þyngdaraukninguna til streitu. Áhyggjur hennar af leiklistarferlinum eru sagðar valda því að hún borði mun meira nú en áður.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Meistarinn semur spurningar

Borðspilið Ísland, sem kemur út á næstunni, gerir væntanlega tilkall til möndluverðlaunanna í ár. Spilið hefur að geyma 2.400 fjölbreyttar spurningar sem tengjast Íslandi og er því ætlað að vera íslensk útgáfa af hinu vinsæla Trivial Pursuit.

Myndform dreifir spilinu en höfundur spurninganna er Magnús Þorlákur Lúðvíksson, sem kann sitthvað í leikjum sem þessum því hann vann spurningakeppnina Meistarinn sem var háð á Stöð 2 á síðasta ári.

„Það má segja að þetta hafi verið verkefni sem kom upp í hendurnar á mér í sumar. Konseptið af spilinu kemur frá útlöndum. Það hefur verið gefið út sambærilegt spil á hinum Norðurlöndunum og í Bretlandi og vakið mikla lukku,“ segir Magnús Þorlákur. „Því fannst mönnum tilvalið af fara með þetta heim til Íslands enda hefur þetta fræðslugildi og er skemmtilegt.“

Magnús, sem leggur stund á hagfræði í Háskóla Íslands, er sjálfur ekkert spilafrík en hefur þó gaman af góðum spilum. „Ég á til að verða ansi æstur þegar ég spila Risk eða eitthvað þannig. Eins og gefur að skilja hef ég mjög gaman af því að spila spurningaspil. Fyrir fólk sem hefur gaman af því er þetta spil mjög fín viðbót í safnið. Núna þegar við erum orðin svolítið einöngruð er kannski gott að einbeita sér að því sem er íslenskt og þjóðlegt og þetta spil er það.“

Magnús er skynsamur því hann passaði sig á því að leggja verðlaunafé sitt úr Meistaranum, fimm milljónir, ekki í hlutabréf. „Það liggur að stórum hluta inni á bankabók þrátt fyrir að skatturinn hafi tekið svolítið af mér og lífernið hafi kannski verið aðeins hærra en það var fyrir,“ segir hann. - fb



**MAGNÚS ÞORLÁKUR LÚÐVÍKSSON** Samdi spurningarnar fyrir borðspilið Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Handtekinn í annað sinn

**Kanye West virðist ekki kunna vel við athygli ljósmyndara, en rapparinn var handtekinn snemma á föstudagsmorgun eftir að hafa ýtt myndvél í andlit ljósmyndara sem gerði tilraun til að smella af honum mynd. Atvikið átti sér stað eftir að Kanye yfirgaf Tup Tupklúbbinn í Newcastle seint á fimmtudagskvöld. Hann var handtekinn þremur klukkustundum síðar á Hilton hóteli sínu í Gateshead, en sleppt að lokinni yfirheyrslu.**

**Þetta mun ekki vera í fyrsta sinn sem rapparinn á í útistöðum við ljósmyndara, en svipað atvik átti sér stað í Los Angeles í september þar sem Kanye slapp einnig við ákæru.**





**ÚTLENDINGAR GÆTU BJARGAÐ JÓLUNUM** Útlendingarnir sem hingað koma í verslunarferðir gætu bjargað jólaverslunninni í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Aðdáendur standa með Gil Grissom

Rúmlega þriðjungur þeirra Bandaríkjamanna sem hafa horft á sakamálaþáttinn CSI: Crime Scene Investigation ætlar að hætta að horfa þegar persónan Gil Grissom hverfur á braut um miðbik þáttaraðarinnar.

Þetta kemur fram í nýrri könnun sem var gerð á netinu. William Peterson hefur leikið hinn ofurglögga Grissom undanfarin átta ár og svo virðist sem þátturinn muni hrapa í vinsældum án hans. Laurence Fishburne tekur við af Peterson í þættinum og sagðist 41 prósent aðspurðra ætla að gefa Fishburne tækifæri til að sanna sig áður en þeir myndu ákveða sig.

Hinir endurgerðu þættir 90210 og Knight Rider urðu fyrir valinu sem mestu vonbrigðin í bandarísku sjónvarpi á meðan tryllirinn 24 er sá þáttur sem áhorfendur bíða spenntastir eftir.



**CSI** Gil Grissom hefur farið á kostum í þættinum CSI undanfarin átta ár. Tilkynnt hefur verið að Laurence Fishburne taki við aðalhlutverkinu af William Peterson við misjafnar undirtektir.


Dekurhæðin
NUDD
Verð frá
1690.-
Selásbraut 98
110 Árbæ S:577 3737


# Borðspil í stað flatskjáa

**Íslensk hönnun verður jólgjöfin í ár. Þetta upplýsti Rannsóknarsetur verslunarinnar á árlegum fundi sínum í Borgartúni. Engin met verða slegin í jólaverslun og íslenska þjóðin mun aldrei þessu vant sýna hagkvæmni og hagnýtingu þegar jólapakkarnir verða opnaðir á aðfangadag.**

„Menn eiga sennilega eftir að sleppa því að kaupa flatskjá handa fjölskyldunni og fjárfesta þess í stað í borðspili til að sameina hana,“ segir Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar. Jafnframt kom fram á fundinum að allar forsendur fyrir spá um jólaverslun væru í raun brostnar en verslunareigendur sjá þó ekki bara svart. „Við sjáum fram á að Íslendingar muni kaupa langflestar jólagjafir sínar hér á landi en það er töluverð breyting frá undanförnum árum,“ segir Emil. Kaupóðir útlendingar gætu svo reddað jólaversluninni fyrir horn. „Það hefur átt sér stað töluverð aukning í verslunarferðum útlendinga,“ segir Emil og nefndi sem dæmi að dýr tískufatnaður seldist nú sem aldrei fyrr. Sjötíu prósentum af honum væri hins vegar pakkað ofan í ferðatöskur útlendinga.

Sögu hinna dýra og flottu jóla sem löngum hafa einkennt íslensku þjóðina er hins vegar lokið. Undanfarin ár hafa Íslendingar slegið hvert metið af fætur öðru í jólaverslun en búast má því að þau met standi um ókomna tíð. Dýr húsgögn, dýr raftæki og aðrar lúxusvörur heyra sögunni til og fólk mun sýna hagkvæmni og hagnýtingu í jólainnkaupum sínum. Og þar kemur íslenska hönnunin sterk til leiks. Hér getur verið um að ræða fjölskylduspil, íslenskar ullarvörur og tískufatnað. „Þetta fellur mjög vel að þeim tíðaranda sem nú er, að þegar þrengir að velja Íslendingar sína eigin vöru fram yfir þá útlensku,“ segir Emil. - fgg



**LOPAPEYSUR OG FJÖLSKYLDUSPIL** Lopapeysan, ullarsokkar og íslenskar tískuvörur gætu orðið innihald jólapakkanna í ár.


Geðheilbrigðismál fræðsludagar
**Valdefling í verki** - Haukahúsinu, Ásvöllum, Hafnarfirði 20. - 21. nóvember
Álftanes, Garðabær Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær Seltjarnarnes
Fundarstjórar:- Bæjarstjórarnir: Jónmundur Guðmarsson, Haraldur Sverrisson, Lúðvík Geirsson

Fimmtudagurinn 20. nóvember
08:50 – Lára Björnsdóttir, félagsmálaráðuneytinu
09:00 – Valdefling í verki – Auður Axelsdóttir, forstöðumaður
09:40 – Að lifa í voninni – Hallgrímur Björgvinsson, Hugarafli
09:50 – Kaffi
10:10 – Valdefling í þjónustu – Sigríður Kristjánsdóttir, SMFR
10:25 – Viðhorf almennings – Jón Gunnar Bernburg, dósent
10:40 – Ég og NsN – Nanna Þórisdóttir, verkefnisstjóri
10:55 – Fjölsmiðjan samfélagslegt fyrirtæki – Þorbjörn Jensson
11:10 – Stefnumótun Straumhvarfa – Þór Þórarinsson
12:00 – Matur
12:50 – Hvað virkar að mati notenda – Elín Ebba, dósent
13:30 – Tjáning mikilvægasta verkfæri mannsins– Kári Halldór
13:45 – Þórdís Guðjónsdóttir, forstöðumaður Lækjar
14:00 – Geðfræðsla – Steindór J. Erlingsson, verkefnisstjóri
14:15 – Ester Landmark, notandi í Læk Hafnarfirði
14:25 – Umræður og fyrirspurnir

Föstudagurinn 21. nóvember
08:50 – Lúðvík Gestsson, bæjarstjóri
09:05 - Geðbaráttumál -Elín Ebba Ásmundsdóttir,dósent
09:50 - Kaffi
10:05 - Aðstandandi
10:20 - Styrkleikar - Auður Axelsdóttir, forstöðumaður
11:00 - Stuðningur í umhvefinu - Kolbrún Haukdal Jónsdóttir
11:15 - Hörður Gunnarsson, skáld
11:30 - Þráinn Bertelsson, rithöfundur
12:00 - Matur
13:00 - Umræður og Vinnusmiðjur

Fræðsludagarnir eru öllum opin og aðgangur ókeypis.
nánari upplýsingar: www.hugarafl.is og www.smfr.is


# Þrettán höfundar semja sextán lög

Næsta Eurovision-keppni fer fram í Moskvu 16. maí. Valnefnd hefur nú valið fimmtán lög úr 217 innsendum sem berjast munu um hylli íslenskra sjónvarpsáhorfenda. Höfundar laganna eru flestir alvanir Eurovision-forvalinu. Þeir eru Albert G. Jónsson, Einar Oddsson, Einar Scheving, Erla Gígja Þorvaldsdóttir, Grétar Sigurbergsson, Halldór Guðjónsson, Hallgrímur Óskarsson, Heimir Sindrason, Óskar Páll Sveinsson, Torfi Ólafsson, Trausti Bjarnason og Valgeir Skagfjörð. Þrír af þessum eiga tvö lög í pottinum, þeir Hallgrímur, Heimir og Óskar Páll. Að auki á Örlygur Smári, sigurvegari keppninnar í fyrra, eitt lag, en honum var boðið að vera með.

Fjögur lög keppa í senn í beinni útsendingu frá myndveri Sjónvarpsins 10., 17., 24. og 31. janúar. Áhorfendur velja með símakosningu tvö lög sem komast áfram í úrslitaþáttinn 14. febrúar. Flytjendur laganna verða kynntir síðar. - drg



**SEMUR TVÖ LÖG Í EUROVISION Í ÁR** Óskar Páll Sveinsson hefur aldrei samið lög fyrir Eurovision áður, en hann er samt eini Íslendingurinn sem hefur unnið keppnina.

# HEIMSMETA-BÓKIN 2009




NÚ MEÐ MYNDUM Í ÞRÍVÍDD!



ÞRÍVÍDDAR-GLERAUGU FYLGJA BÓKINNI

## Glæný útgáfa af vinsælustu metabók heims

- STERKASTI MAÐUR HEIMS
- HEIMSMETAHEIMUR HARRY POTTER
- STJÖRNURNAR Í HOLLYWOOD
- UPPFÆRÐ HEIMSMETASKRÁ
- ALLT UM TÖLVULEIKI
- RISAEÐLUR Í ÞRÍVÍDD – AUGLITI TIL AUGLITIS!

[ AÐ AUKI UPPÁHALDSMETIN ÞÍN FRÁ ÖLLUM HEIMSHORNUM ]

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

HEILLANDI SKEMMTUN SEM KARLAR OG KONUR, STRÁKAR OG STELPUR GETA EKKI SLITIÐ SIG FRÁ

# Sögur fagna útgáfu

Útgáfufyrirtækið Sögur hélt hóf í Eymundsson í Austurstræti fyrir skömmu þar sem nýjustu bækur þess voru kynntar. Meðal þeirra sem árituðu þar bækur sínar voru Jóna Á. Gísladóttir, sem gefur út bókina Sá einhverfi og við hin, Óttar M. Norðfjörð, sem gefur út sakamálasöguna Sólkrossinn, og Ingibjörg Reynisdóttir, með unglingabókina Rótleysi & Rokk og Róman-TÍK. Mörgum er eflaust í fersku minni frammistaða Ingibjargar í sakamálaþáttunum Svartir englar sem voru sýndir í Ríkissjónvarpinu fyrir skömmu en nú vendir hún kvæði sínu í kross með þessari nýju útgáfu. Bókin er sjálfstætt framhald unglingabókarinnar Strákarnir með strípurnar sem kom út haustið 2007. Þá bók skrifaði Ingibjörg í samstarfi við fimmtán ára dóttur sína, Lovísu Rós Þórðardóttur.



**ÚTGÁFUHÓF HJÁ SÖGUM** Rithöfundarnir Jóna Á. Gísladóttir, Óttar M. Norðfjörð og Ingibjörg Reynisdóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Öllu tjaldað til í Salnum

„Þar sem það er svo mikill uppgangur í þjóðfélaginu og hjól atvinnulífsins á fleygiferð þá ákváðum við að drífa bara í að halda tónleika. Og af því að hann Kiddi minn Hjálmur er svo assgoti drífandi þá dugði ekkert nema tónleikaröð. Tónleikar alla sunnudaga í Salnum takk fyrir," segir Bragi Valdimar Skúlason, Baggalútur og höfundur laga og texta á barnaplötunni Gilligill.

Það er völlur á Braga – „Öllu verður tjaldað til, eða því sem næst öllu. Egill Ólafs og Magga Stína fara fyrir fríðum flokki flytjenda, sem verða hinir og þessir velunnarar okkar, t.d. Sigga Toll, Siggi Hjálmur, Gummi Baggalútur, Ragga Gröndal, Sigtryggur Baldurs og fleiri sem skiptast á að líta í heimsókn. Og svo verður auðvitað Memfismafían í banastuði með öll helstu hljóðfæri tónlistarsögunnar tiltæk." Þetta verður heljar skrall: „Aðalatriðið er að allir skemmti sér sem konunglegast," segir Bragi. „Það er líka rétt að taka það fram að tónleikarnir eru hæfilega stuttir, enda berum við mikla virðingu fyrir dýrmætum tíma íslenskra barna, og viljum sem minnst skerða útivistartíma þeirra."

Gilligill–tónleikarnir í Salnum í Kópavogi verða haldnir alla sunnudaga fram að jólum, klukkan 13 og 15, fyrstu tónleikarnir á morgun, 16. nóvember. Salurinn verður líka vettvangur jólatónleika Baggalúts, sem eru fyrirhugaðir. - drg



**VÖLLUR Á BRAGA** Gilligill alla sunnudaga til jóla.








**KIEDIS** Sjónvarpsþættir um ævi Kiedis eru væntanlegir á bandarísku sjónvarpsstöðinni HBO.

# Nýir þættir um líf Kiedis

**Þættir byggðir á sjálfsævisögu Anthony Kiedis, söngvara Red Hot Chili Peppers, eru í undirbúningi hjá bandarísku sjónsvarpsstöðinni HBO. Um gamanþætti verður að ræða sem fjalla að mestu leyti um rokksenuna í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum.**

**Í bók sinni fjallaði Kiedis um æsku sína í Los Angeles og samband sitt við föður sinn, Spider, sem var eiturlyfjasali í borginni, en dramatíkin verður þó ekki í fyrirrúmi í þáttunum. „Það er mjög spennandi fyrir okkur feðgana að fá tækifæri til að endurlifa þessar minningar um konurnar, rokksveitirnar og dyraverðina á klúbbunum," sagði Kiedis.**



**MICHAEL JACKSON** Á ekki lengur búgarðinn Neverland í Kaliforníu.

# Jacko missir Neverland

Popparinn Michael Jackson er ekki lengur eigandi búgarðsins Neverland í Kaliforníu. Nýr eigandi búgarðsins er fyrirtækið Sycamore Valley Ranch, þar sem Jackson er reyndar hluthafi.

Fyrirtækið tengist fjárfestingafyrirtækinu Colony Capital sem kom söngvaranum til bjargar í mars síðastliðnum þegar hann skuldaði sextán milljónir punda í eigninni. Aðeins vika var í að búgarðurinn yrði settur á uppboð þegar fyrirtækið borgaði upp skuldina. Jackson, sem keypti Neverland árið 1987, hefur ekki búið þar síðan 2005 þegar hann var sýknaður af ákæru um kynferðislega misnotkun á ungum dreng.



**BJÓÐA Í PARTÝ** Þórhildur segir alla velkomna í rauðvín og osta á 101 Hárhönnun á Skólavörðustíg 8 í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sameina krafta sína í kreppunni

„Okkur langaði að gera eitthvað skemmtilegt á þessum síðustu og verstu,“ segir Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, eigandi hársnyrtistofunnar 101 Hárhönnun. Þórhildur hefur nú fengið til sín Sigurbjörgu Söndru Olgeirsdóttur af Tony and Guy og Halldóru Hörpu Ómarsdóttur af Unique sem meðeigendur að stofunni og í tilefni þess efna þær stöllur til veislu í kvöld.

„DJ Jón Atli ætlar að sjá um tónlistina og allir eru velkomnir í rauðvín og osta á Skólavörðustíg 8 milli sex og níu,“ segir Þórey og lætur engan bilbug á sér finna í kreppunni. „Fólk sleppir kannski síðast tannlækninum og klippingunni, en við reynum að halda verðinu í skefjum þrátt fyrir miklar hækkanir annars staðar,“ bætir hún við. - ag

# Hasar-basar á Smiðjustíg

**Á Smiðjustíg 4a, hægra megin við Grand Rokk, hafa alls konar listamenn hreiðrað um sig. Í dag og alla laugardaga fram að jólum ætla leigendurnir að standa fyrir Hasar-basar. Efnt verður til hljómleika og upplestra og ýmiss konar varningur verður falur fyrir minniháttar upphæðir. Hljómsveitin FM Belfast leikur fyrir gesti í dag og Hallgrímur Helgason les upp úr nýju bókinni sinni. Þá kemur bókabúðin Útúrdúr í heimsókn og boðið verður upp á kakófóníu og piparkökur. Opið er frá kl. 14 en dagskrá hefst upp úr kl. 16.**



**VARAFORSETAEFNI Í SJÓNVARP** Sarah Palin gæti komið fram í þætti í Aðþrengdum eiginkonum.
NORDICPHOTOS/AFP

# Palin í Aðþrengdum eiginkonum

Sarah Palin, varaforsetaefni Johns McCain, gæti komið fram í gestahlutverki í Aðþrengdum eiginkonum, sjónvarpsþáttunum sívinsælu. Framleiðendur þáttanna eru spenntir fyrir þessari hugmynd og ætla að bera hana upp við Palin sem er ríkisstjóri í Alaska. Ef af verður mun Palin koma fram sem hún sjálf í lokaþætti næstu þáttaraðar.

Ímynd Palin sem konu sem veiðir elgi og á syni sem spila ísknattleik þykir passa ágætlega inn í umhverfið á Wysteria Lane.

# Tilþrifalítil leit að Osama

**KVIKMYNDIR**

**Where in the World is Osama Bin Laden**

Leikstjóri: Morgan Spurlock
Aðalhlutverk: Morgan Spurlock

★★★

Ágætis afþreying sem segir lítið nýtt. Það eru til margar fleiri heimildarmyndir sem fjalla um þetta viðfangsefni af meiri innsýn.

Where in the World is Osama bin Laden markar endurkomu heimildarmyndagerðarmannsins Morgan Spurlock, alls fjórum árum eftir að hann gerði sína fyrstu heimildarmynd, Super Size Me. Í henni fórnaði hann sér fyrir heimildarmyndina og át ekkert nema McDonalds-skyndibitamat í heilan mánuð, með afdrifaríkum afleiðingum. Inntak þessarar nýju myndar hans er enn þá meiri hættuför; hann ætlar sér að finna eftirlýstasta hryðjuverkamann veraldar, Osama bin Laden, og í leiðinni hætta sér til hins stríðshrjáða Afganistans auk landa á borð við Ísrael, Egyptaland, Pakistan og Sádi-Arabíu.

En líkt og í Super Size Me er léttleikinn í fararbroddi og tónninn almennt skemmtilegur og Spurlock notast t.d. við tölvuleikjabardaga til að lífga upp á myndina. Eftir að hann tekur námskeið í sjálfsvörn í byrjun myndarinnar leggst hann svo aðallega í viðtöl við venjulega íbúa viðkomandi landa. Hann spyr þá um skoðun þeirra á Bandaríkjunum og bin Laden, og hvort þeir viti hvar al-Kaída leiðtoginn sé. Meginpunktur myndarinnar virðist sá að við séum líkari íbúum Mið-Austurlanda en okkur grunar, og líkt og við vilja þeir flestir aðeins ró og spekt.

Myndin stílar því nokkuð inn á að áhorfandinn hafi ekki meiri þekkingu á Mið-Austurlöngum en þá einhliða umfjöllun sem vestrænir fjölmiðlar varpa fram. Þetta er því umræða sem ristir ekki djúpt, og jafnvel eitt markmiða Spurlocks, að „skilja“ hvað rekur áfram mann eins og bin Laden, fer fyrir lítið. Niðurstaða hans er einfaldlega sú að rót hryðjuverkavandans verði enn til staðar þótt bin Laden falli frá. Þetta er um margt ágætis afþreying, en segir lítið nýtt og margar fleiri heimildarmyndir hafa fjallað um þetta viðfangsefni af meiri innsýn.



**Loftur Ingi Bjarnason-topp5.is**




Hefur þú skaðast í slysi?

Slys geta gerbreytt aðstæðum í lífi okkar allra. Erfiðleikarnir geta verið líkamlegir, sálrænir, félagslegir og fjárhagslegir.

**Hringdu þá í okkur hjá Fulltingi.**
Við erum sérfræðingar á þessu sviði og útskýrum rétt þinn á mannamáli.

- *Það kostar þig ekkert að kanna rétt þinn á bótum!*
- *Þér er velkomið að hafa samband hvenær sem þér hentar.*

**Vinsamlega hringdu í síma 533 2050 eða sendu okkur tölvupóst: fulltingi@fulltingi.is**

FULLTINGI
*slysa- og skaðabótamál*

Suðurlandsbraut 18 • 108 Reykjavík • www.fulltingi.is • fulltingi@fulltingi.is



**GEFA ÚT HEIMABRUGG** Frændurnir Hannes Þór Baldursson og Davíð Baldvinsson skipa Skorpulifur sem heldur útgáfupartí á Dillon í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fengu ekkert kremkex

„Okkur datt því í hug að fá smá styrk frá Frón fyrir útgáfupartíið okkar," segir Ragnar Davíð úr hljómsveitinni Skorpulifur, sem heldur útgáfuteiti á Dillon í kvöld í tilefni af útkomu plötunnar Heimabrugg.

„Við erum með lag sem heitir Kremkex og höfðum samband við markaðsstjóra Frón til að fá nokkra kremkexpakka fyrir partíið. Í tölvupóstinum lét ég fylgja tengil inn á vefsíðu okkar þar sem ég hafði sett inn logo og mynd af kremkexpakka. Þeir spurðu þá hvort ég hefði fengið leyfi fyrir birtingunni og ég viðurkenndi að svo hefði ekki verið svo þeir báðu mig vinsamlegast að taka auglýsinguna út og sögðu að hún passaði ekki við markaðsstefnu fyrirtækisins," segir Ragnar sem fékk ekkert kremkex í kjölfarið. „Ég er ekkert að erfa þetta við þá og á sjálfur smá kremkex sem ég ætla að bjóða fólki upp á í kvöld," bætir hann við.

„Í útgáfupartíinu ætlum við að nota nöfnin á lögunum okkar sem þema. Eitt lagið heitir til dæmis Eldur og ís, svo það verða eldgleypar á staðnum og fyrir lagið Rósóttar nærbuxur handmálaði ég rauðar rósir á hvítar blúndunærbuxur sem verða til sölu á staðnum," segir Ragnar. Útgáfupartíið hefst klukkan 21 í kvöld og aðgangur er ókeypis. -ag

# Þreyttir á „singalong" - pakkanum

**Strákarnir í Jeff Who? eru orðnir leiðir á öllu þessu la,la,la,la. Nýjasta plata þeirra er full af grípandi diskópoppi á meðan hvergi bólar á „singalong"-köflum í anda ofurslagarans Barfly.**



**ÞRÖNGT MEGA SÁTTIR SITJA** Hljómsveitin Jeff Who? kramin inni í keflvískum kagga. Frá vinstri: Bjarni Hall, Valdimar Kristjónsson, Þormóður Dagsson, Ásgeir Flosason og Elís Pétursson.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jeff Who? átti án efa vinsælasta lag ársins 2006, Barfly, þar sem fólk söng með í grípandi lokakaflanum eins og sjálft Hey Jude væri risið upp frá dauðum. Félagarnir Elli og Baddi játa að vinsældir lagsins hafi haft áhrif á gerð nýju plötunnar. „Það var ekki farið í „singalong-kafla". Við vildum leita að öðru „elementi" og útsettum til dæmis meira fyrir raddanir. Við lögðum líka meiri áherslu á poppmelódíur," segja þeir. „Við vorum ekki í stuði fyrir la,la,la,la-„singalongið". Það var ágætis pakki en hann er búinn."

### Gríðarlegar vinsældir

Jeff Who? steig fram á sjónarsviðið fyrir jólin 2005 með plötunni Death Before Disco og vakti mikla athygli, sér í lagi fyrir Barfly. Sveitin fékk þrenn verðlaun fyrir lagið á Hlustendaverðlaunum FM957 í fyrra og ein á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Þrátt fyrir vinsældirnar spilaði Jeff Who? nánast ekkert allt síðasta ár og lítið framan af þessu. Bæði vildu þeir hvíla sig og aðdáendur sína eftir mikla spilamennsku auk þess sem ákvörðun Tobba um að hætta í sveitinni spilaði inni í. „Það var hægara sagt en gert að finna hljómborðsleikara sem mætti okkar kröfum," segir Elli. „Ef sumir hefðu gubbað því út úr sér að Valdi væri mögulegur kostur þá hefðum getað byrjað hálfu ári fyrr að spila," segir hann og horfir ásökunaraugum á Badda.

Og þeir félagar bæta við alvöruþrungnir: „Það hefðu verið mistök að hamra járnið á meðan það væri heitt eins og útgefendurnir vildu til dæmis að við gerðum. Við þurftum bara þennan tíma til að gera plötu sem okkur fannst nógu góð."

### Ekkert ofurband

Elli og Baddi eru sammála því að Jeff Who? hafi þroskast síðan síðasta plata kom út og það eigi að koma í ljós á nýja gripnum. „Spilamennskan er miklu betri og sándið er miklu betra. Það er meira lagt í þetta, meira um dúllur. Síðasta plata var fyrsta platan okkar og þá var ekki eins og við hefðum stofnað eitthvað súperband úr öðrum hljómsveitum. Við æfðum líka ótrúlega mikið og við teljum að það hafi skilað sér."

Jeff Who? fékk góða hjálp við strengjaútsetningar frá Bandaríkjamanninum Anton Patzner, sem hefur unnið með hljómsveitinni Bright Eyes, og saxófónleikaranum Hauki Gröndal, auk þess sem Axel „Flex" Árnason, sem hefur unnið með Mammút og Bang Gang, sá um upptökustjórn. Sameinaðist hópurinn um að búa til þétta plötu þar sem poppi og diskótöktum er blandað saman á smekklegan hátt.

Söngkonan Esther Talía Casey syngur dúett á móti Badda í laginu Alain. Fetar hún í fótspor Ágústu Evu Erlendsdóttur sem söng á síðustu plötu. „Við leitumst dálítið við að fá kvenleika inn í þetta. Baddi er með svo djúpa og karlmannlega rödd og hún fær að njóta sín svo vel á móti Esther, sem lyftir laginu upp," segir Elli.

### Meik ekki aðalmálið

Jeff Who? hefur á ferli sínum spilað á þrennum tónleikum í New York og einu sinni í Danmörku. Þeir félagar eru opnir fyrir frekari landvinningum, komi eitthvað skemmtilegt upp á borðið. „Sveit eins og við höfum bara ákveðinn aðdáendahóp á Íslandi en maður er raunsær. Þetta er ævintýramennska. Meik og ekki meik skiptir ekki öllu máli. Þetta er meira gaman en meik," segir Baddi og Elli bætir við: „Við erum að safna sögum í sarpinn fyrir barnabörnin og fá reynslu í reynslubankann."

Þeir segja enska sönginn ekkert hafa með meik í útlöndum að gera. „Það er hægt að vera flottur úti og syngja á íslensku eins og Sigur Rós. Þetta fer eftir því hvað hentar tónlistarstílnum. Þetta þróaðist bara svona hjá okkur og var ekki einu sinni rætt. Ef þetta gengur upp er það bara gott mál því þú getur klúðrað enskum texta alveg eins og íslenskum."

### Vantar tónleikastað

Eftir að hafa minnst á útgáfutónleika sína á Nasa 28. nóvember fer spjallið út í skort á góðum íslenskum tónleikastað af svipaðri stærðargráðu og Organ. Að því búnu kveðja þeir Elli og Baddi og halda út í íslensku óvissuna með flotta plötu í farteskinu. Þessir strákar eru komnir til að vera. freyr@frettabladid.is




# Fleiri lög til að fá á heilann

**TÓNLIST**
**Jeff Who?**
Jeff Who?
★★★★
Önnur fín popprokkplata, full af lögum sem límast á heilann.



Hljómsveitin Jeff Who? vakti verðskuldaða athygli fyrir fyrstu plötuna sína *Death Before Disco* sem kom út haustið 2005. Sú plata var full af grípandi popprokkslögurum og fékk ágætar viðtökur en sveitin sló ekki almennilega í gegn fyrr en árið eftir þegar eitt lagið af henni, Barfly, náði vinsældum á öllum helsu útvarpsstöðvum landsins. Síðan hefur verið beðið eftir næstu plötu með nokkurri óþreyju og nú, þremur árum og einni liðsmannabreytingu eftir fyrri plötuna, er hún loks komin.

Einn helsti styrkleiki Jeff Who? á fyrri plötunni var hæfileiki þeirra félaga til að semja hreint ótrúlega grípandi og upplífgandi rokklög. Sá hæfileiki er greinilega enn til staðar. *Jeff Who?* er full af lögum sem límast á heilann á manni og létta lund. Þar á meðal má nefna fyrstu tvö smáskífulögin, She's Got The Touch og Congratulations, en líka lög eins og The Great Escape, Everyday is Always the Same, You and Me og Last Chance to Dance.

Tónlistina á plötunni væri hægt að kalla beint framhald af tónlistinni á fyrri plötunni. Af einhverjum ástæðum kemur orðið „britpop" fljótlega upp í hugann þegar maður ætlar að fara að lýsa henni. Lögin eru nokkuð fjölbreytt þó að ákveðin stuðformúla (diskóbassi, gítarriff og sing-along viðlög) sé nokkuð áberandi. Það hefur tekist ágætlega að ljá hverju lagi sitt sérkenni. Á fyrsta lagið, Congratulationss setja harmóníusöngur og strengjaleikur sterkan svip, annað lagið The Great Escape er í dansrokkstíl með kúabjöllu og öllu tilheyrandi og gæti sómt sér ágætlega við hliðina á lögum LCD Soundsystem. Í því er líka flott saxófónsóló. Þriðja lagið byrjar á New Order-hljómi og þannig mætti halda áfram að telja upp. Lokalagið In the End er svo alveg eitt á báti. Byrjar á rólegu orgelspili en tekur svo á rás þegar á líður.

Það er oft talað um að það sé erfitt að fylgja eftir vel heppnuðum frumsmíðum. Jeff Who? er búin að taka sér góðan tíma í þessa „erfiðu plötu númer tvö" en útkoman er líka býsna góð og gefur fyrri plötunni ekkert eftir.

Trausti Júlíusson

# Krakkadagar í Eymundsson Smáralind




**3.740 kr.**
~~4.990 kr.~~

**2.900 kr.**
~~3.790 kr.~~

## Brísingur komin á íslensku.

Þriðja bókin um drekariddarann Eragon komin í íslenskri þýðingu.
Eldri Eragon bækur á aðeins **kr. 1.990** til jóla.

## Fyrstu 50 seldu eintökunum fylgir eldri bók um Eragon frítt.

## Hver vill áritaðan bol af Eoin Colfer, höfundi Artemis Fowl?

Í tilefni útkomu nýjustu bókarinnar um Artemis Fowl, Tímaþversögni, gefum við áritaða Artemis boli með keyptum eintökum í dag, takmarkaður fjöldi bola.

**Skiptimiðinn**
Eymundsson

*Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2009.*

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

# Elítan krukkar í Herbert

**Stjórnendur útvarpsþáttarins Party Zone hafa fengið fjölmarga tónlistarmenn til að gera nýjar útgáfur af Can't Walk Away, frægasta lagi Herberts Guðmundssonar.**




**PARTYZONE-TVÍEYKIÐ** Helgi Már og Kristján Helgi, í stuði í 18 ár.

„Þetta er reglulega gaman. Það er mjög spennandi að sjá hvað danselítan gerir úr þessu." Hér talar Herbert Guðmundsson poppstjarna. Eitís-smellurinn hans. „Can't Walk away", er fyrsta lagið sem útvarpsþátturinn Party Zone hefur gefið út „veiðileyfi" á. Í gegnum þáttinn hefur tónlistarmönnum verið boðið að gera sínar eigin útgáfur af laginu.

„Þessi hugmynd hefur verið lengi í maganum á okkur og þegar við fundum að Herbert var spenntur fyrir hugmyndinni kýldum við bara á það," segir Helgi Már Bjarnason, sem sér um Party Zone ásamt Kristjáni Helga Stefánssyni. „Við kynntum þetta í þættinum og erum satt að segja að drukkna í umsóknum. Alls konar aðilar vilja vera með, til dæmis Árni plúseinn, Gísli Galdur og Máni Svavars svo ég nefni bara örfáa."



**TEKUR FULLAN ÞÁTT Í ENDURVINNSLUNNI** Herbert Guðmundsson, tilraunadýr danselítunnar.

Herbert tekur fullan þátt í verkefninu og nú er verið að undirbúa orginal masterteipin svo elítan geti leikið sér með þau. „Við reiknum með niðurstöðum fyrir jól og Hebbi mun hlusta á útkomuna. Menn eru með alls konar pælingar. Útkoman verður spiluð í þættinum og jafnvel gefin út. Ef þetta tekst vel munum við bjóða upp á fleiri gömul íslensk lög sem tónlistarmenn geta spreytt sig á."

Party Zone hefur verið í loftinu síðan 1990, en síðan árið 1999 á Rás 2 á laugardagskvöldum.

„Þetta er alltaf jafngaman og er orðið ómissandi partur af lífi okkar. Svo erum við líka tveir svo það er smuga að annar okkar komist í sumarbústað ef mikið liggur við," segir Helgi.

Auk þess að vera tilraunadýr danselítunnar er Herbert nýbúinn að gefa út nýja plötu, Spegill sálarinnar – „Þetta er það besta síðan ég hef gert, alla vega síðan á plötunni Dawn of the Human Revolution," segir hann. „Það er allur skalinn af músik þarna, til dæmis popprokk og blús með gospel-ívafi. Ég er með landsliðið með mér, meðal annars Magnús og Jóhann og hluta af Gospelkór Fíladelfíu. Svo ætla ég að halda útgáfutónleikana í Fíladelfíu 20. nóvember."

Og kreppan kemur við Herbert eins og aðra. „Fyrsta upplagið af plötunni er að verða búið. Ég er hálfpartinn að spara þessi örfáu eintök sem ég á eftir. Maður vonar bara að gjaldeyrisdæmið komist í gang á ný svo hægt sé að panta inn nýtt upplag."

drgunni@frettabladid.is


Nýtt í bíó — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRAITOR | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 2, 7.30 og 10 - POWER | 12 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10.15 | 12 |
| LUKKU LÁKI - ÍSLENSKT TAL | kl. 2 | L |
| MAMMA MIA - ATH 500kr. | kl. 2, 4, og 6 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PASSENGERS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| PASSENGERS | kl. 2 - 8 - 10:20 | VIP |
| HOW TO LOSE FRIENDS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 12 - 2 - 4 - 6 DIGITAL-3D | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 1 - 2 - 3:30 - 5 - 6 - 8:30 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 | VIP |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 3:40 Síð sýn | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 12 - 1:50 - 3:40 | L |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PASSENGERS | kl. 3:40 - 5:50 - 8:20 - 10:30 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 2 - 4 DIGITAL-3D | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 1:40 - 3:50 - 6 DIGITAL | L |
| SEX DRIVE | kl. 8:20 - 10:30 | 12 |
| JOURNEY 3D | kl. 6 DIGITAL-3D | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 1:40 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 5:50 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 Síð sýn | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 10:20 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| SKJALDB... m/ísl. tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 2 - 4 - 8 | L |
| HOW TO LOSE FRIENDS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 6 | L |
| BANGKOK DANGEROUS | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 3:40 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 1:30 - 5:50 | L |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 | 14 |
| JOURNEY | kl. 4 | L |
| BABYLON A.D. | kl. 10:20 | 16 |
| SKJALDB... m/ísl. tali | kl. 2 | L |

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 1 - 2.30 - 3.30 - 5 - 6 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 8 - 9 - 10.30 - 11.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 2.30 - 5 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 1 - 3 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 1 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TRAITOR | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.30 - 5.50 - 8 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 - 5.30 - 7 - 8.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 10 - 11.30 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 3 - 5.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.30 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.30 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 9 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 10.10* | 12 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 4 - 6 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 2 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 2 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

*KRAFTSÝNING

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR









# 20% afsláttur
## af allri íslenskri tónlist

### ÍSLENSKIR TÓNLISTARDAGAR




ÁRITA OG SPILA
Smáralind kl. 15-16 í dag
Smáralind kl. 14-15 sunnud.

1.599 kr.
Verð áður 1.999.-

**Buff**




ÁRITAR OG SPILAR
Smáralind kl. 13-15 í dag

2.399 kr.
Verð áður 2.999.-

**Páll Óskar**
- Silfur safnið




1.759 kr.
Verð áður 2.199.-

**Sprengjuhöllin**
- Bestu kveðjur




1.759 kr.
Verð áður 2.199.-

**Bragi V. Skúlason og Memfismafían**
- Gilligill




2.399 kr.
Verð áður 2.999.-

**Bubbi og stórsveit Reykjavíkur**
CD og DVD

ÁRITUN í dag
Kringlu kl. 16-17




1.759 kr.
Verð áður 2.199.-

**Guðrún Gunnars**
- Umvafin englum




1.519 kr.
Verð áður 1.899.-

**Stafakarlarnir**



1.759 kr.
Verð áður 2.199.-

**Motion Boys**
- Hang on



1.599 kr.
Verð áður 1.999.-

**Lay Low**
- Farewell good night´s sleep




ÁRITUN í dag
Kringlu kl. 14 -15

1.759 kr.
Verð áður 2.199.-

**Baggalútur**
- Nýjasta nýtt

Gildir til 16. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

Nýtt kortatímabil!

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## > Önnur sigurgangan endar í dag

Topplið N1-deildar kvenna, Stjarnan og Haukar, mætast í Mýrinni í Garðabæ klukkan 13.00 í dag og þar er ljóst að sigurganga annars hvors liðsins endar. Stjörnukonur hafa unnið alla sjö leiki sína í deildinni og Haukakonur hafa unnið sex leiki í röð eftir að liðið tapaði 26-29 fyrir Stjörnunni á Ásvöllum í 1. umferð. Stjörnuliðið leggur örugglega mikið kapp á að stöðva Haukakonuna Hönnu Guðrúnu Stefánsdóttur sem er búin að skora 39 mörk í síðustu tveimur leikjum, þar af 27 mörk í bikarsigri á ÍR í vikunni.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ARNAR SVEINN GEIRSSON:** SPILAÐI FYRSTA MEISTARAFLOKKSLEIKINN Í HANDBOLTA OG FÓTBOLTA Í SÖMU VIKUNNI

# *Ég er allt öðruvísi leikmaður en pabbi var*

Valsmaðurinn Arnar Sveinn Geirsson hefur vakið athygli fyrir fjölhæfni sína en hann náði því á dögunum að spila fyrsta meistaraflokksleikinn í fótbolta á sunnudegi (27. september) og fyrsta meistaraflokksleikinn í handbolta á fimmtudegi (2. október). „Þetta var mjög gaman, mikil upplifun og mikil reynsla," segir Arnar Sveinn sem er 17 ára gamall síðan í ágústlok.
Í handboltanum spilar hann horn, miðju og skyttu en er aðallega í horninu í meistaraflokknum. Í fótboltanum er hann frammi eða úti á kanti.
„Ég var búinn að vera í fótbolta í allt sumar og hafði hætt í handboltanum árið áður. Ég var búinn að vera viðloðandi meistaraflokkinn allt tímabilið og undir lok sumarsins komst ég í hópinn," segir Arnar en þá kom kallið frá hanboltanum. „Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari handboltaliðsins, bað mig um að koma og vera með þeim af því að hann þurfti á smáhjálp að halda. Ég er örvhentur og hann vissi hvað ég gat," segir Arnar Sveinn sem viðurkennir að það sé pressa úr báðum áttum. „Allir handboltaaðilarnir vilja að ég velji handboltann og fótboltaaðilarnir vilja að ég velji fótboltann. Það er alltaf einhver togstreita þarna á milli en það truflar mig ekki," segir Arnar sem segir handboltann vera að koma sterkar inn. „Það gefur þeim forskot að ég sfæ spila með meistaraflokknum. Ég er því enn þá í báðum greinum eins og er. Ég ætla að sjá til hvernig fótboltinn verður núna, hvort ég fái einhver tækifæri þar og hvort ég njóti mín eins vel og ég geri í handboltanum," segir Arnar sem er örvhentur en réttfættur. Arnar segir Ólaf Stefánsson vera fyrirmyndina sína. „Ég kynntist honum aðeins persónulega þegar hann var í landsliðinu með pabba. Það er ekki bara að hann sé frábær íþróttamaður, hann er líka frábær persóna og leiðtogi inni á vellinum," segir Arnar.



Arnar er sonur hin kunna handboltakappa Geirs Sveinssonar og Arnar viðurkennir að kannski væri auðveldara að fara í fótboltann til að losna við samanburðinn. „Ég er allt öðruvísi leikmaður en pabbi var. Hann er gamall varnarjaxl og línubuff og ég kann ekkert í vörn og spila bara sókn. Maður verður að læra og ég veit að hann getur kennt mér margt," segir Arnar að lokum.



**KÁTUR** Davíð Þór fagnar hér Íslandsmeistaratitlinum en hann er eflaust ánægður með landsliðssætið líka.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska karlalandsliðið:

## Davíð Þór inn í stað Hallgríms

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari hefur neyðst til þess að gera aðra breytingu á landsliðshópi sínum sem mætir Möltu ytra í vináttulandsleik næsta miðvikudag.

Húsvíkingurinn Hallgrímur Jónasson er meiddur og kemst því ekki með liðinu og í hans stað hefur Ólafur valið Davíð Þór Viðarsson, fyrirliða Íslandsmeistara FH.

Þetta er önnur breytingin sem er gerð á hópnum en áður hafði Eggert Gunnþór Jónsson komið inn í stað Grétars Rafns Steinssonar sem fékk frí. - hbg

# Ánægjan komin aftur

**Akureyringurinn Árni Þór Sigtryggsson segir hafa fundið ánægjuna af því að spila handbolta á nýjan leik er hann snéri á heimaslóðir. Er engu að síður að spila meiddur og fer í aðgerð á öxl í lok nóvember og snýr til baka í lok janúar.**

**HANDBOLTI** Árni Þór Sigtryggsson var lengi vel talinn á meðal efnilegustu handboltamanna landsins. Honum gekk ekki nógu vel að standa undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar síðustu ár. Hann tók síðan þá ákvörðun að fara heim til Akureyrar á ný eftir einn vetur á Spáni og hann segir að sér hafi ekki liðið eins vel í háa herrans tíð.

„Ein aðalástæðan fyrir því að ég vildi spila aftur heima var sú að ég vildi finna ánægjuna af því að spila handbolta á nýjan leik. Ég var orðinn pínuleiður enda búið að vera erfitt síðustu ár. Það var því fínt að fá nýja áskorun og ánægjan er augljóslega komin aftur. Þetta er alveg frábært og ég hef geysilega gaman af því að spila handbolta þessa dagana," sagði Árni Þór en hann segir að það hafi verið hlegið að sér í bænum þegar hann var með hástemmdar yfirlýsingar fyrir tímabilið.

„Það átti enginn von á þessu í haust. Þegar ég sagði að við stefndum á topp fjóra var bara hlegið að manni og vinir mínir sögðu að ég væri bilaður. Ég taldi að þetta væri hægt og það hefur sýnt sig að það er margt hægt," sagði Árni Þór en viðurkenndi þó að hann hefði ekki órað fyrir því að Akureyri yrði á toppnum um miðjan nóvember.



**STERKUR** Árni Þór skoraði 11 mörk gegn FH á fimmtudag og stórleikur hans lagði grunninn að sigri Akureyringa á FH. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Það sem gerir frammistöðu Árna Þórs enn eftirtektarverðari en ella er sú staðreynd að hann hefur verið að spila meiddur.

„Vinstri öxlin hefur verið slöpp í ansi langan tíma en þetta hefur aldrei verið eins vont og núna. Það er því kominn tími á að laga þetta. Ég mun bíta á jaxlinn til loka mánaðarins og síðan leggjast undir hnífinn. Ég missi því af tveim leikjum í desember og stefni að því að vera kominn aftur gegn Víkingi 22. janúar," sagði Árni Þór sem er ekki spenntur fyrir aðgerðinni enda sé afar gaman í handboltanum.

henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**Njarðvík-Þór** **89-79**
**Stig Njarðvíkur**: Magnús Þór Gunnarsson 27 (7 frák., 5 stoðs.), Logi Gunnarsson 25, Friðrik Stefánsson 10 (9 frák.), Sævar Sævarsson 9, Hjörtur Hrafn Einarsson 8, Hilmar Hafsteinsson 6, Andri Fannar Freysson 4.
**Stig Þórs:** Cedric Isom 25, Jón Orri Kristjánsson 14 (13 frák.), Sigurður G. Sigurðsson 10, Guðmundur Jónsson 10, Bjarki Ármann Oddsson 7, Baldur Ingi Jónasson 6, Sigmundur Ó. Eiríksson 5, Björgvin Jóhannesson 2.

**Tindastóll-Skallagrímur** **92-67**
**Stig Tindastóls:** Sören Flæng 23, Darrell Flake 16, Alan Fall 15, Svavar Birgisson 15, Ísak Einarsson 13, Helgi Viggósson 6, Hreinn Birgisson 2.
**Stig Skallagríms:** Igor Beljanski 31, Pálmi Sævarsson 11, Miroslav Andanov 11, Sveinn Davíðs. 7

**Snæfell-ÍR** **86-91**
**Stig Snæfells:** Sigurður Þorvaldsson 28, Jón Ólafur Jónsson 23 (9 frák.), Hlynur Bæringsson 13 (12 frák.), Magni Hafsteinsson 9, Gunnlaugur Smárason 6, Egill Egilsson 5, Atli Hreinsson 2.
**Stig ÍR:** Eiríkur Önundarson 21, Sveinbjörn Claessen 20, Ólafur Ingvason 18, Hreggviður Magnússon 11, Steinar Arason 10, Ómar Sævarsson 6, Þorsteinn Húnfjörð 3.

Kvennalandsliðið í handbolta:

## Fer til Noregs

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðinu hefur verið boðið að taka þátt á hinu sterka móti, Möbelringen Cup, sem fram fer í Noregi um næstu helgi.

Andstæðingarnir eru nokkur sterkustu lið heims. Þarna keppa gull- og silfurliðin frá Peking, Noregur og Rússland, ásamt Dönum sem hafa á að skipa mjög sterku liði. - hbg




**Við komum pakkanum þínum til skila**

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is


Njarðvíkingar unnu sinn fyrsta sigur í Ljónagryfjunni í vetur gegn Þór:

# Þórsarar misstu stjórn á sér í lokin og Njarðvík þakkaði pent fyrir sig

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar unnu fyrsta heimaleik vetrarins í Iceland Express deildinni þegar þeir unnu tíu stiga sigur á Þórsurum, 89-79 í Ljónagryfjunni í gær. Leikurinn var jafn og spennandi allan tímann en gestirnir frá Akureyri, sem höfðu forystuna stóran hluta leiksins, misstu stjórn á skapi sínu í lokin og sigur Njarðvíkur var því mun stærri en leikurinn gaf til kynna.

„Ég er rosalega sáttur en þetta var erfið fæðing," sagði Valur Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur eftir leikinn. Njarðvík hefur oft spilað betur en eftir naum töp á heimavelli fyrr í vetur var það fyrir öllu að ná í fyrsta sigurinn. Það voru Magnús Þór Gunnarsson (27 stig) og Logi Gunnarsson (25 stig) sem áttu mestan þátt í að landa sigrinum með því að skora 52 stig samanlagt, en heilt yfir var sóknarleikurinn afar tilviljanakenndur.

Þórsarar köstuðu hreinlega frá sér möguleika á því að gera unnið leikinn í lokin. Bekkurinn fékk á sig tvær tæknivillur fyrir mótmæli með rúmlega mínútu millibili á úrslitastundu sem Njarðvíkingar breyttu á endanum í sjö stig. Logi Gunnarsson gerði nánast út um leikinn í kjölfar þeirrar fyrri þegar hann setti niður þriggja stiga körfu af löngu færi og kom Njarðvíkingum átta stigum yfir.

„Við spilum svolítið eins og krakkar sem eru hræddir að hella niður mjólk og fá skammir fyrir. Við þurfum þess ekki," sagði Valur. „Við erum svolítið stirðir í sókninni og klaufalegir í vörninni. Við þurfum að bæta okkur á mörgum sviðum í vörn og sókn en ég vona að þessi sigur hafi komið með sjálfstraustið inn í liðið. það hefur vantað sjálfstraust í liðið á heimavelli," segir Valur sem notar mikið ungu strákana og eitt sæti af fimm er nánast ávallt skipað ungum og efnilegum leikmanni.

„Kjúklingarnir fá að spila hjá mér og þeir eru að spila vel. Út á þetta gengur þetta. Ég er ófeiminn að henda þeim inn á og það er frábært að geta gert það," sagði Valur að lokum.

Jón Orri Kristjánsson og Bjarki Ármann Oddsson léku vel fyrir Þór og Cedrick Isom skilaði sínu. Þórsliðið náði oft ágætum sprettum í leiknum en var oft rosalega fljótt að missa einbeitinguna og hleypa Njarðvíkingum aftur inn í leikinn. - óój



**SJÓÐHEITUR** Magnús Gunnarsson átti verulega góðan leik fyrir Njarðvík gegn Þór í gær og skoraði 27 stig.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Nýjar vinsælar DVD myndir komnar í verslanir




**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð



**DIEGO MARADONA** Mun stýra Argentínu gegn Skotum á miðvikudag. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Diego Maradona:

## Ekki að hætta

**FÓTBOLTI** Diego Armando Maradona hefur vísað þeim sögusögnum á bug að hann ætli að hætta sem landsliðsþjálfari Argentínu fái hann ekki að ráða Oscar Ruggeri sem aðstoðarmann sinn.

„Ég er enn þjálfari liðsins og það hafa ekki orðið neinar breytingar. Enginn hættur og ekkert,“ sagði Maradona sem mun stýra Argentínu í fyrsta skipti á miðvikudag er liðið leikur æfingaleik gegn Skotum í Glasgow.

Carlos Bilardo, fyrrum landsliðsþjálfari og stjórnarmaður í argentínska knattspyrnusambandinu, hefur ráðlagt Maradona að fara sér hægt í vali sínu. **- hbg**



**RAFA BENÍTEZ** Er að gera góða hluti með Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Rafa Benítez:

## Valinn stjóri mánaðarins

**FÓTBOLTI** Rafael Benítez, stjóri Liverpool, var í gær útnefndur knattspyrnustjóri októbermánaðar í ensku úrvalsdeildinni. Liverpool vann alla fjóra leiki sína í mánuðinum og komst í toppsæti deildarinnar um tíma.

„Ég tek ánægður við þessum verðlaunum fyrir hönd þjálfaraliðsins sem er að standa sig ákaflega vel,“ sagði Benítez hógvær. **- hbg**

# Þriggja stiga sýning í Iðunni í vetur

**Nýliðar FSu hafa skorað 55 þriggja stiga körfur í fyrstu fjórum heimaleikjunum og sex leikmenn liðsins skora að minnsta kosti eina þriggja stiga körfu í leik í heimaleikjum liðsins til þessa í vetur.**

**KÖRFUBOLTI** Nýliðar FSu hafa byrjað vel á heimavelli sínum í Iceland Express-deild karla en liðið hefur unnið þrjá af fyrstu fjórum leikjunum í Iðunni. FSu-liðið er sérstaklega skeinuhætt fyrir utan þriggja stiga línuna á heimavelli sínum en liðsmenn þess hafa alls sett niður 55 þriggja stiga körfur í fyrstu fjórum leikjunum eða 13,8 að meðaltali í leik.

Í síðasta leik, 93-70 sigri á Breiðabliki á fimmtudagskvöldið, settu FSu-menn niður alls sextán þriggja stiga körfur eða tvöfalt meira en gestirnir úr Kópavogi. Þarna munar 24 stigum en í lokin skildu einmitt 23 stig liðin að.

Liðsmenn FSu hafa skoraði tíu þrista eða meira í öllum fjórum heimaleikjunum og þriggja stiga skotnýtingin hefur verið 39 prósent eða betri. Það vekur athygli að hún var best í eina tapleiknum á móti KR (52,6 prósent) en það var líka eini heimaleikurinn þar sem FSu skoraði færri en 14 þriggja stiga körfur.

Það má segja að það iði allt fyrir utan þriggja stiga línuna í Iðunni því þriggja stiga sýning sunnanmanna er sameinað átak sem sést á því að alls eru sex leikmenn liðsins að skora eina þriggja stiga körfu í leik eða meira í heimaleikjum liðsins til þessa. Fimm af þessum sex leikmönnum hitta mun betur á heimavelli en útivelli, þar af munar yfir tuttugu prósentum hjá þremur þeirra.

Það er í raun aðeins ein skytta liðsins sem finnur sig betur á útivelli en í Iðunni en það er bandaríski bakvörðurinn Tyler Dunaway sem er að hitta 23 prósentum betur í útileikjunum.

Vésteinn Sveinsson hefur verið sérstaklega heitur á heimavelli en hann hefur skorað 4,3 þrista í leik í Iðunni og hefur nýtt 58,6 prósent skota sinna fyrir utan þriggja stiga línuna í þessum fjórum leikjum. Nýi maðurinn Thomas Viglianco hefur hitt úr 7 af 8 þriggja stiga skotum sínum í Iðunni en hann lék aðeins í 14 mínútur í síðasta leik eftir að hafa verið rekinn út úr húsi fyrir olnbogaskot. FSu-liðið hefur einnig náð að skora yfir tíu þriggja stiga körfur í leik á útivelli en þar er mikill munur á nýtingunni og úrslitunum. Þriggja stiga nýting liðsins í fyrstu þremur leikjunum á útivelli er „bara“ 34,4 prósent eða tíu prósentum lægri en hún er í Iðunni. Liðið skorar líka 12,8 stigum færra í leik og hefur tapað öllum þremur leikjum sínum utan Iðunnar. FSu var reyndar með gott forskot í tveimur þessara útileikja, 13 stigum yfir gegn Þór í lok 3. leikhluta og 14 stigum yfir á móti Keflavík í 1. leikhluta, en tapaði þeim báðum á slæmum endakafla.

Það hefur verið orðrómur um að körfurnar á Selfossi séu sérhannaðar fyrir strákana í FSu en raunveruleg ástæða þessarar góðu hittni er vafalaust allar skotæfingarnar sem Brynjar Karl þjálfari lætur sína menn fara í gegnum og þá skemmir ekki fyrir stemmningin á leikjunum sem greinilega kveikir í mörgum leikmönnum liðsins.

**ooj@frettabladid.is**

### MUNUR Á ÞRIGGJA STIGA NÝTINGU FSU:

| | |
|---|---|
| **Sævar Sigurmundsson** | **+44,0%** |
| Í Iðunni | 44,0% (9/4) |
| Á útivelli | 0% (7/0) |
| **Thomas Viglianco** | **+30,4%** |
| Í Iðunni | 87,5% (8/7) |
| Á útivelli | 57,1% (7/4) |
| **Vésteinn Sveinsson** | **+25,3%** |
| Í Iðunni | 58,6% (29/17) |
| Á útivelli | 33,3% (21/7) |
| **Björgvin Valentínusson** | **+18,6%** |
| Í Iðunni | 45,8% (24/11) |
| Á útivelli | 27,3% (11/3) |
| **Árni Ragnarsson** | **+16,2%** |
| Í Iðunni | 42,9% (14/6) |
| Á útivelli | 26,7% (15/4) |



**SAUTJÁN ÞRISTAR** Vésteinn Sveinsson er búinn að vera sjóðheitur fyrir utan í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**FRAMLEIÐIR SKYTTUR** Brynjar Karl Sigurðsson gerir greinilega sína stráka að betri skotmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






Aðeins eitt lið hefur lifað það af í vetur að vera yfir í hálfleik á móti FH-ingum:

# FH-guttunum hentar best að vera undir í leikhléi

**HANDBOLTI** FH-ingar hafa komið eins og stormsveipur inn í N1-deild karla í handbolta með því að vinna fjóra af fyrstu sjö leikjum sínum en á móti Akureyri á fimmtudagskvöldið lentu þeir í aðstöðu sem hefur ekki reynst þeim alltof vel í vetur – að vera yfir í hálfleik. Sú staða að vera yfir í hálfleik hefur reynst þeim mun verra en það að þurfa að sækja og vinna upp forskot mótherja sinna í seinni hálfleik.

FH-liðið hefur aðeins náð að landa einum deildarsigri af fjórum mögulegum í þeim leikjum sem liðið hefur verið yfir í hálfleik. FH var 17-14 yfir í hálfleik á móti Akureyri á fimmtudagskvöldið en tapaði 32-34 og þá missti liðið leiki á móti Val (18-14 yfir í hálfleik) og Fram (17-15 yfir í hálfleik) niður í jafntefli. Eini sigurinn í deildarleik þar sem liðið hélt forskoti sínu í seinni hálfleik var í 29-27 sigri á Víkingi, FH var þá þremur mörkum yfir í hálfleik.

FH-ingar hafa hins vegar unnið fjóra af fimm leikjum sínum í vetur þar sem liðið hefur verið undir eftir fyrstu 30 mínúturnar.

FH vann aftur á móti Akureyri í bæði deild (31-26, 13-14 undir í hálfleik) og bikar (37-31, 16-19 undir í hálfleik) eftir slakan fyrri hálfleik. Þeir unnu líka Stjörnuna 31-27 eftir að hafa verið 14-15 undir í hálfleik og í 29-28 sigri á nágrönnum sínum í Haukum voru Íslandsmeistarar Hauka 17-13 yfir í hálfleik.

FH-ingar mæta næst HK-ingum á fimmtudaginn kemur en HK-ingar eru eina liðið sem hefur haldist á forustu gegn nýliðunum í vetur. HK vann fyrri leik liðanna 36-33 í Kaplakrika eftir að hafa verið 20-16 yfir í hálfleik. HK-ingar ættu því að vera í rónni með að vera yfir á móti FH í leikhléi þó að flest öll önnur lið deildarinnar væru örugglega að fara á taugum. **- óój**



**EFNILEGUR** Ólafur Guðmundsson er önnur af tveim átján ára stórskyttum FH-liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### FH YFIR Í HÁLFLEIK

| | |
|---|---|
| Leikir | 4 |
| Sigrar - Jafntefli - töp | 1 - 2- 1 |
| Sigurhlutfall | 50,0% |

### FH UNDIR Í HÁLFLEIK*

| | |
|---|---|
| Leikir | 5 |
| Sigrar - Jafntefli - töp | 4 - 0 -1 |
| Sigurhlutfall | 80,0% |

* **Bikarleikur á móti Akureyri er innifalinn.**




INTERSPORT

**INTERSPORT LINDUM** **SÍMI 585 7260** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** **SÍMI 585 7220** Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18
**INTERSPORT SMÁRALIND** **SÍMI 585 7240** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 - 18



**LÍKA MEÐ SÍÐAST** Jón Arnór Stefánsson var einnig í aðalhlutverki þegar KR vann síðast 7 fyrstu leiki sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KR jafnaði félagsmet sitt:

## Hafa aldrei byrjað betur

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar hafa unnið sjö fyrstu leiki sína í Iceland Express deild karla sem er jöfnun á félagsmeti yfir bestu byrjun liðsins í úrvalsdeild en liðið vann einnig sjö fyrstu leikina 2001-02.

Það vekur athygli að KR-ingar hafa unnið fjóra af leikjum sínum með 15 stigum eða meira en jöfnustu leikirnir hafa verið á móti liðum sem mætt hafa vængbrotin til leiks.

Þrír minnstu sigrar KR-liðsins hafa verið á móti liðum sem hafa saknað lykilmanns í umræddum leik á móti KR. Snæfell lék án landsliðsmannsins og fyrirliðans/þjálfarans Hlyns Bæringssonar í DHL-Höllinni, Grindavík lék án leikstjórnanda síns, Arnars Freys Jónssonar og Stjarnan var án miðherja síns og fyrirliða, Fannars Freys Helgasonar. - óój

**BESTU BYRJANIR KR Í ÚRVALSDEILD KARLA:**

| | |
|---|---|
| 7 sigrar - 0 töp | 2008-09 |
| 7 sigrar - 0 töp | 2001-02 |
| 5 sigrar - 0 töp | 1990-91 |
| 4 sigrar - 0 töp | 1978-79 |
| 3 sigrar - 0 töp | 1989-90 |
| 3 sigrar - 0 töp | 1988-89 |

# Vantar markmann og vinstri kant

**Elísabet Gunnarsdóttir segir leikmannamálin hjá Kristianstad vera miklu erfiðari en hún bjóst við. Hún liggur nú yfir myndböndum til þess að greina hvers konar leikmenn liðið vanti fyrir komandi tímabil.**

**FÓTBOLTI** Það er í nógu að snúast hjá Elísabetu Gunnarsdóttur, þjálfara Íslandsmeistara Vals síðustu þrjú ár, sem vinnur nú hörðum höndum að því að setja saman lið hjá Kristianstad fyrir fyrsta tímabil sitt sem þjálfari í sænsku úrvalsdeildinni. Elísabet tók við sænska liðinu á dögunum og hefur síðan farið á fulla ferð í leikmannamál liðsins.

„Leikmannamálin ganga upp og niður. Þetta er harður heimur. Ég tók við liði þar sem nánast hver einasti leikmaður var samningslaus og það er yfirleitt þannig í Svíþjóð. Það er einhver menning hér í kvennaboltanum í Svíþjóð að leikmenn skrifa bara undir eins árs samning. Þetta er því meira mál en ég bjóst við. Maður er vanur því á Íslandi að eiga alltaf hálfan hópinn á samningi,“ segir Elísabet en leikmenn minni liðanna vilja ekki skrifa undir lengri samninga því þær vilja eiga möguleika á að fara til stærri liða.

„Þetta er miklu erfiðara en ég bjóst við en að sama skapi skemmtilegt. Ég mun ekki ganga að neinu vísu allt tímabilið,“ segir Elísabet sem er ekkert að örvænta. „Það eru flestir af mínum lykilleikmönnum búnir að skrifa undir samninga þannig að það er kannski ekki vandamál en ég verð að vera með hóp,“ segir Elísabet. „Ég er reyna að komast til botns í því hvaða leikmönnum ég held frá síðasta ári áður en ég fer að hjóla í einhverja leikmenn,“ segir Elísabet sem viðurkennir að hún hafi samt verið að kanna landslagið.



**FULL VINNA** Elísabet Gunnarsdóttir er á fullu í símanum þessa dagana að vinna í leikmannamálum sænska liðsins Kristianstad. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég er búin að ræða við leikmenn, bæði innan og utan Svíþjóðar. Þetta er full vinna allan daginn. Ég hef ákveðið fjármagn til að vinna með og ég hef frjálsar hendur innan þess ramma,“ segir Elísabet. Hún hefur unnið með sama kjarna hjá Val undanfarin fimm ár en þarf núna að læra inn á nýtt lið og nýja leikmenn.

„Það er púsluspil að finna út hvað hentar liðinu. Það erfiðasta fyrir mig er að ég þekki liðið ekki nægilega vel og er að liggja yfir myndböndum til þess að finna út hvernig leikmenn mig vantar. Það er líka svolítið vandamál,“ segir Elísabet. Elísabet hefur meðal annars talað við þrjá íslenska leikmenn, Hólmfríði Magnúsdóttur, Guðnýju Björk Óðinsdóttur og Maríu Björgu Ágústdóttur.

„Ég er búin að vera í viðræðum við þrjá íslenska leikmenn en það er ekkert af því í höfn. Ég ætla að ganga frá því á næstu dögum og reikna með að þetta verði klárt um miðja næstu viku,“ segir Elísabet en María skrifaði undir nýjan samning við KR í gær. Hún er samt með klausu um að hún megi fara erlendis fái hún gott tilboð.

Elísabet hefur hjálpað Guðbjörgu Gunnarsdóttur mikið við að vinna sig út úr meiðslum sínum en Elísabet segir aldrei hafa verið miklar líkur á því að Guðbjörg Gunnarsdóttir kæmi til Kristianstad.

„Við ræddum þetta. Við höfum átt gott samstarf síðustu fimm ár og þetta var því alveg í deiglunni. Ég hvatti hana samt að fara til Djurgården því það var eitthvað sem hana hafði dreymt um,“ segir Elísabet sem er því enn markmannslaus.

„Mér hefur verið gert það alveg ljóst að liðið vantar markmann og vinstri kantmann og það liggur því beinast við að ég sé búin að ræða við þessa leikmenn,“ segir Elísabet sem hefur ekki talað við Þóru Björgu Helgadóttur, sem hefur gefið það út að hún sé að leita sér að liði.

Auk Guðbjargar er Margrét Lára Viðarsdóttir í samingaviðræðum við eitt af stærstu liðum Svíþjóðar, Linköping, en Elísabet segir gott að þessar knattspyrnudætur sínar séu að stefna hátt.

„Leikmenn sem ég hef unnið með hérna heima hafa möguleika á einhverju stærra en ég hef upp á að bjóða. Ég ætla því ekki að fara að tala þær inn á einhverja vitleysu,“ segir Elísabet þótt að hún hefði vissulega þegið liðstyrkinn, enda framundan krefjandi tímabil.

Elísabet vonast til þess að leikmannamálin fari að skýrast en hún flytur til Svíþjóðar um áramótin og sænska úrvalsdeildin hefst síðan í byrjun apríl. Það verður gaman að sjá hversu margir íslenskir leikmenn verða þá komnir í raðir Kristianstad. ooj@frettabladid.is


PI PAR • SÍA • 82161

Styrkir

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir:

til að efla rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála

Markmið sjóðsins er að veita styrki til námsmanna og rannsóknarverkefna á vegum háskóla, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Styrkveitingar sjóðsins miða að því að gera fjárframlög Landsvirkjunar til rannsókna skilvirkari og sýnilegri, og tryggja að þær rannsóknir sem sjóðurinn styrkir samrýmist umhverfisstefnu Landsvirkjunar.

Auglýst er eftir umsóknum um námsstyrki og verkefnastyrki.

Styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi:
Styrkir til efnilegra nemenda sem áforma eða stunda meistara- eða doktorsnám á sviði umhverfis- eða orkumála.

Styrkir til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála:
Almenn rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála. Styrkir eru veittir til hluta þess kostnaðar sem hlýst af vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema, og öðrum útgjöldum.

Að þessu sinni eru í heild allt að 46 m.kr. til ráðstöfunar, allt að 38 m.kr. til rannsóknarverkefna á sviði umhverfis- og orkumála, og allt að 8 m.kr. til styrkja fyrir 10–15 nemendur í meistara- og doktorsnámi.

Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á rannsóknarverkefni sínu, og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist markmiðum sjóðsins. Tengingar við umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um þau gögn sem fylgja eiga umsókn er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, www.lv.is.

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skila rafrænt á netfang sjóðsins: orkurannsoknasjodur@lv.is.

Fyrirspurnir má senda á netfangið orkurannsoknasjodur@lv.is. Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2009. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Landsvirkjun er orkufyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum. Fyrirtækið stefnir að því að verða öflugt á alþjóðavettvangi og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar.

Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi á Íslandi og í forystu fyrir byggingu orkuvera sem hafa verið meðal stærstu framkvæmda á landinu.

Landsvirkjun styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála, og rekur umfangsmikla fjármálastarfsemi á alþjóðamarkaði.

Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 200 manns með fjölbreytta menntun. Landsvirkjun vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Landsvirkjun

# RISA
## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
# MARKAÐUR

Nú færum við
**Perlumarkaðinn**
og verðum í MEST húsinu
**Norðlingaholti**

**NÚ ERU AÐEINS 2 DAGAR EFTIR**




## Opnunartími

Laugardag 12 - 18
Sunnudag 12 - 18

Útsöluvörur frá

**Frábærar vörur í jólapakkann**

Kaupfélagið · skór.is · STEINAR WAAGE · ecco · BLEND
PUMA · adidas · Clarks · SKECHERS · RBK



## > Lindsay Lohan

„Stundum tala ég of mikið en af því að ég er alltaf einlæg og heiðarleg þá hef ég enga ástæðu til að sjá eftir því seinna meir.“
Lohan leikur í myndinni Vondar stelpur (Mean Girls) sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** KAREN DRÖFN KJARTANSDÓTTIR HORFÐI Á STILLIMYND

## *Mikilvægi hins opinbera í harðindum*

Ég verð víst að viðurkenna að ég er meiri aðdáandi stofnunarinnar RÚV en fyrirtækisins Skjásins. Í fyrradag horfði ég hugsi á skjámyndina sem send var út frá Skjá einum til að hvetja fólk til að mótmæla stöðu RÚV á auglýsingamarkaði og gat ekki annað enn flissað að ummælum bloggarans Björgvins Vals frá Stöðvarfirði sem sagði að þar færi hugsanlega áhugaverðasta innlenda dagskrágerð stöðvarinnar fyrr og síðar.

Þetta mat mitt, eða vanmat mitt, á Skjánum þýðir samt ekki að ég telji kvartanir forsvarsmanna stöðvarinnar á RÚV á auglýsingamarkaði ekki eiga fyllilega rétt á sér.

Skjár einn hefur lagt metnað í afþreyingarefni hvort sem um er að ræða innlent eða erlent og það ber að virða hvort sem maður sækir í slíkt efni eða ekki.

Ég á erfitt með að skilja hvers vegna RÚV vill keppa við einkaaðila um áhorfendur þegar kemur að efni á borð við Spooks, Without a Trace, Ugly Betty, Scrubs svo eitthvað sé nefnt. Hvers vegna telja forsvarsmenn stöðvarinnar að það sé á verksviði ríkisins að koma slíku efni til almennings?

Samkeppniseftirlitið hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að staða RÚV á auglýsingamarkaði samhliða tekjum þess af skattfé, hafi það boðið fríbirtingar, tímabundin eða einstaklingsbundin tilboð, vöruskipti og samtvinnun auglýsinga og kostunar, gangi gegn kröfunni um gagnsæi. RÚV hefur miklu samfélagslegu hlutverki að gegna, ekki síst um þessar mundir þegar mikið ríður á að styðja við innlenda dagskrárgerð og miðla upplýsingum til fólks. Mikilvægi þess felst ekki í að bjóða Íslendingum upp á pakkaþætti og draga enn frekar úr líkum á því að einkafyrirtæki komist af.



**STILLIMYND Á FIMMTUDAGSKVÖLD** Sigríður Margrét Oddsdóttir og hennar fólk á Skjá einum vilja RÚV burt af auglýsingamarkaði.

## EKKI MISSA AF



▶ **12.35 Bolton - Liverpool, BEINT** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **12.45 Stjarnan - Haukar, BEINT** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.45 America's Funniest Home Videos** SKJÁREINN



▶ **20.30 Sex and the City** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.45 Primeval** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Skordýrin í Sólarlaut, Sögur frá Gvatemala, Trillurnar, Millý og Mollý og Tobbi tvisvar.

**10.25 Kastljós** (e)

**11.00 Káta maskínan** (e)

**11.30 Kiljan** (e)

**12.15 Edduverðlaunin 2008** (e)

▶**12.45 Íslandsmótið í handbolta kvenna** Bein útsending frá leik Stjörnunnar og Hauka í efstu deild kvenna.

**14.45 Músíktilraunir 2008** (e)

**16.25 Hvað veistu? - Bóluefni gegn krabbameini**

**16.55 Lincolnshæðir** (3:13)

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Útsvar** (e)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Spaugstofan**

**20.05 Gott kvöld**

**21.00 Vondar stelpur** (Mean Girls) Fimmtán ára stúlka sem hefur alist upp í óbyggðum flyst til Bandaríkjanna og fer í skóla í fyrsta sinn. Þar kynnist hún því hvernig stelpuheimurinn er í raun. Aðalhlutverk: Lindsay Lohan, Rachel McAdams, Tina Fey, Jonathan Bennett og Amanda Seyfried.

**22.35 8 mílur** (8 Mile) Ungur rappari ætlar sér að ná langt í listinni en það eru ýmis ljón á veginum. Aðalhlutverk: Eminem, Kim Basinger, Mekhi Phifer og Brittany Murphy.

**00.25 Heltekin af ást** (Possession) (e)

**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**09.00 Failure to Launch**

**10.35 The Legend of Johnny Lingo**

**12.05 The Truth About Cats and Dogs**

**14.00 Failure to Launch**

**16.00 The Legend of Johnny Lingo**

**18.00 The Truth About Cats and Dogs**

**20.00 King Kong**

**23.00 The Woodsman**

**00.25 Point Blank**

**02.00 Possible Worlds**

**04.00 The Woodsman**

**06.00 In Good Company**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Dynkur smáeðla, Hlaupin og Refurinn Pablo.

**08.00 Algjör Sveppi** Louie, Lalli, Þorlákur, Blær, Sumardalsmyllan, Fífí, Hvellur keppnisbíll og Könnuðurinn Dóra.

**09.40 Krakkarnir í næsta húsi**

**10.05 Íkornastrákurinn**

**10.35 Bratz**

**11.00 Markaðurinn með Birni Inga**

**12.00 Sjálfstætt fólk**

**12.35 Bold and the Beautiful**

**12.55 Bold and the Beautiful**

**13.15 Bold and the Beautiful**

**13.35 Bold and the Beautiful**

**13.55 Bold and the Beautiful**

**14.20 The Celebrity Apprentice** (10:13)

**15.05 Sjálfstætt fólk** (8:40)

**15.40 ET Weekend**

**16.30 Sjáðu**

**16.55 Dagvaktin** (8:12)

**17.30 Markaðurinn með Birni Inga**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

**19.01 Lottó**

**19.10 The Simpsons** (18:20)

**19.35 Latibær** (14:18) Önnur þáttaröðin um Íþróttaálfinn og skemmtilega vini hans í Latabæ.

**20.05 No Reservations**

▶**21.45 Primeval** Hörkuspennandi tryllir um hóp fréttamanna sem eru sendir til Búrundi í miðri Afríku til þess að fanga og flytja heim átta metra langan krókódíl sem hingað til hefur einungis verið talin til í þjóðsögum. Verkefnið verður enn hættulegra þegar kemur í ljós að svæðinu er stjórnað af herskáum stríðsherra í vígahug. Með aðalhlutverk fer Dominick Purcell úr þáttaröðinni Prison Break.

**23.15 Tremors** Það er eitthvað undarlegt í gangi þegar fólk, bílar og jafnvel hús hverfa sporlaust. Því valda risavaxnir maðkar sem hafa af stækkað af undarlegum ástæðum. Með aðalhlutverk fara Kevin Bacon og Fred Ward.

**00.50 A Foreign Affair**

**02.15 Four Minutes**

**03.45 A Very Married Christmas**

**05.10 The Simpsons** (18:20)

**05.35 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.05 Gillette World Sport**

**08.35 US Open** Útsending frá lokadegi US Open í golfi.

**13.10 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**13.40 Utan vallar**

**14.30 NFL deildin** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**15.00 Golf Children's Miracle Network Classic** Útsending frá Children's Miracle Network mótinu í golfi.

**17.00 2008 Ryder Cup Official Film** Ryder keppnin 2008 skoðuð í máli og myndum.

**18.20 Spænski boltinn** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.

**18.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Valladolid og Real Madrid.

**20.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Valencia og Sporting.

**22.50 Ultimate Fighter** Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC.

**23.35 UFC Unleashed**

**00.20 Box** Joe Calzaghe - Roy Jones jr.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.55 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Man. Utd.

**10.35 PL Classic Matches** Blackburn - Sheffield, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**11.05 PL Classic Matches** Bradford - Watford, 1999

**11.35 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**12.05 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.

▶**12.35 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Bolton og Liverpool.

**14.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Man. Utd og Stoke í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. West Ham - Portsmouth Sport 4. Fulham - Tottenham Sport 5. Blackburn - Sunderland Sport 6. Newcastle - Wigan

**17.15 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik WBA og Chelsea.

**19.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**13.50 Vörutorg**

**14.50 Dr. Phil** (e)

**15.35 Dr. Phil** (e)

**16.20 America's Funniest Home Videos** (23:42) (e)

**16.45 Robin Hood** (12:13) (e)

**17.35 America's Next Top Model** (e)

**18.25 Survivor** (7:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. Kynnir er sem fyrr sjarmörinn Jeff Probst. (e)

**19.15 Game tíví** (10:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

▶**19.45 America's Funniest Home Videos** (24:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Singing Bee** (9:11) (e) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Það starfsfólk olíufélaganna Olís og N1 sem mæta til leiks.

**21.10 Heroes** (1:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. (e)

**22.00 Law & Order. Special Victims Unit** (13:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. (e)

**22.50 Swingtown** (13:13) Ögrandi þáttaröð sem gerist þegar kynlífsbyltingin stóð sem hæst og frjálsar ástir og makaskipti urðu vinsæl tómstundariðja í rótgrónum úthverjum. (e)

**23.40 Art of War**

**01.40 Damaged Care** (e)

**03.10 Vörutorg**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 11.00 OG 17.30
### Markaðurinn með Birni Inga



Nýr frétta- og umræðuþáttur um viðskipti, efnahagsmál og pólitík í umsjón Björns Inga Hrafnssonar. Í þættinum í dag ræðir Björn Ingi við Sighvat Björgvinsson, framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og fyrrverandi ráðherra og formann Alþýðuflokksins. Þá verður einnig rætt við Hermann Guðmundsson hjá N1 auk þess sem Guðmundur Magnússon segir frá nýútkominni bók sinni „Nýja Ísland“. Við pallborðið setjast Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur og Gunnar Birgisson bæjarstjóri í Kópavogi og fyrrverandi alþingismaður og Halla Tómasdóttir starfandi stjórnarformaður Auðar Capital. Þátturinn er svo endursýndur kl. 17.30. Vönduð umfjöllun um viðskiptalífið og pólitíkina í opinni dagskrá á Stöð 2 alla laugardaga.

## VIÐ MÆLUM MEÐ
### No Reservation
### Stöð 2 kl. 20.05

Rómantísk gamanmynd um meistarakokkinn Kate sem lifir lífinu með sömuformerkjum og hún rekur eldhúsið á veitingahúsinu sem hún vinnur á: Ekkert rúm fyrir mistök og allt skal ganga samkvæmt áætlun. Eigandi veitingahússins hefur þó áhyggjur af því hversu óvægin hún er við starfsfólkið og ræður því Nick til starfa. Nick er frjálslegur og viðkunnanlegur náungi sem Kate telur að sé eingöngu að sækjast eftir starfi hennar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Stef
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**19.50** Sagnaslóð
**20.30** Brot af eilífðinni
**21.10** Tækni verður list
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hvað er að heyra?
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.30 Hollyoaks** (56:260)
**15.55 Hollyoaks** (57:260)
**16.20 Hollyoaks** (58:260)
**16.45 Hollyoaks** (59:260)
**17.10 Hollyoaks** (60:260)
**18.05 Help Me Help You** (6:13)
**18.30 Smallville** (11:20)
**19.15 The Dresden Files** (12:13)
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
**20.30 Sex and the City** (1:12) Stöð 2 Extra sýnir eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.00 Sex and the City** (2:12)
**21.30 Dagvaktin** (8:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
**22.00 E.R.** (10:25)
**22.45 The Daily Show. Global Edition**
**23.10 Help Me Help You** (6:13)
**23.30 Smallville** (11:20)
**00.15 The Dresden Files** (12:13)
**01.00 Sex and the City** (1:12)
**01.25 Sex and the City** (2:12)
**01.50 E.R.** (10:25)
**02.35 The Daily Show. Global Edition**
**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólms.
**19.30 Guðjón Bergmann**
**20.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.
**21.00 Nýsköpun** Andri H. Kristinsson.
**21.30 Kolfinna** Kolfinna Baldvinsdóttir.
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir.
**23.30 Íslands safarí** Akeem Richard Oppon

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boogie Lørdag **11.11** Troldspejlet **11.30** Boogie Update **12.00** Pigerne Mod Drengene **12.35** Family Guy **13.00** Hannah Montana On Tour **14.15** Gnuernes lange vandring **15.10** Niels Hausgaard Show 2008 **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Der var engang.... **17.00** Gepetto News **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Mr. Bean **18.30** Far, mor og bjørn **19.00** Hvem ved det! **19.30** Agent 007 - Spionen der elskede mig **21.30** Miss Marple **23.05** Truman

## NRK 1

**10.50** Sesongåpning Beitostølen **11.40** Sesongåpning Beitostølen **12.45** Sesongåpning Beitostølen **14.40** V-cup skøyter **16.00** V-cup alpint **16.30** Sport i dag **17.00** Kometkameratene **17.30** AF1 **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lottotrekning **18.55** Kvitt eller dobbelt **19.55** Den store reisen **20.40** Med hjartet på rette staden **21.30** Fakta på lørdag **22.20** Kveldsnytt **22.35** Anything Else **00.20** Prinsene

## SVT 1

**11.20** Robins **11.50** Alpint. Världscupen Levi **13.00** Anslagstavlan **13.05** Andra Avenyn **13.35** Andra Avenyn **14.05** Andra Avenyn **14.35** Livet i Fagervik **15.20** Folk i bild 2008 **15.35** Doobidoo **16.35** Byss **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Pomos piano **17.45** Häxan Surtant **18.00** Eva & Adam **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Dansbandskampen **20.30** Svensson, Svensson **21.00** Brottskod. Försvunnen **21.45** Dom kallar oss artister **22.15** På drift mot Idaho **23.55** Svindlarna **00.50** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN

*Þröstur Leó Gunnarsson*



**Aldur:** 47 ára
**Starf:** Leikari
**Stjörnumerki:** Naut
**Búseta:** Bý við Stýrimannastíg í Reykjavík
**Fjölskylda:** Er giftur Helgu Sveindísi Helgadóttur og við eigum sjö börn allt í allt.
**Þröstur** Leó leikur í Vestrinu eina og er tilnefndur til Edduverðlauna sem besti leikari í aukahlutverki fyrir leik sinn í Brúðgumanum.

# Hara-systur og Jónsi með Stuðmönnum

„Það er líklegra að Egill Helgason troði upp með Stuðmönnum í kvöld heldur en nafni hans Ólafsson,“ segir Jakob Frímann Magnússon, einn þeirra þriggja sem eftir eru af upprunalegum Stuðmönnum. Heldur hefur kvarnast upp úr hljómsveit Íslands á undanförnum árum en þau Valgeir Guðjónsson, Ragnhildur Gísladóttir, Þórður Árnason og nú síðast Egill Ólafsson hafa öll sagt skilið við sveitina. Eftir sitja auk Jakobs þeir Ásgeir Óskarsson trommuleikari og Tómas Tómasson bassaleikari.

En Stuðmenn eru ekki af baki dottnir þrátt fyrir missinn og blása í herlúðra í kvöld þegar þeir spila á samstöðutónleikum Bubba Morthens í Laugardalshöll. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Hara-systur og Jónsi muni troða upp með sveit allra landsmanna. Jakob Frímann segir það ekki ofmælt en bætir því við að mun fleiri eigi eftir að láta ljós sitt skína á sviði íþróttahallarinnar með Stuðmönnum. Stuðmenn brjóti jú blað í sögu sinni við hvern tón sem þeir slá. „Og þegar þetta nær allt saman hámarki mun lýðnum ekki vera ljóst hvort það séu fleiri upp á sviði eða úti sal,“ segir Jakob og vill ekki fara nánar út í þá sálma.

Auk Stuðmanna munu Ný dönsk, Lay Low, Ham, Sálin hans Jóns míns og Bubbi leika fyrir gesti og gangandi en tónleikarnir hefjast klukkan átta og verður útvarpað beint á Rás 2.

**NÝIR LIÐSMENN** Hara-systur og Jónsi troða upp með Stuðmönnum á laugardaginn í Laugardalshöll á samstöðutónleikum Bubba Morthens

**BROTIÐ BLAÐ** Auk Jakobs Frímanns eru eftir í Stuðmannasveitinni þeir Tómas Tómasson og Ásgeir Óskarsson. Egill Ólafsson mun ekki koma fram með sinni gömlu sveit.





**LÁRÉTT**
**2.** nautasteik, **6.** kusk, **8.** duft, **9.** bókstafur, **11.** gelt, **12.** slagorð, **14.** urga, **16.** pípa, **17.** ennþá, **18.** fát, **20.** tveir eins, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** munnvatn, **3.** umhverfis, **4.** gróðrahyggja, **5.** skáhalli, **7.** ljótur, **10.** framkoma, **13.** gerast, **15.** sál, **16.** iðka, **19.** tvö þúsund.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ló, **8.** mél, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** ískra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** fum, **20.** dd, **21.** arma.

**LÓÐRÉTT: 1.** slef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** ófríður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** anda, **16.** æfa, **19.** mm.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. 115
2. 32-34 fyrir Akureyri
3. Atla Heimi Sveinsson

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**FALSKUR EF HANN NOTAR TÆKIN Í TÓNLISTINNI** Tónleikagestir mega treysta því að Bubbi verður ekki með heyrnartólin þegar hann treður upp á stórtónleikunum sem verða í höllinni í kvöld.

KÓNGURINN: HEYRNARSKERTUR VEGNA TAUGASJÚKDÓMS OG HÁVAÐA

# Bubbi fær sér heyrnartæki

„Það eru einhverjir mánuðir síðan ég fékk mér þessi tæki,“ segir Bubbi Morthens.

Þeir sem hafa umgengist Bubba með hléum um langt skeið taka eftir ákveðinni breytingu á þeim samskiptum. Án þess kannski að átta sig á því í hverju þessar breytingar felast þar til: Bingó! Menn þurfa ekki lengur að hrópa til að ná eyrum kóngsins. Bubbi hefur sem sagt fengið sér heyrnartæki.

Bubbi segist segist hafa verið að auka notkunina smám saman enda gríðarlegur munur á að heyra og heyra ekki. Og með Mr. Magoo í samnefndum sjónvarpsþáttum sem var nánast blindur og í afneitun. „Þetta er svipað. Ef ég væri sjónskertur en neitaði að nota gleraugu væri ég í stöðugri lífshættu og allir í kringum mig.“

Bubbi segir það fyrst og fremst trassaskap að hafa ekki drifið í þessu fyrr. Hann hefur búið við skerta heyrn allt frá æsku, sem er til komin vegna arfgengs taugasjúkdóms. „Þegar ég var barn voru engar úrlausnir. Nema einhverjir prímitívir lúðrar svipað og má sjá í Tinnabókunum. Svo þróast þetta. Maður spilar rokk og ról og segir Ha? Settu saman fjóra menn sem hafa verið í rokkbransanum í tíu ár og hlustaðu á þá tala saman. Það er magnað.“

Já, ótölulegur fjöldi háværra hljómsveitaræfinga í bílskúrum ekki hjálpað upp á sakirnar. En menn eru í afneitun. Bubbi segir að svo sé til dæmis með Eric Clapton sem sé hálf heyrnarlaus en vilji ekki fá sér heyrnartól því það skaði tónlistarsköpun og flutning.

„Hann er í gríðarlegri afneitun. En þetta er rétt með tónlistina. Ekki fræðilegur möguleiki. Ég hætti snarlega að nota þetta þar. Ég varð bara falskur. Ég nota heyrnartólin bara í mannlegum samskiptum og til að hlusta á fréttir.“

Þeir fjölmörgu mega treysta því að kóngurinn verður ekki með heyrnartækin sín þegar hann treður upp á stórtónleikunum sem verða í Laugardalshöll í kvöld þar sem fram koma helstu hljómsveitir landsins til að stappa stáli í mannskapinn og hvetja til samstöðu.

jakob@frettabladid.is



**EKKI ÞARF LENGUR AÐ HRÓPA TIL AÐ NÁ EYRUM BUBBA** Notar heyrnartækin ekki í tónlistinni enda verður hann þá bara falskur eftir þrjátíu ár í músík án þeirra.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Magnús Stephensen,** fyrrum aðstoðarforstjóri XL Leisure Group og þar áður hjá Avion, er loks, að mati fjölskyldu hans, að ganga í það heilaga. Verðandi eiginkona hans er **Bergljót Þorsteinsdóttir,** sambýliskona hans til margra ára, en þau eiga þrjá drengi. Þótt á ýmsu hafi gengið hjá þeim fyrirtækjum þar sem Magnús hefur verið meðal hæstráðenda eru engin kreppumerki á brúðkaupsveislunni sem haldin verður á Hilton hóteli í kvöld. Bróðir Magnúsar er **Stefán** stórpoppari í Gus Gus og má allt eins búast við því að það eðalband troði upp auk þess sem vinir Magnúsar eru með eitt og annað uppi í erminni í tilefni dagsins.



**Jóhannes Kr. Kristjánsson** ritstjóri Kompáss er enn og aftur tilnefndur sem sjónvarpsmaður ársins á komandi Eddu sem verður á sunnudag. Í Kompásþætti næsta dags býður hann svo upp á sjónvarpsefni sem ekki hefur sést áður í íslensku sjónvarpi og þótt víðar væri leitað. Kompásmenn eru að rifja upp sakamál sem hafa verið í deiglunni undanfarin ár og á mánudag birta þeir áður ósýndar kvikmyndir kafara af líki Vaidasar Juciviciusar á botni hafnarinnar í Neskaupsstað. Myndirnar eru ótrúlega skýrar og sýna Vaidas innpakkaðan og hlekkjaðan á hafsbotni – ekki fyrir viðkvæma.

-jbg







7 VENJUR TIL ÁRANGURS
*Betra jafnvægi – skarpari sýn – markvissari sókn – meiri árangur*
Opin vinnustofa 19.– 21. nóvember
FranklinCovey nordic approach
Sími: 599 6200 | www.opnihaskolinn.is
OPNI HÁSKÓLINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK


# Sprengja upp Seðlabankann

Félagarnir Helgi Már Erlingsson og Arnar Ívarsson hafa sent frá sér hressilegt myndband á Youtube þar sem þeir sprengja Seðlabankann í loft upp. Um er að ræða tveggja mínútna stiklu sem ber heitið The Fourth Cod War, eða Fjórða þorskastríðið. Koma þar við sögu James Bond, Davíð Oddsson, Geir H. Haarde og Gordon Brown. Á þrettánda þúsund manns sáu myndbandið á netinu í gær.

„Þetta var hugmynd sem kviknaði hjá mér í vinnunni. Við vorum að fara að sjá Bond í bíó og okkur langaði að gera smá vinnustaðahrekk. Hann vatt upp á sig og þetta endaði með þessu,“ segir Helgi Már, sem leikur sjálfan 007. Myndin fjallar um það þegar Bretar senda James Bond til Íslands vegna Icesave-reikninganna. Þarf hann að glíma við rússneskan byssubrand (Arnar Ívarsson) sem ætlar að verja heiður Íslands. Í lokin er Seðlabankinn síðan sprengdur í loft upp, en það hefur verið draumur þeirra félaga lengi. „Við höfum haft þessa hugmynd í mörg ár að gera töff atriði í kringum Seðlabankann og Davíð lá vel við höggi. Þetta er þannig séð ekkert hatur heldur meira í gríni gert. Við erum ekkert að hengja neinn, þetta er bara bíó,“ segir Helgi og hlær.

Gerð myndbandsins tók tvær vikur og notuðust þeir við fjórar tölvur og unnu brellurnar í hárri HD-upplausn. Sögumaður myndarinnar er Jón Gunnar Geirdal, starfsmaður Senu. „Við fengum frasameistara Íslands til að „döbba“ þetta fyrir okkur og hann var meira en til í að hjálpa okkur. Okkur langaði til að fá þjóðina til að brosa og hafa gaman af þessu. Okkur langaði líka til að slá brellunum í Spaugstofunni við.“

Helgi Már og Arnar ætla að senda frá sér nýja útgáfu með enskum texta, ætlaða Bretlandsmarkaði. „Við viljum láta Bretana sjá hvað Bond er vondur við Íslendinga.“

- fb



**VIÐ TÖKUR** Helgi Már, til hægri, og Arnar Ívarsson við tökur á myndinni í Fjórða þorskastríðið.

Bjóðum vaxtalausa greiðsludreifingu í 12 mánuði



STONECUT – Glæný lína frá Ethnicraft



Gerum hús að heimili

TEKK
COMPANY

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13 -16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**
Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin
Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin




**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar

## *Núna*

Sá erkisnillingur Barack Obama fékk mig til þess að fá undarlegt ofnæmi í augun – vil ég meina – um miðja nótt nú í byrjun nóvember, þannig að ég táraðist óhóflega. Þetta gerðist rétt í þann mund þegar Obama gekk ásamt konu sinni og börnum inn á sviðið í Chicago, nýkjörinn forseti frammi fyrir tugþúsundum stuðningsmanna sinna.

**SVO** byrjaði hann að tala. Og ég hugsaði: Þessi maður er fyrsti þjóðarleiðtoginn sem ég heyri segja eitthvað af viti í langan tíma. Mikið afskaplega var það kærkomið. Þarna stóð maður sem blés mér von í brjóst. Hann talaði skýrt. Hann sagði hluti.

**Á** meðan Obama talar um "the urgency of now" eða mikilvægi þess að nýta augnablikið, gera mikilvæga hluti núna, ekki síðar – því það er engin stund eins og núna – hafa vissir íslenskir leiðtogar á lykilstöðum gert marga brjálaða á undanförnum vikum með eilífum yfirlýsingum um að þetta og hitt sé ekki „tímabært", að ekki eigi að þvæla umræðuna með „óskyldum málum", að ekki sé hægt að segja frá hlutum „að svo stöddu". Í kjölfarið á slíku tali skil ég vel að landsmenn horfi hugsandi á eggin í ísskápnum og íhugi notagildi þeirra í lýðræðislegu samhengi.

**ÉG** skil illa hvernig sá flokkur í ríkisstjórn sem lagt hefur fram skýrar kröfur – um faglegan Seðlabanka, um nýjan gjaldmiðil og inngöngu í bandalag sjálfstæðra ríkja í Evrópu – getur unað við það stundinni lengur að þessi stefnumið og önnur (eins og afnám eftirlaunafrumvarpsins) séu sífellt afgreidd af samstarfsflokknum sem ótímabært hjal. Sjálfstæðisflokkurinn hefur stofnað nefnd og ætlar að ræða eitt af þessum málum í jan/feb. Gott og vel. Það er framför. En hér er ferðast á hraða skriðjökuls.

**ÁSTANDIÐ** er krítískt. Krónan er dauð. Eggin smella á Alþingishúsinu. Það verður að hlusta á kall tímans. Kröfur núsins. Þá lexíu eigum við að hafa lært, eftir að endalaus frestun aðgerða setti heilt bankakerfi á hausinn. Við hlustuðum ekki. Og nú gerir núið kröfu um ákvarðanir, um stefnu, upplýsingar og síðast en ekki síst: Að stærsta hagsmunamál þjóðarinnar – framtíðargjaldmiðillinn og aðild að ESB – sé sett upp á borðið og um það kosið.

**NÚIÐ** er ofsafengin skessa, algjör frekja, sem trompast ef maður hlustar ekki á hana. Þessa dagana sé ég ekki betur en að hún sé gjörsamlega snælduvitlaus.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 15. nóvember, 320. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.57 | 13.12 | 16.26 |
| Akureyri | 9.58 | 12.57 | 15.56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


